

Eggert Ásgeirsson

Smælki

Eggert Ásgeirsson tók saman, skráði, þýddi eða samdi.

2016

Smælki

Reykjavík

2016

Hönnun og prentun: Björgvin Ragnarsson. Háskólaprent

Grunnmynd kápu: Jóna Einarsdóttir

Efnisyfirlit

Hveragerði	5
Þórður Eyjólfsson og Borgarnes.....	15
Týndar hugleiðingar	21
Ragnhildur Helgadóttir (1930-2016) Þór Vilhjálmsson (1930-2015)	25
Gamlar spítala- og heilbrigðissögur.....	27
Örlagatímar í R.K.Í. Tilviljunarsaga.....	31
Bréfasöfnin mín: Tilviljun	35
Matareitrun og tilviljun?	39
Sögur af Kaldárholtshólki	47
Páll Briem	53
Bréf Nesfólksins við Seltjörn.....	55
Saga frá Stokkhólmi.	93
ANNAÐ EFNI.	95
Jón Helgason: Yfirreið um Norðurland.....	95
Helgi P. Briem: Sigurður Sigurðsson.....	105
Bréf Páls Briem Til Kristínar Briem Claessen	109
Séra Valdimar Briem: Páll Briem amtmáður. 17.12.1904	117
Friede P. Briem: Frásögn	121
Gunnlaugur Briem skrifar Bertel Thorvaldsen	133
Benedicte Arnesen Kall: Jóhanna Kristjana Schütz.....	137
Benjamín Kristjánsson: Jóhanna fagra.	141
Eftirmáli E.Á.....	157



Hveragerði

Heilsuhæli NLFÍ. Hveragerði, júní 2015.

Þegar ég kom hingað í Hveragerði rifjaðist margt upp sem snerti náttúrulækninga-
stefnuna, Heilsuhælið og Hveragerði. Ég hef ótal sinnum farið hér um, en get varla sagt
að ég hafi staldrað við eða skoðað staðinn. Nú tók ég reiðhjól með mér og naut þess að
fara um bæinn og gönguleiðir sem liggja hér víða. Sá ég hér margt sem mér hafði verið
hulið. Suðurlandsvegurinn sýnist hættulegur öldruðum hjólreiðamanni og ég neitaði
mér um að kynnast ýmsu handan við hann.

Ég skoðaði Menntaskólaselið og leist vel á hvað því er vel viðhaldið. Gladdi það mig
eftir öll fjárframlög stúdentsárgangsins. Ég kom þar fyrst í fimmtabekkjarferð 1948 í
fylgd Pálma Hannessonar (1898-1956) rektors. Hann, sem aldrei hafði vikið orði að
mér, tók allt í einu blaðið frá munnum á kvöldvöku og sagði ýmsar spaugilegar sögur
af æskubrekum sínum og föður míns heitins. Pálmi hafði aldrei auðsýnt merki um
vináttu þeirra, sem ég reyndar vissi af, þar eð af myndaalbúnum heima hjá mér hafði
ég séð að þeir voru félagar. Ég var þakklátur honum fyrir þennan vináttuvott.

Sigurður búnaðarmálastjóri

Sigurð Sigurðsson (1871-1941), sem lengst var búnaðarmálastjóri, má kalla föður Hveragerðis. Saga Sigurðar *búno* er merk og tel ég að hann sé ekki aðeins faðir Hveragerðis, heldur jafnvel líka frumkvöðull ylræktar er hann gerði ungur tilraun með notkun jarðhita við ræktun á fæðingarjörð sinni Draflastöðum í Fnjóskadal. Það er eitt af mörgum forystuverkum hans.

Páll Briem, afi minn, var þá embættismaður á Akureyri og áhugamaður um landbúnað og ræktun, Hann hafði spurnir af tilraunum drengsins, heimsótti Draflastaði og kom honum til hjálpar til að taka fyrstu skrefin, og síðar til starfa. Af því varð vinátta sem þó varð skammvinn þar sem Páll dó 1904. En áður hafði tekist að koma Sigurði til búnaðarnáms og forystu í Ræktunarfélagi Norðurlands, sem Páll hafði stofnað ásamt öðrum. Af því leiddi líka eitt afrek þeirra að þeim tókst ásamt fleirum að ráða niðurlögum fjárkláðans á Norðurlandi, með böðun fjár. Samvinna þeirra leiddi til vináttu milli fjölskyldu minnar og Sigurðar og barna hans en þau urðu öll forystumenn, hvert á sínu sviði.¹ Nú er hvað þekktust þeirra Helga Sigurðardóttir húsmæðrakennari.

Þau Sigurður og Helga hafa sennilega verið orðblind, höfðu ólæsilega rithönd, eins og ég; voru eða virðast hafa verið ritvillt og hún höfundur matreiðslubóka sem enn eru vinsælar. Kom það því í hlut móður minnar, Friede Pálsdóttur Briem, sem rak fjölritunarstofu heima, að vélrita og fjölrita ýmsar bækur þeirra feðgina eftir framsögn þeirra. Sigurður tók af mömmu heit, áður en hann dó, að hún myndi leggja Helgu lið. Það gerði hún, þó ekki væri alltaf létt eins og bréfasafn hennar ber vott um. Helga var frumkvöðull og framkvæmdasöm. Meginstarf hennar var skólastjórn Húsmæðrakennaraskóla Íslands, sem lengst var til húsa í háskólabýggingunni á Melunum og á sumrin á Laugarvatni.

Uppgangur Hveragerðis hófst þegar Sigurður aðstoðaði heimamenn við stofnun Mjólkurbús Ölfusinga í Hveragerði. Gáfu bændur í Flóanum honum landskika úr landi Vorsabæjar. Sjálfur keypti hann þrjá hektara og síðar enn aðra landspildu og átti þá orðið talsvert land. Mun það hafa verið rétt fyrir dauða Sigurðar 1940 að hann gekk fast eftir því við systkinin, móður mína og Helga P. Briem að þau tækju þátt með sér í frekari landakaupum í Hveragerði. Að sjálfsögðu varð ekki af slíku, enda átti mamma ekkert fé til slíks og fjárfestingartímar aðrir þá en nú. Helgi mun heldur ekki hafa treyst sér til slíks og þá búsettur í útlöndum.

¹ Segir frá nokkrum samskiptum fjölskyldanna í bókinni: Helgi P. Briem: Minningar mínar. Rvík. 2011. E.Á. tók saman.

Sigurður hóf hér ræktun og tilraunir með gróðurhúsarækt og mun þar hafa orðið annar tveggja eða þriggja sem hófu fyrstir ylækt í landinu. Úr þeirri tilraun varð stórvirki í Fagrahvamm í höndum hans og Ingimars sonar hans.

Sambandið við fjölskylduna hélst náði í minni æsku, og við heimsóttum fjölskylduna tíðum í Fagrahvamm. Ég á mynd þar sem eru nokkur frændsystkini mín á blettinum við Fagrahvamm um 1937. Ég þykist muna að hafa komið þangað í heimsókn, en það gæti hafa verið seinna.



Í Fagrahvamm

F.v. Sigurður Líndal, Sigurður Sigurðsson, Doris Briem, Sigríður Skúladóttir Briem, Þórhildur Líndal, Álfheiður Líndal, Eggert P. Briem, Bergljót Líndal, Friede P. Briem, Þóra Ingimarsdóttir, Ingimar Sigurðsson, Emelía Friðriksdóttir og Sigrún uppeldissystir Emelíu. Helgi P. Briem tók myndina.

Páll Sigurðsson var þekktur hestamaður, hjálparmaður ferðamanna um Holtavörðuhéið, sat í Fornahvamm og síðar um skeið með hótélrekstur að Varmahlíð í Skagafirði. Hann starfaði síðar á Hólum og gerðist bóndi. Þegar Páll hættir tók Sigurður Haraldsson, maður Þóru Ingimarsdóttur við rekstrinum í Varmahlíð.

Um 1956 kom ég þar við. Sigurður Ingimarsson, þá 14 eða 15 ára gamall, verðandi garðyrkjubóndi í Fagrahvamm, var „í sveit“ hjá Páli í Varmahlíð og vildi komast heim til sín. Ég tók það að mér með glöðu geði, stytta mér leið um Uxahrygg til Hveragerðis, til að koma honum á leiðarenda. Var þetta hin skemmtilegasta ferð. Síðan hafði ég ekki séð hann.

Ragna Sigurðardóttir var athafnakona, eins og þau systkini öll. Hún stofnaði ásamt Ingimar bróður sínum og rak Blómabúðina Flóru í Aðalstræti í Reykjavík, helstu blómaverslun borgarinnar lengi. Hún gekk að eiga Pétur Guðmundsson í Málaranum,

þekktan athafnamann og settu þau á fót kúabú að Þórustöðum í Ölfusi.² Síðar setti Ragna á fót ræktunarstöð að Þórustöðum í Ölfusi sem enn er í höndum fjölskyldunnar.

Í hjólatúrunum mínum skyggndist ég inn á lóð Fagrahvamms. Þar var skilti sem á stóð að óviðkomandi væri bannaður aðgangur. Ég hélt því áfram, yfir ána í átt að Garðyrkjuskólanum og götu til hægri, vestan árinna. Þaðan sá ég göngubrú yfir ána sem benti til einhvers sem mig rámaði í.

Þar sem ég var að vandræðast skrikaði hjólið/ég í mölinni og ég steiptist mjúklega á hausinn. Þá kom að ung kona sem spurði hvort ég þyrfti hjálpar með. Svo taldi ég ekki og við skildum. Sennilega hef ég ruglast við fallið því ég byrjaði strax og ég kom úr túrnum á þessari samantekt.

Næsta dag tók ég mig til, fór inn á lóðina, framhjá gamla húsinu í Fagrahvammi og hitti þar unga stúlku við vinnu í gróðurhúsi. Þetta var þá unga konan, Sigríður Sigurðardóttir kennari, sem áður hafði boðið mér hjálpar sína. Ég spurði hvort hún væri eitthvað tengd Sigurði Ingimarssyni. Reyndist hún vera dóttir hans og bað mig endilega að líta inn til hans, hann væri heima hjá sér í húsinu handan brúarinnar sem ég hafði verið að virða fyrir mér þegar ég datt.

Við fórum út fyrir og sá ég þar Sigurð skammt undan, lifandi eftirmynd föður síns, Ingimars Sigurðssonar, sem ég hafði heimsótt ótal sinnum og rekist á hér og þar, en er nú löngu dáinn. Sigurður kom gangandi, með sinn hlédræga svip, þekkti mig strax, tók mér fagnandi, þó nærri sex áratugir væru síðan við skildum, nákvæmlega á þessum sama stað. Hann bauð mér þegar í kaffi og kleinur. Við gengum framhjá Fagrahvammi, sem dóttir hans Helga, læknisfrú, í Abu Dhabi, á nú. Síðan yfir brúna. Ég virti fyrir mér stórkostlegt umhverfið og fallega húsið þeirra, hans og Guðrúnar Jóhannesdóttir frá Ytra-Vallholti í Skagafirði, sem kom skömmu síðar heim.

Og það var sannarlega skemmtileg stund sem við áttum saman. Fjölskyldan að undirbúa ættarmót, dæturnar að safna efni um forfeður og frændur. Þá var nú ýmislegt sem ég gat bent á og ég sagði frá búnaðarmálastjórahjónunum og börnum hans, einkum um Helgu.³

² Unga kynslóðin hefur dreifst. Ragna Sigurðardóttir varð eigandi að landareignum í Ölfusinu, sem hún arfleiddi tvær frænkur sínar að og rekur Helga Ragna Pálsdóttir (Sigurðssonar) garðyrkjustöðina Kjarr. Þannig að sögunni er hvergi nærri lokið.

³ Sjá m.a.: Helgi P. Briem: Minningar mínar og fleira efni. Eggert Ásgeirsson tók saman. 2011.

Sigurður búnaðarmálastjóri gaf út fjölda rita. M.a.: Búnaðarfélag Íslands, aldarminning. Rvík, 1937, og gaf mér bókina með árituninni: *Til vinar míns Eggerts Ólafs Ásgeirssonar*. Slíku gleymir maður ekki.

Jarðskjálftinn mikli

Að sjálfsögðu rifjuðum við Sigurður og Guðrún upp jarðskjálftann mikla, 29. maí 2008 sem var afdrifaríkur fyrir þau, ekki síst vegna þess að 2700 fermetrar af gróðurhúsum þeirra hrundu og urðu til þess að þau hættu ylrækt að mestu, þótt Sigríður dóttir þeirra sé með eitt gróðurhús sér til dægrastyttingar!

Þann dag var mikið tilstand í Hveragerði því Sigríður Geirsdóttir kennari, leikkona o.fl. sem býr í Hveragerði, varð sjötug þá og hélt upp á daginn í Hótel Örk. Þær fóru þangað bekkjarsystur hennar margar úr MR og tóku þær Sigríður mín og leikstjórinn Brynja heitin Benediktsdóttir okkur Erling Gíslason leikara með.

Við vildum nota ferðina og sáum ágæta sýningu Magnúsar heitins Kjartanssonar listmálara í Listasafni Árnesinga. En þegar við komum inn hófst jarðskjálftinn, myndir hrundu af veggjum, rammar brotnuðu og við forðuðum okkur lafhrædd út. Úti stóðum við þegar gæslukona safnsins kom og bað okkur um að koma inn aftur til að sjá afleiðingarnar. Það gerðum við. En þegar við stóðum og virtum fyrir okkur viðurstygð eyðileggingarinnar þá byrjaði eftirskjálfti, vart minni. Enn var tekið til fótanna.

Þegar við komum í veisluna og hittum Sirrí Geirs var þar mannfjöldi saman kominn en allir diskar og glös brotin. Einhvers staðar fundust plastdiskar og glös og fór allt vel fram þótt allan tímann sem veislan stóð skylfi jörðin undir fótum okkar. En raddir þeirra bekkjarsystranna skulfu ekki.

Sogslínan - Hótel Hveragerði - Táradalur

Sogslínan, fyrsta stálmastraraflínan var lögð 1953. Hún liggur hjá Hveragerði, eins og fleiri raflínur nú og sem fer fjölgandi. Ég vann þá um sumarið við lagningu hennar og um haustið þurftum við nokkrir vinnufélagar að gista í Hótel Hveragerði hjá Eiríki. Guðrún Brunborg var þar á ferð um landið til að sýna norskar kvikmyndir í fjáröflunarskyni til stofnunar garðs fyrir íslenska stúdenta í Osló, í minningu sonar síns sem féll fyrir kúlum Þjóðverja í Noregi. Merkilég athafnakona og raddmikil. Þegar hún varð hás við að þýða tal myndarinnar jafnóðum, kallaði hún yfir salinn: **pausa** og voru fáir á því hreina með hvað þýddi eða ýmislegt fleira sem hún sagði okkur.

Eftirminnilegt að kynnast þeim gestgjafahjónum Sigríði Björnsdóttur og Eiríki Bjarnasyni. Hann var alblindur, en gekk sem sjáandi væri til verka. Sú saga var sögð að hann hefði eitt sinn verið í stiga uppi á þaki við að mála. Hefði grönnunum blöskrað og báðu hann um að vinna þetta verk ekki sjálfan. Þá fór hann upp á þakið um kvöld með ljós. Ályktuðu menn að þar gæti hann ekki verið að verki.

Þetta var rigingasumar og voru vinnubúðir fyrr um sumarið fyrir austan Hveragerði þar sem við félagar nefndum *Táradal* því sumarið var votviðrasamt á Suðurlandi.

Náttúrulækningafélagið

Þegar ég var strákur var mikið rætt um mataræði í þjóðfélaginu. Skúli Guðjónsson prófessor í Árósum hélt útvarpsfyrirlestra um mataræði, Kristín Nolfi kom í heimsókn frá Danmörku og predikaði náttúrulækningakenningar sínar. Afdrifaríkust var koma og áhrif Ara Waerlands frá Svíþjóð. Ég fór á fyrirlestur hans í Trípólíbíói á Melunum. Hann innleiddi hér *kríska*, hollan graut og hentugan, sem hægt var að elda til vikunnar og kom það sér vel fyrir annasamar húsmæður með stór heimili, eins og mitt var.

Ég vann um árabíl með Birni L. Jónssyni (1904-1979) veðurfræðingi þegar hann var orðinn læknir og aðstoðarborgarlæknir í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Því nefni ég hann fyrstan náttúrulækningamanna að hann hefur snemma hneigst til náttúrulækninga sem sjá má af því að hann þýddi flest helstu kenningarit náttúrulækningastefnunnar eftir Ara Waerland: M.a. *Sannleikann um hvíta sykurinn, Mat og megin*, sem kom út 1942 og 1943. Einnig bók Kirstín Nolfi: *Lifandi fæða*, sem út kom 1951, en þá var hann enn starfandi á Veðurstofunni.

Þessar bækur komu inn á heimili mitt. Var það sögulegt hvernig *Matur og megin* kom þangað. Þannig var að föðursystir mín Ásta frá Nesi og maður hennar Karl Á. Torfason frá Ólafsdal, höfðu áhuga fyrir því að koma mömmu minni í samband við stefnu Waerlands. Ekki vissi Ásta hvernig það skyldi gert án þess að það mætti túlka sem grófa afskiptasemi. Ráð þeirra, ekki gott, var að gefa Páli bróður mínum bókina í jólagjöf. Svo vildi til að Palli var við upphaf unglingsaldursins í feitara lagi. Þegar hann sá gjöfina fannst honum gróflega að því sveigt og fór að gráta. Allt fór þó vel og hann setti sig við útskýringarnar.

Hér má minnast á atriði sem hafði áhrif á skoðanir mínar og fleiri í fjölskyldunni. Gunnlaugur Claessen yfirlæknir, frændi minn, var lengi forystumaður Rauða kross Íslands, sem þá var mótaður af heilbrigðisstefnu, ólíkt því sem síðar varð. Hann var ritstjóri Heilbrigðs lífs, tímaritis Rauða krossins 1941-1948 og tók stundum

náttúrulækningastefnu Jónasar Kristjánssonar lækni óþyrmilega fyrir í tímaritinu, sem að öðru leyti var hið ágætasta rit. Að vísu rekur mig ekki minni til að hann hafi skrifað gegn stefnunni sjálfur undir nafni, en ýmislegar og meinlegar athugasemdir er að finna í ritinu og hann bar ábyrgð á, sumt illa grundað í hæðnistón. En læknastréttin⁴ tók til svara og má segja að ýmsir helstu læknar landsins hafi gagnrýnt stefnuna vegna innihalds hennar og verður að segja að þar hafi ýmislegt verið illa grundað. Sjálfur skrifaði Jónas margt um náttúrulækningar og varði stefnuna, m.a. í langri grein í Heilbrigðu lífi. Þá skrifaði Björn L. Jónsson greinar í dagblaðið Tímann, m.a. um orsakir sykursýki og féll læknum ekki við skýringar hans og vonuðu að hann væri ekki áttavilltur í veðurfræðinni.

Á þessum tímum var hægðatregða tíð hér á landi. Við móttöku sjúklinga á spítölum var lögð áhersla á að fá svör um tíðni hægða. Ekki veit ég hvort upplýsingar um þessa meinsemd voru skráðar né viðurkennd ráð væru gegn þessum vandkvæðum. Hitt vissi ég þegar ég var aðstoðarmaður á spítala að ein undirstaða heilbrigðisrannsóknar, við komu sjúklinga var að spyrja um tíðni hægða, en algengt var að fólk hefði hægðir, jafnvel allt að á 5 daga fresti eða meira en þá hlýtur harðlífi að hafa þjáð það. Seta á klósettum eða á kömrum gat því orðið býsna löng.⁵

Þá voru áhrif nasista og Þjóðverja í heiminum mikil og hættuleg. Nú vildi það svo til að einn helsti ráðherra Adolfs Hitlers var sagður náttúrlækningamaður eða eitthvað í þá áttina. Þetta mun hafa verið Júlíus Streicher. Einhverjir andstæðingar Jónasar Kristjánssonar nýttu sér þetta og leyfðu sér að tengja náttúrulækningar við nasisma.

Þetta þótti mér býsna ódrengileg barátta þegar ég var orðinn eldri og við nokkrir félagar og móðir mín vorum orðin höll undir náttúrulækningar, hún farin að gefa okkur heimilisfólkinu sínu jurtafæði og grófmeti. Við skólafélagar nokkrir fengum okkur að borða í Næpunni, í landshöfðingjahúsinu við Skálholtsstíg, bæði vegna þess hvað það var ódýrt og líka marga merkilega og skritna *karaktera* þar að finna. Félagar mínir og ég vorum óvandaðir í orðavali og kölluðu Gunnlaug Claessen (frænda minn!) „*Slesen*“, honum og dönsku ættarnafni hans til minnkunar. Þetta var áður en ég kynntist merkur störfum Gunnlaugs og gerði mér grein fyrir hve mikil áhrif hann hafði haft í heilbrigðismálum og heilsu mína í frumbersku.

⁴ Jóhann Sæmundsson ráðherra og tryggingayfirlæknir, Júlíus Sigurjónsson prófessor, Sigurjón Jónsson og Ólafur Geirsson, allir læknar. Ólafur tók fram í sinni grein um rit Jónasar Kristjánssonar lækni: *Nýjar leiðir* (1942) að það væri misskilningur sem ýmsir hafi látið í ljós og vart verður í formála bókar Jónasar Kristjánssonar í riti sínu: *Nýjar leiðir*, að læknastréttin sé andvíg skoðunum Jónasar á mataræði. Jónasi og öðrum læknum beri í aðalatriðum lítið á milli. Segist hann sammála Jónasi að sykurs og hvíts hveits sé neytt um of.

⁵ *Sín ögnin af hverju*, sem var þáttur Heilbrigðis lífs 1943: *Náttúrlækningamenn ráðlegga fólki að ganga örna sinna 2-3 svar á dag, jafnvel oftar. Samkvæmt opinberum heilbrigðisskýrslum bægir fjöldi Íslendinga sér í fjósum vegna salernisleysis. Hvernig list mönnum á?*

Ég þekkti marga náttúrulækningamenn, Jónas Kristjánsson, átti eftir að kynnast Birni L. Jónssyni og fleirum. Arnheiður Jónsdóttur sem lengi var forseti Náttúrulækningafélagsins, nágranni minn í Tjarnargötu og móðir jafnaldra míns Haraldar heitins Guðjónssonar læknis. Hún bjó síðustu ár sín á hælínu og dó þar.

Þegar ég geng um Heilsuhælið í Hveragerði milli brautryðjendamyndanna á göngum hælísins; eiginlega allt karlar, nema Vigdís Finnbogadóttir, Arnheiður og Jóna Einarsdóttir skrifstofustjóri - (reyndar ekki allir brautryðjendur). Þá er eins og ég sé í kunningjahópi því flesta þekkti/þekki ég persónulega. Hlutfall kynjanna lítur enn verr út þar sem margar myndir eru af sumum. Og mikið hefur nú hælið breyst til batnaðar frá því sem áður var.

Árið 1974 veiktist ég, að því er talið var af ofreynslu sem leiddi til sjúkdóms sem talinn var magasár. Var mér ráðlagt að fara hingað til dvalar til að fá mig góðan. Mér var vísað í herbergi með fjórum öðrum körlum og á mjög stutt rúm. Ég kannaðist við suma úr miðbænum og virtust þeir hafa það skemmtilegt. Senn hátaði ég mig og fór í rúmið. Mér varð ekki svefnsamt þar sem herbergisfélagarnir voru um nóttina sírápandi fram í reykingaherbergi sem kallað var *Synd* og komu reykmettaðir til baka.

Niðurstaða morgunsins var að héðan skyldi ég fara, og það sem fyrst. Ég hringdi í Sirrí, sagði henni tíðindin; dauðhræddur um að hún myndi segja: *Þetta þýðir ekkert Eggert minn, þú verður að standa þig og fá þig góðan.* Í stað þess bauð hún mig hjartanlega velkominn heim aftur.

Árla stóð ég í afgreiðslunni og sagðist vera að fara heim! Ritaranum brá heldur í brún, fór inn til yfirlæknisins og fyrrum samstarfsmanns míns, Björns L. Jónssonar og ég þóttist heyra hana segja: *Má hann fara heim?* Svarið heyrði ég ekki, hann kom ekki fram og konan sagði að ég mætti fara.

Hádegiskokkteillinn, þar sem ég var umkringdur fjölskyldunni, heimtur úr helju, var býsna góður.

Að lokum.

Dvölin á Heilsuhælinu hefur nú verið einstaklega góð, starfsfólk vingarlegt og þolinmótt. Viðurgjörningur góður og allt með reisn.

Nokkru áður en dvölinni lauk rakst ég á Jónu Einarsdóttur, sem fyrr var nefnd. Hún er frænka Sirríar og ég frændi mannsins hennar, Jóns Helga Hálfðanarsonar. Spurði hún mig að því hvort dvölin hefði verið betri en síðast?!

Ég fór nú að velta þessum orðum Jónu fyrir mér og komst ekki að neinu öruggu. Ég hitti Jónu svo aftur á förunum vegi og við tókum tal saman við lok dvalarinnar. Þegar ég kvaddi hana spurði ég hana, hvort hún hefði verið byrjuð að vinna við hælið þegar ég var þar á sínum tíma og hún munað eftir mér. *Jú*, hún hélt nú aldeilis! Hún var nýbyrjuð í starfi. Brottför mín hefði verið sér eftirminnileg.

Ég sagði það sem mér hefði þótt einkennilegt var að Björn L. hefði ekki komið fram og talað við mig. Hún sagði það sama, en Björn hefði stundum verið seinn að átta sig á vandamálum. *Að því leyti eru þeir líkír hann og bróðursonur hans Ögmundur!*

Niðurlag.

Eins og fram kemur eða á að koma fram í þessari samantekt, reyndar fleiru sem ég hef gert um Sigurð *búnaðar*, var ég hrifinn af manninum, hans persónuleika og flestu sem hann tók sér fyrir hendur, nema kannski því að hann átti það til að taka framhjá konunni sinni og eignaðist nokkur börn, óframtalín, a.m.k. á Grænlandi og í Noregi. Hjónabandið var ekki það besta, konan hans lengst af heilsuveil og feit eins og segir í ritinu *Minningar mínar* eftir Helga P. Briem frá kaupamannsdögum hans á Hólum. Svo hafði áhrif að Sigurður var á stöðugum ferðalögum í mörg ár og mörgum löndum. Munum eftir því!

Sjá:

Þáttur Sigurðar búnaðarmálastjóra frá Draflastöðum. Sprek. 2015.

Upphaf hitaveitna. Sprek. 2015.

Helgi P. Briem: *Minningar mínar*. 2011.



Hér er hluti vinahópsins úr *lagadeildinni*: Gústaf A. Jónasson, Þórður Eyjólfsson og Tómas Jónsson.

Þórður Eyjólfsson og Borgarnes

Tengdar Þórði Eyjólfssyni (1897-1975) eru ýmsar minningar mínar. Þeir voru saman í lagadeild H.Í. Ásgeir Guðmundsson (1909-1935) frá Nesi við Seltjörn, faðir minn, og útskrifuðust úr lagadeild árið 1924 og voru góðir vinir. Þær voru einnig æskuvinkonur móðir mín Friede Briem (1900-1998) og Halldóra Magnúsdóttir (1901-1992) kona Þórðar. Hérist vináttan alla tíð, þótt faðir minn félli frá, enda voru þau hjón á líkum aldri en Þórður fór seint til náms.

Móðir mín var gestrisin og veisluglöð, og það hafa þau sjálfsagt líka verið, því annars hefðu boðin áreiðanlega fallið niður. Boðin sem mér eru eftirminnilegust voru í Tjarnargötu 24 og gegndum við bræður, Páll og ég, þar mikilvægum störfum og fengum lof fyrir að ganga um beina og bera um drykkjarföng. Mér skildist á gestum ýmsum að það vær óvenjulegt því börn þeirra lögðu á flóttu frá slíkum viðburðum. Fengum við Páll hrós fyrir hæfileikana. Ekki síst þó að forðast ekki umgengni við „eldra fólk“ sem þá var reyndar á miðjum aldri. Ekki ætla ég að telja gestina upp, en flestir voru frændur eða félagar frá æsku eða starfi.

Matur var borinn fyrir gestina við langborð sem voru borðstofuborð og uppsláttarborð sem lágu milli borðstofu og dagstofu. Eftir matinn voru borð *tekin upp* vínföng og glös

sett fram í borðstofunni og gestir settust í dagstofu. Eftir kaffi fékk fólkið sér í glös og fékk sér sæti. Eftir borðvín var Þórður (eins og aðrir) kominn í besta skap, var fljótur til að velja sér sæti, sem var svokallaður hörpustóll, píanóstóll með hörpu í baki, og sneri honum þannig að hann vissi ekki móti Dúddu konu sinni, því hún hafði á honum auga og gaf honum merki með augunum, ef henni þótti hann kætast um of. Hélt hún að þegar hann væri kominn í sagnastuð sem vöktu hlátra, þá hlyti hann að vera búinn að fá sér of mikið - sem aldrei gerðist.

Þórður var meðalmaður á hæð en stuttfattur. Þegar hann skemmti sér sem best eða spilaði út góðri sögu við fögnuð þeirra sem hlustuðu, þá stóð hann fagnandi upp, án þess þó að hækka í loftinu.

Það reyndi og reynir enn á hörpustólinn, því harpan brotnaði eitt sinn í miðri sögu hans. Hefur þurft að gera við hann af og til, allt til þessa dags.

Úr öllu þessu varð úr hinn besti vinskapur og dálæti okkar Palla á Þórði.

--

Hér er komið sögu að ég var fluttur að heiman, að verða þrítugur, þegar ein veislan var haldin. Palli var áhugamaður um veiðiskap gjarn á að sníkja ókeypis veiði hvar sem hann sá sér færi. Þórður og fjölskyldan áttu sumarbústað í Stíflisdal í Þingvallasveit. Nú bauð Þórður okkur að koma til veiða þegar hentaði. Hringdum við í hann og fórum saman í Volkswagenbílnum mínum þann 6. ágúst 1959. Buðum við með Hauki Benediktssyni, samstarfsmanni mínum í Heilsuverndarstöðinni.

Héldum við fjórir saman að Stíflisdal. Við Haukur veiddum, eða reyndum að veiða, frá bakkanum í kalsaveðri og ölduróti. Þórður og Palli fóru saman í bát út á vatnið og réri Þórður af kappi fram og aftur undir Palla. Honum hefur oft orðið hugsað um það síðan að það skyldi vera hæstaréttardómarinn sjálfur, sem réri undir honum, þótt það ætti að vera öfugt.

Þegar við héldum heim á leið bauð ég hópinum til mín hingað á Bergstaðastræti 69 þar sem ég bý og bjó þá á annari hæð. Svo vildi til að ég varð þrítugur þennan dag. Dró ég fram vínföng og varð af þessu góður fagnaður og hin besta afmælisveisla. Þar gerðist það gleðilega að Þórður komst í óvenju gott skap og reif af sér hinar bestu sögur.

Meðal þess sem hann sagði frá, og hlýjaði okkur Palla um hjartarætur, voru lýsingar hans á vináttu pabba og hans. m.a. þegar vinahópurinn fór sumar hvert að Nesi í heimsókn þar sem þeim var tekið opnum örmum af Kristínu ömmu minni.

Af þessum heimsóknum að Nesi spruttu ýmis kvæði. T.d. þetta kvæði Stefáns Jóhanns Stefánssonar, sem rak lögfræðistofu með föður mínum. Og gekk að eiga Helgu Ólafs

frá Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi, systurdóttur pabba. Stefán hefur varla ort margt fleira en þetta þá er Ásgeir öðlaðist kosningarétt 1924.

Hal veit ég einn,
sá er horskur mjög,
ræður ríkjum hjá Ránarveldi.
Vil ég lofðung þeim
lof mitt flytja
eftir aldarfjórðung
æfi gengnar.

Hefir fullhugi sá
framast víða,
og valköst hlaðið.
Heimskt höfðingja
og hetjuval,
kannað Normandi
og Noregstrendur.

Sókti hann ungur
yfir svalar unnir,
varðist vasklega
á vegum Ægis.
En er heim kom
- að hetju sið -
settist garpur
að gildu búi.

Í æsku bjartri
hann ungur nam,
flóknar listir laga.
Orðstýr sér gat
Ásgeir of þat.
Situr hann nú,
eftir sókn snarpa,
sem langvitur
lögfræðingur.

Hópur fagurra
fríðra bjarttra
yngismeyja
að Ásgeiri þyrpast.
Vilja gjarnan,
þann vaska hal
vefja ylhýrum
ástarörmum.

Sómi Seltirninga,
sverð og skjöldur,
ríkir ráðslyngur
við rausn mikla.
Mun ei lof linna
né lán minna
á meðan Seltjörn
úr sæfi rís.

Stefán Jóhann Stefánsson

Á námsárunum stundaði Ásgeir sjó, frönskunám í París við Sorbonne, heimsótti systur sínar í Svíþjóð og starfaði í félagslífi stúdenta, einkum við stofnun *Mensa academica*, mötuneytis stúdenta í Lækjargötu.

Einnig orti helsta gaman- og revíuskáld þessarar kynslóðar, Gústaf A. Jónasson, síðar ráðuneytisstjóri þessa háðvísu um sjálfan sig og aðra:

Þeir göfugu arftakar Gunnars Sels,
þið göfugu júristar ungu,
Geiri frá Nesi og Grétar Ó. Fells
og Gústaf frá Sólheimatungu.⁶

⁶ Gunnar frá Selalæk, alþingismaður og útgefandi *Íslenskrar fjöndni*, ruddi brautina, hafði fengið lægstu einkunn, sem þá þekktist í lögfræði. Þeir sem nefndir eru í vísunni eru Ásgeir frá Nesi, Grétar Ó. Fells (síðar forystumaður guðspekinga og skrifstofustjóri landlæknis), og Gústaf A. Jónasson frá Sólheimatungu, ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytis. Þeir voru allir með aðra einkunn í lögum frá H.Í.

Þá orti Gústaf þetta kvæði um pabba:

Ekki langt fyrir utan bæinn
út við himinbláan sæinn
þar sem aldan allan daginn
ymur þýtt við gleðisköll
stendur hin fræga forna höll.
Allt í kring er iðgrænn haginn
en í fjarska dimmblá fjöll.

Að því brátt minn óður víkur
Ásgeir þykir fáum líkur,
auðnustór og risnuríkur
ræður hann yfir miklu fé,
- öllum lætur allt í té.
Hvergi trúí ég að hittist slíkur
hér þó víða leitað sé.

Út í Nesi upp er fæddur
í æðstu skólum landsins fræddur
hæfileikum góðum gæddur
gefið er honum mikið pund
ríkidæmi og rausnarlund.
Í örðugleikum engum hræddur
þótt öðrum virðist lokuð sund.

Leynist oft í hraustum herðum
hreinn og beinn í öllum gerðum
þótt við hinir hálfir verðum
og Hermann leiki “dobbeltspil”,
slíkt á Ásgeir ekki til.
Þekktur mjög af Frakklandsferðum
á flestum tungum kann hann skil.

Gott er að hyggja hvar við stöndum
hróður berst af Íslandsströndum
ef við mannavalið vöndum
til víkingsferða um höfin blá
gott er að eiga Ásgeir þá.
Sómi er að honum suður í löndum
svo hefur Nordal greint mér frá!

Eins og mjög að líkum lætur
löngum er hann konum mætur
fíknar voru Frakklandsdætur
í faðmlög þessa dánumanns.
En hérna gréту heimasætur
yfir hegðuninni utanlands.

Engan veit ég í hann hnýta
ekki ber á slíkt að líta
þótt Erlendur með kollinn hvíta
og kjaftinn glenntan upp á skaft
kalli hann “flón og fylliraft”.
Alvanur í alla að dríta
ætla ég slíkt að litlu haft.

En snúum okkur aftur að Þórði Eyjólfssyni í þritugsafmælisboðinu mínu þegar hann fór að segja okkur sögur.

Þórður nefndi Dabba í Nesi⁷ og ég sagði flökkusögu, áreiðanlega ranga, sem maður sem ég nafngreindi sagði mér, að Dabbi hefði eitt sinn falast eftir reipi, en fékk ekki neitt annað en fúðið. Sögumaður minn virtist hafa vitað til hvers ætti að nota reipið. Síðan átti Dabbi að hafa reynt að hengja sig en reipið slitnað. Þegar ég sagði frá þessu

⁷ Nesfólkið við Seltjörn

þarna á afmælinu mínu brást Þórður hinn verstí við og sagði mér hve Davíð Sigurðsson hafi verið elskulegur maður og hvers manns hugljúfi sem kynntist honum. Þetta var mér góð lexía að fara ekki með fleipur. Síðan hef ég rannsakað sögu Dabba og fengið fullvissu um að hann hafi verið öðlingur og reynt að bæta fyrir þetta brot mitt. Ekki varð meira úr þessu og ekki erfði Þórður söguna við mig.

En það var annað sem hann sagði mér, sem er aðalatriði þessarar sögu og mér hefur þótt gaman að rifja upp.

Þórður Eyjólfsson sagði skemmtilega frá uppvexti sínum í Borgarnesi góðum vinahópi sínum. Þar var stór systkinahópur sem hafði misst föður sinn. Þórður leit upp til strákanna sem ávallt áttu ráð undir rífi hverju, dugnaðarforkar og skemmtilegir. Sjálfur sagðist hann ekki hafa fallið undir þessa skilgreiningu.

Hauki Benediktssyni varð að orði er hann hafði heyrt sögur Þórðar, sem hann hafði aldrei heyrt nefndan fyrr og vissi varla þá hvað hæstaréttardómari væri: „*Skritinn og skemmtilegur kall*.“ Satt var það, skemmtilegur var hann og merkilegur ágætismaður. Kall: Júlí, 67 ára.

Ég minnst ætíð orða Þórðar: *Þegar tveir góðir lögfræðingar fá deilumál í hendur, þá leysa þeir flækjuna og málið fer ekki fyrir dóm*. Og bætir við að deiluaðilar þurfa líka að vera góðir og kunna að sýna ráðgjöfum sínum traust.

En svo kom barnaskóli í þorpið árið 1908 - og allt snerist við. Hann sagði að sér hefði gengið vel í skólanum en bræðrahópnum miður. Röðin snerist við. Og Þórður sagði frá því hverjir þeir hefðu verið. Svo vildi til að ég þekkti ýmis systkinanna og börn þeirra á mínu reki. Nefni hér nokkur sem ég þekkti og tengjast þessari samantekt:

Þórður Ólafsson (1891-1952) stofnaði Kolasöluna, Lýsi, útgerð og fleiri fyrirtæki ásamt Tryggva bróður sínum. Þau Ingibjörg Björnsdóttir (1896-1975) bjuggu lengi á Vesturgötu 20. Fluttu svo hingað á Bergstaðastræti 73 með fjölskyldunni. Og þar bjó Sigríður (1928) dóttir hans til skamms tíma. Hún var einkadóttir en þau Magnús Torfason (enn hæstaréttardómari!) frá Halldórsstöðum í Laxárdal, kynntust þegar hann leigði hjá foreldrum hennar. Þau bættu aldeilis við fjölskylduna, áttu sjö börn, á líkum aldri og börn okkar Sigríðar. Meira að segja áttu þrjár grannkonur, allar Sigríðar, - Dagbjartsdóttir kona mín (á 69), - Erlendsdóttir (á 70) og - Þórðardóttir (á 73), börn um svipað leyti og fengu í bæjarhjúkrunarkonuna Bergljótu Líndal (á 76) í eftirlit. Fjölskyldurnar voru góðir vinir og börnin líka.

Guðrún Ólafsdóttir (1893-1939) var fyrri kona Óskars Halldórssonar þess fræga *Íslands-Bersa* í Guðsgjafarþulu Laxness. Hún bjó í Ingólfsstræti 21.

Tryggvi Ólafsson (1899-1999) gekk í Verslunarskólann og stofnaði mörg fyrirtæki ásamt Þórði en var lengst kenndur við Lýsi (en Þórur kolasali). Vorum við Erla dóttir hans heitin saman í skóla.

Eggert Ólafsson (1896-1968), lýsistengdur eins og fleiri bræðranna, yfirlýsismatsmaður, nágrenni minn í Tjarnargötu 30. Kona hans var Ragnhildur Gottskálksdóttir lækningamiðill. Ósjaldan hringdi á dyrabjölluna hjá okkur fólk, sýnilega í vanda statt, sem villst höfðu á húsum og spurði hvort Ragnhildur gæti hjálpað við að lækna einhvern sjúkdóm. Var heimilið og börnin skammtileg þótt ég missti tengslin við þau, nema Gottskálf, ágætan athafnamann og stofnanda þess stóra fyrirtækis Harðviðarvals.

Þetta er að verða löng saga með upphafi. Allt þetta fólk sem kemur við sögu spjaraði sig vel. Það er ótrúlegt hve Borgnesingarnir í sögunni, sem ekki stóðu sig vel í barnaskólanum komust áfram í lífinu, voru framfarasinnaðir og nýttu sér tækifærin í lífinu, eða réttara sagt sköpuðu sér og þjóðinni tækifæri og stuðluðu að framförum.

En sagan heldur áfram því afkomendur þeirra hafa haldið vel á spöðunum og eru nú ýmis af stærstu fyrirtækjum landsins með þá við stjórnvölinn á mörgum sviðum fjármála, menningarmála og tækniþróunar en vinurinn varð *bara* fyrsti doktorinn í lögum við H.Í., prófessor og hæstaréttadómari.

Þá er nefnt fátt af því sem ástæða væri til að rekja nánar.



Týndar hugleiðingar

Eins og komið hefur fram í ýmsum gögnum frá móður minni Friede Pálsdóttur Briem var hún sískrifandi og er bréfa- og gagnasafn hennar mikið: Bréf, hugleiðingar, fyrirlestrar greinar o.fl. sem er fjölskyldunni mikilsvert að hafa gang að.

Í dag, 5. des. 2015 las ég í Guardian athyglisverða grein eftir unga konu sem hafði verið að lesa hugleiðingar föður síns. Hann hafði ritað þá dagbókarpunkta fyrir sjálfan sig á vígstöðvunum í síðari heimsstyrjöldinni sem nú eru fundnir. Þeir ollu því að afkomendurnir kynntust honum, sem þeir hefðu ella ekki átt kost á.

Þessi grein olli því að ég fór að hugsa um margfalt feimnismál mömmu, sem ég er væntanlega einn um að þekkja til. Býst ég varla við að menn hugleiði þetta málefni mikið, frá þessu sjónarmiði, en það er eitt sýnishorn af mörgum sem gerðu líf forfeðra ólíkt og erfiðara því sem menn þekkja nú.

Svo er mál með vexti að fyrir mörgum árum var ég sem oftast að fletta í gömlum fjölskylduskjölum. Þar fann ég hugleiðingar móður minnar sem hún skrifaði í öngum sínum. Ég gæti trúað að það hafi verið á árinu **1933**. Fjallaði það um mál sem snerti samlíf mömmu og pabba, Ásgeirs Guðmundssonar, sem varð ekki langt þar sem hann dó í árslok 1935 eftir átta ára hjónaband.

Tilfnið virðist hafa verið að hún kom mjög hart niður er hún fæddi yngri bróður minn árið 1931 og virðist illa hafa treyst sér til að eignast fleiri börn. Kannski átti hún erfitt með að ræða þetta efni við nokkurn mann, en hafði þörf fyrir að tjá sig um það. Hún gæti hugsanlega hafa látið skjalið vera á glámbekki, til að einhver rækist á það og hún fengi tækifæri til að ræða það. Það þykir mér samt ótrúlegt, því á þessum tíma og næstu

áratuginu var ekki líklegt til að menn ræddu kynferðisvandamál af alvöru. Kannski var orðið ekki einu sinni til.⁸

Mér þótti þessi skrif hennar vera svo merkileg að ég vildi ekki að þau glötuðust.

Þegar ég fann þetta skjal var ljósrítun skammt á veg komin og ég hafði ekki sinnu á að skrifa það upp. Lét ég það hverfa úr hennar skjölum og setti á góðan stað hjá mér, að ég hélt.

Mörgum árum seinna kom mamma til mín og spurði, heldur óframfærin, í það skipti, um eitthvert skjal, sem hún hefði átt en hún gæti alls ekki fundið. Nefndi þó ekki hvað það hefði að geyma. Ég þóttist vita hvað hún væri að tala um og neitaði að þekkja neitt til þess. Féll þetta mál þá niður og hef ég aldei fundið skjalið aftur, því miður.

Þykist ég vita að hún hafi, einhvern tíma þegar við Sigríður vorum burtu, farið í hyrslur mínar, fundið skjalið, og látið það hverfa. Hef ég aldrei séð það aftur. En man það enn glögglega.

Nú var það ekkert óeðlilegt þótt við værum að snuðra hvort í annars gögnum, enda bjuggum við lengi saman hér á Bregstaðastræti 69 og ekki var læst á milli eftir að leigjendur voru fluttir úr risinu.

Þannig að nú hef ég ekkert nema við minnið að styðjast.

Það sem mamma ræddi um í þessu skjali var, að hún treysti sér alls ekki til að eiga fleiri börn, og hún bað til guðs að fyndust aðferðir til að koma í veg fyrir getnað þótt fólk lifði eðlilegu hjónalífi. Ekki var innihaldið öllu meira á þessu pappírssnifsi, ef ég man rétt.

Nú er það svo sem vitað að frá upphafi vega hefur fólk leitað margra leiða til að koma í veg fyrir getnað, án þess að það hafi skilað árangri, og gerir ekki enn í frumstæðustu samfélögum, svo ekki sé farið frekar út í þá sálma, þó nefna megi helst rofnar samfarir sem enn eru predikaðar í vissum trúarsamfélögum. Í raun og veru voru ekki fundnar öruggar aðferðir fyrr en gúmmísmokkar, lykkjur og getnaðarvarnapillur komu til sögunnar. Út í það verður ekki farið.

Á þeim tíma sem mamma skrifaði seðilinn sinn voru áreiðanleg engar leiðir til sem hægt væri að grípa til í þessum tilgangi. Til að gera þróunina enn hægari og erfiðari fyrir þá sem treystu sér ekki til barneigna var ekki einu sinni aðgangur að neins konar fræðslu um hvað þó mætti gera til þess.

--

⁸ Samkvæmt orðabók háskólans var orðið fyrst notað í þýðingu á verkum Guðmundar Kamband sem komu út 1969.

Nú slít ég þráðinn sem ég hóf mál mitt á, með því að rifja upp þá tíð þegar mátti ekki ræða um slíka hluti og fólk reyndi að finna aðferðir sjálft, með því að kaupa getnaðarverjur í klósettunum í Bankastræti, því í apótek var ekki hægt að fara og spyrja um slíka hluti svo aðrir heyrðu. Sjálsagt hefur eitthvað verið skrifað um þessi mál, a.m.k. man ég að í bókabúð Kron við Hverfisgötu voru seldar bækur með innsigliðum myndum, sem kannski voru einhverjum til leiðbeiningar.⁹

Nú er ég aðeins að ræða málið eins og það horfði við minni kynslóð. Fordómar voru miklir

--

Á æskudögum mínum heyrði maður um barnmörg hjónabönd og lét sér detta í hug að það væri vegna þess hve kynósa fólkið væri sem í hlut átti.

Nú vill svo til að langafi minn, Eggert G. Briem, og amma, Ingibjörg Eiríksdóttir Briem, voru (til allrar hamingju) frjósöm. Áttu þau **nítján** börn (af þeim komust þrettán til fullorðinsára). Er í ýmsum bréfum og ritum rætt um barnafjölda þeirra. M.a. er haft eftir Hannesi Hafstein, systursyni langafa, þá er hann fékk heiðursorðu, að hann hefði helst fengið hana fyrir barneign.¹⁰ Dæmi um mikla, jafnvel meiri barneign, eru mörg.

Þegar ég heyrði þetta gagnrýnt fann ég í æsku til minnkunar fyrir þessi ósköp, án þess þó að ég hugsaði frekar út í það. En furðu lengi ræddu menn í neikvæðum tón um mikinn barnafjölda og það þótt menn væru komnir á þann aldur að geta sjálfir gripið til getnaðarvarna og gengið „samviskulausir“ til hvílu í ástríku hjónabandi.

Það þótti mér þó tilfinnalegast þegar fólk á mínu reki, sérstaklega kvenréttindasinnað, ræddi um barneignina í neikvæðum tón, nánast eins og hér væri um einhvers konar ofbeldi karlamanna að ræða, eins og eiginkonurnar ættu engan hlut að ástríku hjónaböndum. Þær hefðu verið hálfgerðir „*kynlífsþrælar*“!

Er ekki langt síðan ég heyrði í prentuðu máli ýjað að slíku.

Það ætti að vera ástæðulaust að orðlengja þetta mál. Ekki síst nú þegar hjónalíf er rætt fullum fetum og opinberar kannanir gerðar á því hve mörgum sinnum í viku samfarir ættu sér stað í góðu hjónabandi.

⁹ Kristín Ólafsdóttir (1889-1971) lækni skrifaði um heilbriggt kynlíf í Heilsurækt og mannamein árið 1943, um kynferðislífið í Bókinni um manninn, 1946 og Heilsufræði handa húsmæðrum, 1943.

¹⁰ Þetta er því einkennilegri afstaða Hannesar að hann, og seinna bróðir hans Marínó, voru í heimaskóla Eggerts G. Briem frænda síns á Reynistað, til undirbúnings námi í Latínuskólanum, enda bjuggu þeir þá við mjög erfiðar heimilisástæður vegna veikinda föður síns. Eru mörg bréf sem sýna sérstakt þakklæti móður þeirra Kristjönu Gunnarsdóttur Hafstein í garð þeirra Eggerts og Ingibjargar fyrir þeirra gjörð. (Sjá: Eggert Ásgeirsson, Reykur, 2015). Páll, Hannes og frændi þeirra, Tryggvi Gunnarsson, lentu í útistöðum í félagsstarfi í Khöfn.

--

Áður gat ég mér til að mamma hefði skrifað hugleiðingu sína árið **1933**. Ég hef fylgst lengi með heilbrigðis- og heilsufræðiumræðu, þar með talið ritum um heilusfræði kvenna.¹¹ Án þess að kanna það nánar man ég ekki opinskáa umræðu um kynferðismál, þó ég starfaði, fyrir mörgum árum, að heilbrigðifræðslu og heyrði vart um þau rætt; varla fyrr en rannsóknarskýrslur Alfred Kinsey fóru að koma út 1948. Kristín Ólafsdóttir læknir gaf út bókina: Heilsufræði handa húsmæðrum árið 1943 og sem kom út í mörgum útgáfum en fjallaði ekki, það ég man um slík mál.

Þegar ég var að skrifa þetta, fór ég að sannreyna sumt af því sem ég skrifaði um efnið og fór á blessað Netið, eins og svo oft. Ekki var um auðugan garð að gresja þar til ég rakst á greinar um merkilega norska konu, sem settist að í Svíþjóð. Þetta var Elise Ottesen-Jensen (1886-1973) og tók sér eftirnafnið **Ottar**.¹²

Ég vil skjóta hér að einkennilegri tilviljun. Foreldrar Ottar höfðu, eins og langafi minn líka átt **nítján** börn og var eitt af því sem ýtti henni af stað út í baráttu sína.

Fram yfir 1938 var víðast hvar **tabú** bannað að ræða getnaðarvarnir, a.m.k.í Noregi Fóstureyðingar voru bannaðar til 1965. Örlög systur hennar, ógiftrar móður, varð hennar hvati til aðgerða.

Þá kemur að einkennilegri tilviljun. Ég nefndi árið **1933** sem líklegt hefði verið að móðir mín hefði skrifað hugleiðingu sína. En það var einmitt árið **1933** sem Elise Ottar hóf aðgerðir sínar og fræðsluritaútgáfu.í þessum málum með ýmsum byltingarsinnuðum læknum.

--

Ég hef nú rætt þetta af barnalegu og mjög óvísindalegu sakleysi. Ég hef aldrei heyrt málið tekið upp frá þessu sjónarmiði í mínu menningarumhverfi.

Þótt það sjónarmið sem ég set hér fram hafi enga almenna þýðingu í ljósi nútímaþróunar er sögulega hliðin samt mikilvæg og athyglisverð, eins og ég hef sett hana hér fram.

--

Móðir mín týndi skjali sem var henni feimnismál, ég fann það og geymdi, líklega sem feimnismál, því mér þótti það mikilvægt - kannski líka - feimnismál.

Niðurstaðan er sú, eins og á mörgum sviðum: Við skiptumst á leyndum upplýsingum, óráddum leyndarmálum og vitum ekki hvernig við meðtókum þau.

Svo er nú það!

¹¹ Ég starfaði þá við heilbrigðisfræðslu.

¹² **Ottar** er nafn á kynferðisþólitísku riti sem kemur út í Svíþjóð, fjórum sinnum á ári í 7 þús. eintökum. Einnig er til netritið **ottar.se**.



Á fimmtán ára stúdentsafmælinu 1964

Ragnhildur Helgadóttir (1930-2016) Þór Vilhjálmsson (1930-2015)

Við Þór sátum hlið við hlið í undirbúningsdeild Menntaskólans árið 1942 þar sem Einar Magg var að reyna að kenna mér með litlum árangri, en tókst að koma honum inn um gullna hliðið, og hjálpa okkur hinum út á menntavegin. Við vorum örfhentir og sat ég þarna í fyrsta sinn við hlið annars slíks, hissa hve vel hann hafði sigrast á þessari bæklun. Ég dró höndina yfir blekið svo allt lenti í klessu. Hann sneri blaðinu einhvern veginn öfugu og tókst svo vel að skrifa snarhönd þannig að mann svimaði að sjá til hans.

Svo hitti ég hann á Melavellinum þar sem við Pétur Guðfinnsson sátum með honum með finnsku stigatöfluna og mældum árangur í stigum. Ekki veit ég hvort Þór komst lengra en við Pétur, sem aldrei náðum einu stigi á töflunni, hvort sem var í kúluvarpi eða hlaupum! En margt var rätt.

Þór gekk keikur inn í Menntaskólann til móts við Ragnhildi frænku mína. Urðum við þá um skeið viðskila á menntabrautinni og náðum ekki saman fyrr en í fimmta bekk; varla vel fyrr en eftir stúdentspróf, þegar hann hafði gert sinn samning við Rönku sem ég hef alltaf metið mikils því henni tókst að kenna mér að dansa í fimmta bekk.

Einhvern tíma síðar náðum við Þór saman þegar við stofnuðum okkar fyrsta gáfumannaklúbb sem naut þess að þau Ragnhildur og hann höfðu stofnað myndarlegt

heimili í bakhúsi á Laugaveginum þar sem Ranka rak búð í framhúsinu. Þegar búðin hætti lét okkur félögum til hugar koma að stofna ísbúð í húsnæðinu. Ekki man ég hve lengi sá klúbbur stóð, en síðar urðu til margir slíkir með nýjum félögum sem lögðu áherslu á gáfur, landafræði og ferðalög. Endaði sem fámennur bekkjarbræðra kaffiklúbbur sem lagði upp laupa með versnandi heilsu Þórs.

Við bekkjarsystkinin hittumst á fimm ára útskriftarafmælinu og höfum síðan verið í nánu sambandi í 62 ár, hist og glaðst. Þar hafa þau Þór og Ragnhildur verið í fremstu röð, dugleg að halda tengslin og viðnámið gegn ellinni. Hefur það tekist vel, þó heldur sé baráttan að þyngst þegar við höfum misst sex félaga úr okkar röðum á liðnum tólf mánuðum.

En baráttan heldur áfram í anda þeirra Ragnhildar og Þórs. --

Gamlar spítala- og heilbrigðissögur



Árni Björnsson

Í gær fékk ég skeyti frá *Betri spítala á nýjum stað*, sem er, held ég, eina félagið sem ég er í utan heimilisins,¹³ og var hvattur til að koma á samkomu í Háskólabíó um spítalabyggingu hér í nágrenninu eða annars staðar. Væntanlega er það gert til að rísa gegn gömlum hugmyndum!

Æ-i, ég veit ekki hvort ég á að fara þetta, enda skil ég ekki það sem unga fólkið segir, og þekki áreiðanlega engan á samkomunni nema einhverja stjórnunarfræðinga eða ráðherra sem mér er hálfilla við. Svona er maður fljótur að komast að neikvæðri niðurstöðu þó gamall sé.

Ég hvíldi mig eftir líkamsræktina í morgun og fór að hugsa um góða reynslu mína af spítalakerfinu. Ég lá einu sinni á spítala, ég man ekki hvenær, og get ekki komist að því, því upplýsingar um heilbrigðissögu mína eru mér lokaðar. Enda er hún svo löng að hún verður senn öllum lokuð, þegar ég loka augunum í hinsta sinn.

Ég lá þar nokkra daga á gangi spítalans, vegna þrengsla, og var býsna ánægður með það, fylgdist með öllu sem fram fór á deildinni og hitti margt skemmtilegt fólk.

Svo langt er síðan ég var fyrst á Landspítalanum að ég held að hann hafi verið alveg nýbyggður þegar ég bilaði í mjöðm eitthvað fjögurra ára og fór á Röntgendeildina í kjallaranum þar og var tekið fagnandi af frænda mínum Gunnlaugi Claessen yfirlækni og hans liði. Kannski árið 1933. Allt var þar fínt og fágað, gólfín spegilbónuð og allir tóku brosandí á móti mér. Ég kom svo oft í röntgenmyndatöku upp frá því að

¹³ Þetta var nú ekki alveg rétt. Ég var einmitt nú að fá tilkynningu um að ég hefði borgað árgjald einhvers eldri borgarafélags, kr. 4 þús.

teoretískt ætti ég að vera dauður og erfðabreyttur samkvæmt kenningu um geislun og frumstæða tækni.

En það rifjaðist líka upp fyrir mér þegar ég vann í heilbrigðiseftirlitinu hjá borgarlækisembættinu í Austurstræti og seinna í Heilsuverndarstöðinni hálfan annan áratug, sem gleymt er af flestum.

Fyrir bráðum fimm áratugum komu einhver vandræði upp í Landspítalanum. Haft var samband við yfirboðara minn, dr. Jón Sigurðsson, borgarlækni, og beðið um hjálp og ráð. Doktor Jón vildi öllum hjálpa, ekki síst „*kollegum*“ sínum. Kallaði hann mig á sinn fund og bað mig um að drífa mig hið fyrsta niður á Landspítala og líta á málið. Ekki stóð á mér, hlýðnum og vel uppöldum.

Fór ég á spítalann og hitti Sigríði Bachmann yfirhjúkrunarkonu og ýmsa yfirlækna, m.a. man ég dr. Sigurð Samúelsson, húsvörðinn o.fl. Þeir voru hissa á að hitta mig þarna í þessum mikilvægu erindagerðum og spurðu hvar dr. Jón væri. Ég reyndi að skýra fjarveru hans út og fékk fólkið með blíðu brosi og sannfæringarkrafti til að vísa mér ekki á bug. Ég gekk með fylkingunni um spítalann. Þau lýstu vandkvæðunum, sem voru einkum tengd öndunarfærum. Ekki man ég glögglega hvað ég las yfir þeim. Nema einu: Ég sagði þeim að líklegasta ástæðan fyrir þessum vandkvæðum væri loftræstingarstokkar sem væru örugglega í lélegu ástandi og óhreinsaðir. Ekki treysti húsvörðurinn sér til að opna stokk meðan ég var þarna. Heimsókn mín stóð stutt yfir, móttökurnar ekki jákvæðar, eins og fólkið var annars elskulegt í hversdagslífinu utan spítalans þar sem ég átti eftir að kynnast því nánar.

Mörgum árum síðar bar hreinlætið aftur á góma í viðræðum við spítalafólk. Var niðurstaðan heldur neikvæð fyrir mig. Verið var að innleiða plasthlífar á skó og var leitað eftir stuðningi embættis borgarlækis í einhverjum aðgerðum. Þá sagði ég þeim, sem á fundinum, voru að meginhættan á sýkingum væri innan spítalans, milli deilda og umferðar þar. Því væri hreinlætið mikilsverðast og aðgæsla þar. Óhreinindi að utan, á fótum gesta og sjúklinga, væru saklítill í samanburði við hitt sem kæmi innan frá. Þetta hlaut ekki góðar undirtektir á staðnum, þó ég sé viss um að bæði dæmin sem ég hef nefnt hafi haft góð áhrif. En með því fylgdist ég ekki.

Ég hafði ýmis samskipti við lækna eftir þetta, sérstaklega mikinn ágætismann, Árna Björnsson, sem var brautryðjandi í lýtalækningum og í forystu Læknafélagsins. Hann var einstaklega hlýr og góður maður og hafði gaman af að ræða við fólk úr öðrum stéttum. Fylgdist hann vel með því sem ég fékkst við og kom einn daginn í Heilsuverndarstöðina. Bar hann mál undir borgarlækni, bar eftir það líka undir mig og

spurði mig hvort ég væri fánlegur til að flytja erindi um heilbrigðisfræðslu fyrir (gaml!) héraðslækna sem halda átti í Landspítalanum á einhvers konar endurmenntunarnámskeiði. Ég hef alltaf átt erfitt með að neita fólki um greiða, ekki síst þegar heiður er innifalinn! Féllst ég á þetta; og hafði mikla ánægju af, þó ekki væri nema reynslunnar vegna, þótt ég væri mjög efins um getu sjálfs mín að standa frammi fyrir helstu og virðulegust héraðslæknum landsins, Bjarna Guðmundssyni á Selfossi, Þóroddi Jónassyni á Breiðumýri og Eggert Briem Einarssyni í Borgarnesi, svo ég nefni nú þá sem ég man best. Ég var valinn í þetta hlutverk, ekki vegna þekkingar. Ástæðan var sú að þá var ekki runninn upp sá tími þegar allir, nema ég, gátu babblað um hvaðeina, án þess að neinn tæki sig fram til andmæla eða koma með útórnúninga. En sá tími rann upp!

Árni Björnsson var góður vinur minn, bekkjarbróðir Páls Líndal, frænda míns, sem bjó í sama húsi og ég, og ég hitti oft í frægum veislum hér uppi á lofti. Bar þar margt á góma.

Svo fór, löngu síðar, að ég komst í tengsl við alþjóðasamtök og hafði milligöngu um að Árni kæmist til starfa í þróunarlöndunum, í Addis Ababa í Eþíópíu, til að leggja fram sérfræðikunnáttu sína í holgómsskurðlækningum. Merkilegt var að taka á móti honum heimkomnum og heyra lækni frá Íslandi, eftir tiltölulega stutta dvöl, lýsa því hvað honum þótti fánlegt að vinna á toppklassa sjúkrahúsi þar sem allt hugsanlegt var gert fyrir börn yfirklassans í bæklunarlækningum. En út um gluggann sá hann tjöld og fátækraþúðir þar sem ekkert var gert fyrir þurfandi. Þetta var neikvæð reynsla þessa glögga manns, sem hann kvaðst eiga erfitt að komast yfir.

Úr þessu varð að ég fór að halda fyrirlestra í ýmsum hópum, ekki síst hjúkrunarkvenna (sem þá var nefnt svo) og í stofnunum, um heilbrigðisfræðslu. Svo tók við kennsla í hjálp í viðlögum og kennsla í hjúkrunarskóla, kvenfélaga og kennara á ýmsum sviðum. Sumt var tengt starfinu í Heilsuverndarstöðinni og hjúkrunarstéttinni eða innan iðnfræðslu. Þetta var svo sem ekki neitt merkilegt, en í þessu var breytt stefna fólgin af hálfu stéttarfélaga. Svo komu félög unglækna, sem nú eru allir meira og minna farnir á eftirlaun eða yfir um.

Þá lenti ég í eftirminnilegu starfi, sem sneri að eiturefnamálum, sem þá voru að komast í sviðsljósið. Á því sviði voru heldur en ekki átök. Fyrir starfinu fór prófessor í eiturefnafræði, góður kunningi minn, ári á eftir mér í skóla. Þá voru „eiturefni“ sem oft eru líka nefnd lyf eða efnavörur, að komast í sviðsljósið. Ekki vissi ég mikið um þetta efni, en var held ég valinn í nefndina vegna *common sense* (ég þori ekki að nefna það *heilbrigða skynsemi*, því það var það áreiðanlega ekki hvað mig snerti).

Í þessari nefnd sátu efnafræðingur, prófessorinn, lyfjafræðingar - og ég. Efni þau sem til álita komu voru mörg. Við þurftum nú að reyna að raða þeim í flokka og setja reglur um notkun þeirra. Ég sá að það væri gjörsamlega vonlaust að fjalla um hvert eitt þessa mikla fjölda efna og ákveða hvar í flokki það skyldi standa. Sum var aðkallandi að setja reglur um og önnur síður. Þegar nefndin ræddi þau vissi prófessorinn ævinlega hvað hann vildi, og sem þyrfti að ræða, og jafnvel rannsaka. Ég fór að skoða flokkun þeirra á Norðurlöndum og sá að hin löndin flokkuðu flest efnanna með sama hætti. Því stakk ég upp á því að við byrjuðum á að flokka öll efnin, sem í þessum löndum væru viðurkennd, í sama flokk, jafnvel ef þau væru viðurkennd í þrem landanna, að fara sömu leið. Úr þessu varð sá dómadags fyrirgangur og deilur og prófessorinn algjörlega ósammála og sagði þessi lönd öll vera úti að aka í þessum málum.

Þá féll mér allur ketill í eld og losaði mig úr nefndinn, enda var ég kominn í annað starf og hafði ekki tíma til að hlusta á fleiri þúsund álitsgerðir. Þannig lauk því.

Sem betur fer skrifaði Tryggvi Ásmundsson yfirlæknir, vinur minn, framúrskarandi grein um prófessorinn látinn í Læknablaðið og hrósaði honum á hvert reipi, sérstaklega vegna hestamenskunnar, þó með vissum fyrirvara. Var ég mjög feginn þessu, því það er þreytandi hverjum sem reynir að vera með neikvæða afstöðu til annarra út í rauðan dauða - (minn)!

En það er slæmt þegar fólk skiptist í stéttir með tilheyrandi stéttamun. Í kaffistofu Heilsuverndarstöðvarinnar gömlu var oft góð stemmning. Mikil tilhneyging var þar til að starfstéttir sætu saman við borð og töluðu um innbyrðis hagsmuni, t.d. kaup. Sátu lækna þar í háværum samræðum um lélegt kaup, þegar aðrar stéttir sátu við næstu borð og hlustuðu, þó allir vissu að lækarnir höfðu tvöföld laun og að auki ýmsar sporslur. En ég öfundaði þá ekki, sem betur fer.

Svona er þetta líka með nýja Landspítalann. Halda áfram að streða - af því að maður er búinn að vera svo lengi að!

18.3.2016.

Örlagatímar í R.K.Í. Tilviljunarsaga

Bréf til Hrefnu Ásgeirsdóttur.



Hrefna mín!

Þegar þú spurðir mig um merka viðburði í sögunni tengdri einhverjum formæðrum þínum eða forfeðrum, þá nefndi ég þrjá. Þeir hefðu mátt vera fjórir, því Friede Pálsdóttir Briem, langamma þín, hafði talsverð áhrif á heilbrigðissögu landsins með afskiptum sínum af málefnum heyrnarskertra. Það er mál sem gjarna má taka upp síðar.

Af þeim málefnum sem ég nefndi, valdir þú neyðarvarnir Rauða krossins og afskipti mín af þeim.

Nú vil ég segja þér frá þeim í stuttu máli.

Ég var lengi þátttakandi í æskulýðsstarfi Rauða krossins, en það féll niður, meðan ég var drengur, og ég fylgdis lítið með starfi Rauða kross Íslands þar til ég hóf kennslu í heilusfræði við Iðnskólann í Reykjavík. Í tengslum við hana kenndi ég skyndihjálpi, sem þá nefndist reyndar hjálpi í viðlögum. Þá hafði orðið bylting í þeirri grein þegar tekin var upp ný lífgunaraðferð, sem síðar kallaðist blástursaðferð og ég tók með í heilsufræðikennslu mína. Kennslugögn voru ekki til nema hjá Rauða krossinum. Fór ég þangað og fékk þau lánuð, og kynntist um leið skrifstofufólki samtakanna.

Ég vann á þessum tíma í skrifstofu borgarlæknis í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur um þær mundir sem dr. Jón Sigurðsson borgarlæknir var kosinn formaður Rauða kross Íslands. Af einhverjum ástæðum, sennilega vegna þess að ég kunni ensku, en það gerðu ekki allir, eins og nú. Fór dr. Jón að biðja mig um að hjálpa sér við sitthvað smálegt. Sérstaklega þegar hér voru haldnir alþjóðlegir fundir R.K. var ég beðinn um að taka þátt í undirbúningi þeirra. Stundum fékk ég meira að segja að vera með.

Þetta leiddi til þess að ég komst inn í starf Rauða krossins og var beðinn um að sinna þar ýmsu smálegu. Tvennt olli vandræðum, þröngur fjárhagur R.K.Í. Þá gerðu sumir sér grein fyrir að bæta þyrfti ímynd R.K.Í. hjá þjóðinni. T.d. var kynningardagur Rauða

krossins á öskuldag á hverju ári. Við stjórnarmenn í Reykjavíkurdældinni vorum beðnir um að fara út í skóla til að halda fyrirlestra um samtökin. Enginn nema ég brást vel við þessari áskorun. Varð þetta mér hin besta reynsla.

En um hvað átti ég að tala? Ég vissi ekki mikið um Rauða krossins og byrjaði á því að leita upplýsinga hjá framkvæmdastjóranum og öðrum sem ég hélt að vissu eitthvað um málin. En því miður! Ég kom að tómun kofanum og varð að leita í skrifstofunni uppi bækur og skjöl um efnið til að hafa eitthvað að segja. Þessir fyrirlestrar mínir, sem urðu nokkuð margir í árunna rás voru áreiðanlega í hálfgerðu tilgangsleysi. Smám saman fékk ég þó dálitla þekkingu á málinu.

Ég starfaði á þessum árum í Heilsuverndarstöðinni hjá borgalækni og þurfti stundum að fara í starfinu til útlanda. Notaði ég þá tækifærið til að heimsækja Rauða krossinn á hinum Norðurlöndunum, enda hafði ég hitt ýmsa forystumenn þar sem hjálpuðu mér og fræddu.

Eina starfið sem allir þekktu hjá Reykjavíkurdæld Rauða krossins voru sumardvalir barna í sveit og einnig að hægt var að fá gömul sjúkrarúm lánuð þegar á þurfti að halda. Líka voru sjúkraflutningar í bílum sem Rauði krossinn í Reykjavík átti. Mest voru þessi störf leifar frá hernáminu í heimstyrjöldinni 1939-45, en sem mér þóttu býsna úrelt.

Svo gerðist 1969 að einhver átakanlegasta neyð sögunnar, svokallað Biafrastríð olli miklum hörmungum í Nígíríu. Þá var efnt til almennrar fjársöfnunar, sem fór þó ekki betur en svo að framkvæmdastjórinn var rekinn fyrir einhverja vanrækslu og ósannsögli. Var þá leitað til mín og ég fenginn til að taka við. Mér leist sannarlega ekki vel á það. En samt varð það úr að ég tók það að mér til bráðabirgða og fékk frí frá störfum við heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík.

Þegar ég byrjaði þurftir ég enn frekar en áður að afla upplýsinga í skjalageymslu R.K.Í. En fann ekkert. Davíð Scheving Thorsteinsson, bekkjarbróðir minn, hafði lengi verið í stjórn R.K.Í. og hafði verið sendur á alþjóðafund Rauða krossins í Vínarborg árið 1965. „Jú einmitt!“, sagði hann og átti í fórum sínum öll skjöl fundarins, lét mig fá þau og ég byrjaði að þæla. Þá kom aldeilis í ljós! Mjög ákveðinn tilgangur var í starfi Rauða krossins.

Það sem sýndist vera einna mikilvægast var hjálparstarf ef til stórslysa og neyðar kæmi á Íslandi. Hjá ríkinu var að nafninu til lítil stofnun: *Almannavarnir ríkisins* undir stjórn forstjóra Landhelgisgæslunnar, sem lítið gerði annað en að sjá um gamlar (og úreltar) neyðarbirgðir, sem grípa mætti til ef til styrjaldar eða annarra áfalla kæmi.

En að einhver *utanaðkomandi* kæmi þar að eins og forstjórinn kallaði Rauða krossinn, það kæmi ekki til greina. Það var í raun undirstaða hugmyndafræðinnar víðast hvar að

ríkið starfaði með og virkjaði almannasamtök eins og Rauða krossinn (en ekki öfugt!). Svo var í flestöllum þróuðum löndum. Ekki að hverju sem væri; heldur einhverju sem almannasamtök gætu tekið þátt í með félögum sínum hvar sem væri í löndunum.

Þetta vildi forstjórinn ekki skilja eða vilja.

Hvernig átti þá að vinna? Þegar ég byrjaði starf mitt reyndi ég að kynnast forstjóranum, heimsækja hann sem oftast, ræða við hann um framtíðina. Reyndar vildi hann helst tala um Seltjarnarnesið, en þar bjó hann og við báðir ættaðir þaðan. Þetta var þriggja ára látlaut streð.

Framkvæmdastjóri Alþjóðasambands Rauða krossins var Henrik Beer, sænskur maður með mikinn áhuga á Íslandi, gamall skólabróðir Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings. Hann benti á ýmsar leiðir. Mikilvægast væri fyrir Rauða krossin og almenning að hann tæki að sér aðstoð við almenning ef illa færi. En til þess að RKÍ gæti gert það þyrfti líka að styrkja Almannavarnir. Meðal annars benti hann á að til væri hjá Sameinuðu þjóðunum sjóður sem gæti veitt styrk.

Það varð loks úr að utanríkisráðuneytið og Almannavarnir ríkisins sóttu um þennan styrk, og fengu hann.

Almannavarnaforstjórinn vildi fyrir hvern mun kaupa jarðskjálftamæli, en utanríkisráðuneytið, undir forystu ungs fulltrúa, Sverris Hauks Gunnlaugssonar, síðar sendiherra, setti sig gegn því, þar sem styrkurinn væri ætlaður til þess að styrkja varnir gegn vá. Það varð úr að fenginn varð erlendur ráðgjafi til að skipuleggja almannavarnir og Guðjón Petersen, ungur skipherra hjá Landshelgisgæslunni fenginn honum til aðstoðar.

Varð það því úr að Rauða krossi Íslands var fengið það verkefni að annast fjöldahjálp og afla sjálfbodins liðs sem yrði verkefni hinna ýmsu Rauð kross deilda um landið.

Voru miklir fundir og samningar, bæði innan Rauða krossins og hjá Almannavörnum ríkisins.

Lauk því **22.** janúar 1973 með samkomulagi á fundi hjá Almannavörnum ríkisins í kjallaranum í Lögreglustöðinni við Hlemm. Átti að ganga frá endanlegu og skriflegu samkomulag strax upp úr því, eins og gert var.

--

Þá gerðist það aðfararnótt **23.** janúar að Pétur Maack, ungur guðfræðinemi, sem starfaði mikið sem sjálfbodaliði í Rauða krossinum vakti mig með símhringingu. Hann þekkti til samkomulags þess sem gert hafði verið. Hann spurði mig um hvort haft hefði verið samband við mig.

Hringt hafði verið í Viggó Maack, pabba hans, sem var skipaverkfræðingur Eimskipafélags Íslands og hann spurður að því hvort eitthvert skip félagsins væri í námunda við Vestmannaeyjar, því eldgos hefði orðið í Heimaey. Ég svaraði sem var að ég vissi ekki neitt um þetta en hringdi þegar í stað til Björns Tryggvasonar, formanns RKÍ, og sagði honum hvað væri á seyði.


Við mæltum okkur mót í kjallara Lögreglustöðvarinnar þar sem við gerðum vart við okkur þar sem stjórn Almannaþingarinnar sat á fundi. Í stuttu máli var okkur í Rauða krossinum fengið í hendur það verkefni að undirbúa móttöku þeirra fimm þúsund íbúa sem væru á þeirri stundu að undirbúa undankomu sína til meginlandsins.

Ekki verður farið nánar út í lýsingu á Vestmannaeyjaverkefninu og öllu því sem fylgdi.

Það sem merkilegast var í þessu máli er að hugmyndir hjálparstarfsins og skipting verkefnanna var ljóst og einfalt. Allir viðkomandi skildu hana - og gera enn.

Reynslan var svo góð að upp frá því hefur verið unnið samkvæmt því í öllum jarðskjálftum og fjöldaslysum sem hafa dunið yfir.

Niðurstaðan er þessi: Mikilvægast í öllum framkvæmdum og hjálparstarfi er að undirbúningur sé ljós og einfaldur og tryggt að enginn ágreiningur verði um framkvæmdina.



Bréfasöfnin mín: Tilviljun

Ég hef unnið lengi að skráningu og eftir atvikum afritun ýmissa fjölskyldubréfasafna sem borist hafa mér í hendur í árunna rás. Ég hef skráð þau undir nöfnum bréfritaranna og margt fundið á því 200 ára tímabili sem skráningin nær til. Mörg bréfanna hef ég afritað að fullu, úr öðrum gert útdrætti.

Hér fjalla ég um tvennt.

Þegar ég hafði að mestu leyti lokið skráningu bréfanna þá sneri ég mér að bréfaþakka sem ég fann í dánarbúi Helga P. Briem frænda míns. Hann var mikill safnari og hafði fjölskyldan trú á að hann myndi skrá þau bréf sem hann fengi og væntanlega komið þeim í handritadeildir Þjóðarbókhöfðu, Landsbókasafns Íslands eða Þjóðskjalasafns. Hann gerði ýmsa góða hluti, t.d. tel ég að hann hafi skráð ýmisleg bréfasöfn, m.a. frá Elínu E. Breim föðursystur sinni, líklega þegar hann var hér í Reykjavík, eftir að fyrri stríð hófst og hann sat í Reykjavík 1940 og áður en hann var sendur af ríkisstjórninni til Portúgal.

Sennilega hefur hann þá fengið fjölskyldubréfaþakka í hendur frá Álfheiði Helgadóttur Briem, móður sinni. Þennan þakka fann ég í búi Álfheiðar Sylvíu Briem, dóttur Helga.

Þegar ég var að ljúka skráningu bréfasafns míns, opnaði ég pakkann frá Álfheiði og ætlaði að leggja í hann og skrá. En leist ekki vel á því bréfin voru skert og mörg torskilin, m.a. af þeim sökum, lagði ég þau til hliðar.

Marta María Hálfðánardóttir (1935) sonardóttir Jón biskups Helgasonar (1866-1942) vissi af áhuga mínum á afa hennar og bréfaskiptum Jóns biskups við fjölskylduna. Lét hún mig fá bréfabunka mikinn sem ég, eftir hik og umhugsun settist niður við að skrá og bætti inn í fjölskyldubréfasafnið, sem ég hafði þá nýverið rekist á í gögnum frá ömmu minni, Álfheiði Helgadóttur Briem (1868-1962) systur Jóns, úr búi Helga P. Briem, sem reyndust vera brotakennd og torskilin. Gæti tæplega verið öðruvísi. Þurfti ég stundum að giska á aðdraganda eða niðurstöður. En nú, þegar ég fékk í hendur bréfin frá Mörtu Maríu gekk dæmið að mestu upp.

Ég tel að sá hluti bréfasafnsins sem var í mínum fórum hafi verið úr búi Þórhildar Tómasdóttur (1835-1923), móður þeirra Jóns og Álfheiðar. Sennilega hafði þeim verið pakkað saman eftir að búi hennar var skipt, ef það hefur ekki verið fyrr. Hún hefur sennilega, áður komið þeim ánægjulegustu og sem snertu Jón sérstaklega, í hans hendur.

Ósennilegt er að þau systkinin hafi nokkru sinni kynnt sér bréfasafnið. Frágangur þess var þannig að mjög ólíklegt var að þeim hafi nokkru sinni verið flett. Þannig skipt í tvennt komst annars vegar hluti bréfanna í hendur mínar úr búi Álfheiðar ömmu minnar og hins vegar til mín frá Mörtu Maríu úr búi Jóns afa henna.

Er búi Jóns biskups var skipt, skjöl hans og myndir látnar ganga til Landsbókasafns, Þjóðminjasafns og Árbæjarsafns, hefur væntanlega ekki þótt eðlilegt að persónuleg gögn færu þangað. Þannig rötuðu þau úr dánarbúi séra Hálfðánar Helgasonar (1897-1954), en hann virðist einkum hafa borið ábyrgð á búskiptunum. Þaðan til Mörtu Maríu Hálfðánardóttur. Og nú frá henni til mín, sem ætla að koma þessum gögnum, eftir athugun og skráningu, til Landsbókasafns Íslands, með öllum þess leyndarmálum, sem nú má telja til sérstakra verðmæta.

Vinkona mín og frænka okkar Mörtu Maríu og þremenningur var Ragnhildur Helgadóttir (1930-2016). Ræddum við stundum um geymslu persónulegra skjala. Hún og maður hennar Þór Vilhjálmsson (1930-2015), bæði bekkjarsystkin mín, höfðu aðra afstöðu en ég til slíkrar varðveislu. Kannski hafði eitthvað af því sem bréfasafnið kemur nú upp um og snerti Tómas Helgason (1863-1904) lækni, *Tuma*, eins og hann var kallaður í fjölskyldunni, afa Ragnhildar, einhver áhrif.

Eitt sinn er ég kom til Ragnhildar og Þórs með hefti sem ég hafði gefið út með efni byggðu á gögnum úr fjölskyldu okkar, sagði hún mér að þau Þór ætluðu að senda sín persónulegu gögn í fyrirtækið Gagnaeyðingu. Og það staðfestu þau seinna að hefði verið gert. Satt að segja brá mér í brún. En ég þóttist vita, í ljósi lífsreynslu og


fjölskyldupekkingar, að á þessu gæti verið eðlileg skýring. Hvort þetta er rétt ályktað gat ég ekki fengið staðfest, því bæði dóu þau sitt hvorum megin við áramótin 21015 og 2016, eða fyrir tæpu ári.

Þau bréf sem ég sit núna við að skrá, munu síðar sýna fram á að skoðun mín gæti verið rétt, því lífshlaup Tómasar Helgasonar (1863-1904), gæti hafa haft einhver áhrif á ákvörðun þeirra hjóna. Það þóttist ég alltaf vita, án þess að hafa neitt við að styðjast annað en hugboð byggt á minningum.

Sjálfur lít ég svo á að við, hvert fyrir sig, séum skyld að standa afkomendum okkar skil á sannleikanum, hver sem hann kann að vera, ef við höfum hann staðfestan. Að minnsta kosti væri gagnaeyðing ekki réttlætanleg.

Alla vega er það merkileg tilviljun, að þetta merkilega bréfasafn Þórhildar Tómasdóttur og Helga Hálfðánarsonar skyldi eftir öld eða meira hafa fundist og sameinast á skrifborði mínu.

17.11.2016.



Matareitrun og tilviljun?

Þrettánda ágúst tvö þúsund og sextán klukkan fimmtán þrjátíu var ég staddur hér úti á stéttinni fyrir framan húsið okkar við Bergstaðastræti.

Sirrí var að leggja upp í ferð með bekkjarsystur sinni. Þegar hún var að stíga upp í bílinn gengur ókunnugur, aldraður maður, eftir götunni, stoppar, hallar sér upp að garðveggnum og heilsar okkur glaðlega. Ekki þekkti ég hann í fyrstu, en sá brátt hver maðurinn var og heilsaði honum, og við bæði. Ég sagði Sirrí að Einar Sigurðsson væri maðurinn hennar Nönnu Haraldsdóttur, æskuvinkonu minnar af Nesinu og sem bjó í Litlabæ á Seltjarnarnesi, eftir að fjölskylda mín hafði haft hann sem sumarbústað þar til pabbi dó haustið 1935. Sirrí kannaðist við Nönnu, steig upp í bílinn, kvaddi og ók burt.

Ég bað Einar blessaðan að koma með mér inn í vinnuherbergið mitt, því ég vildi gefa honum bókina mína, Afasögur, en þar væri minnst á Nönnu og fjölskyldu hennar. Við sátum saman góða stund og rifjuðum upp ýmislegt sem okkur var sameiginlegt, og ekki var allt bundið við Nesið.

Einar þekkti okkur bræður, Pál og mig, en hafði einhvern veginn ruglast á okkur, hélt að ég væri Páll sem hann kannaðist betur við, því Ásta tengdamóðir hans bjó andspænis Palla við Lindarbraut á Seltjarnarnesi. Hann hefði verið skeggjaður sem ég hafði ekki verið, þá.

Við röbbuðum lengi hérna í kjallaranum og hann var ánægður með að fá að sjá bókina og sagðist mundu lesa hana „upp til agna“ og lýsti þessari ágætu fjölskyldu frá Gróttu og Litlabæ, sem hann hefði hinar bestu minningar um, en sem væri nú öll gengin til feðra sinna, nema afkomendur systranna. Guðrún var elst. Þorvarður, „Varði“, var

vélfræðingur sem átti við vanheilsu að stríða og dó ungur. Öll voru systkinin fædd í Gróttu.

Ég sagði Einari að ég væri þakklátur fjölskyldunni, fyrir margt, ekki síst fyrir hvað þau hefðu verið góð við Ólaf Guðmundsson, föðurbróður minn frá Nesi sem mér þótti vænt um, en einangraðist eftir að búskapur lagðist niður í Nesi eftir dauða ömmu minnar. Einar þekkti hann aldeilis vel því Óli var mikilsmetinn húsvinur fjölskyldunnar allrar og þátttakandi í fjölskylduhátíðum.

Einar er Vesturbæingur, af Ránargötunni og þekktum við margt sama fólkið. M.a. þekkti ég pabba hans, sem vann í ritfangaverslun Björns Kristjánssonar, VBK, á Vesturgötu 6.

Ég vissi að Einar hafði stjórnað kjötvinnslunni í Síld og fiski, á Bergstaðastræti nr. 37, hér skammt frá, sennilega eftir að ég hætti hjá heilbrigðiseftirlitinu 1969. Sagði ég honum frá matareitruninni miklu, sem breiddist út frá Síld og fiski, sumarið 1965.¹⁴ Hann vissi ekki að ég hefði starfað við borgarlæknisembættið. Hann hóf störf hjá Þorvaldi Guðmundssyni í Síld og fiski síðar.

Þó langt sé um liðið frá þessum atburðum mun ég reyna að að rifja þá upp.

Þannig var mál með vexti að um vorið hafði matareitrun stungið sér niður í Reykjavík og var greind sem afleiðing *salmonella typhi murium* - *músataugaveiki*. Hafði veikin breiðst út meira þá um sumarið án þess að hægt væri að finna ástæðuna og finna hvaðan hún hefði borist.

Einn starfsmaður Síldar og fisks hafði veikst eftir að hafa verið í sumarleyfi, að mig minnir, á Kanaríeyjum, sem þá var býsna óvenjulegt. Ekki var þá kunnugt að í suðrænum löndum væri sérstök hættu á matarsýkingum. Þó var alþekkt að smit gæti verið þrálátt hjá þeim sem sýktust.

Þorvaldur hafði stofnað fyrirtæki í Austurstræti: **Hrátt og soðið**, heldur með ískyggilegu nafni, sem hefði mátt vekja athygli eftirlitsins. Þar var selt alls kyns smurt brauð og veislumatur, sem byggðist mjög á *majonnaise* eða eggjasósum. Þótti fínt og var sennilega dýrt. Viðskiptavinirnir hafa líklega verið fólk af *betra standi* eins og kallað var.

Þá voru *köld borð* mjög farin að tíðkast í veislum, ekki síst í fermingar- og brúðkaupsveislum. Þrátt fyrir aukna kunnáttu. Var talsverð hættu af þessum köldu borðum, þar sem maturinn var látinn standa lengi á veisluborðum við herbergishita,

¹⁴ Ég skrifaði skýrslu um málið og þóttist muna að hafa skrifað frásögn af málinu fyrir Heilbrigðisskýslur landlæknis, en hef ekki rekist á hana þar. Svo það er á reiki nema hvað ég ýjaði að málinu í bréfi til Páls bróður míns 2.7.1965.

með hættu á að sýklar vaxi á stuttum tíma og valdi tjóni. Enda var niðurgangur ekki óvenjulegur á þessum árum.

Heilbrigðiseftirlitið var önnur kafið við að leita uppi orsökina og sendi fjölda sýnishorna til greiningar í sýklarannsóknir Landspítalans, hjá Arinbirni Kolbeinssyni lækni, og í gerlarannsóknir Fiskifélags Íslands, hjá Sigurði Péturssyni gerlafræðingi. Ekkert fannst sem óyggjandi gæti talist.

Nú hleyp ég yfir nánari lýsingar á þessu máli, enda man ég það ekki gjörlla. En hitt get ég sagt að áhyggjur okkar samstarfsmannanna vegna málsins voru miklar og engar öruggar vísbendingar.

--

Drep nú þar niður að við ung hjón, Sigríður og ég, vorum á ferðalagi sumarið 1963 í fólksvagninum okkar. Í Hagavík við Þingvallavatn, hafði Helgi Tómasson, frændi minn, leyft okkur Sirrí að veiða.

Á heimleiðinni heimsóttum við vini okkar í Grafningnum, Ólaf B. og Jóhönnu Einarsdóttur Thors, sem hefði almennt ekki verið í frásögu færandi. Þar voru þau í fjölskyldubústaðnum sínum, en leið ekki vel. Óli var lasinn, slappur og klénn, án þess að farið sé nánar út í sjúkdómslýsingu.

Ég hafði verið alinn upp við að hrista allt slíkt af mér með hörku og reyndi slíkt við Óla, hvatti hann til að „*hlaupa með mér upp að hliði*“. Þetta orðtak hefur verið notað til háðungar gegn mér upp frá því. En Ólafur treysti sér ekki nema skamman spöl.

Svo héldum við öll heim á sunnudagskvöld, við í okkar fínu Volkswagenbjöllu.

Á Þingvallaveginum veittum við athygli einkennilegu aksturslagi vegfarenda. Þeir óku sumir mjög hratt, þjósnuðust fram úr á mjóum malarveginum. Eftir að þeir komust fram úr stoppuðu þeir í vegkantinum og einhver hljóp út í móa og faldi sig á bak við barð eða stein.

Eftir á að hyggja varð mér ljóst að einkennileg hegðun fólks benti til þess að hér væri um hina alvarlegu magakveisu að ræða, sem væri tekin að breiðast út.

Mér bárust líka, þegar heim var komið, fréttir af fleirum, m.a. að í vinahópinum væru sumir mjög veikir.

Þegar ég kom í vinnuna í Heilsuverndarstöðinni á mánudagsmorgni var málið rétt. Sagði ég frá því sem ég hafði upplifað sem gæti, ásamt fleiru, sem samstarfsmennirnir höfðu reynt, bent til að um vaxandi faraldur væri að ræða.

Svo stóð á að yfirmenn mínir voru fjarverandi. Dr. Jón Sigurðsson borgarlæknir var í tjaldútilegu einhvers staðar austur í Skaftártungum og Þórhalldur Halldórsson deildarstjóri var óínáanlegur í sínu sumarleyfi.

Voru nú góð ráð dýr!

Eftir umræður okkar og ýmsar vísbendingar sem fram komu hjá okkur, þessum fáu sem eftir voru, komst ég að þeirri niðurstöðu að ég yrði, hvað sem það kostaði að taka málið föstum tökum. Fór ég á fund Sigurjóns Sigurðssonar lögreglustjóra, sem líka var formaður heilbrigðisnefndar. Reyndist það vel að þessu sinni.¹⁵ Hann var ekki alltaf skjótur til ákvarðana. En hér var hann það; ákvað að fara að mínum ráðum, sendi með mér trúnaðarmann sinn, Stefán Jóhannsson, lögreglumann, Stebba svarta,¹⁶ sem líka var kunningi minn. Við fórum saman í Síld og fisk, lokuðum búðinni og kjötvinnslunni. Vakti sá atburður talsverða athygli, enda gerðist slíkt sjaldan.¹⁷

Þetta var ekkert smá mál. Þorvaldu Guðmundsson var valdamikill í pólitíkinni. En hann beitti sér ekki gegn þessari ákvörðun á þeim vettvangi svo ég vissi. En oft frétti ég af komu hans á fund borgarlæknis. Ekki var heilbrigðiseftirlitsmaðurinn, ég, alltaf rólegur yfir slíkum fundum. Þeir voru næstu nágrannar við Háuhlíð, sem þá var kölluð af öfund: „*Bíngó búlevarð*“.

Ekki kann ég nákvæmlega að segja nú frá þessu máli en vil nefna það sem í mínu minni var orsök þessarar mestu matareitrunar, sem mér er kunnugt um hér á landi.

Þó má nefna einn hlut.

Þegar athugað var hvernig majonnaise var meðhöndluð í Síld og fiski, kom m.a. í ljós að eggjasósan var geymd í stórum dunkum, sem þeir er unnu við hana, sögðu að væru settir strax inn í kæli. En þegar athugað var hvernig dunkarnir voru kom í ljós að þeir voru tvöfaldir, að sínu leyti eins og hitabrusar, með loftrými á milli, þannig að í stað

¹⁵ Sigurjóns Sigurðsson var lengi lögreglustjóri. Lenti ég stundum í útistöðum við hann. Sérstaklega var minnstætt þegar ég var bedinn um að gefa skýrslu og gera tillögur um heilbrigðisástandið í Hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9, sem nú hefur loksins verið lagt niður. Þar þufti ég að eiga við bæði hann og dómsmálaráðuneytið. Átti ég ekki þann stuðning lögreglustjóra sem þurfti, nema síður væri.

¹⁶ Stefán Jóhannsson var ágætis maður og skemmtilegur í samskiptum. Gvendur jaki (Guðmundur J. Guðmundsson) verkalyðsforingi var kunningi minn frá því að við unnum saman við garðyrkju Reykjavíkur. Við hittumst eitt sinn er ég fór á ball í Mjólkustöðinni við Laugaveg. Þar var hann frægur útkastari, hreystimaður, fyrr glímukappi. Hann sagði mér þá frá því að hann hefði verið sumarlögreglumaður á síldarvertíð á Siglufirði ásamt Stebba. Þar var býsna mikið fylliri á böllum. Stebbi og hann voru þar gæslumenn og áttu í vandræðum með bytturnar. Lítið þýddi að fleygja þeim út því þær komust alltaf einhvern veginn inn aftur um kjallara- eða háalofsglugga. Þá ráðlagði Stebbi Gvendi að fara með bytturnar út í port og lemja þær duglega. Það reyndist oft vel. Það sagði Gvendur að hefði gagnast sér vel líka. Sagnamenn geta verið varasamir sannleiksmeðfarendur, að sama skapi og þeir reynast líka skemmtilegir.

¹⁷ Er ég kom í fyrirtækið sá ég ýmis verkfæri, sem litu ískyggilega út, t.d. hnífa er notaðir voru við framleiðsluna, tók þá með mér og geymdi sem hugsanlegt sönnunargagn. Stakk ég þeim niður í skrifborðsskúffuna mína. Fylgdu þessir hnífar mér lengi milli ólíkra vinnustað þar til að ég fargaði þeim, því miður, löngu síðar.

Þess að eggjasósan kældist skjótt, kældist hún seint, geymdi í sér hitann. Þannig heldur eykst gerlavöxtur, í stað þess að hægjast á eða stöðvast.¹⁸

Við Björn L. Jónsson, sem þá var aðstoðarborgarlæknir, fórum með Þorvaldi, eiganda fyrirtækisins, suður að Minni Vatnsleysu, þar sem Þorvaldur hafði svínabú og athuguðum staðhætti. Þá kom í ljós að hann hafði þar andabú og talsverða andaeggjaframleiðslu, sem kom í ljós að notuð var til framleiðslu á *majonnais*/eggjasósu, í fyrirtækinu.

Eitt af lögmálum matvælaframleiðslu var/er að nota ekki andaregg, aðeins hænuegg. Þannig er að eggjastokkar anda eru opnir, sem ekki er t.d. á henum. Gerir það andaregg óhæf til þeirra nota. Endur þurfa að sula í vatni til að geta þrífist. Ef vatnið er mengað geta óhreininandi borist inn í eggjastokkana og eggin.¹⁹

Benti allt til þess að hér væru orsök matareitrunarinnar fundin.²⁰

Var fjöldi fólks sem veikst hafði og vann í matvælaframleiðslufyrirtækjum eða matarverslunum sent í frí þar til rannsóknir sýndu að því væri að fullu batnað.

Ég bæti hér við atriði sem kemur upp í hugann við þessa frásögn. Þegar við Þorvaldur, Björn L. og ég komum úr Vatnsleysustrandarleiðangrinum bauðst Þorvaldur til að keyra okkur heim, fyrst Björn og svo mig. Stóðum við dágóða stund hér fyrir utan heimili mitt, Bergstaðastræti 69. Spurði Tolli mig að því hvort ég gæti hugsað mér að skipta um vinnu, því sig vantaði mann sem sæi um heilbrigðishliðina á rekstrinum. Ég var spenntur, og gerði mér vonir til að geta hnekk á honum fyrir einhvers konar mútur, og tók því líklega. En ekki varð meira úr því.

Matareitrunarsögunni lýkur hér með. Og við Tolli sáumst varla aftur nema á málverkaupboðum.

--

Nú kemur Einar Sigurðsson aftur til sögunnar. Hann var hissa á að við skyldum hafa átt óbeina samleið fyrir meira en fimm áratugum.

¹⁸ Það var síðar sem farið var að framleiða majonnesu í sérstökum fyrirtækjum. Þá dró úr hættunni. En ekki vorum við í heilbrigðiseftirlitinu gladdir þegar við heyrdum að framleiðandinn hafði unnið hjá matvælaeftirlitinu í Ameríku og hlaut því að þekkja til syklahamlandi efna, sem við vorum ekki rólegir yfir. Sigurður Pétursson gerlafræðingur athugaði framleiðsluna, lét hana vera við herbergishita lengi. Gerði hann svo athugun á innihaldinu og fann það að gerlagróðurinn minnkaði í tímans rás!!

¹⁹ Þetta var mér lauslega kunnugt frá unglingarárum er ég las í *National Geographic Magazine*, að eitt sinn á ársfundi útgáfufélagsins, hafði verið boðið upp á andaregg. Gestirnir urðu hissa þegar þeir fóru að borða eggin að bandaríski fáninn spratt þá út úr þeim. Hafði flaggi verið skotið inn í eggjastokkinn sem síðan sat inni í því. Þetta er líklega sjö áratuga gömul minning, sem þeir mega trúa er vilja.

²⁰ Má bæta við að svínabúið hafði líka fengið leyfi til að nota matvælaúrgang frá bandaríska hernum á Keflavíkurlugvelli, sem gæti hafa haft áhrif.

Einar sagði mér að hann hefði, á þeim tíma, starfað hjá miklu fyrirtæki í Keflavík, *Nonna og Bubba*, þegar fyrrgreind saga gerðist. Hann var orðinn þreyttur á því að ferðast til vinnu sinnar milli Reykjavíkur og Keflavíkur og hreint ekki fráhverfur því að skipta um vinnustað. Þá hafði Tolli í Síld og fiski samband við hann og ámalgar að hann kæmi til vinnu hjá sér. Var hann ekki viljugur en því aðgangsharðari varð Tolli, bauð góð kjör, sem endaði með því að samningar tókust. Bað þá Tolli Einar að skutla sér niður í Sjálfstæðishús þar sem hann þurfti að koma á fund í æðsta ráði Sjálfstæðisflokksins. Einar var hissa, því hann átti ódýrasta bílinn sem þá var framleiddur, Trabant, austurbýskan bíl með tvígengismotor. En Tolli keyrði lengst af á Mercedes Benz.



Hér er auglýsingaútgáfa af Trabant 1963.

Þegar þeir komu þangað stóðu ýmsir helstu menn Sjálfstæðisflokksins fyrir utan. Vakti Þorvaldur mikla athygli og fögnuð, - kannski hlátur- þegar hann steig þar út úr bíl Einar.

Upp úr því hóf Einar störf í Síld og fiski og fyrirtækjum Þorvaldar, grunlaus um það sem á undan hefði gengið og frétti fyrst gjörla af þessu matareitrunarmáli þegar ég sagði honum frá því sumarið 2016.

Einar sagði sér ekki hafa orðið um sel þegar hann hóf störfin í Síld og fiski, því reglum góðrar matvælaframleiðslu hefði þá ekki verið vel fylgt. Meðal annars að óviðkomandi fólk ætti ekki aðgang að kjötvinnslurýminu. En honum tókst að breyta því og ekki hefði þaðan í frá komið upp matareitrun út frá framleiðsluvörum fyrirtækisins, þó stundum hefði verið erfitt þegar þrengdi að matvinnslunni þegar Þorvaldur stofnaði Hótel Holt í, og við, húsnæði vinnslunnar.

Ekki vissi ég um hans atvinnusögu, en hitt hafði ég vitað að Einar var starfsmaður þar og giftur Nönnu æskuvinkonu minni frá Litlabæ. Kannski örlaði aðeins á fordómum gagnvart þeim vegna tengslanna við Síld og fisk, sem hér var frá sagt.

Og vel reyndust þau hjón Óla frænda. Það fann ég þegar ég tók upp lítinn pappakassa með eftirlátnum eigum Óla, sem höfðu týnst, löngu áður en hann dó, og sem ég fékk í hendur, sem nánasti ættingi, eftir lát hans. Þar var helst að finna myndir af vinum hans úr Litlabæ, sem nú eru allir dánir.

Eftir lífa úr þessum hópi Einar Sigurðsson og ég, sem vorum heppnir, tveir karlar, að hittast hér á Bergstaðastrætinu fyrir einskæra tilviljun klukkan fimmtán þrjátíu, þrettánda ágúst tvö þúsund og sextán.

Sögur af Kaldárholtshólki



Ingvaldur Einarsdóttir og Ingimundur Benediktsson

Ingvaldur Einarsdóttir (1874-1953) frá Hæli í Gnúpverjahreppi og Ingimundur Benediktsson (1871-1949) frá Breiðabólstað í Fljótshlíðarhreppi bjuggu fyrst í Vestari-Garðsauka í Hvolhreppi og síðar í Kaldárholti í Holtum, þar sem þau voru nærri heimahögum hennar, þótt Þjórská væri á milli en farið á milli á ferju hjá Murneyri. Síðar brugðu þau búi og fluttu til Reykjavíkur þar sem hann var trésmiður hjá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni í Reykjavík.

Ýmsir voru á því að Ingimundur væri sonur séra Skúla Gíslasonar á Breiðabólstað. Skúli Gíslason var lítill vexti en Ingimundur hávaxinn.

Nú þykir mér þókan vera farin að læðast um bæinn, sagði Gestur Gíslason á Hæli þegar Steinunn dóttir Vigfúsar Thorarensen og Ragnheiður Pálsdóttir Melsted kom þangað. Síðar urðu þau góðir vinir. Ragnheiður var kona Vigfúsar Thorarensen sýslumanns. Þau voru foreldrar Steinunnar sem giftist Einari Gestssyni á Hæli. Ragnheiður kom að Hæli og var Gestur gamli fenginn til að fylgja henni út í Grímsnes. Þegar hann kom þangað á bæinn sagði Gestur við bóndann: *Taktu nú vel á móti henni, hún er höfðingi og þú höfðingasleikja.*

Heimild: Steinunn Ingimundardóttir.



Frásögn Steinunnar Ingimundardóttur 21. júlí 1988.

Steinunn starfaði lengi í Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni. Sagði að það hefði vakið mikla athygli einn morgun þegar bíll höfuðóvinarins, Ölgerðarinnar Þórs, ók inn í portið. Þá hafði Þór gengið daginn áður inn í Egil Skallagrímsson. Þetta var árið 1932. Þá var Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni breytt í hlutafélag.

Eigendur Þórs voru margir. Aðaleigendurnir voru bræðurnir Henrik, Oddur og Stefán Thorarensen, en einnig Þórarinn Kristjánsson hafnarstjóri, Björn Ólafs skipstjóri í Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi, Páll Pálmason lögfræðingur og Ragnheiður Jónsdóttir, síðar kvennaskólastjóri.

Ölgerðin Þór var við Rauðarárstíg. Þar stendur enn Þórshúsið og heitir svo síðan.²¹

Steinunn starfaði í Ölgerðinni í tæp 50 ár, eða til 1977. Var henni við þau tímamót gefinn silfurskjöldur. Dagur frá Guttormshaga, Kristinn Lýðsson, mágur Jórunnar, og Arnkell Ingimundarson höfðu unnið þar nokkru skemur.

²¹ Þarna var vöruafgreiðsla Ölgerðarinnar lengi. Er nú hluti af hóteli eða veitingahúsi og þekkist á strompinum.

Kristinn hafði unnið við byggingarvinnu hjá Kristni Sigurðssyni. Tómas bað hann um að lána sér vandaðan mann og kom þá Kristinn Lýðsson í fyrirtækið. Tómas vildi ekki sjá af honum aftur og vann hann þar alla tíð, mjög nákvæmur starfsmaður. Átti það vel við Tómas.

Tómas var harður húsbóndi, en trölltryggur. Menn tóku vel umvöndunum hans. Hann þoldi alls ekki ef reynt var að hylma yfir það sem aflaga hafði gengið, en tók hreinskilni vel.

Við Steinunni sagði Tómas: *Þú hefur alltaf gert rétt og ég hef getað trúað þér fyrir öllu.*

Tómas Tómasson var frá Miðhúsum í Hvolhreppi. Hann hélt alla tíð mikilli tryggð við Kaldárholtsfólkið. Hann kom að Vestari Garðsauka til Ingimundar þar sem hann bjó fyrst með ráðskonu. Þangað kom hann af hálfgerðum flækingi innan við fermingu og fylgdi fjölskyldunni að Kaldárholti þar sem hann dvaldi til 17 ára aldurs. Fjölskylda Tómasar hafði tvístrast og faðir hans dáið er Tómas var á öðru árinu. Tómas fór til Reykjavíkur, var um skeið til sjós og byrjaði að vinna í Sanítas á Seltjarnarnesi. Gísli Guðmundsson gerlafræðingur, sem stjórnaði fyrirtækinu, hvatti Tómas til náms. Fór hann til náms í Kaupmannahöfn þar sem hann lærði að brugga *maltextrakt*.²² Ölgerðina stofnaði Tómas 1913. Þar réðst Siggi brugg til hans.²³

Árið 1927 kom Steinunn í bæinn og fór að vinna í ölgerðinni, bjó í risherbergi á Laugavegi 40 hjá Jóni Hjaltalín læknaprófessor.²⁴ Þrem árum síðar flutti fjölskyldan frá Kaldárholti til Reykjavíkur og þá fór Ingimundur, faðir hennar, einnig að vinna í Ölgerðinni.

Ingimundur hafði brugðið búi í Kaldárholti árið 1930. Hann var mjög greiðugur maður og átti traust margra. Hann gekkst í ábyrgð fyrir ýmsa, ásamt fleirum - einn fyrir alla og allir fyrir einn. Sumt lenti á honum án þess að hann kiknaði undan því. M.a. hafði hann gengið í ábyrgð fyrir Brynjólf Bjarnason (1898-1989), frænda Ingveldar, sem fór til náms í heimspeki í Kaupmannahöfn og Berlín, en lauk ekki prófi. Löngu eftir að allt hafði átt að vera greitt upp féll á Ingimund skuld Brynjólfs. Ingveldur frá Hæli, kona Ingimundar og Guðný Vigfúsdóttir Thorarensen, móðir Brynjólfs voru systkinadætur og ólust upp saman.

Þá hafði Brynjólfur Bjarnason týnst í kommúnisma. Skuldin sem kom Ingimundi á kné nam árslaunum hans í Ölgerðinni.

²² Sem nú er líklega fyrir löngu horfið af markaði.

²³ Sigurður Jónsson (1892-1977) ölgerðarmaður og þekktur skákmeistari. Þaðan í frá störfuðu þeir saman, fyrst tveir, í kjallara Þórshamars. En í húsinu er útibú frá Alþingi.

²⁴ Jón Hjaltalín Sigurðsson (1878-1955). Hann var kvæntur Ragnheiði Grímsdóttur Thorarensen (1889-1975).

Fjölskyldan flutti fyrst á Öldugötu. Tómas sjálfur bjó á Frakkastíg 14 með fjölskyldu sinni en byggði árið 1930 húsið að Bjarkargötu 2. Þegar hann flutti leigði hann Kaldárholtshöfnunni Frakkastíginn. Þar bjó hún til ársins 1941 er hún flutti á Smáragötu 10²⁵ sem Kristín Ingimundardóttir keypti.

Þótti það í mikið ráðist en „*fjölskyldan sópaði úr öllum vösum*“. Gunnar Möller lögfræðingur lýsti því yfir „*að Kristín væri villlaus manneskja að ráðast í kaupin*.“

--

Ingimundur Benediktsson hafði dvalist sem rokkasmiður í Arnarbæli hjá séra Ólafi Magnússyni. Þar var Magnús Sigurðsson, síðar bankastjóri Landsbankans við nám og urðu þeir góðir vinir upp frá því, Ingimundur og hann. Magnús bað Ingimund þess lengstra orða að vináttan fengi að haldast þrátt fyrir skuldheimtu bankans.

Ingimundur átti ávallt aðgang að Magnúsi, sem treysti honum.

Einu sinn gerðist það að Tómasi í Ölgerðinni var synjað um lán í Landsbankanum. Eins og ávallt þegar synjun á sér stað er erfitt að snúa henni við. Ingimundur fór í bankann og bað um lán fyrir Sigurjón Tómasson og var það greiðlega veitt. Tómas hét fullu nafni Sigurjón Tómas Hreiðar Tómasson. Úr þessu varð mikið grín.

Þura²⁶ var vinnukoma í Kaldárholti. Hún hafði komið til fjölskyldunnar ásamt Guðrúnu systur sinni í Vestari-Garðsauka,²⁷ en þar fæddist Steinunn. Ingveldur frá Hæli hafði mikla heimþrá og fluttist fjölskyldan af þeim ástæðum vestur að Kaldárholti.

Þegar fjölskyldan var á leiðinni orgaði Steinunn út alla Rangárvelli. Tómas reiddi hana ársgamla. Sagði hann þegar hún varð sextug að hann réði betur við hana þá, en þegar hún var árgömul.

Umrenningur hét Gunnar og kom að Kaldárholti. Sagði hann við Steinunni þar sem hann gætti hennar: *Nú tekurðu til að gapa, brista þig og skaka*.

Guðrún systir Þuru giftist Daníel, þar sem þau voru í Kaldárholti. Þau settu síðan upp bú í Guttormshaga. Þau urðu foreldrar Guðmundar rithöfundar og skólustjóra á Eyrarbakka.

²⁵ Húsið Smáragata 10 mun hafa verið byggt af Guðmundi Ólafssyni hæstaréttarmálaflutningsmanni sem dó 1935. Þá mun Benedikt S. Þórarinnsson (1861-1940) kaupmaður hafa keypt húsið. Hann er sennilega mesti bókasafnari landsins og gekk það við lát hans til Landsbókasafnsins og er eitt af sérsöfnum þess. Þannig að í þessu húsi var þetta mikla bókasafn þar til Kristín Ingimundardóttir keypti húsið og gerði það að ættarsetri þar sem fjöldi frændsystkina, einkum námsfólk utan af landi, bjó lengri og skemmri tíma.

²⁶ Þuríður Guðmundsdóttir (1875-1953).

²⁷ Vestri Garðsauki var nánast þar sem Hvolsvöllur stendur, eða rétt fyrir sunna, austan hringveggarins. Þar er nú margra stjörn gistiheimili.

Þura var í miklu uppáhaldi í fjölskyldunni. Benedikt Sveinsson sagði lítill: „*Af því að þú átt engin börn ætla ég að ganga næst á eftir keistunni þinni þegar þú verður jörðuð*“.

Áhrifamikil stund var þegar hún var borin til grafar af öllum systrunum í Kaldárholti: Jórinni, Steinunni, Kristínu, Ragnheiði og Helgu og þeim dætrum Jórunnar Sigríði, Ingveldi, og Guðrúnu Dagbjartsdætrum. Þura var alltaf heilsulítill og sinni störfum inni við ásamt barnaumönnun og var sem einn úr fjölskyldunni. Heitir dóttir Einars Ingimundarsonar: Ingveldur Þuríður.

Þura vildi að Einar talaði yfir sér. Það varð nú ekki, en séra Þorsteinn Björnsson flutti minningargrein Einars að mestöllu leyti við útförina.

--

Ingimundur Benediktsson bjó hjá Þórhildi Tómasdóttur²⁸ og Helga Hálfðánarsyni,²⁹ vini séra Skúla Gíslasonar, þegar hann var að læra á orgel í Reykjavík. Þar á heimilinu bjuggu fleiri piltar, m.a. séra Jón Finnson, síðar prestur á Hofi í Álftafirði, faðir séra Jakobs Jónssonar.

Ingimundur hélt mikið upp á Pál Briem, eiginmann Álfheiðar³⁰ dóttur séra Helga, en þótti ljóður á að Álfheiður, síðari kona hans, væri ekki nógu lagleg, að hans mati.

--

Einu sinni sagði maður um konu sína, að hún væri vel gift. Því mótmælti Ingimundur og sagði: „*Hún er ekki vel gift, þú ert vel giftur*.“

--

Ingimundur var mikill rokkasmiður og vefari og fór á milli bæja og smíðaði. Eitt sinn var hann í Arnarbæli hjá séra Ólafi Magnússyni. Séra Ólafi þótti staup gott og sendi hann eftir brennivíni. Þegar það var búið vildi hann að hann færi aðra ferð fyrir sig. Ingimundur svaraði: *Nú er ég búinn að gera þér greiða. Nú ætla ég að gera konunni þinni greiða.*

Þá sagði séra Ólafur: *Farðu bölvður.*

Heimildarmaður: Steinunn Ingimundardóttir (1987).

--

Í tímaritið **Heimsmynd** vorið 1989 ritaði Guðjón Friðriksson um Engeyjarættina. Þar getur hann þess að Sveinn Benediktsson (1905-1979) hafi verið umdeildur, lent í deilum

²⁸ Þórhildur Tómasdóttir (1835-1923) dóttir Tómasar Sæmundssonar Fjölnismanns.

²⁹ Helgi Hálfðanarson (1826-1894) síðast forstöðumaður Prestaskólans.

³⁰ Álfheiður Helgadóttir Briem (1868-1962).

við Guðmund Skarphéðinsson formann verkalyðsfélagsins á Siglufirði sem endað hafi með þungum ásökunum Sveins í Morgunblaðinu. Hafi þessu lokið með því að Guðmundur hafi örvinglast og swift sig lífi.

Sveinn hafi verið skipaður í stjórn Síldarverksmiðjanna af Tryggva Þórhallssyni, en náði samband hafi verið milli hans og Benedikts Sveinssonar, föður Sveins, upp úr 1920. Hófust deilur milli þeirra Guðmundar Skarphéðinssonar. Ritaði annar í Morgunblaðið, hinn í Alþýðublaðið. Hertust deilurnar mjög að þess tíma hætti. Sakaði Guðmundur Svein um kvensemi o.fl. þ.h. og Sveinn sakaði Guðmund um skattsvik og hafi hann auðgast m.a. á byggingum leiguíbúða. Síðasta greinin var sú að Sveinn endurtók skattsvikaásökunina og skoraði á Guðmund að kæra sig fyrir meiðyrði, svo að hann gæti sannað sitt mál. Þá endaði Guðmundur líf sitt.

Sagt var að systir Guðmundar, sem sökuð var um vettlingahvarf, þar sem hún átti heima í Sléttuhlíð eða Fljótum, hafi einnig fargað sér. Höfðu menn nú í heitingum við Svein og einhverjir sögðust myndu drepa hann ef hann kæmi norður. Hann vatt sér samt þangað. Þá gerðist það að tveir nafnkunnir menn tóku hann hálfgerðri borgaralegri handtöku og fluttu hann út í varðskip sem lá á firðinum. Sögðust þeir gera það Sveini til verndar. Eftir yfirheyrslur sigldi Jóhann Jónsson varðskipsskipherrar með Svein suður.

Eftir þetta hætti Sveinn í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, en er lögunum var breytt var hann kosinn af Alþingi í stjórnina. Sveinn var vel látinn og heyrði Einar Ingimundarson aldrei neitt misjafnt um hann á Siglufirði vegna þessara viðburða eftir að hann kom þangað aftur. Hann hafði auðgast og var greiðasamur, lánaði mönnum og gekk lítt eftir greiðslum.

Einar kom til síldarvinnu á Siglufirði 1938. Þá var það gjarnan að Sveinn bað hann um að koma með sér út að ganga og gerði hann það oft, og einnig síðar, þegar hann var orðinn fógeti. Aldrei minnstust þeir á þessa viðburði, sem hér var getið. En Einar sagðist ævinlega hálfvegis hafa haft það á tilfinningunni að beygur hefði verið í Sveini eftir að hann hafði fengið hótanirnar á sínum tíma.

Heimild: Einar Ingimundarson. 1989.

--

Kristján Jónsson (Kiddi í Kiddabúð) ólst að hluta til upp í Kaldárholti þar sem hann var með móður sinni. Hún var þá á sveitinni.

Heimild: Jórunn Ingimundardóttir.

Páll Briem

*Málþing um Pál í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands. 19. okt.
2016. Ávarp f. h. afkomenda hans.*



Góðir málþingismenn!

Dagur þessi er afkomendum Páls Briem sigur- og ánægjudagur. Við höfum beðið hans lengi. Ekki þó allan tímann með hendur í vösum.

Það sem við nú erum vitni að uppfyllir óskir okkar betur en við höfum gert okkur vonir um þann aldarfjórðung sem liðinn er frá því að Gunnar Karlsson prófessor kom að máli við Maríu Jóhannsdóttur, samstarfsmann sinn í Háskóla Íslands. Vakti hann athygli á að kominn væri tími til að taka saman ævisögu Páls Briem.

Við barnabörn Páls fengum boðin, tókum Gunnar á orðinu, hófum undirbúning, með gagnasöfnun og hvatningu góðs fólks til að stuðla að framkvæmd málsins.

Þegar yngsta dóttir Páls, Þórdís Briem (1904-1998) bókavörður, heyrði af þessu fylltist hún líka baráttuhug og lagði eina milljón króna fram til verksins. Frekari fjáröflun og gagnasöfnun hófst þá þegar.

Má telja að safnið hafi komið að gagni, en það hefur verið nýtt af fræðimönnum sem unnið hafa að verkum sem snerta störf og baráttumál tvíburasystkinanna Elínar og Páls.

Við töldum málið nokkuð öruggt þegar framkvæmdanefnd kom saman fyrir 20 árum og ritverk Páls höfðu verið skráð. Um skeið þótti okkur útgáfan skammt undan. En töf varð á uns þar kom að nefndin hætti störfum. Gagnasöfnun hélt áfram og áhyggjur yfir verðfalli fjárins jukust.

Þá gáfum við *Fyrirlestra og ritgerðir* Páls út í leikmannsútgáfu.

Svo var það fyrir ári að við María rituðum kennurum í sagnfræði við Háskóla Íslands um málið og fengum ágætar undirtektir. Rösklega var gerð framkvæmdaáætlun og þetta málþing ákveðið, sem við nú sitjum.

Erum við nú hér saman komin til þess m.a. að leggja mat á hvernig til tókst.

Upphaflega hugmyndin um ritun ævisögu var sem sé lögð á hilluna.

Er ég ánægður með að það skyldi gert. Mér hefur almennt ekki fallið hefðbundin ævisöguritun í geð. Stundum er það svo að afraksturinn má kalla áróður um menn eða málefni, fremur en fræðilega heimildaritun.

Hvort sú aðferð, sem hér verður kynnt er góð, eða gagnleg, getum við dæmt um, fyrst eftir erindin og síðan í lokin. Endanlega þó ekki fyrr en við höfum kynnt okkur þá bók sem ætlunin er að gefa út.

Ég vil minna á að í dag eru 160 ár frá fæðingu tvíburasystkinanna, Elínar og Páls Briem. Bæði voru brautryðjendur, þótt ekki hafi staða þeirra verið jöfn í lífinu. Báðum tókst að vinna vel úr sínum erfðaeftum, eins og nú er kallað, hæfileikum og menntun.

Hér má og nefna mismunandi aðstöðu kynjanna, menntun og störf.

Bæði tókust á við ýmislegan mótbyr og Páll átti við vanheilsu að stríða. Einstakt má kalla hvernig þau fundu sér farveg sem segja má að hafi reynst farsæll og þjóðinni til gagns.

Ánægjulegt er að sjá í fjölskyldubréfum hve góða hjálp þau veittu hvort öðru og nutu hjá fjölskyldunni.

Þó verður að segja, eins og er, að litlir fjármunir voru eftir, þegar kom að menntun systranna, enda voru þær ómissandi heima. Fjárhagur þeirra, Eggerts og Ingibjargar, var þröngur, lengst af, en börnin voru fjórtán sem upp komust. Það var börnunum mikilsvert að foreldrar þeirra héldu heimaskóla á Reynistað í Skagafirði.

Til heiðurs Elínu og Páli voru minnisvarðar reistir. Fyrir Pál í garði Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri. Elínar er að Ytri-Ey í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu. Engir slíkir hafa, svo ég viti, verið reistir um önnur tvíburasystkini.

Gleðilegt er að þeirra Elínar og Páls skuli minnst hér á þessum merkisdegi.

Bréf Nesfólksins við Seltjörn



Guðmundur í Móum, Ásgeir, Valgerður í Mýrarhúsum, Ásta í Ólafsdal, Kristín, Guðrún Bergström, Anna í Ráðagerði. Ólafur í Nesi og Einar í Bollagörðum. Á myndina vantar Lóu Venerström.

Kristín Ólafsdóttir til Ástu Guðmundsdóttur³¹. Nesi. 31.8. 1919³².

Elsku góða Ásta mín. Kærar þakkir eiga þessar línur að færa þér fyrir þitt góða og elskulega bréf og var ég farin að þrá að fá fréttir af bréfinu sem ég sendi þér peningana í, en það fór allt vel. Nú um daginn sendi ég þér peninga í bréfi en það er lagabrot að senda út peninga nema með leyfi póststjórnar og fleiri nefnda sem ég kann ekki að nefna ef upphæðin er yfir 50 kr. Um daginn sendi ég þér peninga í bréfi og í böggli og hef verið hálf geðveik út af því að Anna systir þín sagði að það væri skoðað í alla böggla og ég eða þú fái sekt eða gjört upptækt. Það er enginn leikur með peninga. Nú vill enginn sjá íslenska seðla og ekkert gefið fyrir þá, en danska seðla fær maður ekki lengur svo ég veit ekki hvern á að biðja í Höfn að láta þig fá peninga til heimferðar nema ég geti fengið utanáskrift hans *NB Nylsens* því hann er í Höfn, ég ætla að minnsta kosti að meina það og skrifa honum svo og biðja hann að láta þig fá peninga og skrifa þér svo hvar hann býr.

Ég ætla nú að hætta þessu leiðinda peninga rugli og fara að segja þér heimanað. Það er búið að slá og hirða, nema hána, en hún er mjög lítilfjörleg, en það er heldur lítið heyið, en það er gott og vel verkað og það er bót í máli.

³¹ Ásta Guðmundóttir dvaldi um ársbil í Svíþjóð hjá Guðrúnu systur sinni.

³² Kristín hafði þá um sumarið farið í heimsókn til dætra sinna Lóu Guðmundsdóttur Wennerström og Guðrúnar Guðmundsdóttur Bergström ásamt börnum Ásgeiri Guðmundssyni og Önnu Guðmundsdóttur.

Ég var að verða fyrir dálitlum skaða á sunnudagsmorguninn þegar búið var að mjólka á meðan Dabbi³³ og Páll gengu heim með mjólkina. En þegar Dabbi kom í fjósið aftur lá Stóra-gráhyrna steindauð á flórnum og var ekki hægt að koma kúnum út fyrr en búið var að draga hana út. Svo var dýralæknirinn sóttur og hann sagði hún hefði fengið hjartaslag.

Það er frá okkur að segja að við erum öll við góða heilsu og er það mikil Guðs gjöf. Ekkert hef ég frétt af Geira bróður þínum og nú er fæðingardagurinn hans í dag. Það er eitt sem veldur mér mikillar áhyggju að ég á enga stúlku vísa til vetrarins og býst við að verði erfitt að fá stúlku fram á Nes og ekki síst til að mjólka en allar stúlkur ætla að fara að mennta sig, en hér heima er sú mesta dýrtíð sem nokkurn tíma hefur verið, sykurpundið á 2.25 og hveiti um krónu pundið, en fólkíð man ekkert eftir því. Það er komið upp í Reykjavík voða stórt þjófamál og eru það mest unglingsdrengir fyrir innan 20 ára aldur sem verkið hafa unnið en forkólfar félagsins eru eldri og reyndari menn. Það er altalað að Viðar Vík sé einn af forkólfunum en hvort það er satt veit ég ekki og hegningarhúsið er svo fullt að það hefur orðið að koma nokkrum á Herinn. En það má búast við að þetta verði, eins og hvíta þrælasalan, kveðið niður. Nú á Bryndís í Nýjabæ að fara að sigla og á hún að fara á eitthvert hússtjórnarheimili en nú er Halldóra frá Fiskilæk komin heim og Kristín sem með henni fór.

EKKI er Gvendur bróðir þinn enn búinn að kaupa hús og er hann alveg húsnaðislaus. Það eru mikil húsnaðisvandræði. Það er búið að selja húsið sem hann er í og hann á að fara. Alveg nýlega voru þau engan bústað búin að fá og er ég mjög leið yfir að hann skuli ekki vera búinn að kaupa sér hús, en þau hafa aldrei verið dýrari en nú. Helga í Mýrarhúsum³⁴ hefur skrifað heim og henni líður ágætlega. Stína³⁵ hefur verið ári dugleg í sumar. Hún hefur þvegið þvottinn í sumar en svo er hún af liðagiktinni í úlnliðnum að hún má ekki snerta á hljóðfæri. Gvendur³⁶ hefur verið í vinnu í Melshúsum.

Nú er ég orðin þreytt að skrifa og fer því að hætta og bið innilega að heilsa Gunnu og þakka henni mjög vel fyrir myndirnar og er ég mjög lukkuleg yfir hvað þeir eru myndarlegir (strákarnir) og skilaðu kærri kveðju til Karls.

³³ Davíð Sigurðsson vinnumaður í Nesi, þekktur sem drykkjumaður í Reykjavík. Sjá grein EÁ: Dabbi í Nesi, Lesbók Mbl. 1989 og 1993.

³⁴ Helga Björnsdóttir Ólafs dóttir Valgerðar Guðmundsdóttur frá Nesi. Hún átti síðar Stefán Jóh. Stefánsson

³⁵ Kristín Björnsdóttir Ólafs dóttir Valgerðar. Hún átti síðar Jón Steffensen prófessor. Gáfu þau eignir sínar til kaupa á Nesstofu og uppbyggingu læknamínjasafns þar.

³⁶ Guðmundur Ólafs sonur Valgerðar varð lögfræðingur og síðast bankastjóri Iðnaðarbankans.

Hann gerir hér mikla lukku doktor Sen maður Oddnýjar³⁷ frá Breiðabólssstöðum. Hann hélt hér fyrirlestur um Kína og þótti afar vel fluttur og maðurinn bráðgáfaður og menntaður og hann þykir mjög laglegur, en ekki hef ég séð hann.

Ég ætla að láta innan í þetta bréf 100 krónur, en það er ekki mikill peningur þegar það kemur til þín. Glóa³⁸ biður innilega að heilsa þér og allir í húsinu. Nú er Fía³⁹ í Reykjavík, hún er nú oft bág til skapsmuna.

Elsku Ásta mín. Guð varðveiti þig frá öllu illu og Guð og lukkan veri með þér. Það mælir þín móðir K. Ólafsdóttir

Ásgeir Guðmundsson skrifar Guðrúnu Guðmundsdóttur Bergström. Nesi. 28.12. 1919.

Kæra systir mín! Þakka þér kærlega fyrir síðast og einnig Karlinum. Mamma skrifar Ástu⁴⁰ en segist ekki mega vera að því að skrifa til þín, þessvegna ætla ég að skrifa þér nokkrar línur til úrlausnar. Héðan er það að fréttu að tíðin nú í kringum jólin hefur verið mjög stíð og ómögulegt að vera úti, í dag er öskrandi rok á norðan og grenjandi gaddur og þá manst þú nú hvernig umhorfs er hér og hvort hægt er að ganga út skemmtitúra eins og þarna hjá ykkur hinumegin. Og fyrir jólin var rok og austurs rigning og ekki hundi út sigandi; hugsaðu þér nú mismuninn og hjá þér.

Jæja þó að svona sé nú hér þá er ekki svo slæmt að vera hér því allir okkar slægtningar eru ágætt fólk og gaman að vera með þeim og heimsækja þá. Nú er Ásta komin til þín eftir langa þrá frá þinni hendi og er ég feginn að þú getir haft ánægju að henni því það er sannarlega hægt því “það er nú drottning sem dansandi er við”. Mest saknaði ég Ástu á aðfangadagskvöld, mér (fannst) eitthvað vanta og þegar ég fór að aðgæta þá var það Ástu sem í hópinn vantaði. Það vantaði hana til að taka ofaní við mann þegar ég kom fram með einhverja fjarstæðu. Nú fær orgelið og píanóið hvíld, því nú snertir það bara enginn sem nokkuð kann og skammast ég mín svo mikið fyrir það að nú ætla ég að fara að læra á orgel eftir jólin. Ég ætla ekki að skrifa Ástu nú en segðu henni fréttir frá mér sem hljóða svo: Ásta í Gróttu og Haraldur í Mörk eru opinberlega trúlofuð; og skilaðu síðan kveðju frá mér til hennar með ósk um gleðilegt nýtt ár. Bróðir vor elskulegur, Gvendur⁴¹, var þarna á næstu grösum við þig um daginn og lét samt hjá líða að líta inn til þín þó hann væri í Höfn í ½ mánuð. Hann var í Höfn til að láta lækna þar úti líta á

³⁷ Erlendsdóttur. Oddný var skólasystrir Guðrúnar Guðmundsdóttur úr Kvennaskólanum.

³⁸ Eygló Kristinsdóttir ólst upp í Nesi sem eitt af systkinunum og tók arf eftir Kristínu. Hún var lengi berklasjúklingur.

³⁹ Soffía Sveinsdóttir (1859-1941), vinnukona í Nesi.

⁴⁰ Ásta Guðmundsdóttir systir hans mun um þessar mundir hafa búið hjá systir sinni í Helsingborg.

⁴¹ Guðmundur Guðmundsson skipstjóri og síðar bóndi að Móum á Kjalarnesi.

sig og fundu þeir ekkert að honum en samt gengur eitthver fjandinn að honum og skýri ég það “hystery”. Ég skal láta þig vita það að heimilislífið hér hjá okkur hefur gjörbreyst síðan Ásta fór, er allt svo miklu dauðara hér og leiðinlegra, það er nú kanski vitlaust að vera að skrifa þetta því Ásta verður svo fjandi “upp með sér” og hugsar “vissi ég ekki.”

Fer ég nú að hætta því Anna systir⁴² bíður eftir mér, því ég ætla að fylgja henni inneftir; var hún hér í nótt því það var jólatré hjá Framfarafélaginu⁴³ í gærkveldi. Datt mér í hug þegar mamma var að leiða barnabörnin í kringum jólatréð að gaman hefði verið ef þínir angar hefðu verið hér líka. Trúir þú því (að) ég man lang best eftir Árna þínum af öllum systkinabörnunum í Sverige.

Vertu nú blessuð og skilaðu kveðju til Karls og barnanna ykkar. Gleðilegt nýtt ár. Þinn Geiri.

Kristín Ólafsdóttir til Ástu Guðmundsdóttur. Nesi. 28.12. 1919.

Elsku Ásta mín! Ég ætla nú að pára þér fáar línur til þess að láta þig vita hvernig við höfum haft það um jólin. Það er þá fyrst að við erum öll frísk. Ég er reyndar hálfslæm í hendi, það er einhver kúla á handarbakinu á mér og ég finn að ég er hálfmáttlaus í handleggnum, en ég ætla að fara til læknis eftir hátíðarnar. Það var að gefa mér, eins og vant er, jólagjöf. Bræðurnir heima gáfu mér ljóðabókina Þyrna, aukna og endurbætta í afar finu bandi. Anna⁴⁴ gaf mér nýútkomna ljóðabók eftir Davíð í Fagraslógi sem heitir Svartar fjaðrir og eru mörg gullfalleg kvæði í henni. Valgerður gaf mér íslenskt langsjal, voða fallegt. Lítið hefur verið um skemmtanir hjá okkur. Ásgeir spilaði á aðfangadagskvöldið.

Nú fer ég að hætta. Ég óska þér gleðilegra jóla þótt þau séu liðin. Og svo óska ég þér gleðilegt nýtt ár og þakka þér fyrir gamla árið og bið Guð algóðan að varðveita þig frá öllu illu. Ég biðað að heilsa Gunnu og Karli og óska þeim gleðilegt nýtt ár og þakka þeim fyrir alla þá gleði er þau veittu mér á liðna árinu og mér verður minnisstætt meðan ég lifi. Ég ætla að verða dugleg og skrifa Gunnu næst en þá verður þú að gera þig ánægða með að fá ekkert bréf.

Allir á heimilinu biðja að heilsa þér en ekki býst ég við að Glóa skrifi þér mikið með þessari ferð. Sjálfa þig kveð ég hugarins innilegasta kossi og bið Guð að styrkja þig í öllu góðu. Kysstu litlu drengina frá mér. Í Guðs friði. Þín móðir Kristín Ólafsdóttir

⁴² Anna Guðmundsdóttir kona Kristins Brynjólfssonar skipstjóra og síða bónda í Ráðagerði.

⁴³ Ólafur Guðmundsson bróðir þeirra var þá formaður Framfarafélagsins. Systkinin Anna og Ásgeir áttu bæði eftir að verða formenn þess.

⁴⁴ Guðmundsdóttir sem átti Kristín Brynjólfsson skipstjóra frá Engey. Þau bjuggu eftir að hann kom í land í Ráðagerði á Seltjarnarnesi.

Ég bætti þessu við: Nú á jólatréð að vera í kveld og ætlar Anna að spila undir jólatrénu. Gvendur bróðir þinn kom heim aftur á aðfangadag en ég er ekki farin að sjá hann. Stína gaf mér sessuborð mjög fallett. Gvendur kom á Rán og skipstjórinn var svo veikur og var borinn upp á spítala og dó í gær. Hann hét Anton en ég þekkti hann ekkert en mesti efnismaður 27 ára gamall og er það mikill mannskaði. María í Knútsborg kom og var í hálfu viku en fór aftur fyrir jól, hún er ansi sæleg.

En heyrðu Ásta mín. Nú er Ásta í Gróttu⁴⁵ búin að opinbera með Haraldi í Mörk og mikið urðu nú allir hissa. Og mikið er ég búin að stríða strákunum (með) hvað þeim hafi brugðið. Fleiri fréttir man ég ekki að segja þér. Stína í Mýrarhúsum var þriðja í sínum bekk.

Elsku Ásta mín. Ég fékk bréf í gær frá ykkur systrunum og er ég ykkur innilega þakklát fyrir að muna svo vel eftir henni mömmu sem var svo oft vond. Nú er jólatréð búið að vera og var þar margt um manninn. Anna mín spilaðu undir meðan tréð var og svo kom enginn spilarinn. Var verið að neyða Stínu og Helgu til að spila og Önnu, en svo kom spilarinn og var dansað til 5 og sagðist (hún) hafa skemmt sér vel.

Ég bið Gunnu að fyrirgefa að ég nenni ekki að skrifa henni núna, en skal gera það næst, en þá færð þú ekkert bréf.

Vertu nú blessuð og sæl. Þín mamma Kristín Ólafsdóttir.

Ólafur Guðmundsson skrifar Guðrúnu Guðmundsdóttur Bergström. Nesi. 26.1.1920.

Elsku systir! Þakka þér fyrir bréfið og allt gamalt og gott. Fyrirgefðu hvað ég var slæmur að fylgja þér ekki til skips í haust, sá eftir því á eftir. Héðan er fátt að fréttu, nema mér líður vel og okkur öllum. Hér var “ball” fyrir hálfum mánuði og var það afar gaman. Vildi óska að þú hefðir verið komin dálitla stund. Var ansi hreint skemmtilegt fólk. Fór allt fram með spekt og prýði. Við urðum fyrir skaða við Berti⁴⁶ í Gróttu, á ballinu. Var stolið frá okkur “koníaks-flösku”. En höfðum dálítið annað, vorum ósköp lítið hýrir. Þar var Siggi í Seli⁴⁷ með “Jova” og Gyðu. Þeir voru báðir í “sumarfrí” eins og við Berti.

⁴⁵ Þorvarðardóttir systir Alberts Þorvarðarsonar vitavardar í Gróttu sem síðar verður nefndur. Þau Haraldur bjuggu lengi í Litlabæ og síðar v. Lindarbraut.

⁴⁶ Albert Þorvarðarson

⁴⁷ Bróðursonur Guðmundar í Nesi var Sigurður Sigurðsson síðar kaupmaður, systir hans Gyða sem átti Jón Otta Vigfús Jónsson (Jova?). Þau Sigurður og Gyða voru tvímenningar v. bréfitara.

Ég hef haft fremur rólegt það sem af er þessum mánuði, en nú er ég byrjaður að aka sandi heim í fjósið, sem vonandi verður reist að sumri. Fer á morgun upp í holt að aka grjóti fyrir Thor Jensen⁴⁸ á sleðum, það er mikill snjór núna. Hefur verið slæm tíð undanfarið, alltaf á útsunnan annað slagið. Hef oft verið að skjótast með byssuna fram í “nes” (og) gengið bærilega.

Ég skipti um daginn á honum “Jarpi” fyrir gráa hryssu ljómandi fallega. Hún er ættuð vestan af Mýrum af ágætu kyni. Heitir “Gála”, á að verða reiðhestamma, ef heppnin verður með.

Folda í Háholti er komin á fætur. Sá hana um daginn inn frá með kærastanum og Sigga bróður sínum.⁴⁹ Hún lítur vel út. Var hún komin í kjól. Talaði ekki við hana, veit ekki hvort hún er orðin vel frísk.

Sína Runka er gift, gifti sig um daginn þessum Davíð sem hún átti barnið með. Ekki er hún vel góð ennþá greyið, hún kom á síðasta “ballið” og maðurinn með henni. Hann varð að fara með hana rétt strax, hún var alveg “mold”. Davíð þessi átti að fara til útlanda með barkinn sem mannsefnið hennar Foldu kom upp með í sumar. Þeir komust suður fyrir land. Þar fauk allt ofan af honum. En enskur togari bjargaði mönnunum og kom með þá hingað. Skipið rak upp í Ölfusárós og fór allt í mola. Heppni að þeir drápu sig ekki.

Berti⁵⁰ í Gróttu er ekki vel ánægður með Halla⁵¹ í Mörk fyrir mág. Þau opinberuðu um jólin. Ég var alveg hissa og eiginlega allir.

Má til að fara að háttu, þarf að vakna kl. 6 í fyrramálið. Mamma biður að heilsa ykkur öllum. Ég bið að heilsa Gunnu og hennar fólki.

Það mælir þinn elskandi bróðir Óli G.

Kristín Ólafsdóttir skrifar Ástu Guðmundsdóttur. Nesi. 9.4.1920

Elsku góða Ásta mín! Kærar þakkir eiga þessar línur að færa þér fyrir þitt góða og elskulega bréf. Ég var orðin afhuga bréfi frá þér því ég var fyrir nokkru búin að fá bréf

⁴⁸ Thor Jensen var með fiskvinnslu í Melshúsum á Seltjarnarnesi og vann um þessar mundir m.a. að gerð bryggju sem enn eru leifar af.

⁴⁹ Folda í Háholti var Ísafold Einarsdóttir Einarssonar í Háholti bróður Guðmundar í Nesi. Kærastinn var Einar Jónasson skipstjóri og síðar hafnsögumaður í Reykjavík. Siggí var Sigurður Einarsson verkstjóri í Reykjavík.

⁵⁰ Albert Þorvarðarson (1896-1970) vitavörður í Gróttu.

⁵¹ Haraldur Jónsson (1897-1962) skipstjóri í Gróttu, síðast á Sólvangi á Seltjarnarnesi.

frá Gunnu og Geiri bréf frá Lóu en af því að Geiri var heima sá ég hans bréf og þar sá ég að þú varst komin með heilu og höldnu til Lóu.

Hér er óttaleg vesöld á öllu, allir skólar hættir og allar samkomur bannaðar vegna þess að það er komin influensa í Reykjavík og er þar allt í uppnámi. Það átti að stemma stigu fyrir henni, en það hefur ekki tekist og er hún sem óðast að breiðast út.

Það er af okkur að segja að okkur líður vel ennþá. Ég hef verið mjög lasin í vetur af gigt í handleggjunum en núna er ég slæm að mér verður svo illt af því sem ég borða, en það batnar allt með vorinu, ef maður lifir það. Ég hef þó haft það gott í vetur því síðan Glóa fór hefur Palla verið mér ágæt, tætt og stikkað og hugsað um kaffi þegar einhver hefur komið. Það lítur út fyrir að nú verði ekki gott að fá fólk og hef ég ekki von með neina vinnukonu en Palla verður hjá mér í vor og sumar, en svo þarf ég að fá aðra stúlku í sumar. Það er boðið svo mikið í kvenfólki til að fá þær til að verka fisk því það er kominn svoddan hópur af nýjum togurum og enginn stenst við að bjóða það kaup er þeir bjóða.

Nú er Guðmundur bróðir þinn kominn heim með nýjan togara sem heitir *Þórólfur*, afar fallegt og stórt skip. Hann kom frameftir í gær og var að sækja litla Gvend⁵² því hann var hjá mér um páskana. Hann vill ekki taka Glóu með en biður mig um að taka litla Gvend í sumar ef ég get fengið stúlkur.

Kýrnar eru allar bornar nema Laufa og hafa heppnast heldur vel en ég hef orðið að gefa mikið mjöl því það mjólkur ekki af heyinu. En Óli⁵³ keypti vél til að mala með þorskhausa. Mig langar til að senda þér blöðin en þú verður að fyrirgefa þó þau séu sum hálf velkt, því það er ekki hægt að fá blað keypt því það er ekki prentað nema handa áskrifendum, en Palla hefur haldið saman blöðunum.

Elsku Ásta. Nú er þessi blessaður vetur á enda og hefur hann verið mörgum afar erfiður, einlægir byljir og svo miklir stormar að elstu menn muna ekki annað eins. En nú er snjórinn horfinn hér að miklu leyti. En nú er norðanrok og kuldi sem búinn er að standa í viku og útlit fyrir mjög slæma afkomu í sveitinni ef ekki batnar bráðlega. Inflúensan er ekki komin til okkar en Litlabæjarsysturnar liggja og Helga í Mýrarhúsum. Hún er ansi slæm. Nú kom Ísland með einhverja pest og voru allir farþegar settir í sóttkví og þeir margir veikir.

⁵² Guðmundur Guðmundsson varð skipstjóri, síðar yfirverkstjóri í Ísbirninum og loks útgerðarstjóri hjá Hafrannsóknarstofnun.

⁵³ Ólafur Guðmundsson sem var síðustu árin bústjóri hjá móður sinni í Nesi þar til hún dó og jörðin var seld. Eftir það var hann lengst fiskvinnslumaður í Ísbirninum og bjó í Odda á Seltjarnarnesi.

Nú fer ég að hætta, því þú ert búin að fá nóg af þessu rugli. Ég ætla að leggja fáa aura innan í þetta bréf handa þér til þess þú getir haft þá til að gleðja þig á sumardaginn fyrsta en það er verst að peningar sem við höfum eru einskis virði er þeir koma til þín. Ég ætla að biðja þig að fyrirgefa allt þetta rugl. Vertu svo kvödd hugarins innilegasta kossi og guð algóður varðveiti þig frá öllu illu og mundu að biðja Guð. Í Guðs friði. Þín mamma K. Ólafsdóttir

Allir biðja innilega að heilsa. Það er altalað að Valtýr hafi farist með allri áhöfn 29 menn og var Pétur Mikkel skipstjóri, allt valinn mannskapur. Það hafa farið í sjóinn yfir 40 menn það sem er af þessari vertíð. --

Kristín Ólafsdóttir skrifar Ástu Guðmundsdóttur. Nesi. 5.5. 1920.

Elsku góða Ásta mín! Kærar þakkir eiga þessar línur að færa þér fyrir þín góðu og elskulegu bréf. Veit ég það að ég á góða og elskulega dóttur þar sem þú ert en ég hef ekki ástæðu til að kvarta undan börnunum mínum ennþá. Óli hefur verið mér mjög góður í vetur og viljað hugsa um allt fyrir mig, en ég er nú eins og þú þekkir okkur ekki nógu þakklát.

Það er frá okkur að segja að okkur líður öllum vel og ég hef nóg handa mínum skepnum. Í allan vetur hefur verið svo mikill snjóavetur að elstu menn muna ekki annan eins afar vandræða horfur og síðan sumarið kom hefur verið sífellt norðanrok og stormar og allagðir gluggar á hverjum morgni, svo það er ekki glæsilegt útlitið. Engan kolamola er hægt að fá því þau eru ekki til. Það lítur út (fyrir) að sumir togararnir verði að hætta vegna kolaleysis. Guðmundur bróðir þinn hjálpaði mér um 3 poka. Hann hefur fiskað afar vel síðan hann kom heim, en honum veitir ekki af því nú eru afar þung álög í Reykjavík. Hann á að borga 48 hundruð krónur í sveitarútsvar og er það ekkert smávegis fyrir utan önnur útgjöld. Það eru svo mikil útgjöld í Reykjavík að það þarf að jafna 2 milljónum á bæinn og þá varð þyngst á sjómönnunum, eins og vant er. Yfir höfuð er hér vont útlit. Nú er búið að setja hér á stofn nefnd er nefnist viðskiptanefnd og má enginn senda út peninga nema með hennar leyfi og ekki fara út með sína eigin peninga nema með hennar leyfi og leyfi pósthjónar svo það er erfitt að fá senda peninga og ekki fæst keypt ávísun á neinn banka í útlöndum.

Þú biður mig um að senda þér peninga en (ég) veit ekki hvernig gengur að koma þeim. Ég hef samt von um það. M.B. Nielsen ætlar að sigla núna með Íslandinu en það fer aðeins til Leith vegna verkfallsins en hann fer til Hafnar. Bað ég hann að senda þér 5 hundruð krónur og gaf ég honum utanáskrift þína til Gunnu og vona ég að þú fái þá áður en langt um líður. Það er leiðinlegt með þetta verkfall í Danmörku, því nú fara

engin skip á milli og er það ekki gott en Lóa mín ætlar að koma heim eins og hún ráðgerir, en máské hún geti fengið ferð frá Gautaborg en það er hætt við að það verði enn dýrara.

Þú spyrð mig að hvort ég sakni þín ekki. Ég get svarað þér því að ég var að kvíða fyrir því í vetur ef ég legðist í rúmið væri enginn til að hjúkra mér og þá hugsaði ég til þín að það er erfitt að hafa átt mörg börn en hafa ekkert til að hjálpa er manni liggur mest á. En maður verður að hugsa sér að maður er fæddur fyrir börnin en börnin ekki fyrir mann. En guð sé lof að þessi blessaður vetur er liðinn og guði einum er kunnugt hvað eftir er af vegferðinni. Ég vildi óska að ég yrði ekki mjög gömul því það er víst ekkert sældarbrauð að eiga við mig.⁵⁴ Ég vildi óska að Guð vildi gefa mér styrk til að bera ellina vel svo ég glataði ekki þeirri velvild og kærleika er þið elsku börnin hafið borið til mín seint og snemma.

Þú beiddir mig um í vetur að senda þér vottorð frá séra Jóhanni en ég hef alveg gleymt því og þú ekki ítrekað það í bréfum þínum. En nú beiddi ég Önnu systur þína að ná því og vona þú fái það með þessu bréfi. Ég fer nú að hætta og er orðin þreytt að hugsa og skrifa. Allir á heimilinu biðja að heilsa þér elsku barnið mitt og ég vona að þú munir eftir henni mömmu þinni. Þú mátt trúá því að ég fagna því að þér sé ljúft að hugsa heim, hvort sem þú ætlar að koma heim í haust eða ekki.. Mér þætti skemmtilegast að það yrði sem fyrst. Ég er hrædd um ef Lóa kemur heim að ég geti ekki gert dvölina eins skemmtilega eins og ég vildi því það eru svoddan vandræði með fólk. En maður verður að gera það sem hægt er en ég treysti Önnu til að hjálpa mér en Valgerður ætlar jafnvel að sigla. Nú á að kristna Stínu og Gvend 16 maí og það er verst að Björn verður ekki heima.⁵⁵

Nú er Einar⁵⁶ bróðir þinn í Englandi og á víst að sigla upp nýja Maí en ekki mun hann gefa sér tíma til að koma til Gunnu.

Elsku Ásta mín, nú er ég að slá botninn í bréfið og óska þér gleðilegs sumars og bið algóðan guð að styðja þig og styrkja í öllu góðu. Í guðs friði.

Þín elskandi móðir Kristín Ólafsdóttir

Ég ætlaði að skrifa Gunnu líka en í gærkvöldi kom Kristinn og Anna⁵⁷ og fóru ekki fyrr en 12. Ég ætla að biðja þig að skila kærri kveðju til Gunnu minnar og hennar ágæta

⁵⁴ Kristín Ólafsdóttir (1860-1945).

⁵⁵ Þetta eru Kristín og Guðmundur Ólafs og faðir þeirra Björn í Mýrarhúsum.

⁵⁶ Einar Guðmundsson skipstjóri og síðar fiskmatsmaður og bóndi í Bollagörðum á Seltjarnarnesi þaðan sem Guðmundur faðir hans var.

⁵⁷ Kristinn Brynjólfsson og Anna dóttir hennar í Ráðagerði.

eiginmanns og þakka þeim inni- og ógleymanlega fyrir síðast og ætla ég að skrifa henni með Gullfossi.

Nú fer ég að hætta elsku Ásta mín og bið þig að fyrirgefa. Ég er orðin svo löt og ónýtt að skrifa en þú verður að taka viljann fyrir verkið. Allir á heimilinu biðja innilega að heilsa þér og sjálfa þig kveð ég hugarins innilegasta kossi og bið guð að varðveita þig frá öllu illu. Í Guðs friði. Þín móðir Kristín Ólafsdóttir

P.S. Kysstu litlu drengina vel og innilega frá *mormor*.

Kristín Ólafsdóttir skrifar Ástu Guðmundsdóttur. Nesi 13.7. 1920.

Elsku góða Ásta mín! Nú ætla ég að reyna að manna mig upp í að skrifa þér fáar línur. Það er það fyrsta að ég þakka þér innilega fyrir þín góðu og elskulegu bréf sem ég hef verið svo löt að endurgjalda. Það er frá okkur að segja að við erum öll við bærilega heilsu og heima gengur allt sinn vanagang. Síðan um hvítasunnuna hefur hver dagurinn verið öðrum blíðari, logn og hiti marga daga út í gegn, gullfallegir morgnar og skínandi kveld svo maður hefur ekki séð eins fallett vor lengi. En þó er gras með rýrara móti ennþá.

Hér er allt á ferð og flugi. Anna systir þín er nú í Englandi með manni sínum og líka Stína⁵⁸ mágkona þín. Hún fór með manni sínum en Gvendur⁵⁹ litli er hjá mér en Gunna systir hennar er ráðskona á Vesturgötunni með barnastúlku!! Þetta er áhyggjulítill æfi og er það gott. Nú er Ásgeir bróðir þinn farinn til Englands með Maí og er búinn að fá þar einhverja vinnu á skrifstofu sem hann máske getur lifað af í sumar. Hann tók heimspekípróf og fékk 1. einkunn. Svo var hann í vinnu í Melshúsum í hálfan mánuð og svo dreif hann sig út á Maí. Allir töldu hann af að fara, hann fengi ekkert að gera, en hann fór samt. Hann ætlar sér að reyna að verða enskumælandi, hvernig sem það gengur. Ásgeir hefur hug á að komast eitthvað áfram.

Ég er búin að láta rífa báðar litlu hlöðurnar og bæta ofan á stóru hlöðuna og er það heilmikið hús en ekkert dýrar en í haust þegar allir er ætluðu að byggja hættu við það. Nú er Egill Jacobsen farinn að byggja á brunarústunum⁶⁰ en yfir höfuð eru litlar byggingar í Reykjavík því allt er svo framúrskarandi dýrt, bæði ætt og óætt og alltaf að verða dýrara og dýrara. til dæmis er molasykurinn á 2,50 en fæst ekki en kandís á tvær krónur.

⁵⁸ Kristín Teitsdóttir kona Guðmundar Guðmundssonar eldri í Móum.

⁵⁹ Guðmundur Guðmundsson, síðar á Móum, skipstjóri og útgerðarstjóri.

⁶⁰ Húsið, Austurstræti 9, sem enn stendur en er nú kaffihús.

Ég sé á bréfi er þú hafðir skrifað NB Nielsen að hann hafði sent þér peningana sem ég beiddi hann um en þeir eru nú ekki lengi að fara í Svíþjóð, það er grátlegt að þurfa að brúka danska peninga þar. Sigurður Heiðdal⁶¹ kom til mín þegar hann kom frá Höfn. Hann sagði ekkert dýrt að lifa í Höfn. Hann var glaður eftir ferðina. Það er svo margt sem ég hef að segja þér í fréttum en ég endist ekki til að skrifa það. Nú eru presthjónin á Sandfelli⁶² að öllum líkindum búin að eignast erfingja og svo hef ég heyrt að frú Guðrún Pétursdóttir⁶³ væri komin langt á leið og hef heyrt að henni gangi ekki vel að halda stúlku. Gunna Brands kom frá henni um miðjan vetur en hún er nú víst mesta ---. Ég ætla nú að reyna að senda þér blöðin og þar stendur margt er ég nenni ekki að skrifa. Það hafa dáið tveir menn á besta aldri sem maður vænti eftir að ættu margt ógert. Það var Böðvar Kristjánsson,⁶⁴ hann varð bráðkvaddur frá sinni blindu konu. Og nú kom sú frétt að Jón Aðils prófessor hefði dáið úr hjartaslagi í Norvegi. Hann fór út til að vera á fornfræðingafundi í Norvegi og að grúska í gömlum skjölum og var þar mikill mannskaði fyrir íslenskar bókmenntir.

Það er hér heilmikið af útlendu ferðafólki og landar sem eru að heimsækja vini og vandamenn hér. Pétur Jónsson og Páll Ísólfsson hafa haldið hljómleika. Og svo er Haraldur og Dóra⁶⁵ nýkomin og hafa haldið 2 hljómleika. Ég fór í gærkvöldi og Glóa⁶⁶ og var skínandi gaman. Hún er svo indæl, svo söng hún 4 íslensk lög með þeim snilldarlega framburði að mér fannst ég ekki geta trúað því að hún væri útlendingur.

Svo er Oddný frá Breiðabólssstöðum komin fyrir nokkuð löngu. Maður hennar kom núna á Gullfossi. Ég hitti hana um daginn og bauð henni heim ef hún vildi vera svo lítullát, en ég hef ekki hitt hana síðan maður hennar kom.

Nú er ég farin að verða löt að skrifa svo ég býst við að ég fari að hætta. Ég gleymdi að segja þér að Theódór verður kaupamaður hjá mér, hann er í Mýrarhúsum núna. Valgerður⁶⁷ systir þín er mjög lasin. Fyrst var hún svo afar slæm fyrir hjartanu en svo fær hún svo mikinn verk í annan fótinn og hefur legið, en er samt heldur betri. Valgerður hefur ekki nema eina stúlku og Helga þvær þvotta með henni en Stína hefur

⁶¹ Sigurður Heiðdal (1884–1972) rithöfundur og fangavörður. Þau Kristín og hann voru miklir vinir og kom hann gjarna að Nesi í heimsókn.

⁶² Séra Eiríkur Helgason (1892–1954) frá Eiði á Seltjarnarnesi og kona hans Anna Oddbergsdóttir voru heimilisvinir í Nesi og Ráðagerði. Sóknarprestur að Sandfelli í Örefum. Hann varð síðast prófastur í Bjarnarnesi. Sandfell er í eyði. Þar stendur frægt tré, sem minnir á þetta góða fólk og dvöl þess þar.

⁶³ Guðrún Pétursdóttir frá Hrólfskåla á Seltjarnarnesi. Hún átti Sigurgeir Sigurðsson síðar biskup. Þau einguðust sitt annað barn; Sigurð Sigurgeirsson, bankamann, skömmu síðar.

⁶⁴ Böðvar Kristjánsson var lengi menntaskólakennari og síðar forstöðumaður verslunarfyrirtækis í Rvík. Hann átti Guðrúnu dóttur Th. Thorsteinsons kaupmanns.

⁶⁵ Haraldur Sigurðsson prófessor í Khöfn og Dóra, dönsk kona hans, söngkona og -kennari í Khöfn.

⁶⁶ Eygló Kristinsdóttir (1899–1960) uppeldissystir Ásgeirs, sem þá var í Stokkhólmi.

⁶⁷ Valgerður Guðmundsdóttir Ólafs (1882–1957) húsfreyja í Mýrarhúsum.

verið að lú. Þær eru báðar góðar og duglegar stúlkur. Ásgeir maður Dóru í Laufási⁶⁸ fór út í vor og nú er Dóra nýfarin. Þau fara víst til Svíþjóðar og þá fær Gunna gest því Dóra sagðist ekki fara svo að hún fyndi ekki Gunnu.

Góða Ásta mín. Ég er að hugsa um að láta peninga innan í þetta bréf uppá guð og lukkuna, því nú fær maður ekki að senda út peninga þó maður sæki um leyfi, nema 500 krónur og ekki nema í eitt skipti. Svo ég veit ekki hvernig fer með peninga handa þér, en okkar peningar eru einskis virði. En þú verður að fá þá ég ætla til reynslu að láta 100 kr. innan í þetta bréf.

Nú slæ ég botninn í þetta bréf. Allir biðja að heilsa þér og mamma þín kveður þig hugarins innilegasta kossi og biður algóðan Guð að varðveita þig frá öllu illu og greiða þér götu til gæfu og frama. Nú er mamma þín eins og aflimaður fauskur sem engin grein er á græn framar. Nú er blessaður drengurinn minn hann Óli einn eftir heima og verð að láta mér það nægja í bráðina. Glóa mín er mér eins og góð dóttir og fyllir hún upp skörðin smávegis.

Ég er að hugsa um að skrifa Lóu fáar línur. En ef það verður ekki af því þá skilaðu yndislegri kveðju til hennar og barnanna og óska ykkur öllum Guðs blessunar í Jesú nafni. Það mælir þín elskandi móðir Kristín Ólafsdóttir

Kristín Ólafsdóttir skrifar Ástu Guðmundsdóttur. Nesi. 24.9. 1920

Elsku Ásta mín! Aðeins fáar línur af því ég sagði í bréfi er ég skrifaði þér síðast að ég myndi biðja NB Nielsen að láta þig fá peninga til heimferðar en í gær fór ég inn eftir og frétti að hann er á leið heim með Botnín. En svo datt mér í hug að biðja Sigurð Pétursson⁶⁹ en gat ekki fundið hann í gærkvöldi og beiddi Guðmund bróður þinn að finna hann fyrir mig og senda þér 300 krónur til heimferðar. Peninga til Svíþjóðar sendi ég þér ekki meira því það er sama og að fleygja þeim. Ef að Sigurður gerir þetta fyrir mig beiddi ég Guðmund að láta hann hafa utanáskrift þína til Gunnu því ég býst við að þú sért þar.

Frá okkur er ekkert að fréttu. Við erum öll við góða heilsu. Ég fékk kort frá Helgu Ólafs⁷⁰ og er hún afar lukkuleg. Hún segist hafa skrifað þér 2 bréf en fengið þau endursend. Nú er Guðmundur bróðir þinn búinn að kaupa hús uppá Grettisgötu en ég held konan sé ekki ánægð með það. En eitthvað verður að gera því þeim var byggt út en Guðmundur hafði ekki geð í sér að sitja en konan vildi það.

⁶⁸ Ásgeir Ásgeirsson síðar forseti og Dóra Þórhallsdóttir sem var bekkjarsystir og einkavinkona Lóu Guðmundsdóttur Vennerström.

⁶⁹ Sigurður Pétursson (1880-1956) skipstjóri á Gullfossi frá Hrólfskála á Seltjarnarnesi.

⁷⁰ Helga frá Mýrarhúsum.

Nú eru flestir togarar hættir vegna yfirvofandi kolaverkfalls og er ástandið hér heima mjög ískeygilegt, engar íslenskar afurðir seljast og enginn getur sent út nokkurn eyri.

Nú ætlar Binna⁷¹ í Nýjabæ með þessari ferð. Hún á að vera hjá bakarafrú Guðríði Sóst í 2 mánuði og fara svo á hússtjórnarskóla. Frú Sóst er systir Þórdísar er var í Bakkakoti. Líka siglir Tóta á Lambastöðum, hún ætlaði í vor að taka gagnfræða(próf) en féll en nú ætlar hún að sama sem ganga í dótturstað hjá einhverri fjölskyldu í Höfn. Binna kom heim í gær að kveðja en ég var ekki heima.

Ásgeir kom með síld að norðan og hann ætlar að senda Gunnu síldarkút ef hann getur fengið ílát sem ég vona. Hann langaði til að senda það að norðan en gat það ekki. Ég vona að við komum þessu í framkvæmd.

Nú fer ég að hætta og bið innilega að heilsa Gunnu minni og manni hennar og kysstu elsku litlu drengina hennar frá ömmu. Sjálfa þig kveð ég hugarins innilegasta kossi og bið algóðan guð að varðveita þig frá öllu illu. Guð algóður blessi þig ætíð.

Það mælir þín móðir Kristín Ólafsdóttir

Ásgeir Guðmundsson skrifar Kristínu Ólafsdóttur. Stockholm. 24.2.1925

Elsku mamma mín. Þá erum við loksins komin á ákvörðunarstaðinn, komum hingað í fyrrakvöld og tók Lóa á móti okkur á járnbrautarstöðinni.

Af ferðinni er það að segja að hún gekk sæmilega; veðrið fremur vont alla leiðina til Bergen; en samt sem áður fann Glóa⁷² ekki til sjósóttar; leið henni því framar öllum vonum. Í Bergen stóðum við við í einn dag og skoðuðum þar það sem merkilegast er. Við urðum ekki alveg einsömul, tókst ég á hendur að lóðsa tvo *grínskollinga*⁷³ til Osló; voru það Guðný Jóhannesdóttir Lynge⁷⁴ og Karl Johnsen, sonur Johnsens banka-gjaldkera í Landsbankanum; voru þau fremur leiðinlegir samferðamenn, síundrandi, hlæjandi og slúðrandi um ekkert nema það sem fyrir augun bar, og var það afar lítið interessant. Lögðum við síðan af stað eftir eins dags dvöl frá Bergen, en stoppuðum einn dag í Voss, háskólabæ, skammt fyrir sunnan Bergen; gerði ég það aðallega fyrir Guðnýju Lynge, vegna þess að hún átti þar kunningja og bað hún mig svo innilega að fara ekki á undan sér, svo ég lét undan síga; einnig hafði ég heyrt að á staðnum byggju nokkrir Íslendingar sem ég þekkti og langaði mig til að hitta þá. Gerði ég það líka; eru

⁷¹ Bryndís Guðmundsdóttir.

⁷² Eygló uppeldissystir hans.

⁷³ Græningja.

⁷⁴ “Sérfræðingur Þórbergs í praktískum ástamálum og erótík”.

það Guðmundur⁷⁵ Hagalín skáld og Gvendur frá Bygggarði. Guðmundur Hagalín er í Voss á skóla þar sem hann lærir norska landsmálið; gerir hann nefnilega ráð fyrir því þegar fram í sækir að skrifa aðallega á landsmáli, væntir að það sé fjárhagslega betra en að skrifa á íslensku. Er hann styrktur af norskum prófessor við skólann sem hann er á; en hefur það frekar erfitt þar sem hann er þarna bæði með konu og barn. Gvendur í Bygggarði hefur það hinsvegar ágætt; er hann þar á lýðháskóla og gerir ráð fyrir að verða úti þar til í sumar. Ekki er hann minni “hjerateknuser” erlendis en heima, var mér sagt að hann væri meðal stærstu “flammanna” þar á skólanum. Lætur hann mjög vel af sér. Í Voss var afar skemmtilegt að vera, er það með allra fegursta landslagi sem ég hef nokkurn tíma séð.

Í Osló vorum við í 2 ½ dag; keyptum við þar allt sem við álitum praktískt að kaupa og nauðsynlegt að eiga. Keyptum við kápu handa Glóu, sem hún var mjög ánægð með; kostaði hún 145.00 norskar krónur og finnst mér hún bara falleg. Ég reyndi af fremsta megni að ná í buxnaefni við gráu fötin mín, en það tókst ekki, gat ég ekkert fundið líkt fötunum. En föt voru hinsvegar frekar ódýr, lét ég slag standa og keypti mér föt, mjög falleg bæði að mínum, Glóu og Lóu smekk og kostuðu þau 185.00 N.kr. Eru þau brún að lit og vönduð. Í Osló eru nokkrir Íslendingar og hittum við suma þeirra. Barða Guðmundsson, Valtýr Albertsson⁷⁶ lækni og Harald Ásgeirsson⁷⁷ son Ásgeirs Sigurðssonar kaupm. Hafa þeir það sæmilegt, en eru peningalitlir, sérstaklega Halli. Vill faðir hans fá hann heim, en Halli vill ekki. Er hann að reyna að komast að hjá filmfélagi sem leikari en gengur slælega; gerir sér þó von um það þegar fram í sækir, en er líklegt eftir því sem félagar hans segja að séu tálvonir. Barði er hinn mesti reglumaður, sækir háskólann í Osló af dugnaði miklum; hafa prófessorarnir mikið álit á honum, gerir hann ráð fyrir að taka próf eftir 2½ ár og er það miklu skemmri tími en venjulegt er af norskum stúdentum. Valtýr er stúderandi við háskólann og gerir ráð fyrir að verða þar lengi, en ekki sem stúdent, heldur sem dósent, hefur hann sterkar vonir um það næsta ár; er það mjög efnilegur maður. Í Osló er einn efnilegur íslenskur listamaður eftir því sem Íslendingarnir segja; ekki munt þú geta giskað á það hver það er enda þótt þú kannist við manninn, því ekki var hann spámaður í sínu föðurlandi; það er hvorki meira

⁷⁵ Guðmundur Hagalín (1898-1985) rithöfundur.

⁷⁶ Valtýr Albertsson (1896-1984) læknir.

⁷⁷ Haraldur Ásgeirsson. mun hafa verið Haraldur Á Sigurðsson. leikari og revíuhöfundur. sem yfirleitt var nefndur Halli Ásgeirsson.

né minna en Einar Einarsson frá Laugarnesi;⁷⁸ ætlar hann að debutera við óperuna í Kristjáníu - Osló næsta vetur. Það er víst alveg rétt að hann er fjandi efnilegur.

Þegar hingað var komið var tekið á móti okkur með opnum örmum Lóa, Ivar og Kalli Bergström; var strax slegið upp stórveislu. Er Lóa sérstaklega indæl gagnvart okkur. Hefur hún það ágætt, virðist hafa nóg af öllu. Vill hún endilega að ég búi hjá sér meðan ég verð herna, en ekki veit ég ennþá hvernig það fer. Líklegt er að ég búi hjá henni, en ekki er ólíklegt að ég fái mér húsnæði annars staðar, til þess að hafa það rólegra, því án efa verð ég að stúdera mikið með kontórstarfanum ef að ferðin á að bera fullan árangur. Ekki er ég ennþá tekinn til starfa, geri ráð fyrir að byrja næstu daga. Lifandis ósköp var Else-Mari indæl þegar við komum, vantaði ekkert annað en málið til þess að vera svo elskuleg við okkur sem áður. Var hún samt sem áður töluvert lasin, var búin að liggja 2 vikur í kíghósta og er ekki nærri búin að ná sér ennþá, en er samt orðin sæmilega hraust. Biður hún innilega að heilsa *mormor*, því nú ert þú orðin það, ekki amma, kallaði hún til mín og bað mig um að kyssa bréfið fyrir sig, og koma þannig kossinum til þín, elsku mamma mín, geri það hér með. Á laugardaginn kemur er von á Gunnu systur hingað; ætlar hún að verða hér í vikutíma hjá manninum sínum. Geri ég ráð fyrir að þá verði glatt á hjalla hjá Lóu því hún er framúrskarandi gestrisin og stendur húsið opið fyrir öllum hennar kunningjum enda líka oft fjölmennt. Ekki hef ég frétt neitt heimanað síðan ég fór; hvernig fór með togarana sem vantaði þegar við fórum frá Íslandi? Komust þeir af?

Í Vestmannaeyjum hafði ég það glimrandi, var tekið á móti mér sem kóngi, var þar í stöðugum veislum hjá Ellindi⁷⁹ eða Ástþóri⁸⁰. Hafa þeir það báðir ágætt, sérstaklega Ellindur, býst ég við að líf Adda sé nokkuð þreytandi, er hann ógurlega bundinn og verður að fara eftir öllum duttlungum konu sinnar. Ekki skalt þú samt hafa orð á því þótt ég hafi minnst á það.

Af mér er allt ágætt að fréttu, hugsa mjög gott til árangurs ferðarinnar. Bið innilega að heilsa Fíu, Ástu og Óla. Skrifa Ástu tæplega núna. En minntu hana á samt að muna eftir mér og skrifa mér fréttir. Vertu síðan kært kvödd elsku besta mamma mín og mundu eftir að þú átt son erlendis sem þyrstir í að sjá höndina þína og heyra frá þér.

Lifðu heil og sæl þér og okkur til hamingju! Með sonarkveðju þinn einlægur Geiri.

⁷⁸ Einar Einarsson Markan (1902-1973) frá Laugarnesi hélt söngtónleika í Bárinni 1921 með undirleik Markúsar Kristjánssonar. Einar Markússon faðir hans var lengi ráðsmaður í Laugarnesi og bókari hjá ríkisfóhirði. María Markan (1905-1995) óperusöngkona var því systir Einar.

⁷⁹ Kristinn Ólafsson sem þá var þar bæjarstjóri.

⁸⁰ Ástþór Matthíasson lögfræðingur sem þar starfaði alla tíð. Kona hans var Sigríður dóttir Gísla J. Johnnsen sem var orðlög fyrir duttlunga, alin upp við ríkidæmi í Eyjum.

P.S. Ég var að enda við að borða og vorum við að minnast á ýmsan mat heima, þar á meðal lúðurkykling og kom þeim Lóu og Ivari saman um að það væri meðal þess allra besta sem þau hafa bragðað. Ef ekki væru því meiri erfðleikum bundið ættir þú að senda hingað nokkur ---; Gunna fékk nokkur --- frá Önnu systur.

Ásgeir Guðmundsson skrifar Kristínu Ólafsdóttur. Stockholm 23.4. 1925.

Elsku móðir mín! Það er ekki langt síðan að ég skrifaði þér, en samt sem áður ætla ég að senda þér stutta kveðju mína. Það er sannarlega mikill vafi á því að hvort kemur í bráð til þín því það er skolið á vöruflutningabann á öllu til og frá Danmörku svo vafalaust verða engar skipaferðir þá leiðina og spursmál hvort við heima verðum ekki hvað bannið snertir taldir með Dönum frændum okkar og verðum því að súpa seiðið af syndum þeirra. Skrifa ég og sendi bréfið af stað í þeirri von að flutningabannið taki sem fyrst enda, sem er von að verði sem allra fyrst, því það getur haft mjög mikil áhrif á hag okkar heima, því hætt er við, að ef það stendur lengi yfir að þá lækki gildi dönsku krónunnar og ekki er ólíklegt að okkar króna fylgi sveiflum hennar.

Fréttir héðan eru mjög fáar og það litla sem það er, er ekki nema góðar, því mér og frændum okkar hér líður mjög vel. Ég er á skrifstofunni svo að segja allan daginn núna, vegna þess að mikið má læra hér ennþá þar sem tækin eru svo ágæt og sjálfsagt að notfæra sér þau svo vel sem mögulegt er, því nú fer að síga á seinni hluta veru minnar hér. Stúdera ég heima sjórétt “specielt” og tekur það mjög mikinn tíma; mikið gagn get ég haft af þeim lærdómi þegar fram í sækir. Hef ég reynt að gera mér dvöl mína sem arðsamasta og vona ég að vinnist mér tími og haldi ég heilsu að þá muni kostnaður minn fljótlega fást endurgoldinn. Hef ég orðið að kaupa mikið af bókum bæði persónulega handa mér og svo fyrir skrifstofu okkar og geri ég ráð fyrir að kaupa meira síðar meir í Noregi og á leiðinni yfir England, því það má fá bæði góðar og ódýrar lögfræðisbækur sem sjálfsagt er að eiga og hafa stöðugt til taks á skrifstofunni; meðal annars hef ég hugsað mér að kaupa þar stórt safn af “sjóréttardómum” sem ég hygg að munu kosta kr. 200.00. En til þess að það verði mér kleift og til þess að hafa einhverja reisupeninga þá verð ég að biðja þig að senda mér nokkra peningaupphæð í síðasta sinn á ferðalaginu. Held ég að umstangsminnst muni vera að senda mér hana meðan ég er staddur hér því óvíst er hver bústaður minn verður í Englandi og hættara við að það fari vilt, þar sem maður þekkir engan, sem maður getur treyst. Hygg ég að nægilegt muni vera að láta mig hafa eins og £40 (40 ensk pund) og eins og 50-100 sænskar krónur, eru það ca. 1150.00 kr. ísl. ásamt öllum kostnaði. Væri þér þægilegra að senda mér það seinna og þá í smærri sendingum þá skalt þú gera það, en við það er að athuga að þá eykst sendingarkostnaðurinn. Þú heldur kannski að nokkuð hljóti ég að eiga eftir

af peningum þeim sem ég fór með, þar sem kostnaðurinn við veru mína hér þar sem ég hef búið hjá Lóu, hafi ekki verið mikill, jú rétt er það að ekki er ég blankur, en tæplega færð þú trúað því hversu miklir peningar fara fyrir lítið endurgjald þegar hingað er komið og allt ógurlega dýrt sem kaupa þarf og eins og þú færð skilið hef ég orðið að kaupa hitt og annað og svo hef ég orðið að sýna þeim hjónunum tilhlýðilega kurteisi með því að taka þau með mér út. Svo áður en ég fer, verð ég að gleðja hana eitthvað, því hún þarf sinna muna við, eins og aðrir.

Elsku mamma mín. Ef þú ættir hægt með það væri best að þú sendir peningana sem bráðast svo ég fengi þá áður en ég fer héðan. Stefán Jóhann mun sjá um þetta allt saman fyrir þig, ef þú aðeins minnst á það við hann. Best er að hafa ensku peningana í ávísun á enskan banka en sænsku ávísunina á hérlandan og senda það síðan í ábyrgðarbréfi.

Þú verður að fyrirgefa betl mitt, en eins og þú sjálf munt skilja er ómögulegt að komast af án vasapeninga og þar að auki sjálfsagt að kaupa þá muni á ferðalaginu sem við framvegis þurfum á að halda. Þegar heim er komið mun ég strax gefa þér kvittun fyrir skuld minni og greiða hana við fyrsta tækifæri, sem ég er viss um að þurfi ekki að bíða lengi eftir að hafist hefur verið handa.

Af Lóu er það að fréttu að hún hefur það mjög sæmilegt hvað fjárhaginn snertir, hefur nóg að bíta og brenna; er hún afar hamingjusöm, enda líka Ivar framúrskarandi heimilisfaðir. Lóu hefur verið sagt upp húsnæðinu þar sem þau búa núna, sem er bæði ágætt og mjög ódýrt og eru þau nú fastlega að hugsa um að kaupa hús hér í nágrenninu; er það nýbyggt og vandað og afar þægilegt fyrir þau. Óvíst er ennþá hvort nokkuð verður úr þessu, en samt tel ég það líklegra, og geri ég það sem ég orka til þess að ýta undir þau að ráðast í það, því víst er það að hafi þau einusinni yfirtekið hús þá láta þau það ekki fara frá sér og hægara og skemmtilegra er að spara þegar eitthvað verður eftir, heldur en þegar spariféð fer í þá botnlausu hit sem húsaleigan er. Með afborgunum og vöxtum geri ég ráð fyrir að þau þurfi að greiða álíka mikið og þau mundu annars þurfa að greiða í húsaleigu. Með Lóu sem fjármálaráðherra getur það auðveldlega gengið, haldi Ivar heilsu. - Af þessum ástæðum er sjálfsagt að láta hana engan halla þurfa að bera af dvöl minni, því nú er hver peningurinn mikils virði.

Tæplega geri ég ráð fyrir að heimsækja Gunnu, vegna þess að ég þarf nauðsynlega að koma við í Noregi á leiðinni yfir til Englands og þá er óþarfa krókur að fara til Helsingborgar; er hún stöðugt að biðja mig um það að heimsækja sig og sjá villuna sína sem bæði Kalli og hún eru ógurlega stolt af og er það víst myndarlegt og þægilegt hús.

Elsku mamma mín, ég bið þig að fyrirgefa bréf þetta og hafðu það hvað peningasendinguna (snertir) eins og þér er þægilegast; og þú veist hvað mér kemur best.

Hafðu engar áhyggjur út af mér, því hér eða hvar sem ég er, hlýtt ég að lifa mjög góðu og skikkanlegu lífi. Og síðar meir þegar kemur heim og sem ég hlakka mjög mikið til, vonast ég til að geta séð vel fyrir mér, því nú er ég fullur af lífsfjöri og starfslöngun, því nú hef ég loks fundið það sem gerir mér lífið þess virði að það sé lifað.

Líði þér ætíð sem best fæ óskað, elsku mamma mín, og hittumst hraust og glöð á hausti komanda. Gleðilegt sumar og þökk fyrir veturinn. Þinn elskandi sonur. Ásgeir

P.S. Ég geri ráð fyrir að fara hédan kringum 20. maí; skilaðu kveðju minni til allra ættingjanna heima og að heiman og berðu Fíu gömlu bestu sumarkveðjur mínar.

Ásgeir Guðmundsson skrifar Kristínu Ólafsdóttur. Stockholm. 29.4.1925.

Elsku mamma mín! Ég þakka þér ástsamlega fyrir þitt ágæta bréf sem ég fékk í morgun og sem var svo fullt af móðurást og umhyggjusemi fyrir framtíð minni. Þú getur ekki trúað því hvað ég gladdist og sá að utanáskriftin var frá Nesi, því hversu mörg og góð bréf sem ég fæ annars staðar en frá þér, þá eru þín bréf, elsku mamma mín, alltaf þau kærkomnustu. En að hafa valdið þér leiðinda - þig sem ég elska meira en nokkurn annan - gerðu mig svo hryggan og vakti samvisku mína, því það er sannleikur sem þú segir, að alltof sjaldan hef ég skrifað þér. Mér varð alveg eins innanbrjósts og þegar ég kvaddi þig áður en ég fór og það verður mér svo lengi sem ég lifi minnisstætt, því þá fann ég hversu mikið þú ert fyrir mig og að ekkert annað getur fyllt skarðið. Þegar ég síðar meir verð svo ógæfusamur að missa þig - guð algóður gefi mér, að ég fái að njóta þín og þinnar guðdómlegu ástar sem allra allra lengst. Að ég hafi verið búinn að gleyma þér - hvernig getur þú ásakað mig um það - er svo fjarri öllum virkileika, því þú getur ekki trúað hversu oft og heitt ég hugsa til þín og hversu mikil gleði mér er í því að fá að tala um þig við hana Lóu systur, því hún er sú eina hér sem ég get trúað fyrir mínum leyndarmálum og sem kann að meta hvað það er að eiga ástríka og umhyggjusama móður, því þú ert henni líka svo óumræðilega hjartfólgin. Ég veit að þú skilur mig og fyrirgefur mér; skal ég svo oft sem mér er mögulegt skrifa þér framvegis og gera allt til þess að bæta fyrir brot mín. Að sú kona sem ég hef trúað þér fyrir að mér væri kær kasti skugga á þig og valdi því að ég gleymi þér er svo fjarstætt hugsun minni og tilfinningum, því ómögulega getur nokkur kastað skugga á þig, hvað þá heldur geti fengið mig til að gleyma, hversu svo kærkomin sem hann er mér. Ástæðan til andvaraleysis míns var að ég hugsaði þig rótfast tré móðurástarinnar sem ómögulegt væri að uppræta, sem þú ert líka, en hinn aðilann nýútsprunginn frjóanga sem væri undir áhrifum vinda og hriða og

sem væri skylda mín að hlú sem best að og gæta sem drengilegast svo að hann dæi ekki í höndunum á mér, því hann er mér líka kærkominn. Elsku mamma mín, ég veit að þú skilur mig og lætur mig ekki þunglega þola fyrir brot mín, sem ég sárlega iðrast.

Það var ágætt að þú skyldir ekki neitt fljúga á náðir Önnu systur með það sem ég minntist á við þig í næstsíðasta bréfi mínu, því að ég geri fastlega ráð fyrir því að dvelja í London þegar til Englands kemur; er það eftir því sem ég heyri hér ódýrast að lifa og þar að auki mest að læra og sjá. Aðalatriðið fyrir mig, þegar ég dvel þar, er að gera mig fullkominn í ensku, en ekki að sitja þar á skrifstofu yfir hásumarið. Ætla ég að fá mér tíma í málinu, svo ég geti bæði skrifað og talað og síðan að studera “skipamiðlun og sjóvátryggingar” sem framhald af námi mínu hér. Óþarfi er að tala nokkuð við Ásgeir Sigurðsson konsúl, þótt enginn efi væri á því að hann mundi gera sitt besta til þess að útvega mér pláss á skrifstofu, sem nú sem stendur mun vera afar erfitt. Þarf ég eftilvill á honum að halda síðarmeir.

Hvernig stendur á því að þú heldur að við Glóa séum engir kunningjar? Það er svo langt frá því að svo sé; geri ég það sem ég get til þess að hún skemmti sér sem best, reyni ég að gera henni lífið sem skemmtilegast bæði heima og að heiman; hef ég því stundum, þegar ég hef farið út að skemmta mér, tekið hana með. Er mér mjög annt um að hún skemmti sér sem best, bæði vegna þess að mér er vel við hana og svo veit ég að þér er annt um hana. Kunningsskapur okkar er sá sami og heima var, en eins og þú veist höfum við aldrei verið neitt sérstaklega samrýmd. Það að ég hafi ekki minnst á hana í bréfum mínum kemur eingöngu af því að ég veit að hún skrifar sjálf og mundi sjálf skýra þér frá högum sínum. Að hún ekki minnst á mig kemur efalaust af sömu ástæðu og hjá mér.

Heyrðu mamma, væri ekki reynandi að segja henni Önnu Friðriksson upp leigusamningnum, þar sem þú ert afar óánægð með hana sem leigjanda, ef það á annað borð er hægt samkvæmt leigusamningnum, því það er gjörsamlega óviðunandi að verða í hverjum einasta mánuði að leggja í nýjan kostnað eftir að hafa gert stóra viðgerð á búðinni, því nú er áreiðanlega hægt að fá álíka góðan leigjanda. Reyndar er engin hætta á því að hún vilji fara, þar sem hún er búin að koma sér svo vel fyrir; væri það ágætt meðal til þess að hræða hana, svo að hún væri ekki eins kröfuhörð; mundi ég svo semja við hana þegar heim kæmi.

Hvernig í ósköpunum stendur á því að viðgerðin hjá honum Ásgeiri Gunnlaugssyni kostaði rúmar 700,00 kr. þar sem samkvæmt samningunum, það eingöngu átti að kosta, að mig minnir, ca. 350,00 kr. auk veggfóðurs á kontórinn. Öðruvísi fæ ég það ekki

skilið. Þú skalt halda reikningum til haga, því ef til vill verður hægt að lagfæra þetta síðarmeir, þegar ég kem heim, því það (er) ófært að þola það bótalesa.

Nú er afraðið að Lóa og Ivar kaupi húsið, sem ég talaði um við þig í síðasta bréfi; er það gullfallegt hús, alveg nýtt á yndislegum stað hér í nýju villukvarteri fyrir utan Stockholm. Það er vitanlega afar erfitt fyrir þau í fyrstu, þar sem peningaútborgun er mjög mikil og lítið er af reiðupeningum. Annars komast þau mjög sómasamlega af og eiga allt það sem þau hafa innanhúss, sem er mjög mikils virði; hafa þau furðanlega fljótt losnað úr skuldum þeim, sem Ivar varð að borga sökum ábyrgðar sem hann var í fyrir blað hans og sem féll á hann. Vona ég að það gangi nú sem best fyrir þeim, þar sem svo margir eru sem vilja hjálpa þeim hér úti.

Það gleður mig mjög að þér fellur vel við Stefán Jóhann og að hann stendur vel í sinni stöðu; er það ekki nema eðlilegt því að hann er vandaður, ábyggilegur og greindur maður. Gerir hann nú allt sem hann getur til að undirbúa framtíðarstarfsemi okkar og hefur honum þegar tekist að ná í heilmargt, svo að strax er hægt að hefjast handa eftir að ég er kominn heim. Er ekki nokkur vafi á að með dugnaði, reglusemi og framtakssemi, leggjumst við á eitt, getum við skapað okkur mjög arðvænlegan framtíðaratvinnuveg, komi ekkert óvænt fyrir, sem óþarfi er að hræðast. Horfi ég mjög björtum augum á framtíðina og fullur af áhuga og starfsþreki.

Í dag er síðasti apríl og hátíð og --- hvert sem lítið er, er mjög tignarlegt að sjá það. Glóa er úti núna, ásamt íslenskri vinkonu sinni, einhver staðar að skemmta sér; er hún mjög ánægð með lífið, enda líka gerir Lóa allt sem hún getur til þess að gera henni það sem ánægjulegast.

Elsku mamma mín, fyrirgefðu mér hugsunarleysi mitt og mundu að þín ástkæru bréf eru mér svo ákaflega mikils virði. Það var svo gott að þú skyldir segja mér sannleikann svo að hægt verði að bæta fyrir brot sín, sem er mér svo mikils virði.

Skilaðu kveðju til frændfólksins og vina minna heima og heiman. Vertu síðan kært kvöld elsku mamma og guð varðveiti þig fyrir mig.

Þinn elskandi sonur Ásgeir

Við situm tvö heima við Else Mari og ég á að kyssa þig frá henni.

Ásgeir Guðmundsson skrifar Kristínu Ólafsdóttur. Stockholm. 14.5. 1925.

Elsku mamma mín! Ég þakka þér hjartanlega fyrir bréfið þitt, sem ég fékk í gær og gladdi mig það svo innilega að þú hefur fyrirgefið mér fyrri syndir mínar, sem ég vonast til að ekki þurfi að koma fyrir aftur og að þér líður vel. Guð minn góður gefi það að þú

megir njóta sem lengst lífsins, þér og öllum sem þú umgengst og ekki síst okkur þínum nánustu til blessunar. Einnig þakka ég þér fyrir peningasendinguna sem ég um leið tók á móti, heilu og höldnu í bréfi frá Stefáni Jóhanni. Hefur þú maklega gripið við, þegar þú hafðir fengið bréf mitt, eins og þín var von og vísa, elsku hjartkæra mamma mín. Þú ert stöðugt söm við þig og mig. Geri ég ráð fyrir að þetta muni nægja mér fyrst um sinn í Englandi, nema því aðeins að ferðin þangað og dvölin þar fari fram úr áætlun minni. Í Osló, eins og ég hef áður tekið fram, þarf ég að kaupa svo mikið af bókum sem við þurfum á að halda á skrifstofunni, því þar eru þær svo mikið ódýrari en heima og þar að auki ekki nema lítið af juridiskum bókum fánlegt heima. Stefán Jóhann sendi mér lista yfir það nauðsynlegasta og var það ekki svo lítið, reyndar hef ég þegar keypt sumt af því og studerað; yfirhöfuð féll svo einkennilega vel saman það sem Stefán vildi að ég keypti og það sem ég hafði ákveðið að kaupa. Svo er það margt þeirra sem sjálfsagt er að kaupa hér eða í Englandi svo sem dyraspjöld og ef til vill pappír. Svo er ætlun mín að koma auglýsingum hér í sænsk og ensk blöð, sem einnig dregur dilk á eftir sér. Já, það er margt sem í kostnaðinn þarf að leggja í upphafinu, en vonandi tekst að fá það endurgreitt og meira til.

Er búið að segja Lárusi⁸¹ & co. upp húsnæðinu? Hvað sagði hann við því? Varð Theodór ekki úfinn?

Anna systir hefur skrifað til Englands til þess að skyggjast eftir stað handa mér þar og sendir þú mér afrit af því bréfi. Ætlaðist hún til þess að kerlingin hennar skrifaði mér, henni eða hvort tveggja. Eftir bréfinu, ef það er alveg eins og hún sendi það ber með sér verður ómögulegt fyrir ensku konuna að skrifa mér, vegna þess að heimilisfang mitt hér er hvergi nefnt á nafn, annað en að ég dvelji nú um stund í Stockholmi og þó að Anna viti að ég sé þekktur víða um lönd bregst henni bogalistin að halda að ég sé svo þekktur að bréf komist til mín í 800.000 manna bæ þar sem eingöngu er adressað með bæjarnafninu; að minnsta kosti verður hún að hafa feikna ríkt "*fantasi*" til slíkra hugsana. Sleppum þessu, Anna gerði það sem hún hefur getað og vitanlega hefur það bara verið gleymaska. En áður en ég fer héðan getur bréf frá henni, eða þér, þar sem þið greinið mér svar ensku konunnar, tæplega náð mér og þar sem ég, sem allra fyrst eftir að komið er til Englands, vil koma mér niður, verður mjög erfitt að eiga við þetta atriði, nema því aðeins að þið sendið mér svar hennar með símskeyti hingað fyrir 28. maí eða til Englands eftir að ég hef í símskeyti gefið ykkur upp bráðabirgðaadressu mína þar og spurt um þetta. Gæti þetta verið mjög stutt skeyti, bara annaðhvort játandi eða neitandi, eftir svari hennar, adressa Mr. Eaxston og adressan mín. Verði svar komið fyrir 28. maí

⁸¹ Lárus Fjeldsted hæstaréttarmálaflutningsmaður.

ættir þú að senda mér um það símskeyti hingað og sé það játandi, þá einnig adressu Mr. Eaxton. Og sendi ég þér adressu mína í skeyti frá Englandi þá ættir þú að svara því sem fyrst eins og áður er getið.

Héðan er fátt að fréttu - allt gengur hinn ágæti vanagang - nema eins og ég hef sagt þér er Lóa búin að kaupa sér "villu" fyrir utan bæinn og verður flutt þangað í kringum 20. maí, ætla ég að hjálpa henni til með flutninginn, sem ekki er svo lítill skal ég segja þér, því ótrúlega margt eru þau búin að krækja sér í.

Ástæðan til þess að ég fer ekki héðan fyrr en viku eða 14 dögum síðar en ég gerði ráð fyrir er sú að Lóa og Ivar ætla að fara til Noregs um mánaðarmótin, ætlar Ivar að halda þar fyrirlestra á socialdemokratiskum konngress og vilja þau endilega, þar sem ég ætla sömu leið, að ég bíði og verði þeim samferða. Er ef til vill langt þar til ég fæ tækifæri til þess að vera með þeim og þau eru mjög skemmtilegt samferðafólk hef ég afráðið að bíða eftir þeim. En ekki verður það nú langt sem við eigum samleið þar sem ég fer ekki lengra en til Osló, en þau halda norður til Bergen. Glóa verður eftir heima með krakkana úti í nýja húsinu; er það ekki svo erfitt vegna þess að þau eru orðin svo stór og Brynja er orðin ágætis vinnukona. Aðalverkið er að koma þeim í skólann á morgnana og gæta Else-Mari sem alltaf er úti að leika sér. Er ég mjög hrifinn af Brynju, er skrambans ári mikil kraftakerling; hins vegar segir hún að ég sé "dumm" enda þótt að vinir séum við góðir; er hún föst fyrir og viljasterk og næstum því stöð, kippir því í kyn sitt á okkar hlið.

Ekki skil ég í því að Lóa geti farið svo mörgum dásamlegum orðum um mig eins og þú segir að hún geri í bréfum sínum, því slíkt á ég alls ekki skilið og ekki skaltu láta það á þig fá, því án efa segir hún það eingöngu til þess að þóknast þér, eins og þú svo réttilega giskar á. Hins vegar erum við ágætir vinir og skiljum hvort annað mjög vel, þrátt fyrir það að ekki séum við alltaf á sama máli. Á morgun er sumarhátíð stúdenta í Uppsölum og ætlum við Glóa þangað; hefur okkur verið boðið þangað af sænskum magister þar við háskólann, sem er mjög góður vinur Lóu og Ivars.

Skilaðu kveðju minni til vina minna og ættingja. Guð veri með þér mamma mín og gæti þín svo að við megum sjást heil og hamingjusöm við heimkomu mína og lengur. Þinn elskandi sonur Ásgeir

Ásgeir Guðmundsson skrifar Kristínu Ólafsdóttur. Fleetwood. 4.7.1925

Elsku mamma mín! Innilegustu þakkir mínar áttu fyrir þitt elskulega bréf sem ég fékk frá þér í morgun, var það svo líkt þér, svo þrungið móðurást og umhyggju um framtíð mína. Ég vildi að guð gæfi að ég fengi tækifæri til þess að endurgjalda allt það góða sem

Þú hefur veitt mér og gæfan aðstoðaði mig til þess að verða góður og nýtur maður þér til sóma. Ég er nýbúinn að senda þér bréf, mjög stutt og ófullkomið, sem ég þó vona að þú hafir fengið; en þar sem nokkurs mjög leiðinlegs misskilnings gætir í bréfi þínu og þar sem hann er þér áhyggjuefni ætla ég að skrifa þér nokkrar línur og reyna að leiðrétta hann. Þú spyrð mig hvers vegna ég hafi ekki reynt að leita mér atvinnu og hvort ég geti haldið það út að ganga iðjulaus í allt sumar. Eins og ég bæði skrifaði þér og Ástu systur kynni ég mér skipamiðlunarstarfsemi hér, bæði bóklega og praktíska og er það alveg nægilegt starf og meira en það sé það kafið til megjar þann 2 ½ mánaðartíma sem ég ætla að vera hér. Er ég mjög starfsamur svo að segja allan daginn, svo ekki get ég kallað það iðjuleysi. Hvað atvinnuleitina snertir er alveg óhugsandi að leggja út í það, því bæði er 100 fyrir einn sé einhvers staðar atvinnu að fá og þar að auki er útlendingum harðbannað að gera hér nokkurt handarvik gegn kaupgreiðslu og er strax vísað burt úr landi komi það upp. Eins og þú sérð er því ekki annað að gera fyrir mig en að hagnýta mér tímann sem best með námi og samræðum við kunningja mína hér, sem ég einnig geri.

Þú minnir mig á það elsku mamma mín, með hörðum orðum, að það séu ekki þínir peningar sem ég sé að eyða heldur mínir eigin. Það var gjörsamlega óþarfi því aldrei hefur mér dottið annað í hug en að það sem þú sendir væri sem venjulegt lán sem ég mundi greiða síðar meir. Það máttu vera fullviss um, að ekki skal ég standa í vegi þeirra “radda” sem þú segir að ennþá á ný séu farnir að kalla mig “ómaga”; höfundar þeirra skulu fá að verða, hvenær sem þeim þóknast, sér til skammar, mér gjörsamlega afskiptalaust og einskis mun ég, fái ég að lifa, krefjast þeim til skaða, mér er nægilegt gott uppeldi og góð menntun, sem ég á þér að þakka og mun veita mér möguleika til þess að berjast áfram framvegis með nægilegum árangri fyrir mig og mína. Baktal þessara ættræknislausu systkina minna hefur fyrr ollið mér sárra leiðinda þó ég hafi ekki nefnt það fyrr og skal ég reyna að gera það sem ég get, til þess að sanna þeim það að “betlari” hafi ég ekki verið. Þú þarft ekki að afsaka neinn sérstakan, ég þekki vel “svörtu sauðina” og er það ekki einkennilegt að það eru einmitt þeir sem lifa í auði og allsnægtum og þurfa aðeins þennan litla ábæti til þess að fylla gullskrínið og þar með ágirnd sína?; ekki er það annað sem liggur á bakvið. Þú getur ekki trúað því hvað ég skammast mín þeirra vegna. Það er satt og orð í tíma talað að hann Óli bróðir er snilldar drengur og á skilið að njóta verka sinna og væri skammarlegt ef hann fengi það ekki. Hafa systur mínar í Svíþjóð minnst á það við mig og var það álit þeirra að annað gæti ekki komið til greina. Hver er mismunurinn á þeim efnuðu og fátæku systkinum mínum? Góða mamma ég vona því að þú gerir ráðstafanir að svo verði, fyrr eða síðar,

Því þér er það heimilt og vildi ég óska að ég gæti orðið verkfæri til framkvæmda vilja þíns síðar meir.

Skal ég svo fljótt sem ég geti greiða þér skuld mína, en krefst einskis nema ástar þinnar og umhyggju, sem ég hef svo oft beðið guð að veita mér af náð sinni sem allra lengst.

Ég álasa þér ekki, elsku mamma, þótt þú hafir minnst á þetta við mig, því það gefur aðeins til kynna réttlæti þitt og sanngirni þegar gera á upp milli barna þinna.

Elsku mamma fyrirgefðu mér hversu berorður ég er, en mér er ómögulegt annað þegar ættrækni og samheldni systkina minna er svo fótum troðin af þeim sjálfum.

Eins og ég minntist á við þig í fyrra bréfi mínu skaltu ekki ganga nærri þér hafir þú lítið af aurum, því verð ég þá að reyna að venda mér til annarra, en vona samt sem áður að til þess þurfi ekki að koma, því ef til vill er gott að eiga hauk í horni annars staðar þegar að hafist verður handa.

Ég þakka þér aurana £3 sem komu að góðum notum. Geri ég ráð fyrir að búast til heimferðar kringum 20.-25. ágúst og væri þá gott að hafa fengið einhverjar upplýsingar um skipaferðir.

Vertu örugg að aldrei skal minnst verða á orð systkina minna um mig nema því aðeins að ráðist sé á mig að fyrra bragði.

Vertu síðan kært kvöld, elsku ástkæra móðir mín og guð gefi mér og þeirri sem ég elska tækifæri til þess að njóta þín og ástar þinnar sem allra best og að verða þér til gleði, því þér hefur svo oft liðið illa mín vegna og vildi ég reyna að geta bætt það upp.

Með innilegri sonarkveðju, þinn Ásgeir Guðmundsson.

P.S. Skilaðu kveðju til kunningja og frændfólks og vona ég vina mín að þú látir til þín heyra sem allra fyrst því mesta ánægja mín er að lesa hugsanir þínar því þú meinar allt svo vel. Það er alveg sama hvaða adressu af þessum tveimur þú notar.

Ásgeir Guðmundsson skrifar Kristínu Ólafsdóttur. Earby 23.7. 1925.

Elsku mamma mín! Ástarþakkir á bréf þetta að færa þér fyrir peningasendinguna sem ég fékk frá þér fyrir nokkrum dögum síðan og kveðju þína í bréfi Ástu systur. Komu aurarnir í góðar þarfir, því satt að segja var ég orðinn mjög blankur og nokkuð skuldugur; en lánstraust mitt er svo mikið að kerlingin mín sagði að það gerði ekkert til þótt það drægist nokkuð að borga fæðið og húsnæðið. En glöð var hún þegar hún færði mér ábyrgðarbréfið frá þér, því þá hélt hún að hún nyti góðs af sendingunni, sem einnig var.

Elsku mamma, ég bið þig að fyrirgefa bréfið sem ég sendi þér síðast, því það var ekki eins og ég hefði átt að skrifa um systkini mín, enda þótt þau hefðu sært mig með mælgí sinni og sínum illkvittnislegu orðum í minn garð. En ég varð svo reiður og mér leið svo illa, að í reiði minni skrifaði ég þetta bréf. Meira að segja, ég var að hugsa um að senda kveðju mína og þakkar á hlutaðeigandi staði, en hamingjunni sé lof að ég gerði það ekki. Leiðinlegast þykir mér ef þú hefur tekið orð mín nærri þér, því síðast og síst vil ég verða orsök í að þér líði illa. Ég skal segja þér sannaleika, að mér hefur ekki liðið sálarlega eins illa um langan tíma eins og þá er ég fékk bréf þitt, því mér fannst sem ég væri að verða yfirgefinn af öllum ættingjum mínum, og að ég væri að missa þig, þótt ég vissi að það gæti aldrei komið fyrir.

Eins og þú sérð á staðsetningu bréfs mín er ég ekki staddur í Fleetwood. Ég er staddur í smábæ nálægt Manchester. Dvel ég hjá verksmiðjueiganda hér á staðnum, sem ég kynntist í húsi því sem ég bý í í Fleetwood. Var hann þar í sumarfrí og vorum við mjög mikið saman og gerðumst ágætir kunningjar. Var ekki hjá því komist að þiggja heimboð hans og fór ég því með honum hingað, þegar hann kom úr sumarfríinu. Býr hann í yndislegu húsi skammt fyrir utan bæinn og á ágætis heimili. Er hann mjög vel efnum búinn og á bíl, sem ekki dregur úr skemmtuninni að vera hér. Er ég búinn að vera hér í 3 daga og geri ráð fyrir að vera í nokkra daga ennþá. Fer ég síðan aftur til Fleetwood og verð þangað til að ég fæ einhverjar upplýsingar frá þér um ferðir trawlaranna heim. Er enginn trawleri sem siglir stöðugt til Englands núna? Mér þykir nokkuð langt að bíða þangað til um miðjan sept. eftir trawlrunum, því það þarf ég að gera leggi þeir ekki af stað á ísfiskiveiðar fyrr en seinast í ágúst. Vona ég að þú látir mig vita nákvæmlega um það seinna, því það gæti sparað mér nokkra peninga. (Niðurlag vantar).

Kristín Ólafsdóttir skrifar Ástu Guðmundsdóttur. Nesi 23.3.1927

Elsku góða Ásta mín! Ég ætla að skrifa þér eina línu til að láta þig vita að ég er ekki búin að gleyma litlu telpunni minni og láta þig vita hvað ég var orðin leið er ég fékk ekkert bréf er Gullfoss kom og ég var orðin svo áhyggjufull að ég hringdi til Sigurðar Péturssonar og spurði hann um þig og hann gjörði mig rólega. En svo komu bréfin þín með - og þá varð ég svo himinglöd og þakka ég þér innilega fyrir þau.

Það er frá okkur að segja að okkur líður vel og tíðin hefur verið góð síðan þú fórst að það hafa einu sinni frosið gluggar.

Ekki gengur Dóru⁸² konu Einars vel að batna eftir þennan botnlangaskurð og er hún búin að vera 3 vikur á spítalanum og er ekki víst hún komi heim þessa viku. Hún er

⁸² Halldóra Eyjólfsdóttir frá Bollagörðum missti fóstrið sem hún gekk með.

ákaflega hrædd sem er nú líka von þar sem hún er ekki kona einsömul og svo fór henni að blæða til kviðarins og það er svo hættulegt. Ég býst helst við að hún verði mjög lítilfjörleg meðan hún gengur með þennan burð því hana hafa fengið svo mikla ---.

Glóu verður svo lítið úr verki því hún fer alltaf annan daginn inn á spítala.⁸³

Dóra er svo ergileg ef ekki er komið eins oft og hægt er til hennar, og það vil ég ekki vinna til.

Gvendur⁸⁴ litli er hjá mér og allra indælasti piltur og orðinn sólfrjóður af útiveru. Magnús gamli og hann eru þessir finu vinir og hann er alltaf að vasast í fjósinu með honum, en hann lítur ekki alveg eins vel út og stofurnar í Bollagörðum.

Það var mikið að gjöra þegar Sveinbjörnssen⁸⁵ var jarðsunginn. Allar konur sem skautbúning áttu voru í honum og gengu í fylkingu 50 að tölu. Hafði það verið mjög tígulegur flokkur. Ekki fór neinn frá okkur en ræðu og söng var útvarpað úr Dómkirkjunni og var hann mjög fallegur eins og þú getur nærri.

Heima fyrir gengur allt með sínu gamla lagi. Einu sinni hefur Glóa farið á Brún með Halla⁸⁶ og --- og var mjög stíð í gumpinum eftir. Og á skauta fór hún einu sinni með Óla og var mjög hrifin af því, en svo hefur ekki komið skautasvell síðan og nú langar mann ekki eftir því.

Nú er stóra Grána nýborin og ég hringdi til dýralæknis og hann sagði ég skyldi reyna að opna ekki veika spenann en það myndi koma bólga í hann fyrst. Svo gengur allt vel og hún er komin í 13 merkur á þremur spenum. En í fyrradag veiktist hún og bólgnaði upp *júfríð* en enginn dýralæknir, því hann sigldi sér til lækningar og Lárus⁸⁷ sonur hans með honum því hann var búinn að fá áfall aftur. Hann er víst búinn að vera því það kvað ganga að honum kölkun í heilanum. Manni má bregða við að hafa ekkert að venda þótt hann þætti ekki góður.

Já svona gengur það, Ásta mín, það er mörg búmannsraunin. Nú fer ég að hætta því ég veit þú ert orðin leið að lesa þetta rugl en það verður hver að fljúga eins og hann er fiðraður og svo er minn vísdómur ekki meir en þetta. Allir á bænum biðja að heilsa þér.

⁸³ Kannski var þetta fyrsta merkið um berklana sem lagði líf hennar í rúst, og þó, þetta var framúrskarandi ágætiskona, sem reyndist öllum vel.

⁸⁴ Guðmundur Einarsson (1924-1942) frá Bollagörðum var hjá ömmu sinni í vist þegar mamma hans var sjúk.

⁸⁵ Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld.

⁸⁶ Haraldur var síðar bóndi að Sjávarhólum á Kjalarnesi.

⁸⁷ Dýralæknirinn var Magnús Einarsson og Lárus var Einarsson síðar prófessor í líffærafræði í Árósum.

Elsku Ásta mín. Ég kveð þig hugarins innilegasta kossi og bið Guð algóðan að varðveita þig frá öllu illu. Heilsaðu öllum heima í þessu húsi og kysstu Tryggva⁸⁸ frá ömmu. Biddu Gunnu að fyrirgefa mömmu letina að skrifa. Ég ætla að reyna að manna mig upp í að skrifa henni seinna. Þín mamma KÓ

Lóa Vennerström skrifar Ástu Guðmundsdóttur. Winnipeg, 31.8.1928.

Ásta mín ágæta! Mér finnst nú absolut það vera orðin heil eilífd síðan ég skrifaði þér síðast, en það er þó ekki nema mánuður, því að mig minnir skrifaði ég þér áður en ég fór frá Gautaborg.

Hugsa sér að ég er hér út í nýrri veröld, ný fyrir mig, en eiginlega að flestu leyti lík öllu öðru, ekki þess minna gaman að því. Ég skrifaði Manzi⁸⁹ frá New York svo ég tek ekki upp það aftur, nema hvað bærinn gaf ógleymanlegt intryck af nýbyggðum bæ og ógurlegum óhreinindum. Á skipinu var fullt af ríku fólki. Er það hérumbil eins hvar í heiminum maður hittir það. “*Sig selv nok*” og eiginlega interessulaust. Eina familíu ríka festi ég mig við, maðurinn var eins og íslenskur sjómaður og konan eins og íslensk bóndakona en ekki af skörungskonusortinni, heldur elskaði blóm og las mikið og hafði lært af lífinu og óx eins og mamma með aldrinum. Hún var ljómandi. Þegar hún var 56 ára lærði hún að synda. Börnin voru framúrskarandi yndisleg, en stelpurnar reyktu of mikið. Töluðu öll sænsku þrátt fyrir að þau væru fædd í U.S.A.

Við vorum viku í New York og get ég ekki sagt að ég sneri (við henni) bakinu með söknuði. Svo komum við eftir 10 tíma ferð til Montreal (sem er) fransk-kaþólskur milljónabær, verkaði (*sem*) borg í Evrópu, svo hrein. Vel byggt var þar yfirleitt. Mikið af kirkjum - bara 83 og 3000 prestar.

Fengum nú fyrsta sjokkið. Öll hótél voru upptekin af fastandi ameríkönunum (hér er ekki bann, en ekki má drekka sterkt áfengi úti á restaurationum, en inni á heimilum og hótélum svo mikið sem helst) svo okkur hafði verið skaffað herbergi á því sem við köllum “*rum för resande*”. Fínt og hreint og ágætt, en prísinn var 5 dollarar per person og þá bara eitt rúm. En hvað var að gera, þegja og líða.⁹⁰ Vorum við þar í þjú dægur, en vistin kostaði okkur ekkert, (út í) eitt boðin alltaf. Fyrst bauð generalkonsúllinn svenski upp á lunch, m.a. grilluð froskalæri og annað ágætt. Karlinn vissi ekkert um Kanada, sat og pumpaði Ivar allan tímann. Meðal annars var útnefndur hér í fyrradag sænskur maður sem ráðherra í federalstjórninni (en) hann vissi ekki að hann væri til og fékk

⁸⁸ Tryggvi Bergström (1922, d. –) sonur Guðrúnar.

⁸⁹ Else Mari (Manzi) dóttir hennar sem þá var í Nesi tæplega 10 ára gömul.

⁹⁰ Þola.

nafn og heimilisfang hjá Ivari. Hann var jú ekki útnefndur þá, en hann vissi ekki að maðurinn existeraði. Sama dag vorum við á finnska immigrantheimilinu og var boðið upp á miðdag með immigranterne og prestinum og var (það mjög) intressant.

Daginn eftir bauð chefinn fyrir Canadian National Railway okkur í lunch í finnska klúbbnum í Montreal. Svo keyrði hans næsti maður okkur í fleiri tíma um og fyrir utan borgina - og fleiri og fleiri. Meðal annars vorum við í te hjá Böggild - vildi hann bjóða upp á frúkost en við urðum að fara um kvöldið. Hann var hinn indælasti og hafði hann hjá sér sinn gamla íslenska seppa. Var ekki frítt (við) að (mitt) gamla nationalistíska hjarta hrærðist, þrátt fyrir að hundskrattinn kannaðist alls ekki við mig sem landa sinn; en galti og hamaðist - en hann var kannski orðinn of mikið danskur og of langt síðan hann og ég höfðum verið heima.

Frá Montreal fórum við till Winnipeg - 47 klukkutíma ferð sem við (í) þessum hita fórum svefnvagnslaus. Ivar hélt nefnilega að ég myndi kvarta og kveina yfir þessum löngu járnbarutarferðum, svo ég með mínum þráa ætlaði bara að sýna honum að íslendingar geta líka verið seigir. Þar tóku á móti okkur indælu Hermannshjónin og tóku okkur heim (með sér) og þar spjölluðum við til kl, 1½ um nóttina. Fengum við að vera hjá þeim fyrstu fjóra dagana og vorum boðin að vera þar áfram, en ég sem er alltaf hálfhrædd við að níðast á vinsemd vildi heldur fá herbergi úti í bæ. Maður er jú frjalsari (þar). Svo nú búum við í litlu garðhúsi efst upp á hanabjálka en svona precis sem ég vil hafa það. Ég hef litla gasmaskínu sem ég get lagað kaffi (á) og frúkost og svo bordum við eitt mál úti í bæ. 15 dollars á mánuði. Hér höfum við miðstöð okkar, þrátt fyrir að við ferðumst hingað og þangað. Skal ég nú segja þér að þörf var á að ég gæti “kokað” kaffi sjálf - því aldrei á minni æfi hef ég séð eða reynt svona kaffi sem svíar og íslendingar hafa hér og í Staterna. Bara er mér dettur það í hug fer um mig hrollur - pardon - á einu sænsku kaffihúsi var gott kaffi - var (ég) boðin á það af Svenska Kanadatidningen.

Í herberginu hef ég eitt bord, kómmóðu, ruggustól, tvo aðra stóla og rúm sem er 1½ metri á breiddina - “ámu” kalla ég það. Það er nú aldeilis voða rúm (sem) fólk heldur sig með hér, mig hefði ekki getað dreymt um þvílíkt og slíkt. Við erum bráðum búin að vera hér í tvær vikur og fyrst í gær gat ég fengið tíma til að skrifa. Ég bý hér ein svona í tvær vikur. Ivar fór vestur með Jakobi Kristjánssyni til British Columbia að stúdera skóga og atvinnuforhold þar. J.Kr. er hjá B.N.R. járnbrautarco. og bauð honum með sér og nú á ég að sitja bísperrt og skrifa af gömul rit. Er nú ekki byrjuð enn, má til að skrifa ykkur og svona sofa út eftir allt snakkið og súnna mig svolítið. Hér hafa verið einlæg boð fyrir okkur síðan við komum. Ég spurði Önnu systur eftir adressum til vestur-

íslendinga - ég hef enn ekki þurft þeirra með því Einar Páll Jónsson ritstjóri Lögbergs og Sigfús Halldórs (Blöndal frá Höfnum) hafa introducerað okkur, svo sífelld boð (eru) öll kvöld. Meðal annars eitt kvöld hjá séra Birni Jónssyni; hitti þar líka systur hans Valgerði frá Ási í Ásbyrgi, ljómandi gáfuð og intressant kona - bóndakona. Þau komu hér fyrir 52 árum svo hún hafði margt að segja frá. Svo hjá Ragnari Jónssyni, kona hans er systir Ragnheiðar heitinnar frá Engey. Í fyrrakvöld hjá Gísla Jónssyni bróður Einars Páls., aldeilis ljómandi familia, þrjár yndislegar dætur og var sungið og spilað allt kvöldið, var mikið söngfók saman komið. Sigfús Halldórsson og hans kærasta, hún er söngkona, sungu bæði, Sigfús syngur ágætlega. Svo Einar Páll með sína yndislegu dimmu músikölsku rödd. Yndislegt kvöld og var ekki frítt (við) að frú Hermannsson yrði impóneruð yfir íslendingunum. Hún hafði ekki kynnst þeim persónulega fyrr, sjálf er hún afskaplega músikalískt intresseruð. Svo hef ég hitt Ragnar Kvaran og séra Rögnvald Pétursson - prestur, prestar og sífellt prestar. Hér er “*kamp om sjálarna*” vertu viss og hér ætla ég nú að synda á milli svo neutral sem mögulegt er “því hvers og eins guð er sá eini saliggörande”.

Á ég nú eftir að fara til þessara síðustu en er með miklum virktum boðin og beðin að koma. En hugsaðu þér sem hefur komið fyrir. Ég hef reynt bæði gegnum presta og aðra að leita uppi adressu Rúnu fóstru minnar, systur hennar Fríðu sálugu. En ég vissi ekki hvað hún hét sem gift og enginn gat gefið mér neina upplýsingu. En hvað skeður. Einar Páll skrifar í Lögberg um Ivar og nefnir mig “Lóu frá Nesi” - hef enn ekki séð það. Fyrir þrem dögum fæ ég bréf frá Rúnu minni og heimsóknarboð. Hún býr ca. 75 mílur hér fyrir utan - og 9 mílur frá járnbrautarstöðinni, svo nú hefi ég skrifað til hennar að ég geti komið til hennar hvenær sem hentar best fyrir hana, og býst ég við að ég fari meðan Ivar er fyrir vestan.

Ekkert hefði getað glatt mig meira og máttu trúá að Einar Páll var glaður þegar hann færði mér bréfið, sem hafði verið sent til hans, því hann skildi undir eins að þetta væri konan sem ég hafði verið að grenslast eftir. Svo gaman er nú að þessu öllu saman.

Mikið er veðrið gott, himinninn og heiðskíran eins og heima í norðanveðri og slík og þvílík jörð. Aldrei hefði ég getað trúað að jörðin væri svo feit og svo svört.

Við fórum á laugardaginn til sænsks *stórfarmara, närmare bestämt skåning*.⁹¹ Hann átti 1150 acres preríu - 26 hesta og tvö folöld - veit ekki hve margar kýr. Stóran *köksträdgård*⁹² sem var svo vanræktur að sveið í minni sál en allt óx - óx - óx. Fjórir synir heima og

⁹¹ Stórbóni frá Skáni í Svíþjóð.

⁹² Matjurtagarð.

húsbóndinn, en svo sóðalegt útifyrir og húsin og allt í mestu niðurníðslu, var sem enginn skifti sér af hvernig liti út kringum heima. Hefði viljað sjá hana mömmu mína á þessari jörð, þá liti öðruvísi út - eða þó það hefði ekki verið nema ég sem hefði verið þar. Karlmenirnir voru að “*träska säden*”⁹³ í eigin *träskmaskin*.⁹⁴ Átta hestar og 8 karlmenn keyrðu og mötuðu *träskmaskinen* seint og eilíft og höfðu þó ekki við.

Á sunnudaginn keyrði Hermannsson okkur til Selkirk og Gimli, borðuðum lunch með -- og keyrðum allan daginn. Við keyrðum veg á sléttunni sem var þráðbeinn og sléttur, 35 enskar mílur. Það var eins og að keyra beint inn í himininn. Fórum alla leið til Winnipeg Lake (þar) sem fjöldinn allur af Íslendingum lifir af farming og fiski. Hitti engan Íslending þar nema Einar Pál og nokkra með honum, hafði hann leitað að okkur fyrir part dagsins til að fá okkur með sér til Gimli. En þegar við hittumst vorum (við) öll á heimleið. En við fórum náttúrlega eitthvert kvöldið þangað út, til prestanna.

Í gær kom Sigfús Halldórs og drakk kaffi, svenskt gott kaffi með rúsínuköku. Kom kl. 1 - og sátum og kjöftuðum saman bara allan daginn, kl. var 8 þegar við litum á hana. Er nú margt ævintýrlegt sem á dagana hefur drifið - en fjandi er strákurinn orðinn að reglulegum manni. Hann hefur vaxið á alla kanta og er í miklu álti í það minnsta hjá Svíum hér. Gengur beint og beygir sig ekki fyrir neinum; er afgerður socialdemokrat. Hann bauð upp á kvöldmat úti í bæ og höfðum við selskap frá 1-11 e.m. Ég veit mig aldrei hafa setið og skrafað og hlustað svona lengi og svona intresseruð.

Einar Páll er sá sami, jafnmikill *poet og romantiker* - og eins mikill Vermlendingur og hann hefur alltaf verið. Mikið vilja þeir allt fyrir okkur gera báðir blessaðir drengirnir. Þeir eru svo miklir Íslendingar báðir og hanga með ¾ hlutum af sálu og hjarta við Gamla Ísland. Blessun yfir þeim fyrir það.

Fékk bréf frá Gvendi.⁹⁵ Nokkrar línur eftir hann sjálfan *en slutklammen: Skaffa frimerken!*⁹⁶

Nú fer ég bráðum að vonast eftir bréfi að heiman. Ekki af því (að) ég sé neitt óróleg, en alltaf er gaman að heyra af ykkur og tíðunum mínum. Mundu nú eftir að skrifa mér ótt og títt, sérstaklega núna þegar ég er svo mikið með Íslendingum er það gaman - og svo um stelpurnar. Fæ ég aldrei nóg að heyra um Else Mari og ef þú tekur mynd sendu mér hana. Á enga með nema sem er tekin af Manzi þegar hún var síðast á Íslandi.

⁹³ Þreskja korn.

⁹⁴ Þreskivél.

⁹⁵ Guðmundur sonur Lóu mun hafa verið eftir í Svíþjóð, 16 ára gamall.

⁹⁶ Sendið frímerki. Hann var alla tíð frímerkjasafnari.

Heilsaðu mömmu innilegast og skrifa ég nú fljótt aftur þegar ég er búin að heimsækja Rúnu mína, fóstruna mína gömlu. Vertu nú blessuð Ásta mín og klappaðu litla Brún frá frænku hans í Kanada. Ég sé þig svona í huganum þeysast á gæðingnum og nú heyrði ég að Brynja hefði verið á hestbaki líka. Datt hún ekki af baki og mölvaði klárinn um leið?

Heilsaðu öllum. Minntu Gvend að senda blöð, hann gleymir því annars.

Blessuð, blessuð. Þín Lóa.

Lóa Vennerström skrifar Ástu Guðmundsdóttur. Winnipeg 18.9. 1928.

Ásta mín, fyrirtaks! Þakka þér nú afar (vel) fyrir bréfið og allar myndirnar og alla pistlana um Manzi mína, það eru nú sálmar fyrir mömmusálina. Og er nú ekki leiðinlegt að heyra að hún kemur sér vel þó hún sé orðin þetta stór og ekki litla barnið lengur. Ég get nú séð hana fyrir mér, þar sem hún gengur á milli góðbúanna, það er nú ekki amalegt fyrir litla krúttið mitt. Og myndirnar! Þær voru ágæt, en þú mátt til að senda mér copiu⁹⁷ af stelpunum í garðinum og þér og Glóu, og máttu nefnilega til að gefa henni Rúnu minni þær, svo hún geti fengið að sjá hana Glóu. Mamma hennar var jú besta vinstúlka hennar.

Ég er reglulega stolt af ykkur innanum öll blómin og þetta allt vex. Brynja hefur jú sagt mér frá öllum þessum undrum í garðinum hennar Glóu. Brynja er hrifin af öllu vaxandi, en er nú heldur löt við að hjálpa til, en ég held að Else Mari verði til í að hjálpa til að hreinsa og reyta ógresi, hún vill svo gjarnan hjálpa henni mömmu sinni. Á meðan ég man eftir; segðu Brynju að hún fái ekki að fara heim til Svíaríkis og til sinna kunningja fyrir en hún kunni íslensku, ég kem henni fyrir uppi í sveit sem smastelstu og þá verði hún að læra íslensku, og að mér er fyllilega alvara. Nú hefur hún svo gott tækifæri og ég vil að hún læri íslensku og það vel. Þegar fer að vetra gætir þú ekki kennt henni svolítið að lesa og skrifa; það er erfitt að læra málið nokkurnveginn ef hún kann ekki að lesa það. Þetta þótti mér leiðinlegt að heyra, hún sem var svo dugleg síðast í íslensku. Skýrðu nú þetta fyrir henni vel og segðu að mamma sé alvarlega leið yfir þessum “case” sem íslendingar segja hér. Það er nú grín fyrir fjóra málið hjá gömlu íslendingunum hér. Og það mesta grínið er að þeir hlæja að því sjálfir.

Ég var nú úti hjá henni Rúnu minni í 5 daga í afskaplegu yfirlæti og hefði ég beðið hana að ganga á höndunum fyrir mig hefði hún áreiðanlega reynt það. Já það var nú meiri dæmaleysan. Og frá morgni til kvölds í bíl akandi milli góðbúanna í þessu yfirlæti. Hvar

⁹⁷ Eftirtöku af ljósmynd.

(sem) ég kom var (ég) eins og ættingi heimt úr helju. Þangað komu svíar gangandi og keyrandi að heilsa upp á mig og heyra “frá gammel-lanne”. Ég mátti einungis fara heim til Svíanna “því” sem Björn Thorvaldsson maður Rúnu sagði “*Íslendingarnir eru svo margir og ef þú ferð til 3-4 þá verða allar þinar fjölskyldur fornermaðar og ég hef sagt þeim það sé ómögulegt að þú getir komist yfir að heilsa upp á alla*”. Þetta var ákveðið fyrirfram, ég fór með eins og viljalítið *kolly*, því ég hefði helst þurft (þess) með að fá að sofa til 11 á morgnana og hvíla mig, ganga út á “*filunum*” (ökrunum) og “*resta mig*” (hvíla) og umgangast kýr, hesta, kindur og hænsni. En þarna fékk ég ekki eitt augnablik annað en tala, tala, og tala við fólk. En mikið var nú gaman að því öllu saman. Segðu mömmu að ég hitti hana Siggu, kölluð *stóra*, var vinnukona hjá Ólafi í Mýrarhúsum og giftist Hreini Hreinssyni, sem réri með pabba í Leirunni og varð ég nú heldur en ekki að segja fréttir heimanað. Þau heita nú Goodman og eiga mesta myndarheimili, sem sonurinn hefur nú.

Og tók ég nú ráðin af og heilsaði upp á hann og fékk kaffi og pönnukökur. Rúna hélt stóreflis veislu (30 manns) og hélt þar Sigga Stóra ræðu fyrir mér: fyrir hefðarfrúnni frá Stokkhólmi, hm!!! Rúna er hér mesta myndarkona, á ljómandi mann og tvær stelpur og einn dreng, sem ekki er heima, mesta sómafólk. Rúna tekur á móti öllum heldri mönnum sem koma í kaptúnið og þegar ég kom þar bjó þar presturinn sem átti að predika í samkomuhúsinu. Eins og gott guðs barn fór ég í kirkju með þeim öllum. Og vil ég segja að ekki var það heppilegt fyrir prestinn. Það var í fyrsta skipti sem hann átti að predika fyrir þessum söfnuði og hér eins og annar staðar er stríðið um sálirnar *snarpt*. Og - hann var kominn inn í húsið - en enginn skipti sér af prestinum, allir flokkuðust saman kringum mig, heilsuðu og spurðu endalaust og þó presturinn hefði aldrei sagt neitt hefði enginn tekið eftir því. Og heima hringdi telefoninn allan daginn að bjóða og spyrja - og kl. ½ 9 komu karlarnir keyrandi og tóku mig bara með sér (Rúna hafði jú bíl líka) en hún réð ekkert við þessa bylgju sem hún hafði sett á stað, því viku áður en ég kom vissi öll sveitin af því, að ég ætlaði að koma. En guð minn góður hvað ég var þreytt. Trainið til Winnipeg frá kl. 7 um morguninn og ég sofnaði á augnablikinu og ég settist og svaf til togið var frammi í Winnipeg. Í tvo daga lét ég engan vita af mér og svaf og skrifaði, en (á) laugardaginn (þá var Ivar kominn vestur) vorum við boðin í lunch með enska socialistchefanum hér. Á supé hjá miss Thompson, sem var í Stokkhólmi í fyrrasumar. Sunnudaginn: á svenskum silfurtóufarmi - 675 silfurtóur - og þar var fullt af svíum. Um kvöldið hjá frú Brand (systurdóttir Ólafu Jóhannsdóttur) með Sigfúsi Blöndal og hans kærustu - en Ivar var svo uppgefinn svo hann fór heim og lagði sig. Í dag á miðdag hjá svía, á morgun lunch hjá miss Thompson og einhverri annarri social-woman og að ég held premierminister, heyrðist hún segja eitthvað um slíkt í telefon. Og svo er Ivar á einlægum audiensum hér og hvar og svo kemur hann

heim með bækur fullar af “anteckningar” og svo skrifa ég þær upp fyrir hann, svo hefur hann allt á sama stað. En það er intressant - en þreytandi. Í næstu viku förum við til Kyrrahafsins, 3 dægur í lagi - en við kannski stönsum eitthvað á leiðinni keyrum við ekki alla leiðina í einu. - Hætti nú um stund.

19. sept. Kem nú mett og góð frá *lunchinum* með þessari “social woman” og miss Thompson. Premierministeren hitti Ivar áður og talaði og pumpaði í klukkutíma. Mikið er nú gaman að miss Thompson og hvað hún vill fyrir mig og okkur gera. Í gærkvöldi er við komum heim stóð við dyrnar stóreflis blómvöndur með gladiolus og ylenbaunin (?) og bréfi. Maður verður nú alveg að smjöri yfir öllum þessum vinalegheitum. Á laugardaginn og sunnudaginn tekur hún mig alveg að sér, þá fer Ivar út til Fling-Flong námanna, og honum finnst best að ég sé heima en svo erfitt er að komast þangað. Þá ætlum við út í göngutúr til lítils fransks bæjar sem liggur nokkrar enskar mílur frá Winnipeg og þar á að vera lítill yndislegur restaurant. Já hún er sem sagt nokkuð makalaus og svo gaman að henni. Jú ég skrifaði þér víst langa og marga pistla um hana í fyrra og hún er eins ef ekki enn meira makalaus nú.

Jæja litla krúttið mitt hún Manzi þykir gaman að ríða. Ætli hún sé ekki eitthvað í ætt við okkur kannski. Brynja mín er eins og sátu á litla Brún. Hún situr og liggur náttúrlega alltaf og hreyfir sig ekki. Ég ætla að senda hana til Kanada hvað líður og láta hana studera þar og koma henni áfram í heiminum og slíta af sér fitunni. Sjálf hefði ég ekkert á móti að setjast hér að og fara hvergi heim aftur. Svona er ég. Hef aldeilis voða fína idé að slá mér fram ef á þyrfti að halda. Hér er allt í sínum ----. Allt er að vaxa og þroskast, allt stætt í utveckling. Og það intresserar mig nefnilega aldeilis sérstaklega. Finnurðu að ég er að fá Ameríkufeber og það eftir að vera komin hingað. Það gengur náttúrlega yfir eins og annað hjá mér.

Hvað eigum við að gera við Brynju og hennar íslensku? Ráddu eitthvað út úr því Ásta mín. Mér þykir þetta alvarlega leiðinlegt. Hélt og vonaðist til að hún myndi áreiðanlega verða flugfær eftir svo marga mánuði. En hvernig gengur fyrir litla hjartanu, hún er auðvitað farin að slampast áfram, hún sem alltaf er með börnum sem ekki kunna annað. Hún er fín hún!!!

Heilsaðu nú öllum og þakkaðu fyrir hana, bæði hinum megin og þeim innfrá og svo ykkur öllum saman. Þessi vera hjá ykkur mun hún eiga sem yndislegustu minningar í æskunni. Ljómandi idé að leggja hitaleiðslu og steypibað(i) ætti að vera hægt að koma fyrir í það minnsta. Gefstu bara ekki upp. Stattu!!

Heilsaðu öllum heima og taktu Brynju og skammaðu hana frá mér! en kysstu hana líka, því hún er væn og góð litla krúttið, lofaðu henni að koma á bak uppáhaldinu þínu. Væri gaman að hún lærði að sitja hjá ykkur. Hún þarf ekki að skrifa mér, annað en þegar er slæmt veður.

Vertu blessuð. Þín Lóa

PS Hvað heitir Svenni í eftirnafn. Segðu mér það næst. Kem til Saskatchewan og ætla að reyna að leita hann uppi. Spyr eftir Svenna frá Nesi.⁹⁸



Lóa og Ivar Vennerström

Lóa Vennerström skrifar Ástu Guðmundsdóttur. Winnipeg. 12.11. 1928.

Ásta mín ágæt! Þúsund þakkir fyrir stórt og kærkomið bréf sem ég fékk er ég kom til Winnipeg, og var mig nú heldurenekki farið að lengja eftir fréttum frá ykkur heimanað - og sérstaklega frá litlu stelpunum og hestunum (um sorgina þína og heimilisins þori ég ekki að fara út í því þá fer ég líka að gráta). Ég stórgrét er ég las bréfið þitt Ásta mín. Ég skil þig meir en vel. Eitt er bara víst að hestur sem er vinur manns er orðinn hluti af manni sjálfum. Og því ættir þú ekki að syrgja hann eins og vin. Ásta! Eitt langar mig til að biðja þig um. Ef þú átt nokkra góða amatörmynd af þér á Brún þínum, þá láttu stækka hana svolítið handa mér, ég vil hafa ykkur bæði á veggnum við hliðina á gamla Brún og Gvendi bróður. Þú færð nýjan hest, indælt og ég samgledst þér Ásta mín, mamma er frú sem skilur þetta svona vel - en hún missti jú Brún einu sinni og hann var jú hennar tíunda barn, svo það er náttúrulegt að hún skilur. Þér kemur (til með) að þykja

⁹⁸ Mér er í minni hve oft var talað um Svenna. Hann var uppeldissonur Kristínar, en fluttist til Ameríku og gerðist hermaður í síðari heimsstyrjöldinni. Ég hef ekki heyrt hans getið en rakst nýverið á mynd af honum.

eins vænt um hann, en ekki vænna. En nú hefði verið heppilegra að þú hefðir verið í Stokkhólmi í vetur, þá hefði ekkert dregið þig heim svona hraparlega eins og síðast. En það skildi ég líka vel, því hvað er að vera í bæ innanum allan gauraganginn á mótis við (það að vera) heima og hafa hest. Ekkert getur jafnast á við hest (ég undansk. Ivar og krakkana mína). Hvað hefði nú verið gaman að vera með í reiðtúrum með Manzi minni, hvað hún hefur haft gaman og hvað hún hefur gaman alla daga litla krúttið mitt, og á það nú við hana að hafa alla í vasanum, því systkini hennar eru ekki svo sérlega svag fyrir henni, og ég býst ekki við að hún sakni þeirra svo sérstaklega. Hún er jú mömmubarnið í Álsten. Og þegar ég er nú að ráðgera fyrir Brynju og Gvendi í framtíðinni - er Manzi aldrei með - hún er heima hjá mömmu sinni og á að vera heima hjá mömmu Lóu - það er víst og satt. Manzi krúttið, hún er fin þó hún sé svolítið mislynd, hún er Lóumömmu minnsti ungi og eftirlæti. Gott er að heyra af Brynju minni að hún”uppfærir” sig svona þrúðmannlega. Já hvaðan hefði hún það ef ekki frá pabba sínum. Þau eru í sannleika lík í öllu, jafn stillt, jafn væn og góð. Er óskiljanlegt hvaðan þessar persónur eru skroppnar með svo miklu góðu samsafnað í eina. Jæja Brynja mín, kannski giftist hún einhverju misjöfnu eins og pabbi hennar og hún þarf á sínum gæðum að halda. Verður nú ekki smávegis lítið gaman að hitta alla sína unga aftur og koma heim úthvöld og glöð. Þetta var nú nokkuð fyrir mig að fá að koma(st) burtu og fá þetta makalaus “ombyte” áhyggjulaus, lítið að gera, sjá og heyra svo margt nýtt og intressant - og fá að gera þessa ferð með mínum ágæta manni vars studieintresse er óbılanlegt. Alltaf á fartinni bæði nótt og dag, pikkar upp fólk af öllum sortum og spyr og spyr. Skil ekki hvernig hann heldur út. 20 nætur hefur hann keyrt á járnbraut og svo unnið á daginn og alltaf jafngóður og jafnglaður. Vesturferðin tók 38 daga, þar af 12 næturferðir. Mikið var það nú intressant alltsaman og mikið fallett og ólíkt hef ég séð, og margt duglegt fólk, en það er langt mál sem er betra að geyma (þar) til ég sé ykkur heima. Meiningin er nú að koma heim í vetur. Ivar vill að ég verði honum samferða heim á Kungsholm sem fer frá New York þann 8. Verð heima yfir jól og legg svo á stað heim til Íslands í byrjun janúar. Kem þegar ég kem, spássera fram að Nesi og ber að dyrum. Þessi ferð getur ekki verið hentugri nokkurntíma fyrir mig. Dæturnar að sækja, þessi góðu hjón sem sjá um Gvend og Ivar og húsið. Ómögulegt að hafa það betur ornað. Hugsaðu þér þá sorglegu fregn (sem ég) fékk frá Gvendi: kötturinn er burtu. Hann heldur að hundur hafi rífið hann í hel. Hafa leitað og spurst (fyrir) um hann. Nei hann er burtu. Svona fór það, eina skepnan sem ég átti. Kannski hann hafi farið út í heiminn að leita að mér. Hann var nú ekki neitt svo sérlega gáfaður greyið, svo hver veit hvað að honum hafi komið.

Í dag er þessi breski “*thanksgivingday*” með 2 mínútna þögn og friðar og kirkjuferðir og slíkt. Einar Páll vildi við kæmum með sér í Lúthersku kirkjuna (ekki Unitara - Kvarans) en íslensk þó. Og við erum að hugsa um að sjá þeirra guð líka. Í þessu landi eru margar tegundir af guði almáttugum, og hver fyrir sig er sá eini sanni. Fékk lánaða Kristínu Lavrandsdóttur af frk. Thompson, hef ekkert að lesa. Er byrjuð og hálfnuð með fyrsta heftið. Vil ég segja að stúlkurnar og konurnar lifðu víst frískt og frítt í þá daga, allar voru óléttar þegar þær giftust og flestar með öðrum manni en þær giftust - og svo talar fólk um siðprýðina á fyrri tímum.

18. nóv.

Ekki varð nú úr að ég kláraði bréfið og er nú komin heil vika síðan ég byrjaði, en ein löng ringulreið alla vikuna. Ég er svo þreytt og hálf leið á öllu þessu fólki og tali. Er gott að hugsa til 10 daga ferðar á sjónum og fá að hvíla sig eftir alltsaman. Hefi verið úti með frk. Thompson á krysantemumsýningu inni í vermihúsi, mikil lifandis ósköp var það nú fallett. Hundrað eftir hundrað af allavegana tegundum, stórum sem barnshöfuð, og allan daginn stóð fólk í fylkingum að komast að og sjá. Verð að segja þér að ég hafði tekið feil hefti af Kristínu Lavrandsdóttur, byrjaði á því síðasta, en er samt afskaplega heilluð. Kaupi mér hana í Noregi og les hana alla á heimleiðinni til Íslands, ættu það að vera kringumstæður til að njóta hennar fyllilega.

Fékk bréf frá Brynju minni og sagði hún mér heldur en ekki frá afmælisdýrðinni hjá Manzi minni - pampúskurnar og svo paraplyið⁹⁹ og svo engin rigning, já er það ekki svo maður ekki getur sagt neitt við slíku og þvílíku. Er sem ég sjái hana, regnhlíf hefur nú alltaf töfrað hana og eru þegar tvær heima sem hún hefur spáserað með svo enginn getur meira notað þær. Þökk, þökk fyrir hana og mig fyrir allt sem þið gerið fyrir hana og Brynju. Sagði hún líka að mamma hefði gefið henni efni í kápu. Þið eruð nú alltaf væn bara og launin fáid þið í komandi lífi, því aldrei verð ég víst maður (til) að launa ykkur. Kysstu mömmu þangað til ég kem og geri það sjálf með þakklæti. Ivar fór í dag til Regina og Calgary og verður 5 daga í burtu og á sunnudaginn kemur förum við líklega héðan.

Þessa viku sit ég með mína maskínu í þinghúsinu í eigin stofu og skrifa af gömul rit. Í gær vorum við í Gimli við Winniepeg lake í íslendingasettlementinu. Heilsuðum þar á meðal upp á Elliheimilið, sem er reglulegt óskabarn vestur-íslendinga. Hitti þar gamlan þingmann sem heitir Halldór Daníelsson, sem ekki bara þekkti mömmu, heldur þekkti báða hennar foreldra og foreldra þabba líka. Hitti þar 95 ára gamla konu sem spanna frá

⁹⁹ Skóhlífar, regnhlíf.

7-7 um eftirmiðdaginn. Kom hingað 55 ára og (hefur) aldrei leiðst. Sonur hennar er læknir í Glenborn. Talaði við hann lengi og þegar við ætluðum að fara, því allir sváfu miðdegissvefn sagði hún upp á gamlan íslenskan máta: “*Nei ekki megið þið fara fyrr en þið eruð búin að fá kaffi?*”.

Með okkur var Jakob Kristjánsson bróðursonur¹⁰⁰ fjármálaráðherrans heima. Hann hefur tekið Ivar með sér í ferðalög og verið afskaplega hjálpsamur. En hann sagði líka við mig “að Ivar sé sá eini skandinaviski blaðamaður sem hafi viljað kynnst Kanada og nennt að skapa sér meiningu um landið”. Ágætis drengur og í fyrirtaks álit hér bæði hjá svíum og kanadensurum.

Vertu nú margblessuð Ásta mín. Kysstu krúttið mit

elskulega og kenndu henni það sem þú vilt leggja á hana, vona að hún verði ekki svo lærð er ég kem heim að ég kannist ekki við hana, hjartabarnið.

Blessuð, blessuð og allir kvaddir ástúðlegast! Þín Lóa systir.

¹⁰⁰ Sennilega bróðir Magnúsar Kristjánssonar (1862-1928) sem var fjármálaráðherra 1927-1928.



Mýrarhúsastrákarnir og Svenni sem fór til Ameríku.
Frá vinsti: Sveinn Sveinsson, Guðmundur, Gunnar, Skúli, Ólafur og Björn Ólafs.

Saga frá Stokkhólmi.

Úr dagbók E.Á.

Stokkhólmi. 10.3.1956.

-- Á fimmtudaginn var Stúdentafélagsfundur og tók ég Gunnu¹⁰¹ frænku með mér þangað. Við fórum út á Vanadisplan og biðum eftir bíl. Þá fór leigubíll framhjá. Heilsaði bílstjórinn með því að veifa til mín. Þetta var þá Sture Pettersen, námskeiðsbróðir minn sem vinnur aukalega við akstur. En hann var með farþega. Til mikillar furðu okkar stansaði hann eftir augnablik. Út úr bílnum kom Halldóra Briem Ek, arkitekt, frænka mín, og kallaði á okkur. Hún veitti athygli þeim sem heilsaði bílstjóranum og sá að það var ég.

Hvílík tilviljun!

Ágætt var að koma á fundinn. Sveinn Einarsson stóð upp og hrósaði Helga frænda og lýsti velvild Stokkhólmsstúdentanna til hans. Sagðist hann vona að nýi sendiherrann, Magnús V. Magnússon, sem þar var staddur, ásamt konu sinni, myndi öðlast þá velvild nýlendunnar sem fyrri sendiherrann hafði notið. Sendiherrann þakkaði sjálfur feiminn fyrir með klaufalegum orðum. -

Ég heilsaði Magnúsi sendiherra¹⁰² að loknu borðhaldinu og þóttist hann ekki þekkja mig í fyrstu. Síðan kom í ljós, þegar hann talaði við Gunnu, að hann þekkti mig mætavel. Það var ósköp bjánalegt að vera að kynna sig hátiðlega fyrir honum úr því að hann þekkti mig. Hvort hann er feiminn veit ég ekki, þó held ég að svo sé, kannski lítt reyndur. Menn ættu að vera eins pósítífir eins og mögulegt er og vingjarnlegir. Hann parkeraði sér niður á stól og heilsaði engum. Fólk varð fyrir sárum vonbrigðum eftir að vera búið að bíða svona lengi eftir komu hans. Sjálfsagt hefur hann vaxið í starfi sínu.

Siggi Þór¹⁰³ skemmti með stórskemmtilegum vísum eins og hans er vandi.

Ég varð alveg stórkostlega hissa þegar Tommi Tomm¹⁰⁴ sneri sér að mér og heilsaði. Hann hefur verið eitthvað hér í Stokkhólmi og er alveg sárgrætilegt að við skulum ekki

¹⁰¹ Guðrún Guðmundsdóttir Bergström frá Nesi. Hún giftist til Svíþjóðar og bjó lengst í Helsingborg gift Karl Bergström ríkisþingsmanni jafnaðarmannaflokksins og sem nú voru í Stokkhólmi yfir þingtímann.

¹⁰² Magnús Vignir Magnússon (1910-1971) var sonur Magnúsar Sigurðssonar bankastjóra Landsbanka Íslands og hafði fjölskyldan undanfarið lengi búið í Ráðherrabústaðnum, Tjarnargötu 32. Magnús var bróðir Elínar konu Björns Ólafs bankastjóra frá Mýrahúsum frænda míns.

¹⁰³ Sigurður Þórarinnsson (1912-1983) jarðfræðingur, sem þá var háskólakennari í Stokkhólmi.

hafa vitað hvor af öðrum. Hann var á leiðinni til Moskvu daginn eftir. Því miður var ekki tækifæri til að ræða við hann í öllu því vírvari sem þarna var. Það var sannarlega leiðinlegt, því Tommi er alltaf skemmtilegur, þótt mér sýnist hann, því miður, vera á leið að verða diplomat og er það sárgrætilegt er menn loka sig inni í formlegri skel, en svo verður víst að vera. Ég vona að ég hitti hann aftur áður en ég fer héðan. --

5.5.1956.

Þá fyrr um daginn hitti ég Jón úr Vör¹⁰⁵ á götu og verður hann hér um tíma til að líta eftir þegar Arianne Walgren þýðir eftir hann. Hann var ósköp glaður þegar hann sá mig enda var strákgreyið heldur langt niðri.

Ég bauð honum heim og sátum við hér og ræddumst við. Hann er svo sár einhvern veginn yfir því að straumurinn sem hann og jafnaldrar hans komu með heim hafi nú farið framhjá áður en menn voru búnir að átta sig á honum og nú fykju restarnar af honum burtu á augnabliki þegar Hannes Pétursson kæmi fram. Enda er ekki furða að Hannes með sína glæsilegu skáldgáfu og glæsilega gáfulega hugarheim við hliðina á Jónu með sína gáfu sem er ekki alltof mikil, þótt góð sé að sínu leyti, en skortir allan glæsileika. Jón er barn, sannur túlkandi tíma sem kom og fór, sem betur fer, en Hannes er maður eilífðarinnar, ekki ódauðlegur sjálfur í kvæðum sínum, enn sem komið er, en hugarheimur hans er afbrigði af því besta í klassíkinni, sem alltaf lifir af stuttar stefnubreytingar, eins og undiralda sem breytist ekki þó gárurnar leiki á henni. --

¹⁰⁴ Tómas Á. Tómasson (1929) sendiherra.

¹⁰⁵ Jón úr Vör (1917-2000). Ljóðskáld, bókavörður o.fl. Ég hafði kynnst fjölskyldunni hans fyrir vestan þegar Sigrún systir hans var í vist hjá mömmu.

ANNAÐ EFNI.



Jón biskup í sparifötunum.

Jón Helgason: Yfirreið um Norðurland

Sumarið 1925

Mig hefur oft iðrað þess að ég skuli ekki hafa haldið dagbók á embættisferðum mínum hér á landi sem biskup, ekki síst sjálfs míns vegna. En af því ég byrjaði ekki á því fyrsta sumarið, hefur ekkert orðið úr því síðan. Hins vegar gefur að skilja að frá ýmsu hefði ég haft að segja og ýmislegt í pennann að færa frá þeim ferðum mínum. Fyrir sjálfan mig, að minnsta kosti hefði það verið því ánægjulegra að eiga það uppteiknað, sem á dagana hefur drifið, sem ég öll þessi níu sumur, sem ég hef riðið yfir landið; hefi átt því mikla láni að fagna, að aldrei hefur neitt óhapp viljað til, er tafið hefur ferðir mínar og aldrei átt neinu öðru að mæta af mannanna hálfu en rétt óskiljanlega mikilli ástúð hvar sem ég hef komið, svo að hér er að heita má eingöngu um hinar ljúfustu endurtekningar að ræða.

Ég hef frá æsku haft háar hugmyndir um íslenska gestrisni. En að hún væri á jafn háu stigi og ég veit nú að hún er, um það dreymdi mig aldrei. Það hefur oft verið gefið í skyn, bæði opinberlega og manna á milli, að íslenska gestrisnin væri í hnignun. Ég hygg

það vera hinn mesta misskilning. En hvað sem því líður hef ég aldrei verið sannfærðari um það en nú, eftir að hafa ferðast fram og aftur um byggðir þessa lands, að hvergi um víða veröld búi jafn gestrisin þjóð og á Íslandi. Ég hef líka frá bernsku haft þá trú að náttúra stæði að engu, hvað fegurð snertir að baki því sem önnur lönd hafa að bjóða auganu.

Þessi trú mín hefur ekki minni orðið við að ferðast um sveitir landsins. Síður en svo sé. Fegurð Íslands hefur vaxið í augum mínum við hverja ferð mína og oftsinnis hef ég rekið mig á, að það sem ég hef látið segja mér um hina og þessa sveitina, að þar væri „ljótt“, reyndist mér allt á annan veg er ég kom þangað sjálfur. Ég hef einnig, lengst af, verið þeirrar skoðunar, að alþýða manna stæði í menningarlegu tilliti rétt óvenju hátt, miðað við alla aðstöðu. Við þau kynni, sem ég hef fengið af íslenskri alþýðu á ferðalögum mínum hefur sú skoðun mín ekki haggast vitund. Miklu fremur hef ég aldrei verið jafn ódeigur að halda því fram og nú, að yfirleitt sé menning íslenskrar alþýðu á miklu hærri stigi en á sér stað með alþýðu manna í öðrum löndum, þrátt fyrir margfalt erfiðari aðstöðu hér en annars staðar til þess að auðga anda sinn.

Um þetta hefði mátt skrifa miklu meira en hér er rúm til og allt þetta hefði staðið enn ógleymanlegar fyrir hugskotssjónum mínum, ef ég hefði frá upphafi tekið það ráð að halda ferðabók eða að minnsta kosti að skrifa niður að ferðalokum það helsta sem ástæða þótti til og gat orðið sjálfum mér til minnis og ánægju er fram liðu stundir og ef til vill einhverjum til fróðleiks síðar meir.

Hið eina, sem ég hef skrifað um ferðir þessar, geymir vísitazíubók biskupsdæmisins, en það sem þar er skráð hlýtur að vera mjög einhliða þar sem það lýtur mestmegnis að ásigkomulagi kirkna og prestsetra, og að krikjulegum hag safnaðanna.

Svo sem fyrir sögn greinar þessarar ber með sé þá verður hér skýrt frá ferð minni á næstliðnu sumri um Húnavatns- og Norður-Múla prófastsdæmi. --

Eins og lög gera ráð fyrir skal byrjað á Húnaþingi. Ég hafði verið að geyma mér þetta prófastdæmi svo sem eitt af hinum auðveldustu yfirferðar, þangað til ég hefði lokið við þau sem lengst eru burtu og erfiðust má telja yfirferðar. Sennilega hafa fyrirrennarar mínir á biskupsstóli hugsað eitthvað svipað þessu, en afleiðingin orðið sú að prófastsdæmi þetta var á hakanum. Heilsa og líf entist ekki til þess. Síðan einn varð biskup á öllu landinu hefur Húnaþing allt verið vísitarað af biskupi, aðeins einu sinni. Gerði það Steingrímur biskup Jónsson árið 1833 eða fyrir 92 árum. Þórhallur biskup fór um austurhluta sýslunnar 1910. Kom þá í nokkra kirkjustaði, af því að þeir voru í leiðinni. Má því með sanni segja, að tími væri kominn til þess að heimsækja Húnavetninga er ég kom til þeirra í sumar.

Til að byrja á byrjuninni, þá var lagt á stað með Suðurlandi til Borgarness að morgni mánudags 13. júlí. Við vorum þrjú saman, konan mín, sonur og ég. Hér í höfðuborginni hafði þá varla stytt upp í þrjár vikur og enn var dimmt í loft að líta og allt útlit fyrir vætutið áfram. Þó var gott í sjóinn uppyfir. Ég hafði gert bifreiðastjóra þar orð á undan mér að hafa bifreið búna handa okkur er þangað kæmi og stóð ekki á því. Eftir stutta dvöl í Nesinu var ekið á stað. Ekki skal þess dyljast að mér þótti gott að geta byrjað ferð mína í lokaðri bifreið, því naumast hefði verið þurr þráður á okkur um kveldið, ef við hefðum átt að ríða þennan fyrsta áfanga ferðarinnar. --

Að tveim tímum liðnum vorum við komin að Hraunsnefi, og lengra varð ekki komist með bifreið, því að Norðurá flóði yfir bakka sína, og ekki var leið til að komast fyrir „nefið“. Vegurinn var þá á síðasta spottanum allur í kafi. Ökumaður kannaði dýpið, en varð að snúa við þegar komið var í mitt læri. Veðrinu hafði slotað í bili, svo að ekki sakaði þótt við yrðum að fara úr bifreiðinni, enda var örskammt til næsta bæjar ef um lengri bið hefði verið að ræða. En hér var sama sem engin bið. Því að vörmu spori sá ég til fylgdarmannsins á eyrunum fyrir neðan Dalsmynni og áður en hálf stund var liðin var hann kominn með alla hestana til okkar. En einnig honum hafði dvalist í Sökkólfssdalnum lengur en til stóð vegna aftaka úrkomu fyrir vestan „Brekuna“. Fylgdarmaður sá, sem hér ræðir um, var frændi minn, Guðmundur bóndi Theodórs frá Stórholti í Saurbæ, sonur Theodórs sál. Ólafssonar á Borðeyri. Hafði hann tvisvar áður hestað mig og fylgt mér á ferðum mínum og veit ég engan mann ágætari til þeirra hluta en Guðmund bónda. Hann er, að allra dómi, drengur hinn besti, en jafnframt á góða hesta og lætur sér sérlega annt um að hestunum sé aldrei ofboðið. Auk þessa er hann mesti dugnaðarforkur og stakur reglumaður um allt og hinn skemmtilegasti samferðamaður. Leist mér ágætlega á hestana sem hann Sverri hafði ætlað mér, enda reyndust þeir ágætlega.

Var nú í snatri lagt á hestana og við ferðalangar klæddumst olíufötum, því búast mátti við vætu enn. Hugsun mín hafði verið sú að komast norður í Fornahvamm, eða að minnsta kosti að Sveinatungu, en þetta reyndist eigi gerlegt því Sanddalsá var talin ófær af vatnavöxtum. Var það ráð því tekið að fara að Hvammi í Norðurárdal og beiðast gistingar. Hvammur var til skamms tíma prestsetur þar í Norðurárdalnum, allt þangað til prestakallinu var steipt saman við Stafholtsprestakall. Nú er það prestsetur eign ábúandans Sverris Gíslasonar (prests Einarssonar, er síðast hélt Hvamm, en fluttist þaðan að Stafholti). Sverrir bóndi var ekki heima en okkur heimiluð gisting af húsfreyju þar á staðnum, Sigurlaugu Guðmundsdóttur (Ólafssonar á Lundum) og lét sú ágæta kona fara prýðilega um okkur, enda þótt, að ég hygg, fjórir næturgestir væru þar fyrir, hrossarekstramenn, er voru á leið til Reykjavíkur.

Er vel húsað í Hvammi og mesti myndarbragur á öllu, bæði innan húss og utan. En vegna úrkomunnar gafst ekki tækifæri til að skoða sig um, þó að mörgum þyki fallett þar í Hvammi.

Skömmu eftir dagmál næsta dag var aftur lagt á stað. Veður var talsvert betra en daginn áður og í ánum hafði minnkað um nóttina, svo að- þær gerðu engan farartálma. Bjuggumst við jafnvel við þurrum degi er farið var frá Hvammi, enda hélst hann þurr upp að Fornahvammi. Hvíldum við þar nokkra stund, en þegar aftur skyldi á stað halda, var komin úrhellisrigning, svo ekki var um annað að tala en klæðast regn-verjum og var það gert. Síðan var haldið á Holtavörðuheidi, sem mér hefur ávallt þótt allra heiða leiðust, og þó ekki síst nú vegna vondrar færðar á heiðinni eftir látlausa úrkomu undanfarið. Úrkoman var talsverð sunnan til á heiðinni eftir regnið sakaði ekki því við höfðum það á bak. Þegar kom norður fyrir Hæðarstein stytta upp. Var það jafn snemma að sást norður yfir og út allan flóa og rofaði til svo að fór að sjá í bláan himininn.

Gat Norðurland ekki heilsað okkur betur enda var sú alvara með veðrabrigðin, að varla kom dropi úr lofti upp frá því þá 19 daga, sem við dvöldum í Húnavatnssýslu, að minnsta kosti ekki svo að verjur þyrfti upp að taka. --

Ekki get ég neitað því að ég varð all feginn því er norður var komið og við vorum aftur í byggð. En því olli að sjálfsögðu „fyrsta-dagsþreyta“ er um leið varð „síðasta-dagsþreyta“, svo var Guðmundi Theodórs fyrir að þakka og hestum hans. Þessi þreytukennd var þess valdandi að við hröðuðum ferð okkar auk þess sem fyrst að komast í fyrirhugaðan áfangastað og því var hvergi komið við á bæjum, þar í Hrutafirðinum fyrr en á Þóroddsstöðum. Má ég þar sérstaklega gera Jósef vini mínum á Melum afsökun mína fyrir, að ég í þetta sinn reið framhjá garði hans. Ekki kom ég heldur við á Stað, hinu gamla prestsetri, þar sem nú búa þeir synir Eiríks prófasts Gíslasonar, Gísli og Jón. En á báða þessa staði var komið sumarið 1924 er ég vísiteraði Strandaprófastdæmi.

Þegar við stigum af baki á Þóroddsstöðum var komið fram á áttunda tímann og því engin furða þótt maður væri tekinn að preytast. Sérstaklega hafði þetta verið fullerfiður áfangi fyrir konuna mína, sem ekki hafði á hest komið í fjögur ár. Á Þóroddsstöðum var til vína og frænda að koma. Býr þar Þorvaldur hreppstjóri Ólafsson (fyrrum dómkirkjuprests Pálssonar) gamall Reykvíkingur að því leyti sem hann er fæddur hér og ólst hér upp fram yfir fermingu. Við Þorvaldur teljum okkur systrasyni, án þess þó að vera það í raun og veru. Víkur þeim skyldleika svo við, að mæður okkar voru stjúp systur. En í föðurætt hans og móðurætt mína er nokkur skyldleiki með okkur, þar sem við erum báðir niðjar Högna prófasts Sigurðssonar - fimmmenningar að

frændsemi. Kona Þorvalds er Ingibjörg Ólafsdóttir (frá Hvalsá í Hrútafirði Ólafssonar) og er ekki gott að segja hvort þeirra hefur átt mestan þátt í að gera garðinn frægan þar sem þau hafa búið, húsbóndinn eða húsfreyjan.

Þegar ég 1924 vísitæði Strandaprófastdæmi brá ég mér frá Stað út að Þóroddsstöðum án þess að heilsa upp á þennan frænda minn, sem ég þá hafði ekki augum litið í 49 ár. En þar sem ég gat ekki átt nema skamma dvöl hjá honum í það skipti, lét hann mig lofa sér því að gista hjá sér þegar ég kæmi í Húnavatnssýslu og það loford varð ég að efna.

Þorvaldur hefur búið rausnarbúi á Þóroddsstöðum, aukið jörðina mjög og bætt og húsað ágætlega. Meðal annars hefur hann reist þar tvílyft steinhús, einkar vandað og er þar hóbýlaprýði innan húss, svo sem best getur verið til sveita. Þorvaldur hreppstjóri er nú á sjötugasta ári og hefur því selt mikið af búi sínu í hendur fóstursyni sínum Þorvaldi Böðvarssyni (síðast í Hafnarfirði Böðvarssonar), mesta efnismanni.

Ekki var flýtt sér á stað frá Þóroddsstöðum meira en svo, að klukkan var langt gengin í fögur þegar við stigum á bak, enda var ekki lengri leið fyrir höndum en að Melstað og er liðlega hálf þriðja tíma reið. En vísitasía skyldi fara þar fram á hádegi næsta dag. Veður var hið ákjósanlegasta og þreytunnar frá deginum áður varð ekki vart lengur. Vegurinn yfir hálsinn liggur nú miklu utar en áður gerði og má heita akfær austur að Miðfjarðará. Áður fyrr lá vegurinn frammar og var talsvert erfiðara upp á hálsinn, en útsýnið þá líka mun fallegra út yfir Húnaflóa, norður á Strandir og út á Vatnsnes. Þaðan sá ég fyrir allmörgum árum (1898) á dýrðlegri sumarnótt miðnætursól í fyrsta og einasta skipti, og mér er sú nótt ógleymanleg ávallt síðan.



Melstaður í Miðfirði.

Teikning Jóns Helgaonar. Léleg eftirprentun út dagblaði.¹⁰⁶

¹⁰⁶ Biskup hefur sjálfsagt farið árla á fætur eins og hans var vandi, og teiknað mynd af prestsetrinu.

Klukkan hefur verið eitthvað á sjöunda tímanum er við komum að Melstað, þar sem Arngrímur gerði forðum garðinn frægan með lærdómi sínum og margt ágættra presta hefur síðan setið. Að Melstað hafði ég komið aðeins einu sinni áður í tíð séra Þorvaldar Bjarnasonar, sem vel hafði mátt lærðan kalla, engu síður en Arngrím prest, þótt miklu reyndist hann afkastaminni til bókgagjörðar. Þá var þar mikill bær; hvort reistur af séra Guðmundi Vigfússyni eða séra Ólafi Pálssyni, veit ég ekki, en auðsjáanlega hinn prýðilegasti í alla stað, en mikið tekinn að láta á sjá, er ég heimsótti séra Þorvald þar, því að líklega hefur hann ekki verið hirðumaður að sama skapi og hann var lærður. Nú var sá mikli bær horfinn með öllu, en í staðinn komið steinhús, laglegt, en lítið. Það var séra Þorvaldur Kolbeins er reisti það hús, eftir að hann fluttist að Melstað, því að svo fornfálegur var bærinn orðinn, að í honum mátti heita óbúandi með öllu. En svo var séra Eyjólfur kallaður burtu áður en hið nýja prestseturshús var fullgert, svo að það varð eftirmannsins séra Jóhanns Briem að ganga frá öll því er ógert var. Mér dettur nú ekki í hug að segja að þetta prestseturshús á Melstað þótt vandað sér fari eins vel í umhverfi sínu eins og bærinn gerði meðan hann stóð. Því hvað svo má segja um íslensku bæina - og þeim má vafalaust ýmislegt til foráttu finna, ekki síst á Suðurlandi - þá er eins og þeir og íslenska náttúran eigi saman og eins og fallist í faðm. En játa skal ég, að hægra er um að tala en í að komast og má vel vera að gyllingin fari af torfbæjunum íslensku, ef ég hefði sjálfur átt að búa í þeim. Ég er þá líka sannfærður um að þau ágætu presthjón á Melstað mundu þakka kærlega fyrir, ef þeim væri boðin skipti á húsinu þar og torfbæ, eins og þeim er var þar áður. Ber þá líka öll umgengni þar á prestsetrinu augljósan vott, hve vænt þeim þykir um þetta vandaða prestseturhús sitt, enda var þar gott að vera og hefur fleirum fundist það sama, er þangað hafa komið. Man ég sérstaklega eftir því hve prófessorinn danski, dr. Vilhelm Andersen var hrifinn af að gista þar á landferð sinni til Akureyrar sumarið 1921.

Séra Jóhann er einn af mínum elskulegu lærisveinum frá kennaraárum mínum, Ég hafði því hlakkað til að heimsækja hann, og það því fremur, sem ég hugðist gera ráð fyrir að þar mundi verða lítil ástæða til útásetnings, enda rættist það í mesta máta. Er vart hægt að hugsa sér fállegri vitnisburð en séra Jóhanni var gefinn í öllum fjórum sóknum. Og trúað gæti ég því, að ekki fengi prestkonan lakari vitnisburð ef konurnar í prestakallinu væru spurðar. Bæði hjónin eru sunnlendingar - úr Árnessýslu, en una svo vel hag sínum á Norðurlandi að þau myndu síst hirða um að breyta til, þótt kost ættu á því. Frú Ingibjörg á Melstað er ættuð af Eyrarbakka, dóttir Ísaks verslunarmanns Jónssonar, alunnis og vel metins Eyrbekkings á sinni tíð, en Ísak var sonur Jóns í Vindási í Landsveit og Karenar konu hans, dóttur Ísaks Jakobs Bonnesens, er á löngu liðinni tíð var sýslumaður í Rangárvallasýslu.

Á Melstað hélt ég fyrstu vísitasíu mína í Húnaþingi. Eftir því sem unnt er að gera á rúmhelgum degi um sláttinn, mátti vísitasían heita vel sótt af sóknarfólki, en það kalla ég velsótt er fullur fjórði hluti allra fermdra sóknarbarna gefur sér tíma til að yfirgefa heimastörf sín til þess að vera við vísitasíu. Kirkjan á Melstað er býsna stórt og vistlegt kirkjuhús og í prýðilegri hirðingu, en mundi sóma sér betur ef hún væri máluð öll að utan. Tveir altarisstjakar eru þar í kirkjunni með ártalinu 1627, þ.e. frá tímum Arngríms lærða og sennilega útvegaðir eða gefnir kirkjunni af honum.



Biskupshjónin



Haldið frá Melstað

Guðmundur Theodórs, Páll Helgason, séra Jóhann Briem, Ingibjörg Ísaksdóttir, Marie og Jón biskup Helgason
 Að lokinni vísitasíu heima á Melstað var haldið yfir að Staðarbakka, hinu gamla prestsetri, sem nú er í eigu ábúandans þar Guðmundar bónda Gíslasonar. Einnig þar var margt manna samankomið. En ekki var kirkjan þar nálægt því eins vel ásigkomin og Melstaðarkirkja. En ofn var í báðum þessum kirkjum, enda ofnar í kirkjum að tiltölu fleiri í þessari sýslu en öðrum sem ég hef farið um. Milli þessara kirkjustaða er örstutt bæjarleið. Hér hefði kirknasamsteypa mátt virðast eðlileg. En ekki voru sóknarmenn Staðarbakka slíkri samsteypu hlynntir og geri ég ráð fyrir að kæmi slíkt mál til atkvæða á safnaðarfundi, þá mundi það óðara fellt.

--

Næsta dag, 17. júlí, var haldið fram að Efri-Mýri, sem áður var annexía frá Staðarbakka, en er nú ein af fjórum kirkjum Melstaðarprestakalls. Er ærið löng leið þangað fram eftir og mjög slitrótt á köflum, fullkomin þriggja tíma reið á sumardeg, en líklega 5-6 tíma á vetrardegi, enda munu prestar einatt að vetrarlagi eiga erfitt með að ná heim að kvöldi frá þeirri annexíu sinni. Á leiðinni frameftir höfðum við enga viðstöðu nema stundarkorn á Brekkulæk. Þar býr Sigvaldi bóndi Björnsson, kvæntur Hólmfríð dóttur séra Þorvaldar á Mel. En fallett þótti mér þar frammi í Miðfjarðardölum, sérstaklega á Efri-Mýri. Þar býr (eða bjó til skamms tíma), Hjörtur Línal, merkur bóndi og höfðingi, bæði í sjón og reynd, ásamt syni sínum Benedikt.

Varð þessi dagur mér hinn ánægjulegasti og hefði ég feginn dvalist lengur þar framfrá, ef ég hefði ekki mátt til að flýta mér að komast á stað aftur, til þess að ná sæmilega háttum á Melstað. Við urðum þá líka að ríða vel greitt út eftir til þess að það tækist.

Laugardaginn 18. júlí. Var haldið yfir að Kirkjuhvammi, sem er þriðja annexía Melstaðarprests, en Kirkjuhvammur liggur í Hvammi skammt fyrir ofan kaupúnið Hvammstanga. Eru Hvammarnir þrír þarna hver rétt hjá öðrum, sem sé, auk Kirkjuhvamms, sem er höfuðbólið, Helguhvammur og Kothvammur. Í Kirkjuhvammi býr gildur bóndi, Jóhannes Eggertsson, en í Helguhvammi aftur bróðir hans Baldur Eggertsson. Faðir þeirra var Eggert Helgason í Helguhvammi, sem lengi fékkst við barnakennslu þar nyrðra og þótti mikill mannkostamaður. En í Kothvammi býr Tryggvi Bjarnason, er um eitt skeið var alþingismaður, frændi Guðmundar Björnssonar landlæknis. Kirkjan í Kirkjuhvammi er bændaeign, ekki óásjállegt kirkjuhús, en kirkjan ómáluð að utan og innan. Fór ég að lokinni vísitasíu niður á Hvammstanga og fékk þar gistingu hjá Jónasi lækni Sveinssyni. Beint hrifinn af þessum litla kaupstað þeirra Miðfirðinga get ég ekki sagt að ég sé, en þar sem höfn mun þar allmiklu betri en á Blönduósi væri ekki óhugsandi að hann ætti fyrir höndum að stækka og verða myndarkaupstaður áður en lýkur.

Daginn eftir - sunnudaginn 20. júlí - var ákveðið að vísitasía færi fram á Tjörn á Vatnsnesi. Hafði ég heyrt að vegurinn þangað út eftir væri mesti tröllavegur, og þótti mér því ekki ráðlegt að taka konuna mína með mér þangað út eftir. Fékk ég því mann þar á Tanganum til að fylgja henni austur á Breiðabólsstað og skyldi hún biða mín þar meðan ég væri úti á Vatnsnesinu. En svo er vegur ógreiður og löng leið að Tjörn, að ég gat ekki gert ráð fyrir skemmri tíma þangað en 5-6 tímum. Og lét sú áætlun nærri. Við lögðum af stað frá Hvammstanga nálægt kl. 10 og komum að Tjörn kl. nál. 4, en vísitasían hafði verið stundsett kl. 5.

Ekki er ofsögum af því sagt hve vegur er ógreiðfær þarna á Vatnsnesinu vestanverðu. Mest af honum er að réttu lagi tröllavegur og er erfitt að verjast þeirri tilfinningu að maður sé kominn eitthvað norður fyrir alla siðmenningu, meðan verið er að skrönglast þarna með sjó fram. En hvað sem veginum líður þá liðu þessar sex stundir býsna fljótt, því alltaf var eitthvað sérkennilegt á að líta og víða fallettustu „partí“ fyrir málara. En þá spillti ekki lífið á sjónum, stórar breiður af æðarfugli og teistu út alla strönd fast upp að landsteinum og selir nálega á hverju skeri sem var upp úr sjó, og þeir svo spakir að þeim sjaldnast datt í hug að hreyfa sig, þótt við færum þar með marga hesta rétt hjá.

Hvergi var komið við á bæjum alla leiðina fyrr en komið var út að Illugastöðum, þessum bæ sem frægastur er úr sögu Natans Ketilssonar. Var mér vegna þess forvitni á að koma heim á staðinn og auk þess sá ég að þar mundi vera einkennilega fallett heima. Má vera að meðfram hafi rekið eftir þörfin á að fá hressingu eftir svo langa reið, hafi rekið á eftir. Að minnsta kosti var með þökkum þegið boð Guðmundar bónda Arasonar, er við hittum þar við túngarðinn og þegar í stað hóf máls á því við okkur að við gengjum heim til bæjar og biðum eftir kaffi. Guðmundur bóndi er ungur maður, einn með hæstu mönnum sem ég hef séð hér á landi. Mun ég hafa það rétt eftir að hann sé sonarsonur Guðmundar Ketilssonar (bróður Natans) þess er hjó þau Friðrik og Agnesi við aftöku þeirra í Vatnsdalshólum árið 1830. Er hann dugnaðarmaður mikill og búhöldur góður. Foreldrar hans voru það líka, en hvort þau hafa bú nokkurt eða eru þar í húsmennsku, man ég ekki.

Móðir Guðmundar bónda er Auðbjörg, dóttir Guðmundar Ketilssonar (bróður Natans) þess er hjó þau Friðrik og Agnesi við aftöku þeirra í Vatnsdalshólum árið 1830.

Hafði ég gaman af að spjalla við þá gömlu konu. Virtist mér hún hafa bæði skýrleika og einurð til að bera. --

Ólokið.

Ekki er furða þótt ferðasögunni lyki ekki, því ferðin virðist bæði hafa verið erfið og flókin, ekki síst þegar þau biskupshjónin urðu viðskila.

Eftir því sem ég fæ séð er þetta brot hin síðari af tveim lýsingum á vísitasíuferðum Jóns biskups. Þá fyrri, *Fyrsta vísitasíuferðin*, skrifaði ég upp og birti í greinasafni eftir Jón biskup og um hann, safnritinu: *Það sem á dagana dreif*, gaf út sem handrit 2006 og endurprentaði 2016. Biskup sá eftir að hafa ekki ritað fleir ferðasögur.

Helgi P. Briem: Sigurður Sigurðsson



Sigurður Sigurðsson á sínum bestu árum

Hvernig maður var Sigurður búnaðarmálastjóri?

Í útliti var hann óvenjulega ljós á hörund og varð aldrei rauður eða veðurbitinn. Hárið var brúnt; hann gránaði seint fyrr hærnum og varð aldrei sköllóttur. Hann hafði efrivararskegg, sem oft hafði vaxið yfir munninn, þegar hann gleymdi að klippa það. Hann hafði fallegar hendur, en eina eða tvær kartneglur. Mér þótti hann ætíð laglegur maður, en það sem var ógleymanlegt við hann voru einhver þau fallegustu augu sem ég hef séð. Samkemd, grá og brún; blikandi, enda skein fjör hans gamansemi og góðvild úr augunum. Tvö yngstu börn hans, Ragna og Ingimar hafa erfð þessi einkennilegu augu.

Hann var heldur undir meðalhæð, en samanrekinn og hnellinn. Á myndum af honum ungum var hann grannur, en jókst afl með aldri og varð mjög sterkur. Á Hólum lék hann sér að því að bera mjölpoka á herðum sér inn í hús. Er hann flutti til Reykjavíkur og vandist kyrrsetum fékk hann nokkra ístru. Rómurinn var sterkur og karlmannlegur, nokkuð djúpur og þægilegur.

--

Það var enginn vafi á því að Sigurður einhæfði sig og takmarkaði. En það er ekki hægt að ásaka menn fyrir að takmarka sig. Það eru engar fréttir að segja að maður sé ekki fullkominn og enginn maður getur allt.

En allir sem þekktu Sigurð voru á einu máli um það að hann var skapgerðarmaður. Hann fylgdi einni línu allt sitt líf.

--

Sigurður virtist alveg af þessum heimi. Hann var sonur íslenskrar moldar og góður sonur hennar. Ég varð aldrei var við að hann talaði um guð og hans opinberun, eilíft líf eða engla guðs.

En enginn ræktunarmaður getur verið trúlaus. Því það er ekki aðeins hið ósýnilega líf með milljónir gerla í hverri handfylli moldar sem eru undirstaða gróðurins. Allt jutaríkið er prédikun um eilíft líf. Á hverju hausti sjáum við hvernig jurtin hverfur aftur til jarðar og verður að dufti og á hverju voru rís hún upp frá dauðum. Hvert puntstrá vitnar með Páli postula um að kornið sem þú sáir fær ekki líf nema það deyi.

Úr því maður minnst þess mikla manns kristinnar, þá verður manni ósjálfrátt að hugsa til kennimanna og spámana. Því svo einkennilega vill til að Sigurður var kennari, fremur en bóndi, enda hafði hann ekki bú nema fá ár æfi sinnar. Hins vegar var hann óþreytandi að kenna mönnum og útskýra það dásamlega líf í kringum okkur og hvað við getum gert til að störf okkar hjálpuðu náttúrunni að gefa mikla uppskeru til góðs og gagns fyrir afkomu þjóðarinnar allrar. Hvar sem hann hitti menn talaði hann um ræktun og helst ekkert nema ræktun. Hann virtist ekki hafa áhuga fyrir stjórnmálum og talaði helst ekki um þau. Hann hafði engan áhuga á að heyra talað um náungann. Ég heyrði hann aldrei leggja nokkrum manni lastyrði. Er hann hitti ókunnuga spurði hann því ekki eftir mönnum en vék fljótlega talinu að ræktun og spurði menn um allt sem snerti hana. En öll kennsla er list og var hans kennsluaðferð.

Þar sem margir spámenn hafa heldur illt orð á sér fyrir hrakspár, sérstaklega ef menn ekki trúu boðskap þeirra, þá var Sigurður bjartsýnastur. Ef þú gerir þetta verður það gott – þá hefurðu það betra og auðveldara í framtíðinni. Jafnvel að planta skóg, er eins og að leggja fé í sparisjóð með 4% vöxtum. Þetta er ein af þeim setningum sem hann endurtók oft og hamraði þar inn í meðvitund þjóðarinnar, að láta tvö strá vaxa þar sem eitt óx áður. Það þarf að klæða hana fósturu okkar. Gróðursettu tré og það mun vaxa meðan þú sefur. Jöklnir mala okkur áburð, og fleira þess háttar.


Þessar setningar endurtók hann oft. Þó orðin breyttust eitthvað, enda er kennsla endurtekning.

Hann fann þó fleiri heppilegar aðferðir til að sýna mönnum fyrirheitna landið. Hann var fyrstur Íslendinga til að ferðast um með ljósmyndavél og taka myndir af gróðri. Ljósmyndavélin fylgdi honum alla æfi, til ómetanlegs gagns er hann vildi sýna árangur tilrauna sinna. En myndir hans munu einnig varða merkilega sögulega heimild síðarmeir, og eru sumar þegar orðnar það.

Hann kenndi þó ekki einungis með orðum og myndum. Hann gekkst fyrir verkfærasýningum og búshaldasýningum. Bændaferðirnar og búnaðarnámskeiðin voru einnig aðferð hans til að vekja og lífga og benda á hvað væri til fyrirmyndar.

Það er sagt að enginn geti horft svo á myndarstyttuna af Appollo í Belvederehöllinni að hann rétti ekki úr sér og njóti fullrar hæðar sinnar.

Mér virðast áhrif Sigurðar hafa verið nokkuð svipuð. Það var eins og menn rétti úr gömlum kryppum í návist hans, sjái víðar og bjartar, svo minna verði úr þýfinu næst okkur, enda reyndist það bókstaflega. Það fylgdi Sigurði hressandi fjör, svo menn sáu að ýmislegt var vel mögulegt sem menn höfðu ekki hugsað út í áður, þó það lægi beint við. Hindurvitni dóu eins og skuggsæknir gerlar í sólarljósi. Hann hafði einkennilega mikla gáfu til að geta samstillt krafta bænda víðsvegar um land til sameiginlegra átaka, fyrst með Ræktunarfélaginu og síðar með ræktunarlögunum. Slíkt geta aðeins fáir menn.



Hér er Sigurður í Fagrahvammi

Þó Sigurður væri ætíð fullur af fjöri og gamansemi, var þó aldrei broddur í gamni hans gegn neinum manni og hann var reiðubúinn til að henda gaman að sjáfum sér, fremur

en öðrum. Aldrei sá ég hann reiðast, en var sagt að hann ætti það til að reiðast illa ef mjög væri að honum sótt. En venjulega var hann rólyndur friðarins maður.

Maður skyldi ætla að slíkur maður gæti ekki eignast óvini. Hann réðist aldrei á nokkurn mann, nema ef til vill í misskilinni gamansemi og hugsaði um það eitt að láta gott af sér leiða og að tvö grös yrðu þar sem eitt var áður. Í lund var hann staðfastur og vinfastur; allra manna tryggastur.

Er hann var nýlega kominn til Búnaðarfélagsins var frú Dýrleif Árnadóttir ritari þess. Talaði hann oft um það hve það væri sér mikil ánægja að vinna með dóttur séra Árna á Skútustöðum, æskuvinkonu sinnar og með Valtý syni Stefáns skólameistara, velgerðarmanns síns. Var hann alla æfi þakklátur þeim mönnum sem greiddu götu hans í æsku hans, og oft lét hann mig njóta föður míns. En eins var hann þessum mönnum þakklátur fyrir góð kynni. --



Sigurður Sigurðsson á efri árum

Bréf Páls Briem Til Kristínar Briem Claessen



Kristín Briem Claessen

Páll Briem skrifar Kristínu Briem Claessen.

Kaupmannahöfn 1. marz 1879.

Elskulega ástkæra systir!

Jeg þakka þjer átsamlega fyrir brjef með síðustu póstferð. Það var gleðilegt að þjer leið vel þá; jeg er ávallt svo kvíðafullur þegar jeg opna brjefin heimanað, en svo er það aptur svo gleðilegt þegar allt gengur vel. Jeg vildi aðeins óska að jeg fengi góðar frjettir með öllum brjefum.

Póstskipið átti að fara afstað í morgun, en komst eigi. Þessa síðustu 3 mánuði hefur verið hriðar og frost. Eyrarsund hefur lagt alheldum ís. Í gær átti einn járnbarðinn að mölva ísinn enn kom aptur með brotinn kinnunginn svo nú kemur póstskipið eigi af

stað í dag og líkl. eigi á morgun. Viðgjörðin á járnbarðanum telja menn að kosti 20-30 þús kr. svo eigi er gaman að guðspjöllunum.

Jeg sendi þjer í gærkveldi pakka með því er þú baðst mig um að kaupa. 2 lóð hvítur vír 8,00; kallinn í Gothersgade kvaðzt aldrei selja hann dýrar. Pallietter og kantiller 1,00. 6 lóð Zefyrgarn 3,00. Pergament fæst aðeins á einum stað hjer í Höfn, en eigi nema í heilum skinum; en svo sá jeg á gólfinu dálítinn lappa, og um hann fór jeg að akkordjera. Loks kom kallinn með þessa nára, jeg tók þau því það var eigi um annað að velja; samt held jeg megi brúka þetta pergament. Það kostaði 1,50. Silkibönd 1,40. Blúndurnar keypti tengdamóðir þin og sendi; þær eru 3,30. Silklöjelið 5,50 (verðið var reyndar 6,50 í búðum). Hollenskt ljerept 1,35, bobinel 3,00. Burðareyrir 1,00. Samtals er það 29,05, svo af þeim 34 er þú sendir eru eptir 4,90.

Segðu mjer nú hvernig kvennaskólinn á Hjaltastöðum hefur gengið, því fyrst og fremst er mjer áhugamál kvennaskólinn og eigi sízt nú þegar Ella er þar æðsta ráð og kancelli. Það sje jeg þó á brjefunum frá í haust að hann hefur byrjað í haust, en hvernig hann hefur gengið fæ jeg vonandi að vita nokkuð með næsta skipi. Valgerður Þorsteinsdóttir var óánægð með hvað fáar hefðu verið búnar að skrá sig til kvennaskólans í Eyjafirði. Hún les ensku hjer og eitthvað fleira; hún situr í fröken Zahles-skóla og hlýðir þar á, svo jeg held hún verði orðin lærð, þá er hún fer aptur til Íslands, og fer að kenna við skólann.

Um nýjárið var jeg úti Slangerup, þar leið öllum vel. Valgerður var með mjer. Kona séra Jóhanns er ömurleg og hún kvartaði um allskonar veikindi, en fór þó ávallt á stjá -- en síra Jóhann er ávallt jafnfrískur og kátur og hann er vanur. Jeg var og hjá Ebbesen¹⁰⁷ stundum; dætur hans eru kátar og skemmtilegar.

3. janúar var kosið til Fólkpingsins; jeg fór með föðurbróður mínum til kosninga í Friðrikssund. Þar þótti mjer gaman að vera; áhugi manna var ákaflega mikill, hvor sigraði hægri eða vinstri maðurinn? Vinstri maðurinn sigraði; síra Jóhann er ákaflega mikill hægri maður, jeg læt alls eigi í ljósi með hverjum jeg held, enda finnst mjer það heimskulegt að komast þar í sundurlyndi einkum því máli sem mig varðar eigi um hið minnsta. Persónurnar í vinstri flokki eru alls eigi betri en í hinum, en það þægi maður eigi kennt þeim hugmyndum er þeir berjast fyrir. Jeg fyrir mitt leyti álit að mannkynið í heild sinni verði farsælla með því að þjóðirnar læri sjálfar að stjórna sjer heldur enn að halda þeim sem ómyndugum, er allt verður að gjöra fyrir, á sama hátt og varið er með hvern einstakan mann. Hitt er auðvitað, að hverjar hugmyndir sem eru, koma hart niður

¹⁰⁷ Þau voru dóttir og tengdasonur séra Jóhanns Briem.

á sumum, þá er koma skal þeim í verk, en það er eins um þær og barnið sem fæðist, og mun þó enginn taka það og hýða vegna þess að móðirin hefur haft fæðingarhríðir.

Jeg hef verið hjá Benedictu Arnesen Kall; hún hefur það gott, hún biður kærlega að heilsa þjer. Jeg er iðulega hjá Claessen tengdaföður þínum, þar þykir mjer mikið gaman að koma; jeg hefði aldrei trúað því að mjer þætti gaman að koma til ókunnugra; jeg hef aldrei komið til annara jafnoft og jeg kem þangað, en það kemur af því að jeg er að náttúrufari hvorki selskabsmaður nje framfærinn. Jeg var þar á jólakveldið og fjekk þar heilmiklar "*Julepresents*" og síðan jeg var heima man jeg eigi eptir skemmtilegra jólakveldi.

Jeg hef hingað til mestmegnis lesið lögin, en nú fer jeg að taka heimspekina með og svo þegar þessi mánuður er á enda tek jeg hana eingöngu enda fer þá eigi að veita af, því í júní er prófið í henni. Mjer líður bærilega. Herbergi hef jeg gott. Það eina sem mjer þykir á vanta er matháttur hjer, eilífur þurr matur, en þetta er þó hið sama og er í Reykjavík, svo mjer þarf eigi við það að bregða.

Nú fer jeg að hætta, en vil þó áður geta þess að jeg kem stundum til Tante Lotte; hún er einstakt viðfeldin, hún hefur verið æði lengi veik í vetur en er nú að mestu batnað.

Jeg bið þig þess að fyrirgefa og óska þjer svo allra heilla og blessunar. Jeg bið að heilsa manni þínum og syni.

Vertu sæl. Þinn elskandi bróðir Páll Briem

Páll Briem til Kristínar Briem Claessen.

Kaupmannahöfn 26. maí 1879.

Elskulega bezta systir!

Jeg þakka þjer innilega fyrir ágætt brjef með póstskipinu. Mig gleður hvað þú ert frísk og börnin litlu. Jeg sendi þjer garnið, það kostaði 2.00 og ½ al. af silkiflöjeli, sem jeg borgaði 2,75 (kostuðu 3,00). Þetta sendi jeg þjer í pakka sem fór með Fönix og síðan með Diönu til Sauðárkróks; þar með var og ýmislegt dót til ykkar frá Claessen tengdaföður þínum. Jeg hjelt að um það leyti væru svo margar ferðir frá Sauðárkrók og yfrum að þetta gæti vel gengið. Jeg hef haft svo mikið að gjöra að jeg eigi hef getað sinnt nógu vel að fara til D.B. Adlers sáluga. Jeg fór nokrum sinnum til Sigríðar Helgadóttur (sen, son) en hún var eigi heima; svo fór jeg í morgun og hitti hana. Síðan fór jeg til kontors D.B. Adlers, en sonur hans, sem stýrir öllu, var eigi heima; en jeg hitti hann eptir 3 daga. Jeg er viss um að hann borgar að minnsta kosti 40,00, en ef hann

gjörir það eigi lofaði Sigríður að fara til ekkju Adlers. Hún bað kærlega að heilsa þjer. Ógn var leiðinlegt með hana Ellu; ef þetta sljakkar eigi í fólkinu þá verður það leiðinlegt fyrir hana; hún er mjög ólukkuleg yfir þessu. Jeg var nýlega hjá Benedictu; hún biður kærlega að heilsa þjer. Hún er jafn-kát og fjörug sem hún á að sjer. Jóhann föðurbróðir okkar skrifaði mjer nýlega og bað mig að heilsa þjer. Hann er mjögi kátur enn. Kona hans hefur þó verið hálfslasín í vetur. Ebbesens-fólkið er við hið sama. Jóhanna hefur verið á fröken Zahles-skóla; hún tók glimrandi examen í vor eptir, jeg held, eigi fullt ár, það sem Anna Thorlacius hefur verið að eiga við allan þennan tíma og eigi búin með enn. Hún hefur það jafnt og áður. Jeg hitti hana niður við Diönu um daginn; hún var að kvarta um að jeg kæmi aldrei, en mjer er nú lítið um Gísla föstra hennar. Þó ætla jeg að fara nú um hátíðina, svo eigi finnist alveg vinskapur okkar Önnu. Ekki fer Jón Sigurðsson heim til alþingis; hann er orðinn ógn af sjer genginn. Jeg kom til hans í vikunni og var eins og hann yrði svo feginn. Hann og kona hans eru orðin nokkuð einstrengingsleg og koma heldur fáir þangað nú orðið.

Jeg kem iðulega til þinna elskulegu tengdforeldra og kann jeg við mig þar eins og jeg ætti heima þar.

Mjer líður vel. Jeg fer að hætta og bið þig að virða vel þetta flýtishrip.

Heilsaðu kærlega manni þínum og syni og dóttur, Frederikke Charlotte Ingibjörgu. Vertu svo ætíð sem bezt kvödd, elskaða systir. Svo óskar af alhuga þinn elskandi bróðir Páll Briem

Páll Briem til Kristínar Briem Claessen.

Kaupmannahöfn 7. nóv. 1880

Elskulega systir mín!

Goldmann gamli er kominn og færði Arent Claessen mjer elskulegu brjefin heimanað og frá þjer rjett í þessu. Jeg þakka þjer alúðlega fyrir brjefið.

Goldmann hafði haft heldur stranga för og stormasama; hann kom í fyrradag á ytri höfnina og í gær alveg inn í lendarastað. Það þótti mjer vænt um hvað góðar frjettir jeg fjeck með honum. Jeg get nærri hvað mikið hefur verið að starfa í sláturtíðinni í haust og að það hefur opt eigi verið ljett fyrir þig að standa í þeim gangi, en nú verður það allt um garð gengið. Það held jeg að mjer þætti gaman að vera kominn til þín og heim og sjá yngstu systkini mín¹⁰⁸ og blessuð litlu börnin þín. Jeg man vel eptir Eggert

¹⁰⁸ Yngstu systkini hans voru Vilhjálmur, f. 1869 og Jóhanna, f. 1872.

en minna eptir Ingibjörgu, þó man jeg að hún hefur blá augu. Jeg var að reyna að láta Karl Holm í sumar segja mjer frá þeim, en hann er nú eigi margtalaður, svo jeg gat eigi gjört mjer svo ljóst hvernig þú hefur það eins og ef jeg kæmi sjálfur heim, en það verður nú eigi í bráðina, ekki fyrri en jeg hef lokið mjer af hjer. Jeg er eigi viss um hvenær jeg tek próf, en að öllum líkindum verður það um veturinn þegar jeg er kominn út af Garði, altsvo er nú hálfnaður verutími minn hjer í höfn. Opt óska jeg að jeg væri nú búinn og farinn að standa á eigin fótum því að erfitt má það vera fyrir þabba að kosta mig hjer með öllum öðrum kostnaði, en guði sje lof meðan allt gengur eins (og) gengið hefur þessi seinni árin.

Það hefur verið mikið sorgarár fyrir Slangerúpsfólkinu í ár, fyrst dó faðir Sofíu, Jóhann föðurbróðir okkar í fyrravetur og nú dó í haust maður hennar og svo hálfum mánuði síðar móðir hennar. Jeg var staddur við jarðarför Ebbesens og voru þar margir samankomnir og margar ræður haldnar af nágrannaprestunum. Ekkja síra Jóhanns varð bráðkvödd þann 13. f.m. og varð það mikil hamingja, þó sviplegt væri, því að hún var ávallt svo ömurleg. Jeg og Tryggvi og Sofía Hafstein ætluðum í jarðarför hennar 19. okt. (fæðingardag minn), en af því að járnbrautarárið gekk fljótar en önnur ár, þá komum við of seint. Sofíu þótti þetta mjög leiðinlegt, hana langaði svo mjög til að fara í járnbraut svo að Tryggvi rjedi af að fara út á Klampenborg og skemmtum við okkur vel í skóginum um daginn. Benedicte er alveg eins og hún var;¹⁰⁹ hún man vel eptir þjer og talar um þig sem "*den kneisende Fjeldkonen*", hún hjelt hjer um daginn ræðu í lestrarfjelagi kvenna og er hún komin á prent; er hún áköf fyrir "*Kvinde-Emancipation*" en þó líkar mjer langt frá stefna hennar; henni þykir hlægilegt að kona verði t.d. þingmaður, en þess háttar hlýtur að fylgja með ef konan fær nokkur veruleg rjettindi á móts við karla; hún segir að allt er snerti rjettindi kvenna eigi að eins að koma fram í því innra, en eigi í hinu ytra, en þetta er mikið fallett að segja, en eins og jeg held með þeirri setningu "*trúin er dauð án verkanna*" svo verði og kvenrjettindin að koma fram í verkum.

Það hefur verið sagt um konur að þær sjeu skrafsamar, en nú vona jeg og óska að sá tími fari í hönd að segja megum um þær að þær sjeu ræðnar. Eina bók vildi jeg að þú gætir lesið er heitir "om Opdragelse" eptir Heegaard prófessor; hún er allstór og kostar 10.00 kr. en þar er svo margt ágætt í að jeg held enginn iðrist eptir að kaupa hana.

Jeg fer nú að hætta og kveð þig með óskum alls góðs. Heilsaðu börnum þínum og manni og C. Holm.

Vertu ætíð blessuð og sæl þinn elskandi bróðir Páll Briem

¹⁰⁹ Benedikte Arnesen-Kall hafði komið til Íslands 1867 og skrifað bók um ferðina.

Páll Briem til Kristínar Briem Claessen.

Kaupmannahöfn 7/5 1881.

Elskulega systir mín!

Jeg þakka þjer átsamlega fyrir tvö brjef frá 15/1 og 6/3. Það gladdi mig mjög mikið að þú hefur það gott og börnin þín hafa komizt undan kíghóstanum og barnaveikinni. Mikið er það sorglegt að Guðrún og Eiríkur skuli missa svona mörg mannvænleg börn. Jeg er viss um að Eiríkur hefur tekið það mjög nærri sjer því að í fyrra var það hans yndi og ánægja að tala um drengina sína litlu.

Það er alveg satt sem þú segir um Ellu systir, hún hefði mjög gott af því að koma hingað og vera hjer einn vetrartíma; hún hefur fullkomlega kjark til þess að færa sjer í nyt þann tíma og læra mikið; hún skrifaði mjer seinast og sagði að kennslan væri nú orðið lífsstarf hennar og hefði hún því mikinn hug á að mennta sig svo að hún gæti haft ofan af fyrir sjer sjálf og menn gætu borið traust til hennar sem kennslukonu. Hún getur þá líka fengið meira kaup, því að satt að segja er það eigi mikið að fá aðeins 70 krónur, það er eitthvað annað en það sem stúdentar fá við barnakennslu. Eiríkur Gíslason hefur verið barnaskólakennari á Suðurnesjum í vetur og hefur hann 6 mánuði fengið 600 krónur og er það eitthvað annað. Nú þegar barnaskólarnir fara að rísa upp þá ætti Ella að geta fengið alveg eins mikið og hver kennari, að minnsta kosti ef hún tæki hjer examen sem *Almenneskolelærerinde*. En þetta þarf að vera sem fyrst. Þó að Ella giptist þá getur hún samt haft gagn af því, hvað sem upp á kann að koma, en annars held jeg að hún hugsi eigi til þess. Mjer fyrir mitt leyti þykir næsta líklegt að, áður en langtum líður, þá fari menn að hugsa til skóla þar sem stúlkur geti lært svo mikið að þær verði færari að kenna börnum á heimilum og halda alþýðuskóla og ef Ella kæmist að honum, þá væri því sannarlega eigi fleygt í sjóinn sem hún lærir nú. Þetta kann nú reyndar að vera draumórar, en það spillir sjaldan til þó að maður setji markið nokkuð hátt. Sofia Ebbesen kemur hingað til bæjarins í haust og festir bú úti á Friðriksbergi; hún er nú ekkert efnuð (þó að hún kannski eigi 10.000 kr. á rentu þá er það eigi kallað mikið hjer) og svo er hún nokkuð aðsjál svo að jeg held að hún muni telja öll vandkvæði á þessu, að Ella sje hjá henni, en það má reyna við hana. Einnig má reyna við Benediktu frændkonu okkar; en svo heldur Tryggi Gunnarsson hús hjer og hjá honum verða Sofia Havstein og Valgerður fósturdóttir hans og hann ætti að taka Ellu ef í raunir rækji.

Það sem væri einfaldast er að Ella tæki kost og lærði til þess að vera Almueskolelærerinde á skóla fröken Zahle, en það yrði nú víst allt of dýrt. Elín gæti þá líka orðið kennslukona hjer með 400 kr. launum og öllu fríu og komið svo heim með

makt og miklu veldi er hún hefði verið hjer nokkur ár og unnið upp kostnaðinn. Sú var meining Jóhönnu Ebbesen, að borga föður sínum kostnaðinn, og því getur Ella eigi gert eins? Þjer er nú annars farið að ofbjóða þetta allt sem jeg segi, en þú vinzar úr, jeg skrifa Ellu ekkert í þessu efni, til að gjöra henni eigi of miklar vonir, en jeg vona að þú gjörir þitt til þess að hún fái þó einhverja af þessum óskum uppfylltar.

Ekki lízt mjer eins vel á Möðruvallaskólann og kennsluna þar eins og þjer. Ef þar væru piltar sem væru fljúgandi gáfaðir, iðnir og ástundunarsamir og þar að auki allvel undirbúnir, þá er jeg viss um að skólinn væri ágætur, en svona er nú ástandið engan-vegin.; maður verður að búast við að piltar þar kunni næsta lítið og að þeir sjeu misjafnlega gáfaðir og eigi iðnari en ungir drengir vanalega eru. Þessi kennsluaðferð er reyndar mjög þægileg fyrir kennarana, því að þeir sleppa þá við að berja inn í tornæma pilta osfrv. og í svipinn er það líka þægilegt fyrir piltana þar sem þeir fá nasasjón af mörgu og litlu skiptir hvort þeir eru svo fastir í því eða ekki. Það sem er alveg nauðsynlegt er að piltarnir læri parktiskt og skilji vel hvað þeir læra og því þarf að ganga rækilega eptir að þeir læri og viti sumt mjög vel, en svo er mjög gott, að halda fyrir þeim fyrirlestra og vekja hjá þeim námfýsi á öðru sem þeir geta lesið upp á eigin hönd í bókum, nefnilega: auk þess að leggja hjá þeim fastan grundvöll, sem þeir óhætt geta byggt á, þá að kenna þeim að byggja sjálfir ofan á þegar þeir koma út af skólanum og fara að reyna sig í lífinu. Í latínuskólanum er ekkert gjört nema byggja grundvöllinn upp, og er hann reyndar fastur, en margt á eigi við og er mjög ónauðsynlegt og ópraktískt, en þar á móti er manni ekkert kennt til þess að byggja sjálfan sig upp og vera sjálfstæður þegar út í lífið kemur; þess vegna trjenast svo margir upp og gleyma skólalærdómi sínum þegar fá ár eru liðin frá því að þeir eru komnir (*heim?*). Það, sem er mín skoðun að sje rjettast, er að heimta eigi mjög mikið lært að vöxtum til og gefa allgóðan tíma til þess að lesa upp á eigin hönd og glæða menntafýsnina með fyrirlestrum osfrv. en það sem heimtað er skal vera ágætlega lært og skilið. Jeg er mjög hræddur við þessa smábúnaðarskóla af því að svo hætt er við að flest verði þar aðeins hálflært. Sveinn búfræðingur skrifar nú um þá ritgjörð, sem kemur í Andvara; hann þekkir þetta mál vel og er hann alveg á minni skoðun um þetta mál; jeg gerði hvað jeg gat til þess að stappa í hann stálinu, en hann er þó hræddur við að ganga of langt í þessu af því að það er svo rótgróin skoðun heima að maður geti lært svo ákaflega mikið á mjög skömmum tíma, samanber allar vísindagreinarnar sem á að kenna við Möðruvallaskólann.

-- Óli frændi sagði mjer að tombólan yrði 9. maj og sá jeg eigi til neins að senda smávegis, sem jeg hafði safnað, fyrri en með Ólafi frænda þegar hann fer heim; það getur þá orðið að gagni seinna.

Góða Kristín mín, skrifaðu mjer nú það sem þú hefur að færa á móti skoðunum mínum; þú getur gjört það einhvern tíma þegar þú hefur tóm. Jeg skrifa þjer seinna um kvennafrelsið. Tíðin er vond. Almenn vellíðan meðal landa. Mjer líður bærilega. Kem opt til Claessen og skemmti mjer að venju vel. Jeg hef verið þar með Óla frænda, tvisvar sinnum. Hann kann vel við sig. --

Berðu nú kærar kveðjur manni þínum og börnum þínum og vertu svo blessuð og sæl.

Þinn elskandi bróðir. Páll Briem

Kristín Briem Claessen (1849-1881). Mikil afrekskona, velgerðarmaður systkina sinna og forystukona í menntamálum kvenna.



Séra Valdimar Briem: Páll Briem amtmaður. 17.12.1904

Það er ei nýtt að „silfurkerin sökkva“,
en sjávarslýið flýtur ofan á.
Úr stáli brandar stæltir sundur hrökkva,
en stráin veiku sveigjast til og frá.
Um hitadaga dregur oft upp mökkva,
svo dagsins auga lokar sinni brá.
Og það er eins um holdið og um heyið:
Hið hæsta og þroskamesta er snemma slegið.

Allt sýnist þetta lögmál lífsins vera,
og landið vort má kenna á þessu enn.
Hér er svo margt og mikið upp að skera,
en margoft fátt um röskva verkamenn.
Ef einhver maður merkið hátt vill bera,
er mótbyr vís, - og þruman ríður senn.
Oss list sem nornin burt þeim besta svifti,
svo ber við oft, og nú í þetta skipti.

Svo fór með Pál, einn Íslands óskasona,
þess eldheitasta vin og besta mann.
Af honum enn menn voru margt að vona,
menn vissu' að hann af ást til landsins brann.
En þetta brást, og það er komið svona,
um þessa von, er úti, burt er hann.
Hér meira fór en silfuker í sæinn,
hér seig og margra vonarstjana' í æginn.

Í skýli veiku hér bjó hraustur andi,
í hýsi smáu stór og göfug sál.
Hann víða fór í vísindanna landi,
en vel þó geymdi' hins helga arins bál.
Hans skyn var hvasst og iðnin óþreytandi
og áhuginn um þjóðarinnar mál.
Og aldrei var svo fullt af köldum fræðum,
að fjörið ekki brynni' í heitum æðum.

Hér er svo margt, svo margt, sem þarf að gæta,
svo mörg og stór vors þjóðlífs viðurstygð.
Allt vildi' hið góða göfugmenni bæta,
Það illgresi þarf upp sem best að ræta.
ef á að geta þróast farsæl byggð.
og gróðursetja frið og trú og dyggð.
Hver verður til að taka við af honum?
hver treystir sér af landsins vösku sonum?

Hér er svo margt, svo margt sem þarf að græða,
en mörgum verður einatt ráðafátt.
Menn hafa' ei trú né traust til landsins gæða,
en taka að flýja hver í sína átt.
Hann vildi skógi holt og hlíðar klæða.
og hafði sýnt að til þess brast ei mátt.
Hver verður til að taka við af honum?
hver treystir sér af landsins vösku sonum?

Hér er svo margt, svo margt sem þarf að greiða,
og menning vor er ennþá stíð í taum.
Ei stoðar lengur allri tíð að eyða
við óljósan og gamlan frægðardraum.
Hann vildi reyna á landið um að leiða
frá ljóssins brunnum sannan menntastraum.
Hver verður til að taka við af honum?
Hver treystir sér af landsins vösku sonum.

Á þing nú bráðum safnast landsins synir,
þess sæmd og hag að leggja á metaskál.
Þá reynast mun að vinar sakna vinir,
er vandasöm að höndum koma mál.
Þá jafnvel eigi síður vakna hinir,
því sannast er, að allir virtu Pál.
Og fósturlands vors folknárungar snjallir
þá finna best hvað misst vér höfum allir.

Í austurheimi voða-vopnin gjalla,
og víga dunur þaðan heyra má.
Þar hrönnnum saman hraustir drengir falla,
en heitum þeirra greinir enginn frá.
En aftur berst það hratt um heimsbyggð alla,
er höfuðkappar liðsins bana fá.
Og ef til vill á einum stendur meira
en ótal liðs, þótt sé það talsins fleira.

Á voru eigin ættarlandi kalda
svo ógnar líka stríð á margan hátt.
Í gegn oss herja sóttir, ís og alda,
og enginn getur staðist heljar mátt.
Þótt vaskir drengir velli reyni að halda
þeir verða þó á grund að hníga lágt.
Hve stór er skaði í hóp af hraustum sveinum,
en hér er jafnvel margfalt tjón að einum.

Þó skal ei æðrast. Forða má ei feigum.
Hann féll með sæmd og dýran sigur vann.
Vér röskva drengi eftir líka eigum,
þótt erfitt sé að ná til jafns við hann.
Um framtíð landsins ei vér efast megum,
það eignast síðar margan góðan kann
með hjarta' úr gulli, hjör úr björtu stáli,
sem hefur sína fyrirmynd í Páli.

Hið þyngsta jörðin örast að sér dregur,
og allt er settum þyngdarlögum háð.
En hvað er þyngst? Það veit sá einn, er vegur
á vogarskálar himins; rétt og náð.
Oss þykir drottins dómur undarlegur,
en dirfumst ei að kenna honum ráð.
Hann lætur bæði' hið léttu' og þunga falla,
hann lífs er þungamiðjan fyrir alla.

Myndin af séra Valdimar Briem (1848-1930) var tekin 27. des. 1909 er hann hafði verið vígður vígslubiskup í Dómkirkjunni klæddur biskupskápu Jóns Arasonar. Var Matthías Þórðarson (1877-1961) nýskipaður þjóðminjavörður. Þórdís Briem sagði að það hefði verið eitt hennar fyrsta barnsminni að fylgjast með er séra Valdimar var færður í kápuna. Matthías dansaði í kringum hann, lafhræddur við óhapp, því biskupsefnið var stórvaxið og hætta á að forngripurinn rifnaði, eins og greina má á myndinni.

Álfheiður Helgadóttir og Páll Briem heilsuðu nýgift upp á séra Valdimar að Stóra-Núpi þar sem hann tók þeim fagnandi, tók af sér belti og brá því utan um þau bæði. Að vísu voru þau bæði heldur smávaxin og grönn. Hvernig stóð á að Þórdís var þarna stödd? Álfheiður var tengd prestastéttinni og Prestaskólanum á marga vegu og hafði lengi það trúnaðarstarf með höndum að skrýða presta fyrir vígslu.

Friede P. Briem: Frásögn



Friede P. Briem

Ég þakka ykkur¹¹⁰ hjartanlega fyrir að bjóða okkur Sigríði og mér hingað í þessi fallegu húsakynni, sem þó eru ekki neitt á við Zontakonurnar sjálfar. Ef ég mætti ráða myndi ég veita ykkur bjartsýnisverðlaun, að leita inn á dagvistunarstofnun eftir skemmtikrafti.

Það er gaman að taka jólin snemma og njóta þeirra til þess að gleðja aðrar, og sjálfan sig um leið.

Mamma, Álfheiður Helgadóttir Briem, byggði húsið í Tjarnargötu 24 yfir fjölskylduna. Vorum við fimm systkinin: Þórhildur, Eggert, Helgi, Þórdís og ég. Pabbi var tvígiftur og átti soninn Kristín með Kristínu Guðmundsdóttur Briem sem dó af barnsförum. Kristinn var þegar þessi upprifjun hefst í verslunarskóla í Skotlandi, Hilda elst, 15 ára gömul og við svona *trip-trap - trasko* á Reykjavíkurmáli þess tíma.

¹¹⁰ Flutt á Zontafundi á aðventu 1987.



Helgi, Þórhildur, Þórdís, Eggert, Kristinn og Friede Pálsbörn Briem

Jólaundirbúningurinn er þannig í minni mínu að mér fannst ég ómissandi og stjórnaði Dídí, systur minni af mikilli festu. Það þurfti að sjá fyrir uppkveikju í alla ofnana sem Jens á Hólnum sagaði í kjallaranum og þáði aldrei hressingu fyrr en hann var búinn og spýtnahrúgurnar voru orðnar það stórar að hann gat glaður rennt úr nokkrum kaffibollum. Síðan kom Halldór Reykingamaður sunnan af Grímstaðaholti með hangikjötið og þá var ekki nóg með að allt húsið ilmaður heldur líka öll gatan.

Jólatréð var uppi á altaninu þangað til á Þorláksmessu. Jólakjólarnir héngu inni í klæðaskáp, skjörtin strauuð og skórnir sem alltaf voru dálítið við vöxt. Allt beið eftir okkur. Ég ætla ekki að lýsa fötum strákanna, því það er svo óspennandi. --

Nú kemur upp í hugann! Það var þegar við Dídí fórum með matarkörfur til Gunnu Bjarnadóttur og Gríms, sem leigðu í kjallaranum á Bergstaðastræti sem kallað var Veróníkuhús, eftir húsmóðurinni. Grímur var blindur og talsverður neftóbaksmaður og lá venjulega í rúminu þegar við komum til þeirra. Hann þurfti alltaf að þreifa á okkur báðum, hvað við höfðum stækkað. Var þetta mikil reynsla fyrir okkur. Síðan vildi Gunna gefa okkur jólaköku eða rúsínur. Síðan fylgdu okkur þakklætiskveðjur til mömmu og allra í húsinu og óteljandi blessunaróskir þegar við kvöddum og klömbruðumst upp kjallaratröppurnar. Fólk var óskaplega fátækt og aðbúðin hræðileg.

Á sumrin voru þau með handvagn og söfnuðu hrossataði sem þau reyndu að koma í peninga, en lifðu annars á gjafmildi fólks og fátækrastyrk.

Loksins rann aðfangadagurinn upp, jólatréð stóð skreytt og kertum prýtt inni í dagstofu. Jólin voru eins og annars staðar í föstum skorðum.

Eftir að hafa nýlega lesið grein eftir frænda minn Pál Líndal um ömmu mína Þórhildi Tómasdóttur kemur margt upp í hugann.

Fyrstu kynni mín af Reykjavík eftir að við komum hingað sumarið 1904 eru mjög óljós. Við fluttum inn í hús sem hét Klampenborg og stóð við Hafnarstræti. Hinum megin var fjaran, þannig að í norðanveðrum buldi sjórinn á húsinu.

Í kjallaranum var vindlaverkstæði Ditlevs Thomsen og þar unnu margar stúlkur, fjörugar og skemmtilegar. Er mér Sara Þorsteinsdóttir minnisstæðust, en hún var feiknarlega góð við mig, enda var ég þar löngum stundum. Margar heimsóknir átti ég í Thomsens magasín og fór þaðan með fullan munninn og ofurlítið í kramarhúsi. Ágústa og Dietlev Thomsen bjuggu í Heklu. Var mikil vinátta milli mömmu minnar Álfheiðar og þeirra systra, dætra Hallgríms Sveinssonar biskups, frá unga aldri og sem rifjaðist þarna upp, en því miður vantaði Guðrúnu sem bjó á Austurlandi með manni sínum Axel Tulinius sýslumanni þar. En mikið bætti um þar sem Ágústa var, með alla sína hlýju og stórkostlegu gestrisni.

Pabbi minn, Páll Briem, kom ekki til Reykjavíkur fyrr en um haustið, eftir að hafa gengið frá sínum málum á Akureyri. Hér í Reykjavík biðu hans vandasöm störf, sem hann varð strax að sinna.

Um sama leyti fór sláturtíðin hér í Reykjavík í hönd, og jarmið í kindunum yfirgnæfði allt hjá okkur, því slátrunin fór fram í porti við austurgafhlússins, svo mamma dró öll gluggatjöld fyrir svo við fylgdumst ekki með neinu sem þar fór fram og koldimmt var í stofunni.

Þó búðarmennirnir og brjóstsykurinn hjá Thomsen bættu talsvert úr voru skuggarnir ekki langt undan. Í desember lagðist pabbi veikur í lungnabólgu, og kuldinn inni hjá honum, þar sem hann lá, nísti okkur í gegn, því þá var helsta lækning við þeim sjúkdómi ískaldir bakstrar og kuldi í sjúkrahverberginu. Pabbi lést 17. des. Þar stóð mamma eftir með okkur sex börnin, Þórdís yngsta systir mín var þá á fyrsta ári.

Og nú kemur mín fyrsta minning, sem aldrei líður mér úr minni. Mér var lyft upp, þar sem pabbi lá í kistunni sinni og ég kyssti hann á ennið.

Úr þessu húsi fluttum við í Þingholtsstræti 28 og leigðum hjá Sveini Jónssyni trésmið. Hinum megin við götuna bjó Sigríður og Jón Jensson háyfirdómari. Þar var vinum að mæta, enda byggt á gömlum kynnum.

Í Þingholtsstræti var mjög skemmtilegt. Trésmiðaverkstæði var í kjallaranum þar sem maður fékk að vaða í spónum. Þar eignaðist ég góða vini og fékk að fara frjáls ferða minna. Uppi í risinu bjó Maddama Ingiríður sem kenndi okkur Sesselju dóttur Jóns Jenssonar að lesa. Við bárum mikla virðingu fyrir maddömu Ingiríði sem við aldrei ávörpuðum öðruvís, enda var hún mjög góð við okkur, gaf okkur stundum kakó og tvíbökur, sem við máttum dýfa ofan í. Frelsið var fullkomið þrátt fyrir störfín í kringum lestrarkennsluna.

Uppi á loftinu bjó Guðrún frá Gufunesi, systir Vigfúsar í Engey, ekkja með börnum sínum. Var hún leigjandi þarna eins og við. Áður en varði var Guðrún orðin eigandi að hæðinni, þar sem Sveinn trésmiðameistari gekk að eiga þessa glæsilegu konu. Var þá mikið um dýrðir í húsinu, súkkulaðiveislur og höfðingsbragur á öllu. Þarna sá ég í fyrsta sinn á ævi minni grammófón. Hann var með stærðar lúðri og var feiknarlega dularfullt hvaðan þessi undirfögru tónar komu sem fylltu stofurnar.

Sveinn lyfti mér upp og ég fékk að skoða lúðurinn betur og líta ofan í hann. Þetta var mér ógleymanlegt ævintýri, og margan súkkulaðibollann fékk ég á þessu heimili, enda varð okkur Ingibjörgu, dóttur Guðrúnar vel til vana.

Hinum megin við götuna var landshöfðingjahúsið þar sem þau hjón Elín og Magnús Stephensen bjuggu með sínum börnum. Þangað var ævintýrlegt að koma og fá að fara upp í turninn og horfa yfir Tjörnina og bæinn. Þetta var skemmtilegt þó ég væri töluvert lofthrædd.

Og enn syrti að. Mamma var orðin veik og lækarnir gátu ekkert hjálpað henni, svo ákveðið var að hún færi til Danmerkur að leita sér lækninga.

Áður en pabbi lést höfðu hann, bræður hans tveir, Eggert og Sigurður, ásamt Birni Ólafssyni augnlækni og Klemens Jónssyni fest kaup á Tjarnarbrekkunni, með það fyrir augum að byggja sér hús á þessum fagra stað, þó gatan væri þá engin. Pabbi átti tvær lóðir undir miðri brekkunni. Þegar mamma veiktist var hún byrjuð að byggja þarna og bróðir hennar byggði síðan á lóðinni við hliðina á okkur.

Mamma teiknaði sjálf húsið með góðum ráðum og stuðningi Vilhjálms Ingvarssonar trésmiðameistara og var það í byggingu þegar mamma veiktist. Nú hvíldi allt á herðum Vilhjálms og var honum sannarlega óhætt að treysta í smáu sem stóru.

Í fylgd með Jóni bróður sínum lagði mamma af stað í hjólastóli niður á bryggju. Amma, Þórhildur Tómasdóttir, flutti til okkar í Þingholtsstrætið með sonardóttur sína Sigríði Tómasdóttur, sem misst hafði föður sinn, Tómas lækni Helgason, sama árið og við misstum pabba okkar. Katrín, sem var vistráðin hjá mömmu, var áfram hjá okkur, yndisleg og traust stúlka, sem auk færni í matreiðslu, kunni fyrir af sögum.

Og enn hófst nýtt tímabil. Þetta hefur líklega verið snemma árs 1907.

Fyrstu fréttirnar sem bárust af mömmu voru þær að hún að loknum miklum rannsóknum var skorin upp á einkaspítala prófessors Thorkild Róvsing og sjúkdómurinn var laust nýr. Eftir þessi langvinnu veikindi mömmu var hún fátæk, svo veik, að hún gat ekki skrifað okkur sjálf. Eftir þessi tvísýnu veikindi og langa dvöl á klíník prófessors Róvsing kom batinn hægt og hægt og hægt. Svo fór hún með skipi áleiðis heim.

Amma var ótrúlega hress, rósemi hennar hafði góð áhrif á okkur þó hún léti Katrínu alveg um að segja okkur yngstu börnunum sögur.

Árið 1904 var ömmu mikið sorgarár. Hún missti þrjú af börnum sínum, Þórdísi prestskonu á Hofi í Vopnafirði, séra Ólaf á Stóra-Hrauni, Tómas lækni, sem bjó á Fossi í Mýrdal og föður minn Pál Briem í desember þetta ár eins og áður segir.

En sterk var amma og ekkert hugarvél fundum við nokkurn tíma hjá henni. Nú voru börnin hennar þrjú eftir af þrettán og mamma hattulega sjúk.

Þó að amma væri lítið fyrir að segja okkur sögur var hún afskaplega notaleg við okkur og skipti sér ekkert af því þó við værum í boltaleik í stiganum, en honum fylgdi bæði gauragangur og hávaði, þegar boltinn lenti á stofuhurðinni hjá henni.

Ég held ég fari rétt með að Jón bróðir mömmu hafi farið utan til þess að sækja mömmu og vera henni til halds og trausts. Skipið mun hafa verið Laura og kom við í Færeyjum, lenti í svartapöku og strandaði þar. Mamma fór fáklædd ofan í skipsbátinn og var landi náð. En við þetta þunga högg fór allt úr skordum og nýrð slitnaði niður. Móttökur hjá amtmanninum í Færeyjum voru frábærar, lækni sóttur og mömmu ráðlagt að fara aftur til Kaupmannahafnar. Til þess mátti hún ekki hugsa, beið eftir skipi. Og heim kom hún um nótt og í svefnherberginu blöstu við henni fimm sofandi börn og danskir fánar.

Elsti bróðir minn, Kristinn, var orðinn 18 ára og hafði sérherbergi, við enskunám til undirbúnings skólavistar í Edinborg í Skotlandi.

Nú hófst sælutímabil. Mamma heima, að ógleymdum öllum gjöfunum sem hún færði okkur og kunningjum. Þar á meðal var fjórhjóla vagn, með sæti og stýri. Í mátulegum halla var farartækið hættulaust. Fellt pils og hanskar fylgdu með og var þetta mikið stáss.

Amma og Sigga frænka mín fluttust nú aftur í Bankastræti 7. Katrín var áfram hjá okkur. Þórdís systir mín var mikið hjá Sigríði, yngstu dóttur Magnúsar Stephensen. Verið var að byggja í Tjarnargötunni. Bræður mínir, Helgi og Eggert voru í Odda hjá Sigríði og séra Skúla Skúlasyni og ég gat elt mömmu á röndum hvert sem hún fór. En ekki voru breytingarnar langt undan.

Mamma þurfti að fara til próf. Róvsing. Amma flutti til okkar með Siggu og lífið fór í sinn gamla farveg að nýju. Mamma ekki heima, farin til lækninga í Kaupmannahöfn. Sigvaldi, trésmiðurinn í kjallaranum á Þingholtsstræti var nú öllum stundum að smíða fyrir mömmu niðri í Tjarnargötu ásamt mörgum öðrum. Amma var byrjuð að stjórna mér í lestrarkúnnstinni. Þórhildur systir mín niðursokkin í spennandi sögur og átti að fylgjast með lestrinum hjá mér. Og við svikumst báðar undan þessu hroðalega álagi, en hvað um það. Ég var læs þegar mamma kom heim, svo amma gat skilað mér af sér svona nokkurn veginn.

Nú vitna ég til orða Jóns Helgasonar, sonar Þórhildar Tómasdóttur, þegar hann minnst Helga Hálfðánarsonar, eiginmanns hennar og föður síns, í Prestafélagsritinu 19. ágúst 1926.

Föstudaginn 15. júní 1855 stóð brúðkaup Þórhildar og Helga Hálfðánarsonar í Viðeyjarkirkju. Stiftsprófasturinn séra Árni Helgason í Görðum á Álftanesi vígði hjónaefnin. Ekki hafði prófasturinn neinn ákveðinn texta við þetta tækisfari, en byrjaði hjónavígsluræðuna með þessum orðum: „Páll postuli vill, að forstöðumenn safnaðanna séu kvæntir.“ Hefur hann þar að líkindum haft í huga orð postulans í 1. Tím. 3,2, „að biskup“ (þ.e. forstöðumaður safnaðar) eigi að vera „einnar konu eiginmaður. Svaramenn brúðgumans, þeir séra Ólafur Pálsson dómkirkjuprestur, en brúðurinnar, stjúp dóttur sinnar, Ólafur Stephensen sekreteri í Viðey. „Dennan fróðleik hefði ég ekki úr kirkjubókum“, segir Jón Helgason ennfremur, því að svo blálega tókst til við þessa hjónavígslu, þar sem viðstaddir voru fjórir andlegar stéttar menn, að alveg gleymdist að fara til bókar þá athöfn, sem hér fór fram, svo að réttu lagi, er ekki hægt að sanna skjállega að foreldrar mínir hafi nokkru sinni verið gefnir saman, ef einhver vildi fara að véfengja það.

Amma mín og afi byrjuðu sín búskaparár á Hofi á Kjalarnesi og fengu hálfa jörðina til ábúðar. Til að byrja með voru húsakynninn ein lítill baðstofukyttra, sex álnir á lengd. Og áfram vitna ég til orða Jóns Helgasonar:

Um haustið lét faðir minn smíða stofukerili í tóft öðrum megin við bæjardyr, sex álnir á lengd og var meira að segja settur ofn í eitt hornið. Þetta þótti nú vera fallegt hús hér á Kjalarnesi, því að hér er lítið um skrautbyggingar, segir faðir minn í bréfi einu um haustið. Sem geta má nærri þóttu hin ungu hjón ærið vel byrg að öllum húsbúnaði, eftir því sem þá gerðist, því kröfurnar í þann tíð voru með nokkuð öðrum hætti en nú. En mesta undrun vakti þó „hljómborðið“ - það var „forteiken“, sem móðir mín hafði með sér úr Viðey. Hafði slíkur gripur aldrei fyrr á Kjalarnesi sést. Var það á sumrin haft í „stofunni“, en er vetra tók flutt inn í baðstofuna. „Stendur það á móti rúminu okkar og er líka haft fyrir borð, sem ég skrifja við og konan mín sníður og saumar við. En í rökkurinu er því lokið upp og það látið skemmta mönnum“ og er þá vitnað til orða séra Helga.

Sigríður Tejll, ekkja Tómasar Helgasonar læknis, móðurbróður míns, átti heima fyrir innan Vatnsþróna við Laugaveg, í húsi sem hét Lundur. Þar var oft komið við þegar við vorum að koma úr sundlaugunum, en þangað fórum við gangandi og lötruðum hægt á heimleiðinni, eftir sundkennsluna hjá Ingibjörgu Brands, enda aldrei farið upp úr lauginni fyrr en Ingibjörg flautaði til merkis um að klukkan væri að verða tólf. Það var frjálst og skemmtilegt að koma við í Lundi og fá góðgætið hjá Sigríði.

Þegar Helgi Tómasson, sonur hennar, var í Menntaskólanum borðaði hann hjá ömmu í kortérinu, hljóp niður í Tjarnargötu og gleypsti í snarhasti í sig matinn sem amma hafði tilbúinn handa honum. Vegalengdin heim að Lundi var lengri en svo að hann næði að borða heima.

Amma hafði mjög gaman af blómum og hafði pelagóníur í glugganum í stofunni þar sem hún bar á borð, og gaf hún okkur Siggu oft kaffi, sem lítið bragð var að, og þá fengu pelagóníurnar að njóta þess og rauk þá stundum upp úr pottunum. Þær döfnuðu líka bara vel af þessu dísæta gutli.

Lítið var af mjólk í Reykjavík á uppvaxtarárum mínum, en mamma keypti mjólk af Guðrúnu í Kvöldroðanum sem kom með brúsa á handvagni og mældi mjólkina við eldhúsborðið. Oft hressti mamma hana á kaffi þegar hún kom og hlustuðum við á hvert orð sem hún sagði og þótti skemmtilegt að fréttu af Grímstaðaholtinu og hinu litríka lífi þar. Einu sinni var Guðrún mjög áhyggjufull og beygjuleg, en það var út af spánni um halastjörnuna, en þá langaði hana til að flýja til Ameríku undan þeim ósköpum.

Á Grímstaðaholtinu bjó líka Halldór reykingamaður, sem reykti alltaf kjötið okkar fyrir jólin.

Þá mamma kom heim alheilbrigð, eins og hún sagði okkur, fóru amma og Sigga í Bankastrætið. Var nú ekkert minna að gerast en að Friðrik áttundi var að koma í

heimsókn. Við, nokkrar stelpur á sama aldri, áttum að fara niður á Steinbryggju og taka á móti kónginum og strá blómum fyrir fætur hans. Búningurinn var hvítir kjólar og rautt mittisband og var byrjað að æfa okkur í þessum tilburðum. Kjólinn átti ég, og „silkiskjerfið“ RAUÐA, Sesselja, Heba og ég vorum þarna, held ég, aðalkjarninn, enda held ég að við hefðum átt að vera þarna sex saman.

Þegar Sigga frænka mín frétti af þessari miklu upphefð, sem við urðum aðnjótandi, varð hún óhuggandi. Endirinn varð sá að ég lánaði Siggu kjólinn minn, þó hún væri ári eldri en við hinar. En hún var smávaxin svo hún féll vel inn í myndina, ég hékk í mömmu sæl með mig, en Sigga mætti þarna í minn stað. Kjólinn lánaði ég henni bara þetta eina sinn og kostaði mig engin tár.

Nú var undirbúningur flutnings í Tjarnargötuna í fullum gangi. Vegna þess að gólf voru ekki komin í stofurnar niðri í Tjarnargötninni, var tilhlökkunin mikil, ekki síst hjá strákunum, sem ætluðu að róla sér á bitunum.

Um haustið fluttum við öll í Tjarnargötu 24. Amma, með Siggu fósturdóttur sína, flutti inn í tvær stofur, svalaherbergi og eldhús, eins og fyrirhugað var, og var dýrðlegur tími fyrir höndum. Engar leikfimisæfingar urðu samt að veruleika þetta haust. Lögðumst við öll í mislinga, með hitasótt og vanlíðan. Fimleikaæfingar urðu að engu, bræðrum mínum ógnuðu hamarshöggin niðri og Helgi sagði við mig: *Nú eru þeir að festa síðustu fjölinni niðri.* Sálaástandið var í núlli. Allt stóðst.

Fjölbreytnin í þessu nýja umhverfi er ólýsanleg. Amma og Sigga voru uppi á lofti. Við Sigga urðum perluvinkonur, amma farin að kemba og spinna. Spuna hljóðið var eins og lækning eftir þessa hræðilegu mislinga sem fóru mjög illa með okkur öll. Húsið var svo hlýtt og notalegt. Veturinn gekk í garð, skautasvell á Tjörninni, sleðaferðir í Ráðherrabrekkunni og alla leið niður á Tjörn. Hægt að styttast sér leið yfir Tjörnina í skólann, koma svo heim aftur þar sem mamma var og hjálparstúlkurnar. Gat lífið verið dásamlegra? Nei, líklega ekki.

Skautarnir og ólarnar, allt var uppi á háalofti. Sá sem fyrstur var fékk það skásta. Og stundum fékk maður einhvern sem bauðst til að skrúfa á mann skautana. Og þegar maður var vel kominn í gang fór hællinn undan skónum og maður fór haltrandi heim. Þá var illt í efni. Enda varð ég aldrei nein skautadrottning. Þóttist nokkuð góð ef einhver traustur ungherra bauð manni á unglingsárunum að koma í takt við sig. Þó ég dytti oft sjálf, þá felldi ég held ég aldrei nokkurn með mér.

Svona leið æskan. Ég var ein af þessum alverstu nemendum, sem hjálpaði kennurunum, til þess eins, að verða gráhærðum.

Og ekki tók betra við í Kvennaskólanum. Þar eignaðist ég margar góðar vinkonur, og líka minn versta fjandmann sem ég hef kynnst á lífsleiðinni. En þessi fjandmaður minn var í hópi kennara. Ekki fleiri orð um það.

En kvennaskólanámið var mér samt nokkuð sémilegt veganseti. Að spila lærði ég í einkatímum, lærði vélritun og fór að vinna. Gat nokkurn veginn séð fjölskyldu minni farborða, þegar á reyndi. En enginn getur orðið sjálfs síns dómari, þar verða aðrir að koma til.

Ég hef hlaupið á hundavaði yfir það sem ég hefði raunar átt að segja hér frá. Stökkin eru stór frá Tjarnargötunni í Kvennaskólann. --

Tjörnin var ekki síður yndisleg á sumrin. Hannes Hafstein og Sigurður Briem (og að mig minnir Klemens Jónsson) áttu báta og höfðu útbúið bryggjur sem bátarnir lágu við. Og þessir bátar voru sannarlega notaðir. Fljótt komumst við upp á að læra að róa, einhver stýrði og var skemmtilegt að rugga sér í bátunum. Við gleymdum stundum stað og fyrr en varði festist báturinn í slýinu, sem mikil gróska var í svo Tjörnin gat minnt á grænar grundir. Einu sinni eða tvisvar á sumri var settur bátur á flotu og menn um borð sem veiddu slýið með köðlum. Þegar í land kom var slýið sett í hrúgur á tajanarbakkann og síðar fjarlæggt.

Jón Helgason hafði þann háttinn á, með sinn langa vinnudag, að skrifborðið var undir glugganum. Púltið hans stóð við vegginn. Þar stóð hann löngum stundum og skrifaði. Þegar mest var ruggað á bátunum kom hann út á tröppurnar í Tjarnargötu 26 og gaf okkur merki um að hætta þessum leik, sem hann sá að gat farið illa. Þó engin frekari orð væru höfð um þetta háttalag okkar, hlýddum við tafarlaust. Bátinn átti Hannes Hafstein. Dætur hans Elín og Ragnheiður leyfðu okkur Þórdísi systur minni að koma um borð. Voru þessar bátsferðir ógleymanlegar; báturinn stór og traustur, fannst okkur.

Allt var æfintýri á þessum árum.

Þegar berjatíminn fór í hönd fór mamma með okkur börnin öll og Sigu í ber. Og gangandi fórum við suður í Vífilsstaðahlíð með nesti sem mamma útbjó og ekki var af lakara taginu. Heim komum við um kvöldið með berin í krús.

Sigurður og Eggert föðurbræður mínir og venslafólk fór aftur á móti í póstvögnum í berjaheiði. Engan öfundaði ég af slíkum skemmtiferðum. Því póstvagnar voru þau

verstu farartæki sem ég gat hugsað mér, kynntist þeim á ferðunum austur yfir fjall að Odda á Rangárvöllum.

Og ekki bætti úr gisting í Tryggvaskála, þar sem maður var alltaf látinn deila rúmi með öðrum. Og ekki var valið fjaðrasæti handa krökkum á leiðinni, heldur valdir einhverjir kassar á gólfi vagnsins, þar sem maður steytti pipar á leiðinni og vindurinn lék um mann. Á þessum ferðalögum var ólýsanlegt hvað hægt var að klæðast mörgum fataplöggum „stungu“ sokkar og klútar, svo tæplega var hægt að hreyfa sig. Þá hefði verið gott að hafa gæruskinn til skjóls, en þau voru notuð sem gólfábreiður, og skinnið í skó, að minnsta kosti voru þeir kallaðir sauðskinnsskór. Ekki kynntist ég þessum fótabúnaði af eigin raun.

Í Kömbum voru farþegarnir látnir ganga, bæði niður og upp, en ekki mátti hökta á leiðinni, hestarnir réðu ferðinni.

Timburhlaði var á túninu fyrir sunnan Ráðherrabústaðinn. Þetta timbur átti Sigfús Bjarnason. Var honum meinilla við að við lékum okkur þarna, óttaðist að við meiddum okkur. Þó hann væri bæði þungbrýnn og strangur, gerðum við mikið af þessu, en flúðum þegar til hans sást.

Svo voru auðvitað boltaleikirnir. Kíluboltaleikur var hann kallaður. Þá lögðum við undir okkur götuna, húsin voru, held ég þá, bara tvö á þessum tíma. Annað átti Lárus H. Bjarnason og hitt Þorvaldur Krabbe.¹¹¹ Líklega hefur gauragangurinn í okkur verið talsverður. Boltinn átti það til að lenda inni í garðinum hjá Lárusi og þá var hætta á ferðum.

Sá var siður í Tjarnargötunni hjá okkur í nr. 24 að einu sinni á sumri var leigður bátur og farið út í Viðey, þar sem amma hafði átt unaðsstundir með mömmu sinni Sigríð Þórðardóttur, ekkju séra Tómasar Sæmundssonar, ásamt Þórði, bróður sínum, síðast lækni á Akureyri. Sigríður hafði ekkja gengið að eiga Ólaf Stephensen, sekretera í Viðey. Minningarnar um sæludagana endurnýjuðust og urðu ferskar eftir þessar Viðeyjarferðir og urðu okkur niðjum hennar að hátíðastundum. Við fórum með nesti og gengum um eyna og skoðuðum varpið þar sem kollurnar lágu í hreiðrum sínum, spakar og óttalausar, en kríurnar flugu gargandi yfir okkur.

Lent var beint niður undir Viðeyjarstofu og farið héðan frá Steinbryggjunni. Það er mér minnisstætt þegar Eggert Briem og Katrín kona hans komu til móts við okkur, með

¹¹¹ Húsin standa bæði enn og voru byggð, nr.40, af Thorvald Krabbe landsverkfræðingi, sem bjó þar lengi, og Lárusi H. Bjarnasyni, síðast hæstaréttardómara.

sinn fallega barnahóp, til að bjóða okkur til stofu. Eggert var ekki hneigður til búskapar, enda sagði hann að alltaf viðraði betur í Viðey, þegar hann væri í Reykjavík.

Það var ekki undarlegt þótt amma Þórhildur væri tengd Viðey tryggðaböndum. Stjúpi hennar dekraði við hana. Eða var það ekki dekur að senda mann með hana í bát til Ástríðar Melsted í píanónám. Einnig síðar þegar hún giftist Helga Hálfðánarsyni í Viðeyjarkirkju, að gefa hinni verðandi prestkonu píanó, auk annars góðs sem hún naut á þessum stað.

Fyrir henni var Viðey helgur staður.

Gunnlaugur Briem skrifar Bertel Thorvaldsen



Gunnlaugur Briem¹¹²

Grund í Eyjafirði. 9.2.1820.

Hávelborinn herra prófessor Thorvaldsen, riddari af Dannebrog og fleiri heiðursviðurkenninga.

Sérlega heiðraði og æruverði herra, prófessor og riddari.

Vafalaust munuð þér ekki verða lítt hissa á að fá kveðju frá þessum fjarlæga stað, þótt heimkynni séu föðurfólks yðar og ættar; en hér á landi er tæpast neinn annar en ég sem

¹¹² Myndin, hér að ofan, er af Gunnlaugi Briem ((1773-1834). Til eru tvær myndir áþekkar af honum. Sigurður Líndal segir í ævisögu Gunnlaugs að 1848 hafi I. L. Ussing prófessor málað eftirmynd málverksins af Gunnlaugi sem málað var 1796-97. Eftir málverkinu hafi steinþrykksmynd verið gerð. Ekki hef ég séð það málverk. Sigurður nefnir ekki hvar það er að finna. Málverkið, sem hér er sýnt, gæti verið frummyndin. Sjá síðar. Málverkið var í eigu frænku minnar Suzanne Ebbesen og manns hennar Martin Bitsch læknis er ég sá það fyrst. Ég kynntist þeim þegar ég vann að útgáfu *Njójatala Briemsattar* (1990). Fengu þau hjón áhuga á landinu og vildu gefa myndina, sem Suzanne hafði erft. Varð það úr að þau afhentu myndina menntamálaráðherra og þjóðminjaverði, á ættarmóti sem efnt var til á útgáfudegi *Briemsattar*, Þjóðminjasafni til eignar.

Hin myndin sem til er og sést hér í kaflalok, má ætla að sé koparstunga, gerð eftir hinni fyrri. Koparstungutækni var vinsæl aðferð til að fá af sér myndir, fyrir tíma ljósmyndanna. Saga um að Thorvaldsen hafi málað þessa mynd stenst varla, þó það hafi um skeið þótt sennilegt, samkvæmt upplýsingum sem ég fékk í Thorvaldsenssafni.

þér þekkið persónulega, eða sem gleðst jafn mikið yfir velferð yðar. Þegar ég nú frétti að þér væruð staddir í höfuðborg fedralands yðar, þá get ég ekki neitað mér um að nota þetta góða tækifæri sem æskukunningi og forni listafélagi, sennilega sá eini sem á lífi er og þér munið.

Vonandi munið þér hann, landa föður yðar, og sem starfaði með yður á verkstæði Köppens myndhöggvara, og sem þér væntuð góðs af sem listamanns, þegar þér fluttust til Ítalíu, og sem þér trúðuð fyrir að ljúka smíði á Neptúnusi, og sem, ef ég man rétt, átti að flytja til Kiel; þegar þér höfðuð aðeins tíma til að gera teikningu af verkinu. Þessi persóna leyfir sér nú að ónáða yður, sem sennilega gerist oft. Ég sem gjarna fagna gleðifréttum af yður og sem oft hef vænst að fá að nálgast yður og kynna mig.

Nú vil ég veita mér þann heiður að óska yður hamingju og heilla sem óviðjafnanleg list yðar hefur aflað yður - sem alkunnugt er - og einnig föðurlandi yðar.

Vil ég í stuttu máli skýra yður frá lífshlaupi mínu frá 20. aldursári, er vegir okkar skildu, þar til nú þegar ég er fullra 47 ára, í því skyni að gera yður skiljanlegt, hvernig lífi mínu hefur verið háttað hér á landi.

Hugsanlega vitið þér að á námsárunum gaf ég mér tækifæri í frístundum að læra latneskt mál, á sama hátt og þér lögðuð stund á tónlist í yðar frítíma. Með því vildi ég ná tökum á latínu og nýrri tungumálum sem þróast hafa af latínu, auk þekkingar í goðafræði og listasögu, því ætlun mín var að komast áfram og leitast við eftir því sem mögulegt væri að verða dugandi og kunnandi listamaður. Loftkastala vitið þér að tengjast æskufólki. En svo fór, sem kunnugt er, að tekjum myndhöggvara í Danmörku hrakaði svo að ekki var hægt að lifa á því. Þá var og ófriður og ólga þar svo óráðlegt var að ferðast til útlanda með tvær hendur tómar. Annars hefði ég heimsótt yður og beðið yður um að fá að verða yðar þjónn. Ég gerði mér grein fyrir, þó Wiedewelt¹¹³ væri á móti því, sem þó gat ekki hjálpað mér um vinnu, að ég þyrfti að yfirgefa listina og snúa mér að bókinni. Þó hafði ég ekki annað til framfæris en handverk, þegar um slíkt var að ræða, þar eð ég var eignalaus og fékk ekki stuðning neins. Ég lét því ekki, að fenginni hvatningu prófessors Riisbrich, innrita mig sem stúdent, byrjaði í staðinn við áramót 1797 að leggja mig eftir lögfræði, og stundaði það af slíkum áhuga að mér tókst í september það ár að ljúka dönsku lagaprófi. Enn vann ég fyrir mér í tvö ár, þungur í skapi, við listina. Var ég sérstaklega þakklátur fyrir vinnu í Fredensborg hjá prófessor Dajon.¹¹⁴ Árið 1799

¹¹³ Johannes Wiedervelt (1731-1802) mun vera þekktasti myndhöggvari Dana á eftir Thorvaldsen.

¹¹⁴ Nicolai Dajon (1748-1823) myndhöggvari og líka nemandi Wiedeveldt. Átti erfitt uppdráttar í sinni grein þar til Wiederveldt féll frá þá tók hann við prófessorsembættinu en varð fyrir vanþóknun konungs og kom það líka illa niður á akademíinu.

tók ég tilboði 27 ára gamall um að gerast aðstoðarsýslumaður og fluttist hingað til lands eftir 11 ára dvöl í Khöfn.

Áður en árið var á enda var mér falið af konungi að taka þátt í ferðalandsnefnd sem skipuð var fyrrmönnum, sem nú er sjaldgæft, öllum nema mér. Við vorum fjórir nefndarmenn og höfðum tvo ritara. Vegna dauðsfalla var einn nefndarmaður og ritari skipaðir. Af þessum hópi er ég nú einn á lífi.

Ég var svo lánsamur að hljóta fyrir kóngsins náð, fyrir starf mitt í nefndinni, kammersekreteranafnbót eins og hinir nefndarmennirnir. Við lok nefndarstarfanna var ég settur til að gegna sýslumannsembætti í Eyjafjarðarsýslu, en þar eru 3300 sálir, sem ég fæ fulla húru fyrir -- og hamast í mínu smáa stjórnarumdæmi. Um þetta leyti syngur fugl í eyra mér að ég eigi kost á enn hærri embætti, en sem ég girnist eigi því mér þykir vænt um millistéttina, eða segja menn ekki við yður: *La Strada del mezzo á la migliore? E la virtù sta nel mezzo.*¹¹⁵

Ég hef verið í hjónabandi frá 1800 með einkar andríkri og frómri konu af ærlegu fólki, hún er prófastsdóttir, systir rektors, prófasts og tveggja presta. Á ég með henni sjö velgefin og efnileg börn, 2ja til 18 ára gömul. Synirnir eru fimm og dæturnar tvær. Tveir sonanna eru nú í Danmörku, annar í trésmíðanámi í Ribe og getur hann sér gott orð og er öllum til yndis. Hinn er við Lærða skólann í Slagelse. Hann ætlar sér að taka stúdentspróf næsta haust, ef hann lifir. Um hann skrifar mér rektor hans allt hið gleðilegasta og besta, og nú fyrir skemmstu þar sem hann lofar hann fyrir einstakan dugnað. Hann sé öllum sínum kennurum til ánægju og ber vott um eðlan þankagang; af öllum vel metinn fyrir siðsama og glaða framkomu. Í barnanna góðu hæfileikum er hamingja mín fólgin, en ég get ekki marktækt stutt þá.¹¹⁶

Hinn elsti af drengjunum sem koma næst á eftir er 12 ára gamall, og held ég að hann hafi listræna hæfileika, en ég voga mér ekki að beina honum þangað, því ég er hræddur um að ekkert sé að fá út úr listinni í Danmörku. Hann mun líkast til verða settur í einfalt handverk.

Nú hef ég gert yður, hr. prófessor, grein fyrir stöðu minni og fjölskyldu. Þá hef ég lagt fyrir elsta son minn, þann sem er í Slagelse, að ef tækifæri gefst þegar þér eigið leið þar um að ganga fyrir yður, eða í minnsta lagi að fá leyfi til að kynna sig fyrir yður, æskuvini mínum.

¹¹⁵ Meðalvegurinn er bestur. Allt er best í hófi. Þakka Bjarna Gunnarssonar þýðanda, sem sagði þetta klassískt málteki er rekja mætti til Aristotelesar.

¹¹⁶ Á við séra Jóhann Briem (1801-1880) m.a. prest í Árósum forfaðir hins danska ættleggs Briemsættar.

Ég bið yður forláts fyrir mín ítarlegu skrif og óska yður lukkulegrar ferðar heim í hina fornu höfuðborg heimsins, um alla yðar vegferð og himneskrar verndar.

Vona ég að þér minnst mín. Ekki er ég svo stórlátur að óska eftir bréfi - því eigi vil ég láta yður verja tímanum til þess. En kveðja fyrir meðalgöngu mannsins sem ber yður bréfið, væri kærkomin. - Yðar ávallt með innilegri virðingu, háttvirðandi herra og fornvínur.

Yðar einlægur Gunnlaugur Briem¹¹⁷

E.Á. þýddi úr dönsku.



Koparstungan af Gunnlaugi sem Sigurður Línal ræðir um í æfisögu Gunnlaugs.

¹¹⁷ Jóhanna dóttir hans átti eftir að heimsækja Thorvaldsen í Róm og sagt er frá í næstu grein.

Benedicte Arnesen Kall: Jóhanna Kristjana Schütz

Fædd Briem á Íslandi 20.1.1806, dáin í Bielefeldt á Þýskalandi, 15.4.1886.



Jóhanna Kristjana Briem og Carl Schütz

Það er til minningar um einhverja hina fegurstu og bestu íslensku konu að þessar línur eru ritaðar. Til minningar um hana sem í 62 ára fjarveru bar órjúfandi ást til feðraeyjar sinnar, hins fagra sögulands, sem engar ferðir, engin Suðurlanda dýrð, nokkurn tíma gat burt numið úr hjarta hennar, þess lands hvers mál hún skrifaði og talaði til dauðadags, og hvers syni og dætur hún lét sér svo ósegjanlega annnt um til sinnar síðustu stundar.

Jóhanna Kristjana Briem var dóttir kammerráðs (Gunnlaugs) Briems, sýslumanns í Eyjafirði, er í byrjun þessarar aldar hafði gengið að eiga Valgerði Árnadóttur og síðar byrjaði búskap með hinni ungu ágætu konu sinni á Grund í Eyjafirði. Þar fæddist Jóhanna Kristjana hinn 20. janúarmánaðar 1806 og eyddi þar hinum fyrstu glöðu og mjög svo skáldlegu æskudögum sínum.¹¹⁸

Þegar hún var á 12. árinu tók faðir hennar hana með sér í embættisferð er hann fór til Kaupmannahafnar. Samvistarmenn hans dáðust mjög að hinu frábærlega fagra barni í hinum íslenska búningi.

Sýslumaður Briem, sem bæði var gefinn fyrir skáldskap og fagrar listir, hafði á stúdentaárum sínum lært uppdráttarlist á íþróttaskólanum í Kaupmannahöfn. Þar

¹¹⁸ Minning þessara daga er geymd í kvæðaflokki að nafninu „Jóhanna“, er bæði sérprentaður og í kvæðasafninu: „*Fra mit stille liv*“ getur um hina fögru dóttur Sögulandsins.

kynntust þeir og urðu hinir einlægustu vinir, hann og jafnaldri hans og skólabróðir *Albert Thorvaldsen*, er seinna varð svo víðfrægur. Þá dreymdi þá ekki um hina komandi framtíð eður forlög þau er síðar skipuðu öðru þessara ungmenna í fyrsta flokk frægustu manna Norðurálfunnar, og hinn í embætti í Eyjafirði, sem reyndar var heiðarlegt og farsælt, en sem enga eptirtekt vakti í hinni víðu veröld. En þó lífsstaða þeirra yrði mjög ólík gleymdu þeir samt aldrei endurminningunni um þeirra ungdómsvináttu.

Meðal hinna mörgu skemmtana, já, af öllu því dálæti er Jóhanna Briem hafði af að segja frá sínum góðu æskudögum, er henni auðnaðist að njóta, var ekkert eftir hennar eigin sögusögn, er meira gladdi hjarta hennar, en þegar Thorvaldsen, hinn heimsfrægi snillingur, heilsaði henni sem Íslending og dóttur æskuvinar síns, haustið 1826, þegar hún með fósturforeldrum sínum, í fyrsta sinn kom inn í listaverkaherbergi hans í Rómaborg. Hann þóttist þekkja í hinu fagra andliti svip af föður hennar, sem hann sjálfur hafði gert á ungdómsárum þeirra.¹¹⁹

En hvernig var hún komin þangað frá hinu fjarlæga heimkynni sínu, Eyjafirði?

--

Eptir að hún, eins og áður er sagt, ferðaðist til Kaupmannahafar, er hún var á 12. árinu, lét hún opt í ljósi mikla löngun til að sjá meira af heiminum. Þar eð faðir hennar átti góða vini í Danmörku gaf hann það eptir að láta hana fara þangað til eins árs dvalar í Kaupmannahöfn. Og móðir hennar, er bar mikla ást og virðingu fyrir hinum lærða bróður sínum Páli Arnesen, er var búsettur þar, gaf samþykki sitt til þessa skilnaðar, en engan af viðkomendum grunaði þá, að skilnaðurinn yrði æfilangur.

Jóhanna var þá 18 ára. Blíður byr bar hana til Danmerkur. Eftir að hún hafði dvalið hjá móðurbróður sínum P. Arnesen um nokkurn tíma, varð hún fyrir því láni að vera tekin sem fóstudóttir í hús vinar föður hennar, etasráðs Børge Thorlacius. Þessi ágæti maður var giptur Benedikte Kall - dóttur hins fræga sagnfræðings, Abraham Kall. Hún bar móðurlega umhyggju fyrir hinni íslenzku ungu mey. Það var með þessum hjónum að hún eptir tveggja ára dvöl í Kaupm.höfn fékk að fara hina skemmtilegu för yfir Þýskaland, Frakkland, Sveiz og Ítalíu og vera lengi í Florents, Róm, Neapel og París.

Allstaðar vakti hún eptirtekt, ekki einungis með sinni óviðjafnanlegu fegurð, sem þá stóð í sínum mesta æskublóma, og jafnframt með sínu náttúrlega, látlausa og tilgjörðarlausu viðmóti. Hún talaði með fjöri og krapti, sem minnti á fossana þegar þeir frá jökulheimkynni sínu steiptust niður í dalina.

¹¹⁹ Eftir þeirri mynd er til steinprentuð mynd.

En þrátt fyrir alla þá upphefð og eptirlæti er henni var sýnd, þótti henni samt sú sæmd mest að vera fædd á Íslandi og vera komin af hinum völdugu höfðingjaættum, sem til þess að varðveita frelsi og sjálfstæði fluttu sig frá Noregi þegar Haraldur hárfagri gerðist þar einvaldur. Þetta nafn *Íslendingar*, sem henni þótti svo vænt um og ætíð lét nefna sig fyrir ókunnugum mönnum, hlýtur að hafa hljómað frábærlega vel í Suðurlöndum, því eptir bæði munnlegum og skriflegum upplýsingum að dæma hefur hún í þessari löngu ferð sinni, einkum í Róm aflað sér mikils álits, meðal annars fyrir fegurð og gáfur.

Það væri oflangt að tala hér um öll hin skemmtilegu, sumpart mjög skáldlegu æfintýri er mættu henni á þessari tveggja ára ferð. En hún mátti og reyna að máltækið er satt: „*Engar rósir án þyrna*“.

--

Hér skal þess aðeins getið að hún gekk að eiga hinn andríka og skarpvitra dr. Carl Schütz, er um langan tíma var skólakennari í Bielefeldt á Þýskalandi. Þau lifðu í farsælu hjónabandi næstum 55 ár og varð sjö barna auðið. Auk myrtuviðarkransins, er prýddi hana á brúðarbekknunum hafði hún einnig þá gleði að bera bæði silfur- og gullbrúðkaupskransinn.

Hin ágæta heilsa hennar og vel varðveitta fegurð gaf vinum hennar og frændum, börnum og barnabörnum von um að henni með sínum elskulega gamla eiginmanni einnig mundu auðnast að halda demants-brúðkaupið sitt. En hinn 15. apríl gjörði dauðinn snögglegar og þjáningarlaust enda á hennar breytilega en ætíð fagra lífi, langt frá hennar ættlandi, sem hún alla æfi svo heitt elskaði og ætíð þótti mesta hrós að kenna sig við og kalla sig: *Jóbönnu bina íslensku*.

Fróði, 8. bl.1886.



Benedicte Arnesen-Kall (1813-1895) var rithöfundur í Danmörku, dóttir Páls Árnasonar (Arnesen) skólastjóra og orðabókahöfundar og danskrar konu hans. Hún naut hinnar ágætustu menntunar, eins og kemur fram í ritum hennar. og hændist að Börge Thorlacius, sem var íslenskrar ættar, og konu hans Benedicte Kall og tók upp ættarnafn hennar. Hún lifði fjölbreytu lífi, ferðaðist víða, m.a. til Íslands og skrifaði um þá ferð tvær smábækur 1869 og 1871, undir dulnefni, *Smaaskizzer fra en Islandsrejse*, sennilega vegna þess að konur vildu ekki láta á sér bera. Bækurnar eru mjög góðar og lýsa Íslandi vel frá sjónarmiði konu sem var í góðum tengslum við landið og fólkið. Bækurnar hafa því miður ekki verið þýddar, e.t.v. vegna þess að þær voru prentaðar með gotnesku lettri, sem mér sýnist ungir Íslendingar ekki leggja í lestur á. Séra Benedikt Kristjánsson vitnaði mjög í hana í Eyfirðingabók sinni. Það hef ég einnig gert.

Þá var gefin út bókin *Livserindringer 1813-1857*, undir fullu nafni hennar, og sem kom út 1889. Fjallar hún þar mjög um æskuár sín og Jóhönnu *fögru*, vinkonu sinnar sem hún hélt nánum tengslum við meðan báðar lifðu. Þá hafði Benedicte Arnesen-Kall mikið samband við unga frændur sína sem stunduðu nám í Höfn og nutu gistivínáttu hennar og hjálpar á ýmsum sviðum, ekki síst ungu stúlkurnar sem sóttu þar nám. Þó sumum þætti hún einkennileg kom hún þeim í samband við ýmislegt fólk sem gagnlegt var að kynnast og þekkja.

Afkomendur Jóhönnu leggja mikið upp úr íslensku ætterni sínu og tóku sumir upp tengsl við mig eftir útkomu niðjatala Briemsættarinnar 1990 og halda því enn.

Benjamín Kristjánsson: Jóhanna fagra.



Kristjana Jóhanna Briem g. Schütz
Myndin var gerð í París 1827

Ævintýri eyfirskrar heimasætu í Suðurlöndum veturinn 1826-1827.

Séra Benjamín Kristjánsson (1901-1987) var prestur og prófastur á Ytri-Tjörnum og Syðra Laugalandi í Eyjafirði. Ég var snemma hrifinn af því sem hann skrifaði í blöð t.d. um sálmabókamál og afskipti Sigurbjarnar Einarssonar biskups landsins af sálmatextum og breytingum sem gerðar voru á þeim. Reyndar einnig fyrir ýmsa nýja sálma sem teknir voru í nýjar útgáfur sálmabókarinnar. Af skrifum hans má draga þá ályktun að hann tilheyrði stefnu nýguðfræðinga, sem ég var hlynntur, mótfallinn þeirri stefnu sem Sigurbjörn Einarsson biskup innleiddi.

Bókin: *Trú von og hjód* eftir séra Sigurð Árna Eyjólfsson kom út 2015 og fjallar um stefnur í guðfræði og er þar vitnað í séra Benjamín og sagt m.a. að hann hafi um skeið kennt við guðfræðideild H.Í., gefið út ritið: *Híð fagra land vonanna* og skrifað um guðfræði í *Kirkjuritið*. Ýmislegt sem ég sá eftir hann var bæði hnyttið og skemmtilegt að lesa.

Ég er einkum hrifinn af bókum séra Benjamíns: *Eyfirdingabók I-II*, (1968 og 1970) þar sem hann fjallar m.a. um frændfólk mitt af Briemsætt, ekki síst um Jóhönnu Gunnlaugsdóttur Briem, sem giftist ung til Þýskalands. Einnig um frænku hennar og

ævivinkonu, rithöfundinn Benedicte Arnesen Kall. Er sú bók fróðleikssjóður sem ég hef gengið í, m.a. í sambandi við samningu *Briemstettarinnar* (1990).

Ég er farinn að hægja á ritstörfum og reyni að koma lagi á og skrá heimilda og bréfasafn mitt. Þá rakst ég á grein séra Benjamíns sem birtist í jólablaði Dags árið 1953 og ég hafði fundið í handritadeild Landsbókasafnsins fyrir mörgum árum og búinn að gleyma. Er afritið áritað kveðju til safnsins með þökkum fyrir fyrirgreiðslu þess.

Greinin ber vott um dugnað séra Benjamíns, sem sýnilega hefur fundið bréfin í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn án þess þó að taka það fram. Lestur skriftar frá þessum tíma er erfiður og krefst þolinmæði sem mér er ekki gefin.

Framhald við lok greinarinnar.

Hún hét Kristjana Jóhanna, dóttir Gunnlaugs Briem kammerráðs á Grund í Eyjafirði, unga stúlkan sem var að koma til Kaupmannahafnar haustið 1823. Heima á Íslandi var hún ávallt kölluð Kristjana til aðgreiningar frá systur sinni sem hér Jóhanna Kristjana og giftist síðar séra Gunnari í Laufási. En erlendis gekk hún oftast undir nafninu Jóhanna. Stundum var hún kölluð Jóhanna hin íslenska, en oftast Jóhanna fagra.

Ætt og uppruni.

Fædd var hún að Arnarbæli á Fellsströnd 19. janúar árið 1805, en fluttist þaðan tveggja ára að aldri til Eyjafjarðar með föður sínum sem þá var orðinn þar sýslumaður.

Gunnlaugur Briem var eins og kunnugt er hinn merkasti maður og röggсамasta yfirvald.

Mjög var hann hneigður til skáldskapar og lista, enda hafði lífsferill hans að ýmsu leyti verið með óvenjulegum hætti. Föður sinn hafði hann misst ungur og þá verið tekinn til fósturs af nafnkunnum manni, séra Birni Halldórssyni í Sauðlauksdal og konu hans Rannveigu Ólafsdóttur, systur Eggerts Ólafssonar. Voru þau bæði skyldmenn hans. Mun snemma hafa borið á listagáfu hjá Gunnlaugi, því aðeins fimmtán ára er hann sendur utan með séra Sigurði Stefánssyni, er hann fór til biskupsvígslu, og komst hann brátt inn á listaháskólann í Kaupmannahöfn. Þar lagði hann stund á höggmyndasmíð um sjö ára skeið og gat sér svo góðan orðstír, að hann vann verðlaunapening skólans, er hann útskrifaðist þaðan árið 1795. Skólabróðir hans á þessum árum og aldavinur var snillingurinn Bertel Thorvaldsen, sem síðar varð heimsfrægur maður. Hann var að vísu þrem árum eldri og lengra kominn í listinni, en þeim mun meira hafði Gunnlaugur að nema af þessum landa sínum, enda varð hann honum fylgjusamur og heimangangur hjá

honum. Gerði Thorvaldsen á þessum árum mynd þá af Gunnlaugi,¹²⁰ sem enn er til.¹²¹ En brátt skildi með þeim vinunum, því að Thorvaldsen lagði leið sína til Ítalíu, en hugur Gunnlaugs tók þá að snúast að embættisnámi. Hann hafði í tómstundum sínum numið latínu og þýsku hjá frænda sínum Jóni Ólafssyni frá Svefneyjum, en nú tók hann að leggja stund á lögfræði og tók próf í dönskum lögum haustið 1797, með góðum vitnisburði.

Tveim árum síðar hvarf hann heim til Íslands eftir 11 ára útivist, og gerðist þá lögsagnari hjá Jóni Jakobssyni á Espihóli. Þar hafði alist upp að einhverju leyti systurdóttir sýslumanns, Valgerður Árnadóttir prests í Holti undir Eyjafjöllum Sigurðssonar. Hún var þegar hér var komið, tvítug mæð og hafði að sögn lítt verið haldið til skarts. Gekk hún að allri útivinnu og elti búfé í haga, stundum berfætt í vondum veðrum. Annars var hún hin skörulegasta kona, mikil vexti með glóbjart hár. Svipurinn var hreinn og tígulegur, en einkum bar það af, hve augun voru skær og fögur. Ljónaði úr þeim mildi og blíða, enda var kona þessi síðar annáluð fyrir manngæsku.

Þó að sumum þætti fulltrúi sýslumannsins á Espihóli nokkuð stórlátur þegar hann kom inn á þetta heimili, klæddur eftir nýjustu tísku, var hann samt undrafljóttur að verða heillaður af heimasætunni, þó að hún héldi sér lítið til fyrir honum, og bað hann hennar sér fyrir konu. Voru þau gefin saman í hjónaband vorið 1800 og hófu þá búskap á Grund. En með því að hann var þetta sama ár skipaður í jarðamatsnefnd og þurfti þá mjög að vera á faraldsfæti, lét hann af búskap árið eftir og átti heima á ýmsum stöðum næstu árin, uns hann fékk veitingu fyrir Eyjafjarðarsýslu eins og fyrr var getið. Gunnlaugi Briem var lýst þannig að hann hafi verið maður fríður sýnum, í herra lagi, grannlegur, skarpleitur og dökkhærður. Hann var hreinlundaður og kunni ekki að tala um hug sinn. Lét hann hvorki lof né last snúa sér frá réttvísinnar eftirfylgd og æfingu, segir í Ævisögu hans.

Litla frænkan.

Kristjana Jóhanna átti þannig til góðra manna að telja á Íslandi. En í Danmörku átti hún líka nákomna ættingja, sem ferðinni var heitið til. Var það Páll Arnesen móðurbróðir hennar, sem átti að taka á móti henni, stórlærður maður og kunnastur fyrir tvær geysimiklar orðabækur, er hann samdi yfir fornmalin grísku og latínu með dönskum þýðingum. Kvæntur var hann norskri konu og áttu þau 11 börn. Það var stór hópur

¹²⁰ Þessi skoðun er almenn, en verður heldur dregin í efa, eins og annars staðar kemur fram.

¹²¹ Myndina gáfu Suzanne Ebbesen Bitsch og Martin Bitsch, Þjóðminjasafninu, við útkomu Briemsættar 1990.

ættingja, sem tók á móti eyfirsku heimasætunni á hafnarbakkanum í Kaupmannahöfn, er hún steig þar á land.

Einkum var það þó lítil frænka hennar, 10 ára gömul, að nafni Benedicte, dálítið einþykk og sérlunduð, sem beið þess í miklu ofvæni að fá að sjá hana. Hún hafði heyrt miklar sögur um fegurð hennar og varð heldur ekki fyrir vonbrigðum, því að strax við fyrstu sýn lagði hún ofurást á þessa íslensku frænku sína, sem aldrei fyrntist á langri ævi þeirra beggja. Þegar skáldkonan Benedicte Arnesen Kall skrifaði endurminningar sínar 65 árum síðar, létur hún aldrei af að dásama hana. Hún orti um hana ljóðaflokk, og þegar Kristjana Jóhanna deyr 81 ár gömul 1886, skrifar hún eftirmælin og þau hefjast með þessum orðum: „*Það er til minning um þá íslensku konu, sem ég hef þekkt fegursta og besta, til minningar um hana, sem þrátt fyrir 62 ára fjarveru frá feðraey sinni, bar svo órjúfandi ást til hins fagra sögulands, að engin ferðalög og engin Suðurlandadýrð fékk nokkeru sinni numið þá tryggð úr hjarta hennar.*“

Fyrsta ferðin.

En hvers vegna var nú Kristjana Jóhanna hingað komin?

Þetta var reyndar ekki í fyrsta skipti, sem hún kom til Danmerkur. Þegar hún var tíu ára, fór faðir hennar utan í embættiserindum haustið 1815 og tók hana þá með sér að gamni sínu. Dvöldu þau allan veturinn í Kaupmannahöfn, og fékk hún þá hinar furðulegustu hugmyndir um lífið í þessari höfuðborg Danaveldis. Þetta undurfagra barn naut vitanlega dálætis meðal vina föður hennar, og kepptust þeir við að sýna henni allt sem Kaupmannahöfn átti best að bjóða af fögrum stöðum og skemmtunum við barna hæfi. Meðal annars hafði hún séð konunginn, Friðrik 6., aka um borgina í gullnum vagni og voru lúðrar þeyttir. Hugði hún í barnslegri einfeldni sinni, að hljómlist sú, er hún heyrði, kæmi með einhverjum hætti frá kyndlunum. Yfirleitt fannst henni allt, sem hún sá, vera undur mesta, og þessi mikla borg kynjaveröld, gagnólik því kyrrláta sveitalífi, sem hún áður þekkti. Og þegar hún kom aftur heim á Grund, þar sem hún var að dæmi annarra sveitabarna að vaka yfir vellinum og sitja yfir ám á sumrum, þá varð höfuð hennar fullt af draumórum um allt það sem hún hafði séð.

Að vísu elskaði hún hvern blett uppi í hlíðinni, þar sem hún og fjárhundurinn hennar, Garmur, höfðu setið margan góðviðrisdag yfir kvíánum og horft yfir hina sumarfríðu sveit, meðan hún söng Danslilju Þorláks prests Þórarinssonar og önnur ljóð sem hún kunni. Og góð var hún Grund að sjá enn sem fyrr, þar sem hún lá við hjarta sveitarinnar, böðuð í sólskini og umkringd hinum fagra fjallahring. Þetta var heimilið hennar, þar sem hún naut umhyggju mikilhæfra foreldra, heimili, sem hún ávallt sá í

heillandi ljóma, hvert sem örlögin báru hana. En samt gleymdi hún ekki ævintýralandinu hinum megin við hafðið. Skáldlegt hugmyndaflug ólgaði í sál hennar. Stundum kom það fyrir á vetrum, þegar bjart var af tungli, að hún gekk ein út á vökunni, þegar flestir voru gengnir til náða. Þá lagði hún leið sína yfir glampandi svellin og virti fyrir sér stjörnuþýrð himinsins. Henni fundust þá fellin hinum megin dalsins ljóma í yfirjarðneskri fegurð og hún hugsaði sér, að þarna væru skrautsalir álfanna, þar sem þeir stigu dans á unaðslegum kvöldum eins og þessu. Áður en hún vissi af var hún farin að syngja hástöfum, svo, að hljómurinn af hinni skæru rödd hennar barst inn um gluggann til sýslumannsins, föður hennar, sem enn vakti yfir skriftum sínum. Þá reis þessi alvarlegi maður úr sæti sínu og gekk út á túnið til að sækja dótturina, sem honum var svo ósegjanlega nær.

Örlögin kalla.

En nú tóku örlögin að kalla á hana með vaxandi þunga. Eftir því sem árin liðu, þróaðist smám saman með þessu hrausta og fagra náttúrubarni brennandi þrá til að koma aftur til undraborgarinnar við Eyrarsund með öllum hinum veglegu höllum og því undarlega og fjölbreytta lífi, sem þar var lifað.

Þegar þessi útþrá var á átjándá ári hennar orðin svo mikil, að hélt við hugsýki, skrifaði faðir hennar æskuvini sínum og frænda í Kaupmannahöfn, Birgi Thorlacius,¹²² stórlærðum vísindamanni og háskólakennara, og spurðist fyrir um það, hvort honum væri unnt að skjóta skjólshúsi yfir dóttur sína, því að hana langaði til að dvelja um eins árs skeið í Kaupmannahöfn. Þetta var auðsótt mál af hans hendi. Etazráð Birgir Thorlacius (allir heldri menn voru etazráð á þeim tímum) var annálaður öðlingur og góðmenni og kvæntur var hann ágætiskonu, Benedicte, dóttur sagnfræðingsins Abrahams Kall. Að vísu virðist þessi ágæti maður hafa verið nokkuð viðutan stundum, sem ráða má af því að á brúðkaupsnóttina sjálfa gleymdi hann konu sinni og veislugestum og týndist. Hafði hann verið önnur kafinn við sprenglærða ritgerð, en því hafði verið ráðstafað af foreldrum beggja, og þegar svo hjónavígslan var um garð gengin, steingleymdi brúðguminn þegar í stað sinni fögru og elskulegu konu og hvarf að venju til lesstofu sinnar, þar sem hann fannst eftir langa leit niðursökkinn í ritsmíð sína. Þess er þó rétt að geta að hjónabandið varð hið farsælasta að öðru leyti en því að þeim varð ekki barna auðið. En með þeim hætti bætti þessi einstaki dánumaður fyrir sína

¹²² Birgir (Börge) Thorlacius (1775-1829) var m.a. prófessor í sígildum málum og guðfræði og vann m.a. að útgáfu Heimskringlu með föður sínum Skúla Þórðarsyni Thorlacius (1741-1815) frá Teigi í Fljótshlíð, m.a. skólameistara við Frúarskólann í Khöfn og leyndarskjalavörður og vann m.a. að fornritaútgáfu.

afleitu yfirsjón, að hann á hverju árlegu giftingarafmæli þaðan í frá festi sér kona sína að nýju með 23 karata gullhring. Voru boðnir upp 27 slíkir gullhringir að þeim látnum.

Birgir Thorlacius var mjög hugfanginn af allri fornfræði og var því hreykinn af að vera kominn af fornri höfðingjaætt og fastheldinn á öll sambönd við ætland sitt. Var honum því sérstök ánægja að taka á móti dóttur æskuvinar síns í hús sitt, enda var hann kunnur fyrir frábæra gestrisni. Nú stóð svo á að fösturdóttir þeirra hjóna hafði gift sig og flutt burt, svo að gjarnan vildu þau aftur fá einhverja unga stúlku í húsið til að lífga upp heimilislífið og fylla hið auða sæti. Gæti hún jafnframt verið húsfreyjunni til aðstoðar og skemmtunar, þar sem maður hennar var allan daginn önnum kafinn við fræðagrúsk sitt. En samt sem áður var frú Thorlacius dálítið efandi um það, hvort íslensk stúlka, sem alist hefði upp við það að elta kindur, tæta ull og hlusta á rímnasöng og sagnalestur, gæti verið vel til þess fallin að gerast fösturdóttir og lagsmær í hinu fína húsi prófessorsins, Um þetta var þingað á fjölskylduráðstefnum og meðal annars var kona Páls Arnesens spurð ráða. En hún bauðst til að leysa vandann á þann hátt, að taka þessa íslensku mey í hús sitt og leiðbeina henni fyrst í stað svo að frú Thorlacius gæfist kostur á að virða hana fyrir sér í kyrrþey áður en hún tæki ákvörðun um, hvort hún treysti sér til að bjóða henni heim til sín.

Hjá Páli Arnesen.

Þetta var ástæðan til þess að fyrsti áfangastaðurinn í Kaupmannahöfn var hið barnmarga og fátæka heimili Páls Arnesens, móðurbróður hennar. Tók nú frú Arnesen að vinna að því af miklu kappi að gera Kaupmannahafnardömu úr hinni íslensku sveitastúlku, með því að klæða hana eftir nýjustu tísku og leiðréttu framburð hennar á dönskunni. Um þetta kemst Benedicte þannig að orði í endurminningum sínum: „*Þetta þótti víst nauðsynlegt og gekk mjög greiðlega. En með sjálfri mér var ég brygg yfir hverri breytingu, sem reynt var að gera á þessari brífandi veru. Allt til þessa dags þykir mér vænst um að minnst hennar eins og leit út, er hún steig af skípsfjöl, í aðskornu klæðispeysunni sem tilheyrir íslenska þjóðbúningnum, og með litla svarta flókahattinn ofan á gullbrúna hárinu, sem var svo mikið og dásamlegt, að aldrei hef ég séð neitt því um líkt, hvorki á málverkum né lifandi fólki. Augun voru dimmblá, geislandi og órannsakanleg, og hver sem einu sinni leit þau, gleymdi þeim aldrei.*“

Naumast þarf að taka það fram, að Thorlaciusarhjónin urðu þegar í stað hrifin af þessari undurfögru íslensku stúlku og tóku þau hana sér í dóttur stað. Og Benedicte litla frænka hennar fylgdi brátt með í kjölfarið. Frá þessu segir hún sjálf á þennan hátt:

„*Um þetta leyti var ég mjög kærleiksvana á heimilinu. Faðir minn sem talsvert hafði skipt sér af mér áður en ég fór að ganga í skóla, var sífellt önnum kafinn, og voru nú afskipti hans af mér helst orðin*

þau, að hann leit eftir afritunum, sem ég gerði fyrir hann öðru hverju. Hef ég oft síðar á ævinni verið bonum þakklát fyrir, hversu strangur hann var um alla nákvæmni í þessu efni, en þá hafði ég ekki jafngóðan skilning á því. Stöku sinnum kom það þó fyrir á sunnudagsmorgnum, að hann kallaði mig inn til sín til að lesa með mér kvæði Schillers og varð það okkur báðum til ánægju. Þegar hann var mjög þreyttur eða átti í einhverjum örðulgeikum með starf sitt, gat það komið fyrir einstöku sinnum á kvöldin, að hann léti mig lesa hátt fyrir sig eða þýlja kvæði utanað. En þessum hamingjustundum fór sífellt fækkaði. Smám saman fóru að hafa ábrif á hann ýmsar kvartanir yfir framferði mínu, að ég væri í óstjórnlegu skapi, umgengni minni væri ábótavant, ég gleymdi öllu, sem ekki beyrði bókinni til og svo framvegis. Þannig tók faðir minn að fjarlægjast mig, en hann hafði alltaf verið mín besta hjálparhella á heimilinu. Þegar svona var ástatt, fannst mér það vera eins og sending af himnum ofan, þegar Jóhanna Briem, mín yndislega íslenska frændkona, kom inn á heimilið. Undir eins og hún steig á land í íslenska búningnum sínum fullnægði hún þeirri kærleikspörf í brjósti mér, sem mín vesalings einmana barnsál hafði þráð og farið á mis við. Og hvað hana snerti virtist hún þegar í stað skynja þetta og slá vernd sinni yfir þessa litlu brokkinkollu, sem starði á hana með undrun og aðdáun. Þrátt fyrir þann aldursmun sem var á okkur, og þrátt fyrir lítt dulda óánægju móður minnar yfir því, að þessi íslenski attingi skyldi hafa svo litla smekkevísu til að bera, að taka mig, þennan óþekktaranga, fram yfir systur mína, sem var þrem árum eldri en ég og bæði fallegri og miklu þroskaðri, þá bundumst við Jóhanna strax á hinni fyrstu stuttu dvöl bennar í föðurbúsnum mínum, örjúfandi vináttuböndum. Og seinna kom þessi vinátta til að hafa gagngerð ábrif á allt mitt líf.“



Birgir Thorlacius

Hjá Birgi Thorlacius.

Sú varð raunin á að Benedicte litla tók smám saman að venja komur sínar til Thorlaciusarfólksins eftir að Jóhanna flutti þangað og varð smám saman eins og heimamaður. Gat hún ekki með neinu móti hugsað sér að skilja við Jóhönnu og því dvaldi hún þar öllum stundum, sem hún hafði aflögu, enda var hún vel komin þar og í miklu eftirlæti. Kölluðu húsbændurnir hana *Ariel* eftir lofandanum í leikriti Shakespeare's, Storminum, en lengi vel hafði hún ekki hugmynd um hvað það nafn

merkti. Miklu ástfóstri tók hún við nöfnu sína, frú Tholacius, enda reyndist hún henni sem önnur móðir. Kallaði hún hana, eins og öll fjölskyldan: *Dolce mia*, og seinna tók hún upp ættarnafn hennar: Kall, og bætti því aftan við sitt eigið. Þarna dvaldist hún alla helgidaga og frídaga frá skólanum og stundum tímum saman. Á sumrum dvaldist hún oft með þessu fólki á sveitasetri þess: *Holtehus*, úti á Friðriksbergi. Mest þótti henni samt gaman að því, þegar þær Jóhanna dvöldu einar og fengu að ráðsmennskast þar að vild, nema hvað kunningjarnir þyrptust þangað um helgar.

Það er þessari litlu stúlku að þakka að við eigum lifandi lýsingar á heimilislífinu hjá Birgi Thorlacius og mörgum hugðnæmum atvikum í lífi Jóhönnu Briem. Reyndar var Benedicte ekki alveg ókunnug hjá Thorlaciussfólkinu áður, því að góður kunningsskapur var með fjölskyldunum. Venjulega hafði hún og Elísa systir hennar verið boðnar þangað á barnadansleiki svo sem tvisvar sinnum á vetri frá því að þær fyrst mundu eftir sér. Hjónin höfðu mikið yndi af að safna börnum og unglingum í kringum sig öðru hverju, enda voru þau vel í efnum.

Á þessum árum bjó Birgir Thorlacius í lágu húsi á horninu á Nörregade og Frueplads, þar sem seinna varð nr. 6 Nörregade. Hafði húsi þessu verið flaustrað upp til bráðabirgða á svæði þar sem brunnið hafði þegar skotið var á Kaupmannahöfn í enska stríðinu 1807. Ráðgert var að byggja þarna völdugt hús, meðan prófessorinn færi í langa námsferð til Suðurlands. En þessi för dróst ár frá ári af ýmsum ástæðum og þó einkum þeirri að prófessorinn vildi ekki fara frá móður sinni, sem komin var á grafarbakkann. Ekki var unnt að senda símskeyti eða bregða hart við og koma heim, ef dauðsfall bar að höndum eins og ferðalögum var þá háttað. Hinn ástúðlegi sonur þakkaði guði fyrir hvert ár, sem hann fékk að hafa móður sína hjá sér og þannig dróst Rómarferðin og lága húsið fékk að standa í friði.

Þarna voru nú samt allrýmileg húsakynni búin fallegum húsgögnum eftir því sem þá gerðist. Hið geysimikla bókasafn prófessorsins flæddi um allt og var búið að leggja undir sig næstum því hvert herbergi í húsinu. Enda þótt mikið væri lesið þarna og grúskað var þar líka talsvert samkvæmislíf og iðulega boð fyrir háskólakennara og aðra menntamenn og skáld og einnig fyrir yngri stúdenta. Þarna var dansað á hverju miðvikudagskvöldi, en þá var jafnan boðið ungum stúdentum og ennþá yngri smámeyjum af heldra fólki. Var þá oft gleði mikil á ferðum og nötraði allt húsið og skalf af fjöri og kæti unglinganna, einkum þegar líða tók á kvöldið og hestasveinninn Lars kom inn með púnsblönduna, sem venjulega var ákaflega veik, en hins vegar ekkert skorin við nögl. Þessi samkvæmi hófust með því að drukkið var te. Síðan var dansað við lírukassahljómlist þangað til inn var borin púnsblanda ásamt geysimiklum bökkum hlöðnum af smurðu brauði. Þá var tekið ósleitilega til matar síns. Samkvæmum þessum

stjórnaði hin hálf fimmtuga húsfreyja með miklum myndugleik. Hún var mjög aðlaðandi kona, enda elskuðu hana allir. Hið sama er að segja um húsbóndann. Hann var friður maður sýnum og góðlyndur, en framkoman stundum dálítið barnaleg, eins og oft vill verða hjá mönnum, sem frá barnæsku hafa lifað og hrærst í andans heimi. Af honum skein göfugmennskan einskær. Allir voru stúdentarnir eins og synir hans, sem hann vildi leiðbeina eftir mætti og ýmsa þeirra hafði hann jafnvel stutt á menntabrautinni og hjálpað þeim fjárhagslega. Oftast veik hann að hverjum og einum nokkrum orðum og spurði þá um nám þeirra o.s.frv., en síðan dró hann sig út í horn og horfði þaðan af velpóknun á leik unga fólksins og var hjartanlega glaður, ef hann gat fengið einhver af hinum eldri og ráðnari til að tefla við sig.

Auk dansins, smurða brauðsins og vínblöndunnar og annarra gæða, sem þarna stóðu hinum ungu menntamönnum til boða, var nú nýtt aðdráttarafl komið til sögunnar í húsi prófessorsins. Það var íslenska mærin fagra, sem nú kveikti neista í mörgu brjósti. Margir þessara ungu dansherra urðu seinna nafnkunnir menn eins og til dæmis Engelstoft biskup. En aldrei gleymdu þeir Jóhönnu fögru, eins og hún var nefnd þeirra á meðal. Annars komust þeir aldrei í mjög mikið færi við hana. Í fyrstu var hún heldur fáorð og þurr á manninn og kunni ekki tók á hinu léttu spaugi Dananna. Stundum sat hún og tefldi við prófessorinn og gaf engan kost á sér í dansinn. Ungu stúdentarnir urðu þá að láta sér það nægja að horfa á hana eins og goð á stalli, sem vonlaust væri að nálgast. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að hún mundi vera köld eins og landið sem hún kom frá.

En mjög fór því fjarri. Undir hinu kalda yfirbragði, sem hún sneri að ókunnugum, bjó heit og ákaflýnd sál. Hún var dálítið seintekin, en þegar hún fór að kynnast, ræddi hún við hvern sem var af svo látlausri alúð og fjöri að hún vann hvers manns hug og hjarta. Röddin var skær og hljómmikil, áhugamálin mörg og víðtæk. Hún hafði fagra og stílhreina rithönd og skrifaði þróttmikið íslenskt mál, sem hún hafði numið af fornsögnum, Brátt náði hún einnig góðum tókum á dönskunni, svo hún talaði hana og ritaði reiprennandi. Yfirleitt var gáfnafar hennar bæði sterkt og fjölhæft.

Fjölda merkra manna kynntist hún í húsinu hjá Birgi Thorlacius og í menntamannaveislunum þar. Fastagestir voru þeir Páll Arnesen og Finnur Magnússon, sem báðir voru skyldir henni. Þeir voru mjög hrifnir af fegurð frænku sinnar og tóku hana oft tali. Talið snerist iðulega að kvæðunum í Sæmundar-Eddu, sem Finnur var að gefa út um þetta leyti. Þarna komu yfirleitt allir helstu kennarar háskólans. Einnig kynntist hún ýmsum skáldum eins og til dæmis Adam Oehlenschläger. Hún kynntist og

Charlotte dóttur hans, sem um þetta leyti var yndisleg, kát ung stúlka. Hún varð mjög hrifin af Jóhönnu og lagði mjög lag sitt við hana um eitt skeið.¹²³

Suðurförin.

Svo kom dauðinn allt í einu og leysti háöldruðu konurnar, mæður þeirra Birgis og frú Benedicte Thorlacius frá amstri og erfiði þessa lífs. Og þegar gömlu konurnar voru heiðarlega komnar undir græna torfu, varð loks alvara úr suðurförinni.

Jóhanna var nú orðin svo kær fósturforeldrum sínum, að þau vildu ekki annað heyra en að hún færi með. Undirbúningurinn var mikill. Lesin var franska og ítalska á hverjum degi milli klukkan 6 og 8, ferðabækur athugaðar, ýmsar ferðaáætlanir gerðar, þær endurskoðaðar og þeim breytt. Þessi ferð var ákveðin til tveggja ára, svo að víða skyldi komið við og margs þurfti við á ferðinni. Yngri systkini frúarinnar, sem ógift voru, þau Johan Christian Kall skjalavörður og Júlía Kall, fóru nokkuð á undan, en ætluðu að hitta systur sína og mág í Rómaborg.

Lagt var af stað í apríl 1826. Fjölskyldan ferðaðist í sínum eigin hestvagni og hafði með sér mikinn farangur og kynstur af bókum, sem húsbóndinn bjóst við að þurfa að nota við vísindarannsóknir sínar á leiðinni. Heimildir skortir mig um fyrstu áfanga þessarar ferðar, þó að sjálfsagt megi finna þær í dagbókum Birgis Thorlaciusar í söfnum í Danmörku. En um ferðina frá Dresden til Rómaborgar og dvölinna þar eru allitarlegar frásagnir í bréfum Jóhönnu sem rituð eru í Róm og varðveitt í Landsbókasafninu. Er annað bréfið ritað á dönsku, 20. janúar 1827, til Páls Arnesen, frænda hennar, en hitt er skrifað daginn eftir til föður hennar. Af þessum bréfum verður það ljóst, að hún hefur verið því vön að skrifa foreldrum sínum tvisvar á ári, og hefur hún áður verið búin að skrifa foreldrum sínum ferðasöguna til Dresden. Ennfremur skrifar hún um þetta leyti bréf til Ólafs bróður sín, síðar timburmeistara á Grund, sem þá var staddur í Kaupmannahöfn og voru einnig þar frásagnir af ferðinni. Bréf þessi eru reyndar stærðar ritgerðir og var það ætlunin fyrir Jóhönnu, að þau fylli hvert annað upp, þar sem þau voru öll send til náinna ættingja. En því miður eru þau nú líklega öll glötuð, nema tvö bréfin, þau er ég gat um í upphafi, og er nú seinni hlutinn af bréfinu til foreldra hennar í tætlum og ólæsilegt að kalla. En það sakar ekki svo mjög, því að kaflinn sem verst var farinn var prentaður orðrétt í Sunnanpóstinum árið 1838 og endurprentaður í ferðasögubókinni: *Langt út í löndin*, árið 1944. Er því hægt að fara lauslega yfir þennan kafla ferðasögunnar.

¹²³ Benedicte Arnesen-Kall: Livserindringer 1813-1857. Khöfn 1889. Bókin fjallar mjög um Jóhönnu Kristjönu frænku hennar.

Frá Dresden til Rómar.

Af ferðasögu þessari, sem er mjög skilmerkilega rituð, má sjá að frá Dresden hefur leiðin legið gegnum Bæheim og verið staðnæmst í Prag fjóra daga. Síðan haldið áfram inn í Austurríki og dvalið um mánaðartíma í keisaraborginni Vín. Fagurt þótti Jóhönnu í Austurríki og margt að sjá í höfuðborginni. Þar kynntist hún mörgu fólki og segist Jóhanna hafa eignast þar fjórar vinstúlkur. Þaðan var haldið áleiðis til München. En einhver kunningi þeirra í Vín ráðlagði þeim að koma við í Salzburg og gerðu þau það. Var þeim ekið í hestakerru upp á Saltfjallið og þaðan stigu þau niður í námugöngin, en fjallið er allt holgrafið innan og reikuðu þau lengi um hina glitrandi veröld saltkristallanna, uns þeim var ekið á tréhesti út við rætur fjallsins.

Í hinni fögru Münchenarborg dvöldu þau einn mánuð og héldu svo þaðan yfir Tyról til Ítalíu. Fannst Jóhönnu yndislegt í Tyról. „*fólkið, sem við sáum á engjum og ökrum var hjúlegt og síbrosandi, fallegt í andlitsfalli og vexti.*“ Staðnæmst var í Feneyjaborg eina viku og nokkra daga í Bologna, en þaðan haldið til Florens og dvalið þar í átta daga. Á þeirri leið fóru þau yfir Appenínafjöllin „*hvar við köflunum saman sáum ekei stingandi strá, heldur stórgryti og klettabrot, eins og Möðrufellsbraun,*“ segir hún.

Í Rómaborg.

Þegar til Rómaborgar kom, var hafist handa að skoða ýmsar merkilegar fornleifar, svo sem Pantheon, Colosseo og sigurboga Konstantíns. Þó fannst henni Péturskirkjan bera af öllu, að stærð og prýði. „*Er hún svo stór*“, segir hún „*að tíu aðrar gatu staðið innan í henni. Á jóladaginn sá ég páfann borinn inn og út af kirkju þessari á gylltum börum með trónhimni yfir sér. Á höfði bar hann þrjár gullkórónur, sem festar voru á uppháa hvíta húfu. Í fangabúsi því sem er sagt að postularnir Pétur og Páll hafi í setið, höfum við verið. Enginn daggeisli gat þar inn komist.*“

Það mun hafa verið um miðjan október 1828, sem Birgir Thorlacius og fjölskylda hans komu til Rómaborgar og dvöldu þar fram á næsta sumar eða haust. Á þessum tíma brugðu þau sér einnig til Neapel og dvöldu þar um stund. Einnig fóru þau til Sikileyjar, gengu á Etnu og dvöldu eina dýrlega tunglskinsnótt uppi á fjallinu.

Meðan Birgir Thorlacius var í Róm var hann vakinn og sofinn við ýmsar rannsóknir sínar og safnaði að sér fjöldamörgum dýrmætum listmunum. En nokkurn þátt tók hann einnig í samkvæmislífinu ásamt konu sinni og fósturdóttur og áttu þau þar marga gleðistund í hópi skálda og glaðra listamanna, sem þarna voru fjölmargir saman komnir, bæði frá Norðurlöndum og víðar að.

Engan umgengust þau þó meir en hinn fræga landa sinn: Myndhöggvarann Bertel Thorvaldsen. Það var mikil gleðistund þegar Jóhanna kom fyrst með fósturforeldrum

sínum inn á myndastofu Thorvaldsens í Piazza Barbierini í Róm, og hann fagnaði henni af þeirri hlýju og alúð, sem honum var eiginleg sem Íslendingi og dóttur æskuvinar síns. Kvaðst hann þekkja á hinu fagra andliti svip föður hennar, sem hann hefði sjálfur teiknað á yngri árum. Thorvaldsen stóð þá á hátindi frægðar sinnar og var enn ekki nema 57 ára gamall. Hann var allra manna tryggastur og vinfastur, enda gekk Jóhanna inn og út hjá honum þennan vetur í hinu mesta dálæti, dád af hinum mörgu listamönnum sem hann safnaði í kringum sig. Í þessum hópi voru skáldin Carsten Hauch og Ludvig Böttcher, myndhöggvararnir Freund og Bissen, málarnir Mejer og Krafft og ýmsir fleiri. Segir hún sjálf á þennan hátt í bréfinu til Páls móðurbróður síns frá ýmsu er við bar fyrstu mánuðina sem hún dvaldi í Róm og þar á meðal frá jólaveislu hjá Thorvaldsen.

Söfnin skoðuð.

„ -- Við höfum lifað mjög kyrrlátu lífi að undanfögnu, En fyrst eftir að við komum til Rómaborgar vorum við stöðugt á ferðalagi, ýmist fótgangandi eða í vagni, bæði utan borgar og innan, til að kynna okkur sem best hinar mikilfenglegu fornleifar. Mörgum sinnum höfum við komið í Péturskirkjuna og Vatíkanið, en þessar byggingar eru æðri öllum skilningi bæði fyrir það, hversu geysilega stórar þær eru og skrautlegar og eins vegna hins fagra byggingarstíls. Er öllum hinum miklu dýrgripum, sem þar eru, einkar fallega fyrir komið. Í bókasafni páfahallarinnar og öðrum söfnum dvelur etazráðið löngum. Einnig höfum við heimsótt Capitolium og mörg önnur einkasöfn, sem bæði hafa að geyma málverk og höggmyndir. Meðal málverka hafa vakið athygli okkar mikill fjöldi guðdómlega fagurra madonnumynda og í marmaramyndasöfnum eru margar eftirtektarverðar brjóstmyndir af frægum mönnum.

Nú höfum við um það bil tvo daga í viku hverri til að líta í kringum okkur. Höfum við nokkrum sinnum verið viðstödd kirkjuhátíðir í Péturskirkjunni og Sixtínsku kapellunni og þar höfum við iðulega séð páfann í allri hans dýrð. Í stórveislur höfum við ekki oft komið, enda er ekkert okkar sérstaklega gefið fyrir þær. Þó vil ég segja þér í stuttu máli frá einu slíku samkvæmi.--

Hertoginn af Braiciano.

-- Hér er vellauðugur maðir að nafni Tolome, sem heldur stórar og viðhafnarmiklar veislur fyrir útlendinga. Sagt er að hann sé auðugasti maðurinn í allri borginni og eigi jafnvel meiri hlutann af gömlu Róm. Hann hefur boðið okkur til sín og liggja nú hér tvenn heimboð frá honum, sem etazráðið mun vafalaust þiggja fyrir kurteisissakir. Á

boðskortum sínum kallar hann sig hertogann af Braiciano, enda er allt eins og hjá þjóðhöfðingja, er hann heldur samkvæmi. -- að koma til hans var eins og að koma í konungsgarð og hirðveislu. Beggja vegna við hallarhliðið úði og grúði af skrautlegum einkennisbúnum þjónum og hermönnum á verði. Þar voru og menn, sem báru kyndla. Forsalirnir voru fullir af þjónum og ókunnugu fólki. Hinir glæsilegu salir ljómuðu af óteljandi ljósum og skrauti.

Eftir að við höfðum farið gegnum marga slíka sali, þar sem hundruð karlmanna voru saman komnir, komum við loks inn í herbergi, þar sem eintómar konur voru og álíka margar og stundum eru við próf í Dætraskólanum í Kaupmannahöfn. Þar vorum við kynntar hertogafrúnni. Var hún þannig búin, að hún var í hvítum atlask kjól og ljómaði öll af demöntum. Allar voru hinar konurnar forkunnarvel klæddar, blómum skreyttar, og báru margs konar dýrmæta skartgrip. --

Langflestir í þessu samkvæmi voru útlendingar, það er að segja ferðafólk, mest Englendingar. Er það nú mjög í tísku á Englandi að ferðast ekki aðeins meðal karla, heldur einnig kvenna. Þess eru jafnvel dæmi, að hinar ensku konur ferðist án þess að njóta verndar karlmanna. Út í slíkar öfgar gengur tískan. --

Hjá sendiherra Prússa.

Við höfum einnig verið í minni, en miklu skemmtilegri samkvæmum. annað var hjá prússneska sendiherranum Buntsen. Hann á yndislega konu, sem ég er mjög hugfangin af. Virðist hún bæði vera ágæt kona að vitsmunum og góðhjörtuð. Hún var einkar skemmtileg í viðræðu og bar allt sem hún sagði vitni um menntaða sál og drengilegt lundarfar. Af tali hennar mátti skjótt finna, að hún var hin virðulegasta kona og nákvæmasta móðir barna sinna, enda hugsar hún um þau með innilegustu blíðu og gætir heilsu þeirra með ströngustu árvekni. Hlýtur hún og hin bestu iðgjöld ástundunar sinnar og umhyggju, því að öll fimm börn hennar eru hvert öðru indælla og sérlega heilbrigð, enda þótt þau búi í fremur óhollum bæjarhluta. Ef maður kynni nú ekki alltaf best við sig heima hjá sér, mundum við áreiðanlega dvelja marga stund með þessari indælu og aðdáunarverðu fjölskyldu. Í húsi þeirra er prótestantísk kapella og komum við oft þangað. Presturinn talar mjög skýrt, svo að ég get vel fylgst með predikun hans.

Jólaveisla hjá Thorvaldsen.

Annað skemmtilega samkvæmið sem ég gat hér að framan, var veisla sú er við vorum í á jólanóttina hjá hinu elskulega etazráði Thorvaldsen. Þangað komu allir Danir sem staddir eru í Róm. Þar var mikið sungið og spilað. Ungur maður, að nafni Garsen, sem þeir er vit hafa á, segja að sé ágætur hljóðfæraleikari, skemmti okkur lengi með sínum

frábæralega fagra leik. Margir léku þarna á guitar. Jafnvel blessaður Thorvaldsen kom okkur á óvart, er hann þreif guitarinn, og lék hann ofurlítið sönglag. Tónarnir sem hann lék, voru svo blíðir og viðkvæmir að ég varð frá mér numin. En þetta stóð ekki nema stutta stund, því að brátt seldi hann guitarinn af höndum og kvaðst ekki geta leikið meira, sagðist vera farinn að stirðna af æfingarleysi, því að hann hefði ekki snert guitar í 20 ár. Þarna var líka sunginn Davíðssálmur á þýsku, sem Þjóðverji nokkur hafði gert lag við og tileinkaði Thorvaldsen. Í honum kom fram innilegasta guðstraust og tilbeiðsla. Hann hófst með þessum orðum: *Gott, du bist mein gott* o.s.frv. Einnig voru sungin ýmis dönsk ljóð við píanóundirleik eða guitar.

Eftir þetta var farið með okkur inn í stofu þar sem óvænta sjón bar fyrir augu, en það var skínandi fallett jólatré. En fljótséð var, að nú vorum við ekki stödd á Norðurlöndum, þar sem venjan er að nota grenitré. Hér blasti við augum hið tígulegasta tré borgarinnar: lárviðurinn og hengu gullin aldin á greinum hans. Að norrænum sið voru þó purpurarauð ber og hundruð smáljós látin prýða tréð. Smágjöfum var útbýtt milli allra, og var þá mikil kæti á ferðum og gleðihróp meðal gestanna.

Síðan var sest að borðum í myndastofu Thorvaldsens, en hún var öll skreytt á hinn smekkvísasta hátt með grænum greinum, blómum og ávöxtum. Það var ekki aðeins að fjórir veggir stofunnar væru blómum skreyttir, heldur og allt sem í myndastofunni var. Og í sætum gestanna lágu blómsveigar er þeir skyldu setja á sig. Báru þeir Thorvaldsen og Thorlacius lárviðarsveiga, en milli þeirra sátum við tvær, ég og húsmóðir mín, krýndar rósum og umvafðar myrtusgreinum. Allir hinir gestirnir báru bergfléttusveiga. Niður úr loftinu hékk ljósakróna mikil, sem búin var til úr lárviðargreinum, skreytt með gullaldinum og fögrum blómum.

Sungið var kvæði til etasráðs Thorvaldsens, sem einn gestanna dr. Hauch¹²⁴ hafði ort og lék Hauch sjálfur undir á guitar. Allir sungu með. Guitarinn gekk hringinn í kringum borðið og hver og einn sem eitthvað kunni eða gat, lék á hann og söng. Margar skálar voru drukknar og með sjálfri mér drakk ég yðar skál.¹²⁵ Ekki var orðið mjög áliðið er við yfirgáfum samkvæmið, svo að þeir sem fjörugir voru orðnir væru frjalsir að skemmta sér.

¹²⁴ Johannes Carsten Hauch, eitt af góðskáldum Dana, f. 1790. Faðir hans var stiftamtmaður yfir Sjálandi. Lagði hann stund á náttúruvísindi og tók doktorspróf í heimspeki. Seinna varð hann prófessor í fagurfræði við Hafnarháskóla á eftir Oehlenschläger og flutti þá m.a. fyrirlestur um íslensku fornsögurnar. Kunnast eftir hann hér er leikritið: Kinnarhvolssystur.

¹²⁵ Þess hluti samantektarinnar er sennilega skrifuð móðurbróður hennar, Arnesen í Khöfn.

Danskir listamenn í Róm.

Ef ég gæti náð í þetta nýja ljóð, mundi ég stinga því inn í bréfið og líka öðru kvæði eftir Bödtcher stúdent.¹²⁶ Gjarna vildi ég segja þér eitthvað af Dönnum þeim sem hér eru. Ungfrú Kall ferðaðist rétt fyrir jólin með bróður sínum, skjalaverðinum, til Neapel, af því að hún hugði að dvöl þar mundi eiga betur við heilsu sína en loftslagið í Róm. Eru þau enn ekki komin til baka og vantar því í hópinn.

Af lærdómsmönnum eru hér, auk etazráðs Thorlaciusar þeir Bödtcher¹²⁷, Abrahams¹²⁸ og dr Hauch.¹²⁹ Varð sá síðast taldi fyrir því slysi í Neapel, að missa annan fótinn. Vildi það þannig til að vagni sem hann var í hvolfdi, svo að hann hlaut meiðsli á sköflungnum. Leitaði hann þá hjálpar skurðlækna, sem voru eins og allir lækna Ítalíu fávísir skottulækna. Kvöldu þeir hann lengi uns drep hljóp í fótinn og taka varð hann af. Mun hann að vori ferðast heim til Danmerkur til að taka við embætti, sem hann hefur fengið veitingu fyrir í Sorö.

Hér eru þrír myndhöggvarar, sem þér ef til vill þekkið alla. Fyrst og fremst er nú Thorvaldsen, þá Freund og Bissen.¹³⁰ Svo eru þrír byggingameistarar, Smidt, Martensen og Holm. Er sá fyrst taldi nú á förum heim og ætlar að vera svo góður að taka þessi bréf með sér. Fjórir málara eru hér: Mejer, Bravo, Krafft og Koop, sem á næsta vori mun senda á sýningu heima ljómandi fallett málverk, sem á að sýna Móses, þar sem hann slær vatn af kletti með staf sínum. Við höfum mikið dáðst að þessu yndislega málverki og gæti ég lýst því miklu betur, ef ég mætti vera að. En nú er rekið á eftir mér að ég verði að fara að hætta og hlýt ég því að sleppa því. Einn liðsforingi er nú hér, Lundenborg kapteinn, einn gullsmiður að nafni Langhoff, og svo Gersen, hinn frábæri pianoleikari, sem reyndar er líka kaupmaður eins og faðir hans.

Nú þarf ég að fara að skrifa honum föður mínum, auk þess sem frúin kallar á mig. Líka verð ég að slá botninn í bréfið áður en pappírinn er alveg á þrotum. Ég flyt þér, frænku og frú Meier bestu kveðju etazráðsins og frúarinnar, ásamt öllum öðrum í fjölskyldunni, en einkum átti ég þó að flytja Maríu litlu kveðjur frá frúnni.

Líði þér nú vel, elsku frændi, og hugsaðu stöku sinnum til þinnar einlægu elskandi

Christiane J. Briem

¹²⁶ Ludvig Adolf Bödtcher, skáld, f. í Khöfn. 1793. Bjó 11 ár í Róm. Var mikið honum að þakka að Thorvaldsen gaf listaverk sín til Danmerkur. Fylgdi Bödtcher þeim norður á freigátunni Bellona, 1835.

¹²⁷ Ludvig Bödtcher (1793-1874) danskt ljóðskáld sem bjó lengi á Ítalíu.

¹²⁸ Nicolaj Christian Abrahams, seinna prófessor í frönsku við Khafnarháskóla. F. í Kb. 1708. Fjölgaður maður.

¹²⁹ Johannes Hauch (1790-1872), f. í Noregi, síðar prófessor í fagurfræði og bókmenntum.

¹³⁰ Hermann Ernst Freund (1786-1840) og H.V. Bissen (1798-1868) eru einhverjir fægustu myndhöggvarar Danmerkur fyrir utan Thorvaldsen, en þeir munu báðir vera þýskættaðir.

Ágrip af því sem síðar gerðist.

Af Jóhönnu Briem er enn margt að segja. Á heimleiðinni var dvalið um 6 mánaða skeið í París til að leggja stund á franska tungu og bókmenntir. Væri það of langt mál að segja frá öllum þeim skáldlegu ævintýrum sem Jóhanna lenti í á suðurgöngu sinni, enda ekki glöggar heimildir um hvað eina. En alls staðar vakti hún eftirtekt, ekki einungis með sinni óviðjafnanlegu fegurð, sem þá stóð í mestum æskublóma, heldur og með sínu frjálsmannlega og tilgerðarlausu viðmóti, fjöri því og krafti, sem hún talaði með. En þrátt fyrir upphefð þá og eftirlæti, sem henni var hvarvetna sýnt, þótti henni það ávallt mesta hrós að láta kalla sig Íslending, enda lét hún jafnan getið þjóðernis síns, hvar sem hún fór.

Í París bað hennar stórauðugur maður, og voru fósturforeldrar hennar þessa ráðs mjög fýsandi. En Jóhanna aftók með öllu að eiga hann. Til þess lá nokkur ástæða: Á suðurleið hafði hún lítils háttar kynnst ungum menntamanni í Halle í Þýskalandi, sem hafði fengið ofurást á henni. Ekki tók hún þetta mjög alvarlega í fyrstu, en leyfði honum þó að skrifa sér. Dundu nú yfir hana ástarbréfin og að lokum fór svo að þau sigruðu hið norræna hjarta hennar. Kom þetta upp úr dúrnum, þegar verið var að leggja að henni að giftast auðkýfingnum í París. Þau Thorlaciushjónin vildu samt ekki að flanað yrði að þessum ráðahag og buðu piltinum, sem nú var orðinn doktor í fornámálum, til sín norður til Kaupmannahafnar, svo að þau gætu kynnst betur, áður en nokkru væri slegið föstu, Dvaldi hann hjá Birgi Thorlacius veturinn 1828-29 og las sanskrít við háskólann hjá Rasmus Kristján Rask og starfaði jafnframt að því að hjálpa skáldinu Oehlenschläger við að snúa leikritum hans á þýsku.

Þessi ungi menntamaður hét Carl Wilhelm Schütz og ávann sér allra vinsældir, enda var honum margt stórvel gefið. Hann var glæsímenni í sjón og hljóðfæraleikari með afbrigðum, svo að talið var að hann mundi hafa orðið snillingur í þeirri grein. Nokkur stund leið þó enn, þangað til brúðkaup þeirra var haldið. Það var ekki fyrr en 25. maí 1831.

Lengst ævi sinnar bjuggu þau í Bielefeld í Þýskalandi þar sem dr. Schütz kenndi við menntaskóla og vann að ýmsum bókmenntastörfum. Segir Benedicte Arnesen, sem iðulega dvaldi hjá þeim, að aldrei hafi hún þekkt svo endingargóða rómantik hinnar fyrstu ástar, því að þau hafi elskast eins og nýtrúlofaðar persónur fram um átræðisaldur. Af þeim er merkur ættbogi í Þýskalandi. Fyrsta barn þeirra hjóna var skýrt Benedicte eftir Benedicte Arnesen-Kall. Elskuðust þær nöfnur mjög, og hófst þar á ný svipað samband og áður var á milli Benedictu eldri og Jóhönnu.

En það er önnur saga og læt ég hér lokið að segja frá Jóhönnu fögru.

Eftirmáli E.Á.

Sannarlega var merkilegt að rekast á þessa síðustu grein sem vekur ýmsar hugsanir og spurningar sem snerta Kristjönu Jóhönnu, og sem ég hef lítið eitt fjallað um áður. Vil ég ljúka þessari samantekt með því að rifja upp að árið 2007 gaf ég út ritið *Tómas Samundsson og Sigríður Þórðardóttir* sem er æfisaga þeirra hjóna og niðjatal. Á bls. 20 og 21 segir um Tómas í Khöfn:

-- *En hann var stundum einmana og átti sínar erfiðleikastundir. Hann kvartaði undan skrokkenum sem gerði honum erfitt fyrir og olli honum ólund og erfiðleikum í samskiptum við aðra. -- Framan af virðist hann ekki hafa átt marga vini og enga danska.*

Eitthvað umgekkst Tómas prófessor Birgi Thorlacius, stórlærðan mann af íslenskum attum sem hann fékk eftir inntökuprófið sem einkakennara.

Birgir var barnlaus. Hann og kona hans tóku á heimili sitt, sem dóttir væri, Kristjönu „Jóhönnu fögru“ Gunnlaugsdóttur Briem. Heimagangur var þar Benedikte Arnesen Kall, síðar rithöfundur, venslakona hjónanna. Voru þær Jóhanna og Benedikte systkinadætur. Benedikte var dóttir Páls Arnasonar, skólamanns og orðabókarhöfundar í Danmörku. Birgir og kona hans fóru í tveggja ára kynnisferð suður um Evrópu 1826, til Rómar og heim aftur. Tóku þau Jóhönnu með sér í þetta langa ferðalag.-- Áttu gestir góðu að mæta á heimili Birgis.

Hann var orðinn heilsulitill og dó ekki löngu seinna, heimkominn úr langri suðurferð. Sennilega hefur Tómas heyrt bæði um ráðagerðir Birgis um suðurför og ekki síst af reynslu hans og fjölskyldunnar og skipulagi ferðarinnar. Þó að hann nefni Jóhönnu ekki fer vart á milli mála að hann hafi vitað um ferðir hennar. Þó ekki væri er sennilegt að Thorvaldsen hafi nefnt hana við Tómas, enda hittu þau hann í Róm. Þau komu einnig bæði til Parísar, þar sem bróðir Kristjönu Jóhönnu, Kristján Jóhann Briem starfaði. En hvorugt þeirra nefnir hann.

Sennilegt má telja að suðurfærð einkakennarans hafi verið hvatinn að suðurreisu Tómasar.

Þetta er glannaleg ályktun, því þá var mikil tíska að ferðast frá Danmörku suður í lönd, einkum til Parísar og Rómar. Einnig liðu fjögur ár milli þessara tveggja ferða, sem og að Birgir Thorlacius mun hafa dáið 1829, eitthvað fimmtíu og fjögurra ára gamall, líklega farinn að heilsu.

--

Ég bæti við skrif séra Benjamíns með að vitna í það sem ég skrifaði um Kristjönu Jóhönnu á bls. 53-56 í **Briemsætt - niðjatali**, er kom út 1990. Þar var sagt nokkuð öðru vísi frá henni, enda hafði ég aðrar heimildir en Benjamín Kristjánsson og hafði ekki lesið grein hans. Ekki skal það rifjað upp að öðru leyti en því sem ég sagði um Kristján Jóhann (1802 til um 1840) sem stundað hafði nám í Danmörku og gæti verið fróðlegt fyrir einhverja að kynna sér.



Kristján Gunnlaugur Briem¹³¹

Í handriti Gunnlaugs Guðbrandssonar Briem í Landsbókasafni segir:

Christian Gunnlaugsson (f. 1802) sigldi til Danmerkur 1815. Lærður í sniðkarakonst í Rípum á Jótlandi og reisti á útlönd út (1824). Dvaldi í Heiðabæ, Hamborg og Dresden, frá 1 til 2 ára á hvörjum stað, nú í Parísarborg og hefur hann verið nú í 4 ár, síðan á páskum 1828. --

Þá held ég áfram:


-- Séra Jón á Möðrufelli segir í minningarritinu um Gunnlaug (1838) að Kristján Gunnlaugur sé aðsestur í París. Í æviskrám er þess hvarvetna getið að hann hafi dáið 1840.

Ferðalög þeirra systkinanna eru spennandi saga. Árið 1815 fer Gunnlaugur til Danmerkur og tekur með sér þangað Jóhann Kristján, 15 ára og Kristjönu Jóhönnu 10 ára. Sama ár, sennilega í sömu ferð, heldur Kristján Gunnlaugur til Danmerkur. Óvenjulegt er að þess skuli ekki getið í samtímaheimildum að faðir fari með þrem börn til Kaupmannahafnar. Kristjana og faðir þeirra halda heim aftur en Jóhann Kristján fer til náms í Slagelse og þaðan áfram til háskólanáms.¹³² -- Síðan má merkilegt telja að Kristján Gunnlaugur er á ferð suður um Dýskaland og til Parísar um sama leyti og Kristjana er í Rómarferð sinni. Hefur hún vetursetu í París 1927-28 en þangað kemur Kristján á páskum sama ár. --

Ekki skal farið út í frekari útlistun á þessum kenningum mínum. En ég vil láta þess getið að þessar tuttugu og sex ára bollaleggingar mínar verða aldrei sannreynðar nema í frekari skáldverkum!!!

¹³¹ Mynd úr ferðabók Gaimard.

¹³² Séra Jóhann Kristján Briem.



Séra Benjamín Kristjánsson (1901-1987) síðast
prófastur á Laugalandi í Eyjafirði. Baráttumaður
frjálslyndrar guðfræði, sem lengi átti erfitt
uppdráttar eins og kom fram á málþingi um
Jón biskup Helgason haustið 2016 á 150 ára ártíð hans.
En mér er í minni hvað séra Benjamín var stríðinn
og skemmtilegur í greinum sínum, ekki síst þegar
forystumenn kirkjunnar voru að ryðja burt og breyta klassískum
sálnum og taka inn sálma eftir sjálfa sig og stuðningsliðið.